

ÚR HUGARRANNI

Minningabrot og þættir

Páll Sigurðsson

Páll Sigurðsson

Ú R H U G A R R A N N I

Minningabrot og þættir

Tröllabotnar

Reykjavík

2016

Efnisyfirlit

Formáli	5
Á VÍÐ OG DREIF	7
Afreksmenn og furðufuglar	9
Brugg og beituskúrar	15
Dulið safn	19
Eilífðarvél	25
„Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt“	33
Frá Vesturheimi	37
Gengið á Mælifellshnjúk	51
Góðbændur í kaupstaðarferðum	57
Góður sími	63
Guðsmaður á beinni braut	69
Háski á heimaslóð	75
Hegranesþingstaður í Skagafirði	79
Heilun	85
Helgistund í Hvítárnesskála	89
Hrafnamál	91
Kraftaverk	97
Kvöldverðargestur	105
Kynfræðsla og heimilisfræði á Króknum	111
Kynni af Þorgeirsbola	115
Landkönnuður	119
Lítið eitt um Marka-Leifa	125
Mannfagnaður	135
Nóbelsverðlaunahafi, bröndóttur köttur og skagfirskur tenór	137
Næturyrrð og raddir að Klaustrum	145
Orðahnippingar og fjölmæli	147
Ókyrrð í Marardal	151
Skemmtanahald forðum daga	155
Særingar og hræringar	159
Tennur og menn	163

Tjáskipti	167
Trúlofun í turni	171
Tvær skáldkonur	175
Ungir menn og eldflaugar	179
Úr viðtali nálægt starfslokum 2014	183
“Vel sé þeim, sem veitti mér”	193
„Við freistingum gæt þín“	199
Það er atvinnuleysi	205

MANNAMINNI 209

Árni Þ. Hansen	211
Haukur Stefánsson	217
Helga Jónsdóttir	225
Hrafnhildur Stefánsdóttir	233
Jón Stefánsson	237
Stefán Guðmundsson	239
Ögmundur Helgason	241

Skrá um bækur eftir Pál Sigurðsson 247

Formáli

Þetta kver hefur, með sínum hætti, að geyma eins konar framhald þeirra pistla, sem birtust í bók minni *Minningaleiftur – Vörður á vegferð*, sem út var gefin 2015.

Í þeirri bók var einkanlega um að ræða stuttar greinar, sem tengjast með einum eða öðrum hætti námi mínu og starfi, þótt þau tengsl séu að vísu ekki alltaf náin. Í þessari bók, sem lesandinn hefur nú í höndum, gætir fremur sundurleitra og persónulegra minningabrota frá æviferlinum, meðal annars frá uppvaxtarárum mínum á Sauðárkróki, þar sem ég átti mín bernsku- og unglingsár. Ekki eru þó allar greinarnar því marki brenndar, en engu að síður mun glöggur lesandi sjá vísanir til Skagafjarðar og Skagfirðinga í þeim flestum. Vonandi bera þó allar greinarnar með sér „samannleg“ einkenni.

Meginhluti kversins er safn margvíslegs efnis „úr hugarranni“ og ber yfirfyrirsögnina *Á við og dreif*, enda greinarnar um margt afar ólíkar innbyrðis og efnið fjölskrúðugt, þegar á heildina er litið. Þar styðst ég nær eingöngu við minni mitt – svo valt sem það kann þó að vera, nú þegar árum fjölga – og fræðilegs yfirbragðs gætir vonandi lítt.

Engin sérstök heimildavinna liggur að baki því efni, sem hér birtist frumsamið, heldur hef ég einvörðungu stuðst við minnið í þeirri mynd, sem atburðirnir nú hafa, oftast eftir marga áratugi. Hér er ekki nákvæm sagnfræði á ferðinni en á hinn bóginn hef ég auðvitað hvergi hallað réttu máli vísvitandi.

Í þeim bókarhluta, sem kallast *Mannaminni*, birti ég nokkrar minningargreinar, er ég ritaði á sínum tíma um góða og gegna Skagfirðinga, ættingja mína eða vini. Um það prýðisfólk á ég sannarlega einungis góðar minningar. Greinarnar hafa áður birst á prenti.

1. október 2016

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Halldór Guðsson'. The script is fluid and cursive, with the first name 'Halldór' and the last name 'Guðsson' clearly distinguishable.

Á víð og dreif

Afreksmenn og furðufuglar

Hvaða drauma á smástrákur um framtíðina? Að verða flugmaður, lögregluþjónn, skipstjóri, vörubílstjóri eða eitthvað annað álíka spennandi – en umfram allt annað að verða *sterkur*, alveg óskaplega sterkur. Strákar dást gjarna að aflraunamönnum, sem þeir sjá í sjónvarpinu, og reyndar getur það sama átt við um litlar stelpur. Við, sem eldri erum, munum til dæmis vel eftir þeirri ofurhrifningu, sem börn af báðum kynjum sýndu þeim þjóðkunna kraftamanni Jóni Páli, sem lést fyrir aldur fram.

Ég segi fyrir mig, að á fyrstu barnaskólaárum mínum var mér kraftamennska afar hugleikin, en hins vegar man ég ekkert hvað ég ætlaði að verða – annað en frægur aflraunamaður.

Það var einkum tvennt, sem nærði þessar hugmyndir mínar og langanir:

Í fyrsta lagi allar sögurnar, sem ég heyrði í minni heimabyggð um afarmennið *Gretti Ásmundarson* frá Bjargi, sem dvaldi útlægur maður í Drangey um nokkur ár, áður en hann var að velli lagður með fláræðissvikum ásamt hetjunni Illuga bróður sínum. Drangey hafði ég fyrir augum alla daga, þótt ég stigi þar ekki fæti fyrr en á fullorðinsárum, og stutt var af Króknum yfir á þingstaðinn gamla í Hegrnesi, þangað sem Grettir kom eitt sinn sér til hressingar og upplyftingar, dulbúinn, og glímdi við kraftajötna, sem hann lagði að velli eftir harðan atgang. Þá var nú heldur ekki ónýtt að heyra um sundið, sem hann þreytti úr Drangey og upp á Reykjaströnd, og hvatti sú frásögn ungan mann til að standa sig vel á sundnámskeiðum, sem þá fóru

fram í Varmahlíð, áður en sundlaug var byggð á Króknum. Um margt það, sem snerti Gretti og afrek hans, var okkur kennt í áthagafræðinni í skólanum, eftir að til skólagöngu kom. Það var svo sannarlega ekki daufleg framtíðarsýn að líkjast Gretti sjálfum!

Í annan stað var það sýning íslensks kraftajötuns, sem fram fór á Sauðárkróki, þegar ég hef verið hátt á níunda ári, sumarið 1952. Það var enginn annar en sá lands- og heimsfrægi afraunamaður *Gunnar Salómonsson*, sem lengst af bjó erlendis, er kom þá heim á fósturjörð sína og fór í sýningaför um landið. Kom hann þá við á Sauðárkróki og sýndi krafta sína í samkomuhúsinu Bifröst fyrir fullu húsi. Þangað komu meðal annars eftirvæntingafullir og spenntir krakkar, þar á meðal ég. Það er skemmst frá því að segja, að þessi sýning Gunnars hafði gífurleg áhrif á mig – þótt smám saman dofnuðu áætlanir mínar og draumar um að verða jafn sterkur og hann!

Gunnar Salómonsson hafði, þegar hér var komið sögu, lengi búið í Danmörku og reyndar víðar í Evrópu, þar sem hann kom um árabíl fram í hringleikahúsum og á öðrum vettvangi og sýndi krafta sína við mikla hrifningu áhorfenda. Varð hann af því víða kunnur og hafði frægð hans einnig borist til Íslands, þar sem fólk fékk nú að sjá listir hans. Því var við brugðið, hversu sviðsframkoma hans á sýningum var góð og heillandi, enda var hann þrautþjáfaður sýningamaður.

Gunnar kom á stórri bifreið, sem flutti ýmiss konar búnað, er hann notaði við sýningahaldið. Á bílnum stóð stórum stöfum: URSUS ISLANDUS. Á þessum tímum voru fáir latínulærðir menn á Króknum, en einhver vís maður gat þó upplýst okkur, krakkastóðið sem góndi á bílinn, að þetta þýddi ÍSLENSKI BJÖRNINN, og minnkaði ekki spennigurinn við það. Sjálfur stóð URSUS hjá bílnum og ræddi ljúfmannlega við börnin, sem höfðu flykkst að honum. Hann var myndarmaður, rauðbirkinn, man ég, og vitaskuld kraftalega vaxinn. Sannkallað glæsímenni.

Ég sat sem límdur undir sýningunni í Bifröst (á gömlu trébekkjunum, sem þar voru í þá daga). Aldrei hafði ég séð neitt þessu líkt. Á sviðinu fór Gunnar hamförum, sleit í sundur reipi og keðjur, svínbeygði sver járn og svipti í sundur heilli símaskrá! Hann brá snöru um háls sér og bað filefða menn, sem hann kallaði upp á svið, að herða duglega að frá báðum endum – en þessi raun beit ekki á hann. Fyrir utan samkomuhúsið hafði hann komið fyrir sérstökum útbúnaði á háum fótum og plötu ofan á. Bifreið með nokkrum farþegum stóð svo „innan fótanna“, ef þannig má að orði komast. Sjálfur stóð hann uppi á plötunni og í gegn um gat á henni lágu sterklegir taumar niður í bifreiðina. Svo kom að því, sem allir biðu eftir: Hetjan togaði í taumana og lyfti þannig bílnum allhált frá jörðu. Gerði hann það léttilega að því er séð varð og setti hana síðan rólega niður aftur.

Þessi koma Gunnars Salómonssonar á Krókinn varð mörgum minnisstæð og menn ræddu um hana árum saman. Hann varð ekki langlífur, andaðist hér á landi 1960, fimmtíu og þriggja ára að aldri.

Nú vill svo til, að URSUS átti þrjá þjóðkunna bræður, sem allir voru þó mjög ólíkir honum og einnig innbyrðis. Það voru þeir *Lárus Salómonsson* lögreglumaður, *Pétur Hoffmann Salómonsson*, sem gerði garðinn frægan í Selsvörinni í Reykjavík, þar sem hann bjó lengi, og síðast en ekki síst *Helgi Hjörvar Salómonsson*, sem var á sinni tíð einhver kunnasti útvarpsmaður okkar (sagt er að götur Reykjavíkur hafi tæmst þegar hann las norsku skáldsöguna um Bör Börsson sem framhaldssögu í útvarpið).

Hér skal aðeins vikið að einum þessara bræðra Gunnars, er nú voru nefndir, það er *Pétur Hoffmann*. Þegar URSUS kom á Krókinn 1952 vissi ég reyndar ekki af tilveru Péturs – en ég sá hann fyrst, glaðbeittan, nokkrum árum síðar. Pétur hafðist lengi við í smáhýsi við Selsvörina, í næstu nánd við öskuhauga borgarinnar, og þar í fjörum sem og á haugunum sjálfum fann hann marga forvitnilega hluti, sem fólk hafði fleygt, svo sem nokkra riddarakrossa Hinnar íslensku fálkaorðu. Pétur var, að eigin áliti, og sumra annarra, sannkölluð

bardagahetja, sem oftast en einu sinni hafði gengið vasklega fram í snerrum við allra þjóða kvikindi, eins og það hét á óvirðulegu máli. Þegar Ásgeir Ásgeirsson, þáverandi forseti Íslands, bauð sig fram í það embætti í annað sinn, 1956, lét Hoffmann þau boð út ganga, að hann hefði fullan hug á því að bjóða sig fram einnig. Varð ekki betur séð en að honum væri það full alvara, því að hann fór víða um land til að afla sér lögboðinna undirskrifta á meðmælendalista, sem hann varð að leggja fram til að fá framboð sitt metið gilt. Þetta fannst ýmsum vera óttalegt og óviðeigandi brölt í kallinum og væri engan veginn sæmandi, að maður með svo „litskrúðugan“ feril að baki sæktist eftir mesta virðingarembætti þjóðarinnar. Reyndu ýmsir, að sögn, að bregða fyrir hann fæti með margvíslegum aðferðum, eins og Pétur lýsir í bæklingi sínum „Smádjöflar – Liðið ofsótti mig en smádjöflar unnu á mér“. Hann mun hafa fengið talsvert af undirskriftum á lista sína en líklega ekki alveg nógu margar. Er sagt, að sumir hafi skrifað nöfn sín á listana „upp á grín“, eins og brátt verður vikið að. Svo mikið er víst, að ekkert varð af því að Pétur færi í formlegt forsetaframboð og var Ásgeir Ásgeirsson sjálfkrafa endurkjörinn forseti.

En nú snýr málið að Sauðárkróki:

Ég hef verið um það bil tólf ára þegar þetta gerðist. Var ég staddur á Kirkjutorginu, þar sem rútan stoppaði á þeim árum, ásamt fleiri strákum. Gaman var að sjá fólkið, sem kom með rútnunni, fannst bæði mér og fleirum, enda fátt til tilbreytingar þarna í fásinninu. Nú kemur rútan og fólk stígur út. Tek ég þá sérstaklega eftir sköllóttum kalli, fremur lágvöxnum en þéttum, sem snarast úr rútnunni, vasklegur í hreyfingum þótt kominn væri af léttasta skeiði aldurs síns. Maðurinn horfir nú í kring um sig og víkur sér svo að mér, af einhverjum ástæðum, kynnir sig kurteislega, kveðst heita Pétur Hoffmann og vera úr Reykjavík. Spyr hann mig svo að því, hvort ég geti ekki bent honum á einhvern fjölmennan vinnustað í þessum bæ, þar

sem hann geti vænst þess að fá margar undirskriftir á lista, sem hann hafi meðferðis. Ég var auðvitað hálf feiminna við þennan framandi mann en gat þó bent honum á bifvéla- verkstæði Kaupfélags Skagfirðinga, þar sem ég vissi að margir þrúðismenn unnu, og þar á meðal móðurbróðir minn, sem var bifvéla- virki að starfi. Fylgdi ég honum síðan niður að verkstæðinu, sem stóð við sjávarkambinn.

Pétur þakkaði mér fyrir og kvaddi mig svo. Sá ég hann ekki aftur í það sinn.

Síðdegis, að vinnudegi loknum, kom svo umræddur frændi minn við heima hjá afa mínum og ömmu, foreldrum sínum, og sagði hann afa hálfhlæjandi, að þeir hefðu nú heldur betur fengið furðulega heimsókn á verkstæðið í dag, og að í gamni og gáska hefðu allmargir skrifað upp á hjá hinum sérstæða gesti, sem ætlaði sér í forsetakjör. Ég man eftir því, að afi brást heldur þunglega við þessu og sagði, að menn ættu ekki að gera sér forsetakjörið, sem fyrir dyrum stóð, að leiksoppi með því að þykjast ætla að styðja þennan furðufugl.

Svo var það, eigi löngu síðar ef ég man rétt, að Pétur Hoffmann, fyrrum forsetaframbjóðandi „in spe“, birtist á Króknum, en þá í öðrum erindagerðum en fyrr. Nú var hann á sýningarferð um landið með margvíslega dýra og merkilega muni, sem hann hafði fundið á hauginum, þar með talið fálkaorður og allt hvað eina. Sýndi hann þetta skran í lokuðum glerborðum í skólastofu í Barnaskólanum, sem hann hafði fengið lánaða í þessu augnamiði. Þangað fór ég og hafði dálítið gaman af, satt best að segja, einkum þó sögum hans um fræg slagsmál og átök, sem hann hafði tekið þátt í um dagana, og ætíð haft sigur. Var mér þá einnig sagt, að þetta væri hvorki meira né minna en bróðir Gunnars Salómonssonar, kraftamannsins mikla, sem ég hafði dáð svo mikið þegar ég var yngri. Fór ég þá að skilja sigursæld Péturs í orrustum sínum, þar sem hann átti líf sitt að verja.

Brugg og beituskúrar

Ég minnst þeirra löngu liðnu tíma á Króknum, þegar þar var engin áfengisútsala. Auðvitað skipti það mig engu máli, því að ég var langt undir lögaldri áfengisneytenda. Samt var víst talsvert drukkið á mölinni undir Nöfum og fór það ekki fram hjá neinum. Þegar svo háttar verða þeir, sem þrá þann volduga anda, er nefnist *vínandi*, að bjarga sér eftir því sem best lætur. Heyrði maður ýmsar sögur af viðleitni manna í þá veru.

Löglega og formlega leiðin var sú, að panta áfengi með pósthjónustunni alla leið frá Siglufirði, þar sem var útibú frá Áfengisverslun ríkisins (alltaf kallað „Ríkið“) og barst þá varan til manna í gegnum afgreiðslulúgu Pósthússins á Króknum, þegar þar hafði verið gengið frá greiðslunni. Stundun brotnuðu reyndar flöskur á þessari leið, þannig að menn sátu uppi með sárt ennið – og helgi í vændum. Þá voru góð ráð dýr (í orðsins fyllstu merkingu). Leita varð á önnur mið, og eins þótt ekkert hefði verið pantað í gegnum póstin. Þá notuðu sumir sér þjónustu leynivínsala, sem seldu mönnum, er eftir leituðu, vín á flöskum, sem þeir höfðu aflað sér löglega en endurseldu nú með stórlega mikilli álagningu, til dæmis með 100% hagnaði. Þetta urðu efnalitlir menn, sem vildu gera sér glaðan dag, að láta sér lynda meðan eitthvað var enn eftir í buddunni. Nöfn ýmissa þessara „sprútsala“ voru alkunn og man ég sum þeirra enn. Enn voru þeir mætu menn, sem gátu útvegað sér og öðrum smyglað áfengi úr skipum, sem höfðu viðdvöl á Króknum – og var í raun merkilega mikið af því í umferð, skilst mér.

Og að síðustu var svo framleiðsla *landabruggaranna*, sem stunduðu þá þjóðlegu iðju í leynum að eima áfengi og fengu oft að vera óáreittir við það langtímum saman, en vitað var, að eftirlit með óleyfilegri bruggun var löngum slakt af hálfu yfirvalda. Eitt og eitt dæmi þekktist þó um Skagfirðinga, sem höfðu orðið að sæta refsidómum af þessum sökum, en þeir munu gjarna hafa uppskorið samúd almennings fremur en hið gagnstæða. Margir bruggarar drukku fyrst og fremst sjálfir sína framleiðslu – sem þeir voru oft afar stoltir af og töldu sig jafnvel kunna ýmsar leynilegar og „persónulegar“ uppskriftir – en fyrir kom, auk heimaveitinga á glaðri stund, að góðvini væri gefið á flösku eða fleyg eða þá jafnvel að eitthvað væri selt, þeim sem eftir leituðu. Gjarna töluðu menn um heimabruggið sitt „undir rós“ og kölluðu það gælunöfnum fremur en að tala hreint út um landa eða brennivín. Einn kunnur og mætur Skagfirðingur nefndi t.d. bruggið sitt „lavindúllu“ – sem er auðvitað alveg frábært heiti, hlýlegt og sláandi í senn.

Einn af snjallari hagyrðingum í Skagafirði, *Lúðvík Kemp*, sem lengi bjó á Illugastöðum í Laxárdal ytra, kvað um bruggarana:

Fólkið bæta bruggarar,
bragna kæta alls staðar.
Verðir mætrar menningar,
mannorðs gæta og farsældar.

Að sjálfsögðu þurftu bruggarar sæmilegan tækjakost til suðunnar, tunnu, rör og fleira, sem ég kann ekki að nefna. Væri framleiðslan í verulegu magni gat þessi búnaður orðið nokkuð fyrirferðarmikill og var þá erfitt að leyna honum nema þeim mun meira hugviti og slægð væri beitt. Gengu sögur af ýmsum úrræðum, sem menn notuðu í þessu sambandi. Á margra vitorði var, að töluvert mikið væri bruggað í *beituskúrum*, sem á mínum æskuárum stóðu í þéttum röðum niður undir sjó, alveg við sjávarkambinn. Sumir þessir óhrjálegu bárujárns- og timburskúrar gegndu því tvöföldu hlutverki: voru annars vegar, og opinberlega, vinnustaðir mætra trillukarla, sem þar beittu og

stokkuðu upp línur sínar, og hins vegar eins konar brugghús fyrir lavindúllur og hvað þetta nú hét allt saman. Sérstaklega var einn skúrinn umtalaður í þessu sambandi, en nokkrir trillukarlar áttu hann saman, og þóttu sumir þeirra ölkærir í meira lagi. Þessi skúr lét sannarlega lítið yfir sér þótt þar væri mest bruggað á Króknum, að því er sagt var, og afurðirnar þættu betri en hjá mörgum öðrum, sem sýsluðu við þessa iðju.

En ekki er allt sem sýnist: Þegar inn var komið í skúrinn var hann vissulega ósköp venjulegur á að sjá, ekkert blasti við augum nema línutrog og annað, sem að útgerðinni og veiðunum laut. Falskur veggur var hins vegar þeim megin í skúrnum, sem að sjónum sneri. Datt ókunnugum mönnum, sem inn í skúrinn rákust, ekki annað í hug en þar væri útveggur. En bak við þennan vegg var þó nokkurt rými, að vísu þröngt, þar sem landasuðutækin áttu sér tryggilegt athvarf, falin sjónum óviðkomandi manna – eða það héldu menn að minnsta kosti, þar til ógæfan reið yfir.

Á vetrarnóttu einni kom upp eldur í beituskúrnum og fuðruðu þeir allir upp á skömmum tíma, enda eldsmaturinn mikill. Slökkviliðið réð ekki við neitt. Margir bæjarbúar flyktust út úr húsum sínum til að sjá þennan eldsvoða, er varð ýmsum – þar á meðal mér – minnisstæður.

Og að morgni, þegar einungis stóðu rjúkandi brunarústir eftir af þeim mannvirkjum, er áður voru þar, gaf nú heldur betur á að líta: Ekkert stóð eftir af skúrnum, sem hér var nefndur, nema suðutækin, eða að minnsta kosti þau þeirra, sem stóðu eldinn af sér, blöstu nú við allra augum! Þau voru býsna stór, minnir mig, og löng rör stóðu upp úr þeim. Þetta var dálítið vandræðalegt ef satt skal segja.

Sneri margur Króksarinn á brott frá rústunum með brosviprur á vör – en þó verður að ætla að trega hafi gætt hjá sumum, er höfðu stundum gert sér gott af veitingum, sem þar höfðu verið á boðstólnum. Víst var þetta umtalsvert tjón fyrir trillukarlana góðu, sem skúrinn og bruggtækin áttu – en þeir bættu sér víst fljótlega upp þann skaða, sögðu menn.

Dulið safn

Mörg og merkileg söfn hef ég séð um dagana, bæði hérlandis sem erlendis, þar á meðal sum frægustu söfn heims, listasöfn, fornminjasöfn og allt hvað eina. Situr margt í manni, sem þar var að sjá, enda fátt meira menntandi og mannbætandi en að fara um góð söfn, gefi maður sér nógan tíma til að njóta þess, er þar blasir við forvitnum augum.

Eitt hið eftirminnilegasta safn, sem ég hef heimsótt, var *Dulminjasafn Reykjavíkur*, en langt er nú um liðið síðan það var af lagt. Safnið var opið fyrir almenning á tilteknum, auglýstum tímum, að minnsta kosti um helgar. Í tilkynningadálkum dagblaðanna var því að þessu leyti skipað á bekk með Þjóðminjasafninu, Listasafni Íslands og Núttúrugripasafninu (sem þá var).

Það sem mér finnst, eftir á að hyggja, hafa verið einna merkilegast við Dulminjasafnið var, að þar voru engar sýnilegar „dulminjar“ að finna! Hins vegar var, á sinn hátt, merkileg lífsreynsla að fá að ræða þar við safnstjórnann, *Sigfús Elíasson* dulfræðing, fyrrum rakara, en hann hafði frá ýmsum furðum að segja. Safnið var til húsa að Skálholtsstíg 2, fyrst og fremst í einu herbergi (enda þurfti nú varla mikið meira), en ég held að Sigfús hafi jafnframt búið í sama húsi og safnið verið tengt íverustað hans.

Nánar til tekið:

Það mun hafa verið haustið 1968, að ég og konu minni (við vorum þá nýgift að kalla má) hugkvæmdist að heimsækja þetta dularfulla safn, sem

við sáum auglýst í blöðum en höfðum ekki áður heyrt um. Töldum við, að þar væri sitthvað til sýnis, sem myndi orka á taugakerfið með hrollkenndum hætti, kannski gengju þar draugar lausir – eða ég veit ekki hvað! Við vorum þá kornung og höfðum enga reynslu eða kynni af dulrænum málum, en fannst nú tilvalið að bæta úr því reynsluleysi með því að heimsækja sjálft Dulminjasafnið og fræðast um þær furður, sem þar myndu vafalaust mæta okkur. Áreiðanlega vorum við í leit að spennandi og nýrri lífsreynslu.

Við mættum á Skálholtsstíg 2 á auglýstum opnunartíma safnsins og knúðum svo dyra á hurð, sem var merkt safninu með hógværum hætti. Þar tók á móti okkur vingjarnlegur og gáfulegur maður, vel búinn, nokkuð við aldur. Hann kynnti sig, kvaðst heita Sigfús Elíasson og kannaðist við að vera ráðamaður safnsins. Bauð hann okkur, unga parið, velkomið í safnið, sem hann vildi nú ræða nánar um sem og um hin andlegu hugðarefni sín.

Hann tók okkur afar vel.

Við vorum einu safngestirnir og einhvern veginn fékk maður á tilfinninguna, að ekki væri sérlega gestkvæmt á safnið.

Eftir að hann hafði vísað okkur til sætis hóf hann langa tölu um dulræn efni og um starfsemi sína og um för sína og náiinna samstarfsmanna og lærisveina í fræðunum eftir löngum, krókóttum og vandrötuðum stígum, er liggja að portum hinna æðstu sanninda, sem opinberast hafa mannkyni. Var það með svo stórbrötum hætti, að skynjun okkar hafði vart undan að innbyrða allt það andlega efni, sem á borð var borið. Sannfæringarkraftur safnstjórans var sannarlega mikill og vel var hann máli farinn.

Hann ræddi meðal annars um feril sinn, bæði í veraldlegu og dulrænu tilliti.

Þess má geta hér, að Sigfús var fæddur 1896, stundaði rakaraiðn á Akureyri framan af árum en flutti svo suður til Reykjavíkur og fór þá að vinna hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, við einhver skrifstofustörf þar á bæ. Um 1930 fór hann að gefa sig að andlegum og dulrænum iðkunum og 1935

tók hann að setja fram stórbrotnar kenningar um ráðgátur alheimsins – og um ráðningu þeirra, að minnsta kosti að vissu marki, ritaði bæklinga þar um og tók að halda fyrirlestra. Setti hann þá þegar fram byltingarkenndar kenningar um „möndulsnúning jarðar“ og viðvirkjandi „aðdráttaraflinu, flotkraftinum, miðflóttaafinu og hinum mismunandi þunga hlutanna og efnisins“, eins og segir í einni kynningunni. Þá segir einnig á prenti, að hann hafi „sofið eina nótt á mosa og öðlast dulda vígslu“. Tekið er fram, að það hafi verið „eyfirskur mosi“.

Skömmu fyrir upphaf heimsstyrjaldarinnar síðari hóf hann svo að byggja upp „hin vígðu sambönd“, sem hann nefndi svo, en þar „náði hann fullkomnu sambandi við guðmennina, meistarana, hlaut viðurkenningu þeirra [...] og tók að sér að verða viðtakandi yfirjarðneskrar opinberunar“. Hélt hann síðan áfram þessu þýðingarmiklu starfi um áratuga skeið, seinast meðfram starfi sínu hjá Rafmagnsveitunni, eins og áður segir. Urðu fyrirlestrar hans margir, en jafnframt gaf hann út ýmis smárit um þessi mikilvægu efni. Eru þau, sum hver, orðin afar fágæt nú um stundir, og ýmis þeirra ekki varðveitt í Landsbókasafni. Þá samdi hann nokkrar ljóðabækur, því að skáldmæltur var hann, og eru þær jafnframt mjög fágætar. Fjalla þær einnig um dulræn efni með margvíslegum skilaboðum frá æðri sviðum til okkar vesælla manna.

Smám saman tók að gæta þeirra skilaboða að handan, að Íslendingar væru í raun rétttri yfirburðarþjóð, sem hefði alveg sérstöku hlutverki að gegna í samfélagi þjóðanna. Leitaðist Sigfús að sjálfsögðu við að koma þeirri vitneskju á framfæri við sem flesta, er fræðast vildu, einkum þó ráðamenn landsins.

Árið 1956 stofnaði Sigfús Elíasson Dulminjasafn Reykjavíkur, sem hér var getið um, og tveimur árum síðar Dulspekiskólann í Reykjavík. Á vegum Dulspekiskólans var um hríð gefið út tímarit, sem nefndist „Sendiboðinn“. Þar væri áreiðanlega margt merkilegt að finna ef vel væri leitað og með réttu hugarfari.

Við, ungu hjónin, sátum sem dolfallin undir ræðu Sigfúsar, sem krydduð var ljóðmælum og tilvísunum í merk skilaboð að handan, er við áttum endilega að leggja á minnið. Þegar nokkurt hlé varð svo á fyrirlestrinum dirfðumst við að spyrja meistarann, hvar sjálft Dulminjasafnið væri eiginlega, því að við höfðum ekkert séð af safnmunum þar í herberginu. Þá vísaði hann okkur á kommóðu, sem stóð þar við vegg, dró út skúffur og sýndi okkur ofan í þær. Útskýrði hann nú fyrir okkur hvað hver skúffa hefði að geyma af duldum minjum.

En viti menn: Skúffurnar voru tómarr!

Meistarinn útskýrði það með því að segja, að um svo dulin efni væri að ræða, að ekki væri ráðlegt eða jafnvel unnt að sýna þau með venjulegum hætti. Til væru á segulbandsspólum upptökur af miðilsfundum, þar sem fram hefðu komið afar mikilvæg skilaboð, en þau ætti ekki erindi til allra, heldur væri það hans að túlka þau og koma þeim á framfæri.

Við gengum vissulega margs vísari af fundi Sigfúsar. Nú skildum við meðal annars, að minjarnar sjálfar, sem heiti safnsins vísaði til, voru duldar sjónum venjulegra manna!

Þá sögu heyrði ég seinna, að Sigfús hafi á sínum tíma gengið á fund þáverandi borgarstjóra í Reykjavík, Bjarna Benediktssonar, kynnt fyrir honum fræði sín og einkum mikilvægi þess að ná góðu og traustu sambandi við guðmenni og meistara á öðrum hnöttum, sem við gætum lært svo mikið af. Til þess þyrfti hann myndarlegan fjárstyrk frá borginni, helst að geta gefið sig að þessu viðfangsefni á fullum launum, en gæti lítið unnið fyrir peningum um þær mundir, því að andlegu störfin gæfu honum ekki næði til þess. Þá er hermt, að Bjarni hafi sagt, með sinni sérstöku rödd (sem margir kunnu að líkja eftir fyrr á árum): „Þér fáið ekkert frá mér. *Fyrst* er að sjá sér

og sínum farborða með heiðarlegri vinnu og *síðan* geta menn farið að rækta sambönd við aðra hnetti – og verið þér sælir“.

Þegar Gunnar Thoroddsen varð síðar borgarstjóri gekk Sigfús einnig á hans fund, að því er sagt er, en fékk þar allt aðrar og vinsamlegri móttökur en hjá fyrirrennara hans. Sigfús útlistaði af miklum innblæstri og fjálgleik nauðsyn þess að hann gæti gefið sig allan að sambandinu við æðri verur á öðrum hnöttum. Þá spurði Gunnar, til aðstoðar reiðubúinn: „Já, Sigfús, hvaða hnettir eru það einkum, sem hér um ræðir?“

Var almælt, að einhver fríðindi hafi dulspekingurinn að lokum fengið frá Reykjavíkurborg.

Sigfús andaðist 1972 og hefur víst ekki heyrst neitt af Dulminjasafni Reykjavíkur síðan hann leið.

Eilífðarvél

(lat. perpetuum mobile)

Í dagblaðinu *Tímanum*, 1. nóvember 1958, gefur að finna eftirfarandi frétt undir fyrirsögninni *Hugvitsmaður á Litla-Hrauni vinnur að því að smíða „eilífðarvél“*:

Einn af vistmönnum á Litla-Hrauni, sem fengist hefir töluvert við alls konar verkefni bæði listræn og vísindaleg, hefir nú tekið sér það fyrir hendur að búa til „eilífðarvél“. Vél þessi á að geta fullbúin gengið endalaust og án þess að taka til sín orku einhvers staðar frá. Vélartilbúningur þessi er nú aðeins á byrjunarstigi og þar af leiðandi ekkert hægt að segja um árangur. – Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem reynt er að gera slíka vél, en enginn hefir árangurinn orðið. Samt eru margar þeirra til og mjög hugvitlega gerðar. Sé orkulögmálið rétt, er óhugsandi að nokkur vél geti afkastað vinnu án þess að taka til sín orku í einhverri mynd. Mikilli orku hefir verið eytt í slíkar tilraunir og eitt er öllum eilífðarvélum sameiginlegt. Þær hafa ekki getað gengið. Náttúran lætur ekki gabba sig. Það er engin leið að framleiða orku úr engu. – Ekki er enn hægt að tala um árangur „vísindamannsins“ á Litla-Hrauni, en máské getur hann gabbað náttúruna og fullkomnað þar með drauminn um að hægt sé að gera eilífðarvél.

Ekki er laust við að nokkurs hæðnistóns gæti í orðalagi fréttarinnar, enda láta víst lögmálin, sem þar eru nefnd, ekki að sér hæða – að flestra mati. Á Vísindavefnum segir meðal annars (og vonandi er þetta hverjum manni auðskilið):

Fyrsta lögmál varmafræðinnar segir, að vinna, sem sett er inn í kerfi að frádreginni vinnu, sem kerfið framkvæmir, sé jöfn breytingu í heildarorku

kerfisins. Annað lögmálið segir, að ekki sé hægt að byggja tæki, sem vinnur í hringferli (það er að segja vél samkvæmt skilningi varmafræðinnar), sem hefur þau einu áhrif að flytja varma frá köldum hlut til heitari hlutar.

Svo aftur sé vikið að fréttinni, sem hér var birt: Sá vistmaður á stofnuninni, sem hér um getur (þótt ekki sé hann nefndur á nafn þar fremur en gert verður í þessum pistli), eyddi mörgum árum í þetta spennandi og yfirþyrmandi verkefni í trássi við viðurkenndar kenningar vísindamanna og smíðaði þar innan dyra stóra og þunga „vél“, sem hann þó kom aldrei á hreyfingu fyrir hennar eigin, innra afli. Nánar til tekið: Um var að ræða stórt hjól, gert af timbri, sem náði, lóðrétt, frá gólfi upp í loft í stórum fangaklefa, sem þessi tiltekni vistmaður hafði út af fyrir sig og var nánast búinn að innrétta sem verkstæði, enda þurfti mikið til af efni og verkfærum. Hjólið var afar efnismikið og greinilega níðþungt, hefur hugsanlega vegið nokkur tonn með öllum „umbúðnaði“ sínum, þar á meðal þungum lóðum.

Mér hefur alltaf þótt vænt um að heyra af sérvitrum og ofurþrjóskum mönnum, sem storka viðurkenndum lögmálum eðlisfræði eða annarra vísindagreina og gefast ekki upp þó að á móti blási: Áfram skal haldið og dagur kemur eftir þennan dag! Það er eitthvað heillandi við þessa dæmalausu þvermóðsku, þar sem kennisetningum „fræðinga“ með óteljandi háskólagráður á herðum sér er storkað. Maður, sem ekki er hátt skrifaður í samfélaginu, getur vissulega átt sér þann draum að smíða eilífðarvél, þótt sú nýsköpun ásamt viðeigandi og langvarandi tilraunum útheimti aðstöðu, sem ekki er á hvers manns færi að veita sér. Við það starf, þar sem smiðurinn beitir allri sinni hugkvæmni, fær hann að minnsta kosti útrás fyrir vissa sköpunarþrá og aukinn þroski getur fylgt í kjölfarið. Hann lætur engan kúga sig!

Ég trúí því heldur ekki, að allt hljóti að lúta kennisetningum raunvísindanna. Það er greinilega svo margt í veröldinni, sem aldrei verður mælt á neinn raunvísinda-kvarða en skiptir engu að síður afar miklu máli

fyrir mannlífið, bæði einstaklingsbundið og heildrænt. Það er til dæmis ekki hægt að mæla ástina með málbandi, tommustokk eða reglustriku eða leggja hana á vog – og er hún þó eitthvert sterkasta aflið í heimi hér. Sama er um upplifanir okkar af fögrum listum, sem vissulega eru okkur dýrmætar, eða þá trúarvissu trúhneigðra manna, sem er þeim stórkostleg eign – og þannig mætti lengur telja.

Og stundum efast maður um, hverju má eða skal trúa. Er kannski kominn tími til að hætta að brosa að tilraunum með eilífðarvélar, sem ótaldir snillingar hafa spreytt sig á öldum saman. Ekki ómerkari maður en *Leonardo da Vinci* fékkst við slíkar tilraunir á sinni tíð og var hann þó enginn aukvisi. Fleiri heimskunn nöfn mætti tína til. En niðurstaðan hefur að vísu alltaf verið hin sama: Vélarnar gengu ekki þegar til átti að taka. Herslumun vantaði uppá, sögðu snillingarnir – en sá herslumunur reyndist nógur, því miður. Aldrei hafa menn komist yfir lokaþröskuldinn, þótt ómældu hugviti, tíma og orku hafi verið varið til meistarasmíða af þessu tagi. Úti í heimi eru til „klúbbar“ (að minnsta kosti „netklúbbar“) manna, sem leggja stund á smíði eilífðarvéla.

En við vitum svo fátt um framtíðina, og hver veit nema eilífðarvélar af einhverju tagi – eða að minnsta kosti ígildi þeirra – muni líta dagsins ljós á komandi tímum.

Kannski er meira að segja eitthvað af því tagi að gerast nú um stundir, einnhvað, sem á að minnsta kosti skylt við eilífðarvélar: Á fréttasíðu netmiðilsins *Pressunnar*, 24. ágúst 2015, gefur að finna sérkennilega frétt undir fyrirsögninni „Vélin, sem á ekki að geta virkað, veldur vísindamönnum heilabrotum: Getur bylt geimferðum“. Þar segir meðal annars:

Sífelld fleiri vísindamenn rannsaka nú og gera tilraunir með hið svokallaða EMDrive, en þetta er vél eða drif, sem enginn hefur getað útskýrt hvernig virkar. Þessi vél getur haft mikla þýðingu fyrir geimferðir framtíðarinnar, ef hún virkar. Margir vísindamenn og verkfræðingar ræða mikið um EMDrive, enda myndi vélin gjörbylta geimferðum [...], en hún gæti flutt geimför til annarra sólkerfa á skömmum tíma [...] Margir vísindamenn eru farnir að taka EMDrive alvarlega, enda væru afleiðingarnar af notkun vélarinnar stórkostlegar ef hún virkar [...] Enn hefur enginn getað útskýrt, fræðilega, hvernig EMDrive á að geta virkað. Í mörg ár var hlegið að hugmyndinni vegna þess að niðurstöðurnar eru í andstöðu við eðlisfræðileg lögmál að sögn Michael Linden-Vørnle, stjarnæðlisfræðings við DTU Space í Kaupmannahöfn. Hann segir tilhugsunina um vélina spennandi en telur að enn eigi vísindamenn eftir að útiloka allar hugsanlegar villur í tilraununum. Vélin er [...] stórt vandamál fyrir eðlisfræðinga heimsins. Virkni hennar gengur nefnilega þvert á náttúrulögmálin eins og við skiljum þau í dag [...] Það er þriðja lögmál Newtons, sem EMDrive brýtur gegn ...

Víkjum nú aftur að vistmanninum á Litla-Hrauni og eilífðarvélinni hans. Ég hef alltaf haft vissan áhuga á þessari þrjóskufullu tilraun hans síðan ég sá vélina með eigin augum og ræddi við fangann í klefanum, þar sem hana gaf að finna. Eldmóður hans var þvílíkur, að það hefði nánast verið dauður maður, sem ekki hreifst með – að minnsta kosti upp að vissu marki.

Nánar til tekið:

Meðan ég var í laganámi við Háskóla Íslands, annað hvort á útmánuðum eða að hausti 1967, tókum við okkur til, nokkrir laganemar, og fórum í kynnisferð á Litla-Hraun, en okkur fýsti að kynnast lítilega aðbúð og lífi fanga þar. Á vegum Lagadeildarinnar sjálfrar hafði oft verið farið í þess háttar ferðir á þann stað, þá oft fjölmennar, en á þessu árabili lágu þær niðri, hvað sem síðar varð. Við fórum því í þennan leiðangur á eigin vegum og vorum sennilega ekki fleiri en fjögur saman. Höfðum við að sjálfsögðu fengið fyrir

fram gefið leyfi fangelsisyrvalda fyrir þessari heimsókn, eftir umsókn okkar þar að lútandi. Góður vinur okkar, sem einnig var laganemi, ók bifreiðinni.

Ferðin varð okkur eftirminnileg fyrir ýmissa hluta sakir og margt það, sem við sáum þar og heyrðum stendur mér enn ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. Sama er að segja um eiginkonu mína, sem var með í för, en við höfðum þá reyndar enn ekki gengið í hjónaband.

Skemmst er frá því að segja, að móttökurnar á Litla-Hrauni voru afar góðar, meðal annars með kaffi, smurðu brauði og kökum, auk fráberrar leiðsagnar sjálfs fangelsisstjórans, sem lagði sig fram um að sýna okkur allt það, sem mestu máli skipti að hans mati. Einnig ræddum við stuttlega við nokkra fanga, sem stjórninn hafði fengið til þess að segja okkur frá ýmsu því, sem einkenndi líf þeirra, er afplánuðu þar refsidóma sína.

Hápunktur heimsóknarinnar var þó *eilífðarvélin* (*perpetuum mobile*) og viðræðurnar við hinn hugvitssama smið hennar. Stjórninn sagðist ætla að sýna okkur dálítið merkilegt, sem við mættum alls ekki far á mis við, úr því að við værum komin þangað á annað borð. Hann knúði nú dyra á tilteknum fangaklefa, sem reyndist vera allstórt herbergi (enda veitti ekki af því). Þar tók á móti okkur fangi, sem klefa þennan byggði ásamt risastóru hjóli, sem fyllti út í hæð herbergisins frá gólfi til lofts. Griðarlega umfangsmikill og efnispungur stokkur umlukti hjólið að nokkru leyti, en hann var að sögn smiðsins nauðsynlegur til að tempra þann ógnarkraft, sem í vélinni bjó, og yrði hún væntanlega stjórnlaus ef öryggisatriða væri ekki gætt.

Um var að ræða fanga, sem dvaldi (sennilega til dauðadags) á Litla-Hrauni í öryggisgæslu, svokallaðri, en tók ekki út almenna refsivist. Með öryggisgæslu er átt við réttarvörsluúrræði, sem er fólgið í hælsvistun þeirra brotlegu manna, sem talið er árangurslaust að refsa með venjulegum hætti, enda sé vistunin talin nauðsynleg af réttaröryggisástæðum. Þessi maður hafði vissulega framið óhugnanlegan glæp en hlaut þó þessa sérstöku meðferð.

Klefabúinn tók vingjarnlega á móti okkur og fór þegar í stað að ræða um eilífðarvélinu, sem hann hafði þá haft í smíðum árum saman, sbr. blaðafréttina frá 1958, sem fyrr var rakin. Var sá fyrirlestur fróðlegur í meira lagi og vissulega minnisstæður. Að hans tali bjó afl vélarinnar (risahjólsins) í þungum lóðum, sem hann hafði komið fyrir á nákvæmlega útmældum stöðum á hjólinu, og var hugsunin sú, að þegar hreyfing væri komin á hjólið tækju lóðin við að snúa því, hvert á fætur öðru og fyrir eigin þunga, og myndi sá snúningur vara *að eilífu* ef ekki væri beitt kröftugum bremsum, sem voru á umgerð hjólsins og blöstu við okkur. Hann kvað afl hjólsins vera gífurlegt, þegar það færi að snúast, og gæti það þá hæglega knúið alls konar tæki, sem tengja mætti við það. Hann kvaðst vera vel meðvitaður um það, að lærðir menn í eðlisfræði leggðu ekki trúnað á, að þetta væri mögulegt, en þó myndi hann ekki hika við að láta á þetta reyna, enda mikið í húfi fyrir framtíð manns og heims, að því er hann hélt fram.

Hann sýndi okkur meðal annars mikinn klossa, sem settur hafði verið undir hjólið, en væri hann fjarlægður færi hjólið að snúast – endalaust! Við spurðum hann auðvitað, hvort hann gæti tekið klossan undan hjólinu í smástund, svona rétt aðeins til að sýna okkur undramátt þess, en það kvaðst hann ekki geta gert að svo búnu máli af öryggisástæðum. Nánar til tekið sagðist hann um þessar mundir vera að styrkja umbúnað og undirstöður hjólsins verulega með miklu viðbótar tréverki, og fyrr en því væri lokið væri ekki ráðlegt að láta það snúast, því að aflið kynni að rústa umbúðunum og jafnvel valda skemmdum á fangelsishúsinu ef þær hefðu ekki verið styrktar sérstaklega.

Þetta var virkilega spennandi, allt saman, fannst okkur unga fólkinu, og ætluðum við vart að geta slitið okkur frá þessu sláandi sjónarspili. Ég hafði síðan ekki tækifæri til að fylgjast með því, hvernig þessum hugmyndameistara hafi tekist til við að fullkomna þetta metnaðarfulla verkefni sitt, en svo mikið er víst, að eftir því sem ég veit best komst vélin mikla aldrei í gagnið – annars

væri væntanlega margt öðruvísi í veröldinni en er í dag, þegar orkuskortur blasir við víða um heim!

Ég hef á síðari misserum leitast við að ná tali af mönnum, sem unnu á Litla-Hrauni á sínum tíma, fyrir allnokkrum áratugum, og hefðu átt að muna eftir eilífðarvélinni. Sökum þess hve langur tími er nú um liðinn síðan heimsókn okkar laganemanna ungu fór fram, virðist þó sem ógerningur sé að finna kunnuga menn, er meðal annars geti upplýst mig um, hvað af vélinni varð eftir dag þessa umrædda fanga. Roskinn fyrrverandi fangavörður, sem kvaðst að vísu aldrei hafa séð vélina þótt hann hafi heyrt af henni, því að hann hóf ekki störf fyrr en eftir að hún hafði verið fjarlægð, hélt því fram í viðtali við mig, að væntanlega hafi hún verið tekin í sundur – leyst upp í frumparta sína – þegar smiðurinn var horfinn af vettvangi. Hann benti mér einnig á, að það hljóti að hafa verið óhjákvæmilegt að búta vélina niður til þess að koma henni út um klefadyrnar.

Ég hafði vissulega gert mér vonir um, að eilífðarvélin mikla væri geymd einhvers staðar, ef ekki í húsakynnum fangelsisins að Litla-Hrauni þá ef til vill í einhverju byggðasafni þar nærlendis, en svo reyndist ekki vera.

Verði *refsiminjasafni* einhvern tíma komið upp á Íslandi (eins og víða má finna meðal annarra þjóða) hefði eilífðarvélin auðvitað átt að eiga sér tryggan samastað þar – en því er nú ekki að heilsa.

Eftir stendur minning mín og ýmissa annarra um fyrrnefnt dæmi um þrotlausa og þrjóskeyla leit mannsandans að tæknilausn, sem lækni orkuvandamál gjörvalls mannkyns.

„Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt“

Ég ólst upp hjá afa mínum og ömmu, auk móður minnar, á Króknum. Afi minn var skáldmæltur, stórfróður og vel lesinn, hlýr maður og ljúfur. Hann hafði mjög góða kímniáfu. Til hans leituðu stundum þeir, sem voru þrúgaðir af áhyggjum eða höfðu orðið fyrir hvers kyns áföllum, og fengu hughreystingu í orðum og viðmóti, einnig með hófsömum gamanyrðum ef þau áttu við. Minnst ég nokkurra dæma um þetta, sem hér skulu ekki rakin – nema eitt, sem enn stendur mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum, þótt ég væri barn að aldri, er atvikið varð.

Þannig var, að afi, sem lengi bjó á Hjaltastöðum í Blönduhlíð, hafði fyrir á árum verið farkennari þar í sveitum. Var hann vel liðinn kennari og hafði áreiðanlega mikla hæfileika til þess starfa, þótt kennslu hætti hann á miðjum aldri eftir að hann flutti til Sauðárkróks, þar sem hann tók við starfi á skrifstofu Mjólkursamlags Skagfirðinga. Gegndi hann því starfi til æviloka eða því sem næst.

Fyrirum talaði ég iðulega við fólk, sem afi hafði kennt á sinni tíð, og bar það honum ævinlega vel söguna og minntist kennslu hans og kynnanna af honum með ánægju.

Meðan ég var enn á barnsaldri var byggt myndarlegt hús yfir Mjólkursamlagið, bæði framleiðsluna og skrifstofuna, syðst í bænum, eiginlega fyrir sunnan þáverandi byggð en þó við aðalbrautina, Skagfirðingabrautina, sem í gegnum bæinn lá. Afi gekk þessa leið bæði úr og í vinnu. Heimili

okkar stóð nyrst við Skagfirðingabrautina, sem fyrr var nefnd, í námunda við Kirkjutorgið.

Prýðishjón, sem við þekktum vel, settu nú á stofn myndarlega bóka- og ritfangabúð við sömu götu, í næst-, næsta húsi við okkur. Var það eina þess háttar verslunin í bænum.

Vegna vinnu sinnar átti afi oft leið fram hjá þessari bókaverslun og hefur þá vitaskuld rennt augum til þeirra bóka, sem þar lágu frammi til sýnis í stórum verslunargluggunum, en hann var mikill bókamaður og sílesandi alla tíð.

Einn góðan veðurdag staðnæmist hann um stund við bókabúðina, sem oftar, virðir fyrir sér nýjar bækur, sem þar blöstu við, fer síðan inn og kaupir eina bók, sem hann hafði áhuga á, og tekur hana svo með sér heim.

Örskömmu seinna kemur sú mikla fyrirmyndarkona, sem rak nefnda búð ásamt manni sínum, heim til okkar. Fer hún þegar í stað til afa, þar sem hann var að lesa í bókinni (að ég held) og sest hjá honum. Að jafnaði var hún glaðvær en nú brá svo við, aldrei þessu vant, að henni var bersýnilega mjög brugðið, mátti vart mæla fyrir geðshræringu og depurð og tárfeildi. Segir hún afa þá, í þungum tón mörkuðum af sjálfsásökun, að hún hefði gefið honum of lítið til baka þegar hún afgreiddi hann og afhenti honum bókina þá fyrir skammri stundu. Um leið og hún rétti honum þetta smáræði, sem upp á hafði vantað (og sem afa hefði auðvitað staðið alveg á sama um), sagðist hún taka þetta afar nærri sér og kvaðst vonast til að hann gæti einhvern tíma fyrirgefið henni þessi reikningsmistök.

Nú var úr vöndu að ráða fyrir afa, því að auðvitað vildi hann allt fyrir vinkonu okkar gera og umfram allt hugga hana. Varð hann þá að vera snöggur að finna nákvæmlega rétta úrræðið, sem gæti í einni svipan eytt öllum þyngslum og sárindum.

Og það gerði hann með stuttu svari, sem sannarlega „breytti dimmu í dagsljós“. Hann sagði einfaldlega: „Elsku Mæja mín. Þú mátt ekki taka þetta svona nærri þér, því að sökin er *mín* en ekki þín.“ „Hvað meinarðu Stefán, auðvitað var þetta mín sök en alls ekki þín“, sagði hún þá, en hann svaraði:

„Jú, sjáðu, elsku stelpa mín, þetta er svo sannarlega mér að kenna en ekki þér, því að það var ég sem kenndi þér að reikna!“

Þá sá hún spaugilegu hliðina á málinu, sárindin hurfu með það sama og sólin brosti að nýju.

Frá Vesturheimi

Horft í vesturátt

Af ýmsum ástæðum leitar hugur minn æði oft vestur á bóginn, til heimkynna Vestur-Íslendinga, sem svo eru kallaðir. Á bernskuheimili mínu á Sauðárkróki var mikið talað um frændfólk okkar í Bandaríkjunum og Kanada og afi minn, *Stefán Vagnsson*, átti löngum í bréfaskiptum við ýmsa mæta menn úr ættmennahópi okkar þar eða sem hann var kunnugur af öðrum ástæðum. Þar að auki ritaði hann um langt skeið ýtarleg fréttabréf úr Skagafirði, sem birtust í íslensku blöðunum í Winnipeg. Við bar – þótt fremur sjaldgæft væri í þá daga vegna tregra samgangna heimsálfa á milli miðað við það, sem nú þekkist – að fólk að vestan kæmi við heima hjá okkur, er það brá fyrir sig betri fætinum og heimsótti gamla landið, og urðu þá góðir og glaðværir vinafundir.

Alveg sérstaklega minnst ég *Stefáns Eiríkssonar* frá Djúpadal í Blönduhlíð, sem fluttist til Kanada sem ungur maður og dvaldi þar síðan við ýmis störf, lengst af í Winnipeg eða í nágrenni þeirrar borgar. Eftir miðjan aldur kom hann alkominn heim til gamla landsins og átti þá heima á ættarbylí sínu Djúpadal með bræðrum sínum meðan æviár entust. Hann var náfrændi okkar og mikill heimilisvinur, hafsjór af sögum, bæði um sjálfan sig og aðra á vesturslóð, og var margt af því sannarlega ævintýrlegt – en eins og góðum sagnamanni sámir dró hann hvergi af í lýsingum á því, er á daga hans hafði drifið.

Ég var á barnsaldri, er Stefán flutti á æskuslóðirnar og naut þess mjög að hlusta á sögur hans; var satt best að segja allur eitt eyra. Sem dæmi má nefna frásagnir hans af því, er hann sem ungur maður, nýlega fluttur til Kanada, tók að sér störf við póstflutninga á hundasleðum norður til strjálra og afskekkttra mannabyggða við Hudson Bay. Þá gat maður bókstaflega heyrt gólið í úlfunum, sem eltu sleðana, svo lifandi var frásögn Stefáns. Einnig var merkilegt að heyra um slysið mikla, er hann varð fyrir vegna misheppnaðrar sprengingar, þegar hann vann við námugróft. Missti hann þá annað augað og annað eyrað með – en svo vel var að verki staðið við endurgerð þessara líkamsparta, að ekki varð annað greint en allt væri enn heilt og upprunalegt!

Kynnin af þessum ágæta frænda mínum og allar sögurnar, sem honum tengdust, vöktu vissulega áhuga minn á þeim fjarlægu slóðum, byggðum jafnt sem óbyggðum, er hann lýsti svo vel að allt stóð manni ljóslifandi fyrir hugskotssjónum.

Á heimili mínu var oft rætt um stórskáldið *Stephan G. Stephansson*, „Klettafjallaskáldið“, eins og hann var oft nefndur hér heima, og vitnað í ýmis ljóðverk hans. Sannfærðist ég snemma um, að hann væri í hópi bestu og merkustu Skagfirðinga, sem uppi hefðu verið síðan land byggðist. Ég man enn þá gleði og hrifningu, sem ríkti í héraðinu þegar minnisvarðinn um Stephan, er stendur á Vatnsskarði, var afhjúpaður 1953 á hundrað ára afmæli skáldsins við mjög hátíðlega athöfn, en það var Rósa, dóttir Stephans, sem dró hjúpinn af útilistaverkinu. Á býlinu Kirkjuhóli þar í nánd fæddist hann en ólst upp í Víðimýrarseli skammt frá. Hann þakkaði svo sannarlega uppeldið í Skagafirði með stórbrotnum ljóðum um æskuhérað sitt og um ýmsar minningar þaðan. Ég var of ungur, ekki nema níu ára, þegar þessi atburður varð, þannig að ég var ekki staddur þar – því miður segi ég nú.

Ég hugsa sjaldan svo til Vesturheims að Stephan komi mér ekki í hug, og með fjölgandi æviárum les ég æ meir, og með sívakandi aðdáun, í hinum miklu ritverkum hans, sem geyma bæði laust mál og bundið.

Síðsumars 2014 fór ég í stórfróðlega og minnisstæða ferð (hópferð héðan að heiman) til Albertafylkis í vestanverðu Kanada og var þá farið dögum saman um *Klettafjöllin* og gist á ýmsum stöðum þar. Minntu þeir fjallrisar um sumt á aðra kunnustu fjallgarða (fellingafjöll) heims, sem ég hef kynnst, svo sem Alpafjöllin og Himalaya. En það, sem stendur þó upp úr í minningunni, er heimsókn okkar á bæ Stephans G. Stephanssonar niðri á sléttum Alberta, í nánd við smábæinn *Markerville*, sem enn ber augljós merki um þá Íslendinga, sem þar bjuggu eitt sinn – og sumir afkomendur þeirra búa þar ennþá. Hús Stephans, sem á tímabili stóð autt og yfirgefið, hefur nú sætt gagngerum viðgerðum og er í alla staði hið myndarlegasta. Miklu af húsgögnum skáldsins og bókakosti hefur nú verið komið fyrir á sínum stöðum innandyr og þar ríkir ljúfur hugblær, sem kyndir undir áhuga gestanna á stórskáldinu, ævistarfi þess og hugverkum. Stephan andaðist 1927 og hvílir í fjölskyldugrafreit nálægt býli sínu.

Þá verður mér oft hugsað til þess gagnmerka og minnisstæða Skagfirðings, *Haralds Bessasonar frá Kýrbolti* (d. 2009), sem lengi gegndi embætti prófessors í íslensku við Manitobaháskóla í Winnipeg og varð síðar fyrsti rektor hins nýstofnaða háskóla á Akureyri. Minningin um hann er og verður samofin vitund minni um Íslendingaslóðir í Vesturheimi. Haraldur var um margt áberandi í samfélagi Vestur-Íslendinga og var í reynd, að ég best veit, eins konar óopinber menningarsendiherra okkar þjóðar á Íslendingaslóðum í Manitoba en kom einnig við sögu víðar um Kanada. Hann hvílir í kirkjugarðinum á Hólum í Hjaltadal, eigi fjarri æskuslóðum sínum.

Haraldur var allra manna fróðastur um hvað eina, sem við kemur sögu Íslendinga í Vesturheimi, um menn þar og málefni. Þar að auki var hann frásagnameistari umfram flesta aðra menn. Allt varð ljóslifandi, sem hann greindi frá, hvort heldur hann fræddi viðmælendur sína um sérkennilega karla og kerlingar í Viðvíkursveit, er hann þekkti á æskuárum, eða eftirminnilega Vestur-Íslendinga. Ég kynntist honum dálítið á síðari árum hans og naut

Þessarar sérgáfu hans í nokkur skipti – en þau hefðu svo sannarlega mátt vera fleiri.

Ég vil einnig geta þess, að faðir hans, valmennið *Bessi Gíslason í Kýrbolti*, var heimilisvinur á æskuheimili mínu á Sauðárkróki og ætíð kærkominn gestur þar, er hann kom í kaupstaðinn.

En Haraldur Bessason var ekki einungis meistari hins talaða máls heldur einnig ritsnillingur, svo sem bækur hans vitna best um, en þær geyma minningar hans frá æskuárum hér á Fróni og síðan starfsárunum vestanhafs og jafnframt merkar hugleiðingar um menningarsöguleg efni. Kunnust þeirra er bókin „Bréf til Brands“, sem telja má til gersema íslenskra bókmennta.

Í óbeinum tengslum við það, sem hér hefur verið sagt, er mér óhjákvæmilegt að nefna minn gamla vin *Bergstein Jónsson sagnfræðiprófessor* (d. 2006), sem fræddi mig árum saman um svo ótalmargt, sem við kemur sögu og lífi Vestur-Íslendinga, en þeim málum var hann vel kunnur, meðal annars af viðamiklum rannsóknum sínum og jafnframt dvöl sinni vestra um skeið, þar sem hann kynntist mörgu fólki, sem öðlaðist með sínum hætti „líf“ í frásögnum hans. Kemur mér nafn hans oft í hug, þegar hugurinn leitar í vesturátt, og sögurnar sækja að. Aðeins einnar þeirra verður getið hér síðar sem lítils dæmis um sagnir hans.

Vestmenn heimsóttir

Nokkrum sinnum hef ég komið til Kanada, meðal annars á slóðir Vestur-Íslendinga þar í landi. Eins og aðrir Frónverjar á ég fjölda skyldmenna í Norður-Ameríku, þó að ég hafi haft minni kynni af fólki úr þeirra hópi en vert væri.

Sá Vestur-Íslendingur, sem ég hef einkum átt prýðileg samskipti við, er *Nelson Gerrard*, frændi minn (íslenskur í móðurætt en Skoti í föðurætt), sem býr og starfar við vestanvert Winnipegvatn í Manitoba, á þeim slóðum er

fyrir nefndust Nýja-Ísland og var eins konar „nýlenda“ íslenskra landnema, þar sem þeir bjuggu meðal annars við eigin lög og reglur um nokkurt árabil.^[1] Nelson er sagnfræðingur að mennt og jafnframt íslenskufraeðingur en hann talar mjög góða íslensku. Eftir hann liggja mikil rit um Vestur-Íslendinga og slóðir þeirra við Winnipegvatn. Hann mun nú vera ættfróðasti maður af íslenskum stofni í Norður-Ameríku og hefur viðað að sér óhemju miklu efni um landnám og búsetu Íslendinga á þessum slóðum. Hann starfaði lengi sem kennari við framhaldsskóla í Árborg, Manitoba, og sumar eftir sumar dvaldi hann auk þess við Vesturfarasetrið á Hofsósi og annaðist ættfræðipjónustu á þess vegum. Auk fræðistarfa rekur hann nú búskap á eignarjörð sinni Víðivöllum við ósa Íslendingaflióts í Riverton-byggð við vatnið, en þar var fyrir bújörð þess kunna skálds *Guttorms J. Guttormssonar*, höfuðskálds Nýja-Íslands.

Fyrir meira en tuttugu árum dvaldi ég nokkuð á þessum slóðum og var að kynna mér ýmislegt um Nýja-Ísland, meðal annars um „stjórnarlög“ þau, sem landnemarnir settu sér og áður var minnst á, og jafnframt að skoða aðgengilegar heimildir um *Sigtrygg Jónasson* (f. 1852, d. 1942), sem var brautryðjandi í landnámsmálum Íslendinga í Kanada og var einnig fyrsti Íslendingur, sem tók upp fasta búsetu í Kanada 1872, þá aðeins tvítugur að aldri, og öðlaðist kanadískt ríkisfang.

Gisti ég þá meðal annars hjá Nelson frænda mínum í húsi hans „Eyrarbakka“ í gömlu byggðinni *Hnausa* við strönd vatnsins mikla og varð margs vísari í viðræðum við hann.

Vegna forystustarfa sinna á landnámssvæðunum við Winnipegvatn var Sigtryggur Jónasson réttilega nefndur „faðir Nýja-Íslands“. Hann var mikill athafnamaður og stofnaði eða átti hlut að ýmsum gagnlegum fyrirtækjum,

1 Sjá nánar greinina „Stjórnarlög og stjórnskipun Nýja-Íslands – nýlendu íslenskra landnema í Kanada“ í bók minni „Svipmyndir úr réttarsögu – Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar“, Reykjavík 1992, bls. 323 og áfr.

auk þess sem hann stofnsetti og ritstýrði íslenskum blöðum vestra, einkum Framfara, sem var fyrsta blað Íslendinga í Vesturheimi, og jafnframt Lögbergi í Winnipeg, sem lengi var við lýði uns það rann saman við blaðið Heimskringlu, en núverandi blað kallast Lögberg-Heimskringla sem margir kannast við. Þá varð hann fyrsti þingmaður Íslendinga í Norður-Ameríku, er hann var kosinn á löggjafarþing Manitobafylkis. Kornungur maður starfaði hann sem ritari þáverandi amtmanns á Möðruvöllum, Péturs Havstein.

Minningu Sigtryggs hefur verið sýndur margvíslegur sómi, einkum á Nýja-Íslandi, nú síðast fyrir fáum árum, er vönduð eirstytta af honum var sett upp á fögrum stað í Riverton við Íslendingafjót auk þess sem gata þar í bænum var nefnd eftir honum. Við sama tækifæri var hann opinberlega útnefndur af hlutaðeigandi ráðherra í Kanadastjórn sem „a person of national historical significance“ í Kanada. Sigtryggur var aðalfulltrúi Kanada á Alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930.

Svo vill til, að Sigtryggur Jónasson var langömmubróðir minn. Sú formóðir mín hét Ingibjörg og bjó á Flugumýri í Blönduhlíð. Þau voru úr stórum systkinahópi, sem oftast er kenndur við Bakka í Öxnadal, þar sem bæði voru fædd, en um nokkurt árabíl eftir miðja 19. öld bjó fjölskyldan á Fremri-Kotum í Norðurárdal í Skagafirði. Sum systkini Sigtryggs fluttu til Ameríku en önnur urðu eftir í gamla landinu, eins og umrædd langamma mín.

Frá því er nú að segja, að í ágústmánuði 2015 fór ég ásamt konu minni vel heppnaða og eftirminnilega ferð til Vesturheims, nánar til tekið á valdar Íslendingaslóðir í Bandaríkjunum en einkum í Kanada. Um var að ræða hópferð með íslenskri ferðaskrifstofu. Fararstjórinn var *Egill Helgason*, sá kunni fjölmiðlamaður, sem skömmu áður hafði meðal annars stjórnað vinsælum og einkar fræðandi sjónvarpsþáttum um Vestur-Íslendinga og þeirra slóðir. Nefndust þeir þættir „Vesturfara“. Voru að ýmsu leyti þræddar

sömu leiðir og Egill hafði farið um í þáttunum og að nokkru marki rætt við sama fólk og þar hafði komið fram. Var það allt stórfróðlegt – og ekki gleymast höfðinglegar móttökur hvarvetna þar sem numið var staðar til skoðunar og viðræðna. Alls staðar var okkur boðið upp á „molasopa“ og „vínartertu“ auk annars, en vestur-íslenskar konur kunna nú einar, að sumra sögn, að búa til þá vandgerðu en bragðgóðu tertu, sem eitt sinn var alþekkt á Íslandi. Hérlandis er hún nú nefnd „lagkaka“, að því er mér skilst, en það er óneitanlega risminna nafn, og ekki veit ég, hvort hérlandis er nú fylgt gömlum og góðum hefðum við gerð þessa sælgætis. Vestur-íslensku konurnar sögðu okkur, að ekki væri hægt að tala um alvöru vínartertu nema hún hefði að geyma minnst sjö lög – og alltaf stóðst það, þegar við töldum lögin í tertunum hjá þeim!

Flogið var frá Íslandi til borgarinnar *Minneapolis* í ríkinu *Minnesota* í Bandaríkjunum með gistingu þar í borg. Þar var fyrsta móttakan af hálfu heimamanna, síðan var ekið með rútu norður eftir því ríki með viðkomu á völdum stað og þaðan til ríkisins *Norður-Dakóta* og heimsóttar gamlar sem nýjar Íslendingaslóðir þar, svo sem *Garðar* og *Mountain*, og gist í borginni *Grand Forks*. Þá var ekið norður yfir landamæri Bandaríkjanna og Kanada og til *Winnipegborgar* í *Manitoba*, þar sem löngum var fjölmennasta byggð Íslendinga í „nýja landinu“. Þar var gist í tvær nætur á hinu gamla og virðulega hóteli, sem kennt er við *Fort Garry*, og tíminn notaður til að skoða margt það, sem minnir á og tengist veru Íslendinga á þeim slóðum.

Síðan lá leið okkar norður að *Gimli* við *Winnipegvatn*, þar sem löngum hefur verið kjarni íslensku byggðanna á þeim slóðum, með þremur gistinóttum. Skoðaðar voru byggðirnar, þar sem íslensk örnefni á skiltum blasa hvarvetna við. Meðal annars komum við til bæjanna, sem nú kallast *Riverton* (en hét áður *Lundur*) og *Árborgar*. Þá heimsóttum við einnig *Mikley* í *Winnipegvatni* (er svo nefndist löngum en á síðari árum ber formlega heitið *Hecla Island*). Allt var það stórfróðlegt.

Í Riverton var meðal annars skoðuð áðurnefnd stytta af Sigtryggi Jónassyni og jafnframt húsið að *Engimýri*, hið næsta þorpinu, sem verið er að gera upp sem eins konar safn um hann. Þar bjó bróðir hans, *Tómas*, á sinni tíð, og Sigtryggur átti einnig heimili sitt í Riverton um skeið, lengi í Winnipeg en andaðist í Árborg gamall maður. Á Engimýri tók meðal annarra heimamanna á móti okkur Nelson Gerrard, sem fyrr var nefndur, en hann hefur beitt sér mikið fyrir ýmsu því, sem verða má minningu gamla mannsins til verðugs sóma. Nelson er frændi Sigtryggs, aðeins fjarskyldari honum en ég.

Frá Winnipeg var síðan flogið alla leið til vesturstrandar Kanada, nánar til tekið borgarinnar *Vancouver*, dvalist þar í tvær nætur og Íslendingaslóðir þaulkannaðar, með tilheyrandi móttökum, en að síðustu gist í tvær nætur á *Vancouver-eyju*, sem liggur þar nokkuð undan landi. Þar er háskólaborgin *Victoria*, undurfögur, vel hirt og með ensku yfirbragði, en hún er höfuðborgin í fylkinu *British Columbia*. Þar voru viðtökur Vestur-Íslendinga ekki síðri en annars staðar.

Ekki líður úr minni öll sú hlýja, sem frændur okkar og frænkur vestanhafs sýndu okkur ferðalöngunum hvarvetna þar sem við komum.

Almennt var sammæli um það meðal þátttakenda í umræddri ferð, að hún hefði tekist afar vel, hafi verið stórfróðleg og yrði okkur öllum ógleymanleg.

Ættarmálefni (eða þannig)

Nú er rétt að snúa aftur um stundar sakir að *Sigtryggi Jónassyni*, langömmubróður mínum. Sannast sagna var ég dálítið stoltur af þessum nána skyldleika við þennan kunna merkismann og stóð í þeirri meiningu – og gortaði víst af því við einhverja samferðarmenn mína – að í hópi okkar ferðalanganna væri ég sá maður, er hefði nánustu ættar- eða fjölskyldutengsl við hann. Lét ég því konu mína taka mynd af mér við fyrrnefnda stytta hans í Riverton (svo að bera mætti saman ættarsvipinn) og þóttist góður afl! En þá varð ég fyrir vægu áfalli: kona á mínum aldri í hópnum gekk þá einnig fram og vildi láta

taka mynd af sér með Sigtryggi frænda. Þá kom í ljós, að hún var jafn skyld Sigtryggi og ég, því að hann var langafabroðir hennar. Um þessi tengsl hafði ég ekki vitað – og var mér að vonum örlítið brugðið, þótt allt væri þetta auðvitað í góðu. Svona fór nú um sjóferð þá!

En þá mundi ég skyndilega eftir því, að varðandi ættarmálefni og skyldleikatengsl við Vestur-Íslendinga átti ég þó eitt tromp uppi í erminni, þar sem vægast sagt var ólíklegt að aðrir í ferðahópi mínum gætu spilað út neinu sambærilegu. Varla er það algengt, að ferðalangar á vegum Úrvals-Útsýnar, geti státað af því að vera fimmmenningar við *Ronald heitinn Reagan Bandaríkjaforseta!* En það á nú einmitt við um mig, ef trúa má næstum áreiðanlegum slúðursögum um kynföður hans. Þessi völdugasti maður heims, á sínum tíma, var nefnilega – samkvæmt þeim sögum, er gengu sem sannar væru í hópi Vestur-Íslendinga, sem til þekktu á sinni tíð – af Djúpadalsætt í Skagafirði, eins og ég. Eins og mörgum er kunnugt um er mikill ættbogi kenndur við bæinn Djúpadal í Blönduhlíð, þar sem fólk af þessari ætt hefur búið í nokkur hundruð ár. Nánar til tekið: Báðir erum við Ronald komnir út af séra *Eiríki Bjarnasyni* í Djúpadal (síðast presti á Staðarbakka í Miðfirði, d. 1843) og konu hans, *Herdísi Jónsdóttur*, báðir í fimmta lið frá þeim prýðishjónum. Eiríkur var því langa-, langa langafi minn (og Ronalds).

Þannig er mál með vexti, að sá maður fæddist og óx úr grasi vestra, er réttu nafni hét *Páll Pálsson* og var sonur Páls Valtýs Eiríkssonar af Djúpadalsætt og Bjargar Jónsdóttur frá Reykjum á Reykjaströnd í Skagafirði. Síðar varð hann mjög kunnur kvikmyndaleikari í Hollywood, nánar til tekið í kúrekamyndum meðan þær voru enn þöglar, en frægðarsól hans mun hafa tekið að hníga í þann mund sem talmyndir komu til sögunnar um 1930. Hann var sendur til Íslands, það er í Skagafjörðinn, til ættmenna og vina, er hann var sjö ára gamall, og dvaldist þar á annað ár.

Framan af notaði hann ættarnafnið Walters (sem mun hafa verið eins konar afbökun á síðara skírnarnafni föður hans), en síðar tók hann, sem kvikmyndaleikari, upp listamannsnafninu *Bill Cody*, og undir því heiti varð hann frægur víða um lönd, meðan kúrekamyndir voru enn vinsælar (þær sjást sjaldnast á hvíta tjaldinu nú orðið). Er talið, að stjarna hans hafi skinið hvað skærast í aðalhlutverki í myndinni „The Gold from Weepah“. Jafnframt leikstýrði hann myndum og var einnig kvikmyndaframleiðandi um skeið. Hann lést árið 1948.

Bróðir kúrekaleikarans vinsæla var *Emile Walters*, mjög kunnur listmálari vestanhafs, sem margt mætti segja um.

Halldór Laxness ræddi á sínum tíma við þennan rómaða frænda minn, Bill Cody, í Hollywood, og birtist það merkilega viðtal í Morgunblaðinu 18. desember 1927. Þar segir meðal annars:

Af öllu því merkilega fólki, sem jeg hef kynnst síðustu vikurnar, varð mjer einna furðulegast við að kynnst Bill Cody. Hann er heimsfrægasti [svo] kúreki (Cowboy). Jeg minnst þess að hafa sjeð hann nokkrum sinnum á ljereftinu með langa keyrið sitt og barðastóra kúfinn, bæði í Evrópu og hjer í Ameríku. Hann er hár og grannur, ljóshærður og drengilegur, og bros hans mjög heillandi. Hann ber ekki vopn; en er ræningi ætlar að skjóta hann með skammbyssu, þá slöngvar hann langa keyrinu sínu á dónann, svo að endinn á því vefur sig um hendina, sem byssunni heldur. Síðan á hann allskostar við ræningjann [...] Þegar við hittumst var hann hvorki með langa keyrið sitt nje kúfinn, heldur klæddur eins og venjulegur Broadway-maður, glæsímennskan og kurteisins sjálf. Þegar honum var sagt, að jeg kæmi frá Íslandi, þá varð hann allur að einu brosi og sagði: „Þaðan kem ég líka“.

Leikarinn skýrði hinum unga rithöfundi, verðandi nóbelsskaldi, frá því, að hann hefði reyndar gleymt allri íslensku nema einu orði: harðfiskur!

Til að gera langa sögu stutta mun það hafa verið altalað meðal margra Vestur-Íslendinga, sem vel þekktu til leikarans kunna – glæsímennisins með langa keyrið – að hann hefði snemma á leikaraferli sínum eignast barn, son, („utan dagskrár“) með ungri stúlku þar í Hollywood, en úr sambandi

þeirra varð ekki meira og hvorugt hafði á þeim tíma aðstöðu til að ala upp barn. Var það því gefið til ættleiðingar þegar eftir fæðingu, að sögn, ágætum hjónum af írskum ættum, sem báru ættarnafnið *Reagan*, en drengurinn hlaut svo í skírninni nafnið *Ronald*. Er óþarfi að rekja ævi hans nánar á þessum blöðum, nema hvað þess skal getið, að sögur voru um það meðal Íslendinga vestra, að þegar ungi maðurinn hafði aldur til sóttist hann eftir því (eins og margir fleiri) að fá leikarahlutverk í Hollywood. Hafi þá kynfaðir hans, Djúpdælingurinn frægi, komið því til leiðar að hann fékk hlutverk í kúrekamyndum, en þar lék hann síðan, svo sem kunnugt er, árum saman og varð allkunnur á sínum tíma, en þá voru talmyndir reyndar komnar til sögunnar. Framabraut hans endaði svo á forsetastóli eins og allir vita.

Þessi saga hefur síðan verið kunn ýmsum áhugamönnum um ættfræði, bæði vestan hafs og austan, en ekki hefur reynst unnt að fá skjállegar sannanir um þessa ættfærslu, þótt eftir því muni hafa verið leitað. Þegar Ronald Reagan kom til frægs fundar við Gorbasjev Rússlandsforseta í Höfða í Reykjavík hér um árið ætluðu íslenskir ættfræðingar að ná af honum tali og yfirheyra hann um íslenska ættarnið – en þeir höfðu þar ekki erindi sem erfiði, þeir komust auðvitað ekki nálægt forseta Bandaríkjanna. Eftir stendur hin þráláta sögusögn um íslenskt faðerni hans.

Um þetta má meðal annars vísa til ýtarlegra skrifta í dagblaðinu *Tímanum* 19. september 1987.

Hvað um það, ég gat ekki stillt mig um það í rútunni, sem ók með okkur ferðafélagana um Riverton, eftir að við höfðum skoðað styttna af Sigtryggi frænda, að gorta mig örlítið af skyldleikanum við Reagan forseta. Þetta gat auðvitað enginn í hópnum trompað! Einn ferðafélaginn sagði meira að segja við mig, að þetta væru stórtíðindi og væri alveg augljóst, að ég væri hátt yfir þennan strætó hafinn!

Bergsteinn segir frá

Ég átti því láni að fagna að kynnst *Bergsteini Jónssyni sagnfræðiprófessor* (f. 1926, d. 2006) og hafa hann um árabíl að borðnaut í mötuneyti háskólakennara meðan það var við lýði, meðal annars lengi í Skólabæ við Suðurgötu, þar sem mötuneytið hafði aðstöðu árum saman. Þangað komu margir góðir menn og skemmtilegir og eru þeir mér ógleymanlegir en reyndar ýmsir fallnir frá, er þetta er ritað. Bersteinn var einstakur sagnameistari, eins og margir geta vitnað um, og hafði kynnst ótal áhugaverðum mönnum um ævina. Þeir voru eins og lifandi komnir að matborðinu með okkur í túlkun Bergsteins, sem þó var ætíð yfirlætislaus (enda hlédrægur öðrum þræði) og oflék aldrei þótt stundum hermdi hann eftir mætum mönnum. Um Bergstein og kynnin við hann hef ég áður ritað dálítinn pistil í bók minni „Minningaleiftur – Vörður á vegferð“ (Reykjavík 2015).

Á síðari hluta starfsævi sinnar var Bergsteinn háskólakennari í sagnfræði en hafði áður meðal annars verið menntaskólakennari og þar áður um árabíl starfsmaður pósthjónustunnar sem ungur maður. Af öllu þessu voru miklar sögur, sem ýmsir fengu að njóta.

Bergsteinn átti sér margvísleg áhugaefni innan sagnfræðinnar en var að öðru leyti, að ég held, jafnvígur á almenna mannkynssögu og Íslandssögu. Megináherslu lagði hann þó, í fræðum og kennslu, á sögu síðari alda.

Vesturheimsferðir Íslendinga á síðari hluta 19. aldar munu snemma hafa fangað hug Bergsteins. Eftir að hann fór að kenna við Háskóla Íslands varði hann heils árs rannsóknarorlofi til dvalar við ríkisháskólann í Grand Forks í Norður-Dakóta og fékkst þá við rannsóknir á búferlaflutningum Íslendinga frá gamla landinu til Norður-Ameríku og á lífi þeirra og bólfestu í „nýja

heiminum“. Var hann afar fróður um þau efni og kunni ógrynni sagna um Vestur-Íslendinga, fyrr og síðar.^[2]

Meðan Bergsteinn var í Grand Forks veittist honum tækifæri til að fara nokkuð víða um byggðir Íslendinga í Bandaríkjunum norðanverðum og í Kanada og kynntist þá mörgum þarlendum frændum okkar og frænkum. Meðal annars fór hann stundum til Winnipeg í Manitobafylki í Kanada, þar sem löngum hefur verið helsta miðstöð Vestur-Íslendinga í menningarlegum og félagslegum efnum. Þar hefur lengi starfað sérstök íslenskudeild við Manitobaháskóla og við þá stofnun gefur einnig að finna mikið safn íslenskra bóka. Stutt er að fara (eftir amerískum mælikvarða) frá Grand Forks norður til Winnipeg.

Eitt sinn sem oftast, þegar Bergsteinn var á ferð í Winnipeg, lenti hann í samkvæmi, þar sem komu margir Vestur-Íslendingar. Ræddi hann þar við allmarga menn, karla og konur, sem hann hafði ánægju af að hitta.

Nú er þar til að taka, að nokkuð á aðra öld hafa menn með eftirnafnið *Bardal* (upphaflega úr Bárðardal) annast útfararþjónustu fyrir landa okkar á þessum vestlægu slóðum og er af því mikil saga þótt hér verði ekki sögð. Í samkvæminu hitti Bergsteinn þann Bardal, sem þá fór fyrir útfararstofu þeirri í Winnipeg, sem við fjölskylduna var kennd („Bardal Funeral Home“). Ræddu þeir um alla heima og geima og fór vel á með þeim, sagði Bergsteinn. Er þeir kveðjast segir Bardal, að Bergsteinn eigi nú endilega að heimsækja „institútið“ hans næst þegar hann sé staddur í Winnipeg og hafi nægan tíma. (Bergsteinn mundi, að viðmælandi hans, sem annars talaði ágæta íslensku með örlitlum hreim, notaði einmitt þetta útlenskulega orð: institút). Með „institútinu“ átti útfararstjórinn að sjálfsögðu við stofnunina góðu, er hann stýrði með heiðri og sóma. Bergsteinn kvaðst hafa jánkað því kurteislega – þótt hugur hans stæði ef til vill fremur til að skoða eitthvað annað en vesturheimskt „Funeral Home“.

2 Í þessu sambandi má nefna ágæta bók Bergsteins, „Til Vesturheims – Um vesturferðir, Vesturheim og Vestur-Íslendinga“, Reykjavík 2009, en hún kom út að honum látnum.

Kom nú að því, að heimsókn til Bardals varð ekki lengur slegið á frest og boðar Bergsteinn komu sína í „institútið“. Þar tekur Bardal höfðinglega á móti honum eins og við var að búast og leiðir gestinn um snyrtileg, virðuleg og falleg húsakynnin. Ganga þeir úr einum sal í annan. Í einni stofunni stendur opin líkkista á þar til gerðum undirstöðum. Bardal bendir gestinum að koma að kistunni, sem hann gerði – að vísu með nokkru hiki. Þar liggur þá rosín kona í glæsilegum kjól, förðuð og með uppsett hár í amerískum stíl. Hún hafði gleraugu á nefinu. Bardal segir nú (með sínum fína vesturheimska hreim) við Bergstein: „Má ég kynna. Þetta er hún Sigga“. Og bætir síðan við: „Kynntist þú nokkuð Siggú?“ Bergsteinn varð að svara því neitandi. Þá gengur Bardal alveg að kistunni, beygir sig fram og tekur gleraugun nettlega af hinni framliðnu frú, andar á glerin og tekur síðan upp silkivasaklút úr brjóstvasa sínum (en hann var klæddur viðhafnarbúningi eins og hæfir á útfararstofu). Með klútnum þurrkaði hann nú af glerjunum en setti síðan gleraugun aftur, fínlega og af nákvæmni, á nef hinnar látnu.

Þarna var auðvitað fagmaður að verki, sem gat með réttu verið stoltur af sínum handarverkum og sínu „institúti“, og þessi gleraugnahreinsun var í hans huga það eðlilegasta, sem hugsast gat, þótt Bergstein setti hljóðan og færir hálfpartinn hjá sér, enda óvanur hinstu þjónustu af þessu tagi.

Gengið á Mælifellshnjúk

Mörg eru þau fjöllin á fósturjörð okkar, sem ég hef klifið um dagana, enda var fjallarölt lengi einhver besta skemmtun mín. Oft fór ég í góðum hópi, einkum með fólki úr Ferðafélagi Íslands, en stundum við annan mann eða jafnvel einn míns liðs. Fór það allt eftir aðstæðum. Ég hef vissulega gengið á ýmis hæstu fjöll landsins, sum jökli hulin, en hin eru þó fleiri, þar sem aðdráttaraflíð felst ekki í hæðinni heldur til dæmis fögru umhverfi og miklu útsýni.

Hér er ekki vettvangur til að rekja almennar hugleiðingar og frásagnir um fjallaferðir mínar um áratuga skeið, þótt ég eigi ógleymanlegar minningar um margar þeirra. Ég ætla einungis að víkja að einu fjalli, sem ég hef reyndar klifið nokkrum sinnum og verður að teljast tiltölulega auðgengt. Þetta er, nánar til tekið, *Mælifellshnjúkur* í Skagafirði, sem er bæði meðal hæstu byggðafjalla þar um slóðir og auk þess frábær útsýnisstaður. Af kolli Hnjúksins má sjá inn í margar sýslur landsins og langt inn á öræfin, sem teygja sig þaðan inn að jöklunum miklu í suðri, allt fram að Hofsjökli þangað sem Skagafjarðarhérað nær. Kerlingarfjöll blasa við sjónum af tindinum og vel sést út á Húnaflóa í norð-vestri auk þess sem meginhérað Skagafjarðar liggur fyrir fótum manns og jafnframt fjörðurinn sjálfur í norðri með Eyjunum fögru við sjóndeildarhring.

Skáld – þar á meðal þjóðskáld – hafa lofað Hnjúkinn í ljóðum sínum og hann er og verður óhjákvæmilega að finna á fjölmörgum ljósmyndum, sem

teknar eru og munu verða í héraðinu, svo „áleitinn“ er hann og sterkur í mikilleik sínum – hann læðir sér víða inn!

Þegar ég var barn að aldri og síðar unglingur á Sauðárkróki, varð mér að vonum oft litið fram um héraðið og dáðist að Mælifellshnjúknum, þar sem hann reis í suðri í allri sinni tign, eitt kunnasta kennileiti í Skagafirði. Heyrði ég þá ýmsar sögur, sem honum og umhverfi hans tengdust. Fylltist ég smátt og smátt lotningu fyrir þessu fjalli – og sú tilfinning hefur fylgt mér á fullorðinsárum.

Í þeirri hlið Hnjúksins, sem snýr að meginhéraðinu er merkilegur og alkunnur skafl, sem kallaður er „Hesturinn“ (enda með nokkurri hestlögum ef nægu ímyndunarafla er beitt), og má oft sjá hann langt fram á sumar. Fyrri tíðar menn höfðu það til marks, að Stórisandur uppi á öræfunum væri orðinn fær ferðamönnum úr Skagafirði vestur á land, þegar Hesturinn væri „dottinn í sundur um bógana“, eins og það var kallað. Í æsku minni var þessi viðmiðun aftan úr öldum enn „lifandi“ meðal margra Skagfirðinga þótt þá væri langt um liðið síðan þær ferðir (svo sem skreiðarferðir), sem um var að ræða, væru af lagðar með nýrri samgönguháttum.

Oft hugleiddi ég hvað það hlyti að vera gaman að ganga á þetta stórmyndarlega fjall, ekki síst eftir að mér fróðari menn höfðu upplýst mig um, hve óravítt sæist af tindri þess, en lengi vel varð þó ekkert af framkvæmdum hjá mér – ekki fyrr en ég var orðinn fullorðinn maður.

Unnt er að ganga á Hnjúkinn úr þremur áttum, það er úr suðri, vestri og norðri, enda þótt hann virðist brattur og ekki auðgengur. Oftast er á síðari tímum gengið á hann úr vestri, það er af Mælifellsdal, þangað sem bílvegur liggur, en þaðan er nú stikuð gönguleið á fjallið, tiltölulega auðfarin þegar á reynir. Sunnan af Járnhryggnum svokallaða, sem gengur inn af Hnjúknum, má einnig fara á tindinn, þótt sú nálgun muni ekki algeng, og svo má, síðast

en ekki síst, ganga á Hnjúkinn eftir röðli fjallsins, sem í norður snýr, þótt sú leið bjóði reyndar upp á vissar torfærur þegar vel er að gáð.

Ég man ekki fyrir víst hversu oft ég hef gengið á Hnjúkinn en allnokkrar eru ferðirnar orðnar, svo mikið er víst. Mun oftast hef ég þó til dæmis gengið á *Tindastól*, fjalljöfurinn mikla norðan við Sauðárkrók, að ég nú ekki tali um minn gamla „vin“ *Molduxa*, bæjarfjall Sauðkrækinga, sem býður upp á margt óvænt og skemmtilegt þótt ekki sé hann sérlega hár.

En hvað um það, ég minnst alveg sérstaklega minnar fyrstu gönguferðar á Mælifellshnjúk, sem ég tókst á hendur, ungur maður á námsárum mínum við Háskóla Íslands – nýtrúlofaður fyrir nú utan allt annað.

Stúlkan, sem síðar varð eiginkona mín allt til þessa dags, kom þá í fyrsta sinn með mér norður á Sauðárkrók til að kynnst mínu fólki, en sjálf var hún úr Reykjavík. Við gistum hjá móður minni, *Ingibjörgu Stefánsdóttur*, og manni hennar, *Erlendi Hansen*, og vorum borin þar á höndum ef svo má að orði komast. Minnst ég þess, að móðir mín sýndi unnustu minni mikla umhyggju frá fyrstu stundu, eins og eftirfarandi saga sýnir:

Veður var gott þá daga, sem við dvöldumst á Króknum, og fannst mér þá komið gott tækifæri fyrir okkur skötu hjúin að ganga á Mælifellshnjúk, en þangað hafði hvorugt okkar komið áður. Móðir mín útbjó okkur með ríkulegu nesti, eins og hún byggist við að langvarandi hungursneyð myndi ella steðja að okkur, og móðurbróðir minn, *Jón Stefánsson*, tók að sér að aka okkur fram að Mælifelli og svo að ná í okkur aftur á þær slóðir, að fjallgöngunni lokinni.

Við völdum að ganga upp röðulinn norðan á fjallinu, enda fannst okkur það liggja einna best við úr því að við fórum alveg heim að bænum á Mælifelli. Er reyndar býsna langur gangur frá bænum og upp að röðlinum og yfir ýmsar torfærur að fara, en allt gekk það þó sæmilega. Síðan tók við þreytandi og langvinnt þríl upp röðulinn, sem teygðist alveg ótrúlega úr,

fannst okkur, en að lokum náðum við þó tindinum, orðin allþreytt satt best að segja. Þar var sest að snæðingi og borðuð vegleg kvöldmáltíð, því að ekki skorti veitingarnar eins og fyrr segir.

Veður var gott og bjart, en nú var komið vel fram í september og farið að dimma á kvöldin. Höfðum við bersýnilega lagt allt of seint af stað heiman frá Krók og supum nú af því seyðið, því að um það bil sem við ætluðum að tygja okkur til niðurgöngu af fjallinu var orðið aldimmt að heita mátti. Í einhverju ráðleysi, sem var klárlega mér að kenna, fórum við aðra leið niður en við höfðum valið til uppgöngu, fórum, satt best að segja, þvert austur af Hnjúknum, niður snarbrattar og endalausar skriður, þar sem þúsund tækifæri voru til að fótbrjóta sig í myrkrinu, enda illmögulegt að sjá fótum sínum forráð á þessum glæfraslóðum. Mátti heita, að skriðan stæði með manni. Við hrösuðum hvað eftir annað og meiddum okkur á fótum og höndum. Blóð lagaði úr sárum, sem flest voru að vísu fremur grunn. Unnusta mín var þó verr farin en ég. Þegar við höfðum mesta brattann í skriðunum að baki tók við erfitt landslag, yfir alls konar bleytur og skorninga að fara í þessu kolamyrkri, þar sem við hrösuðum oft og meiddum okkur, enn og aftur. Leiðin heim að bænum Mælifelli, sem við töldum okkur stefna á, virtist lítt styttest þótt allmjög væri liðið á kvöldið. Reyndar vorum við alls ekki viss um rétta stefnu þangað, því að við sáu daufar ljóstýrur á einhverjum bæjum – en hver þeirra var Mælifell?

Við vorum orðin nær örmagna þegar við loksins sáu blikkandi ljósín á bifreið frænda míns, sem beið á hlaðinu á Mælifelli og var að vísa okkur til vegar með þeim hætti. Vorum við afar fegin að stíga upp í bílinn hjá honum en sofnuðum hálfpartinn af þreytu á leiðinni út á Krók.

Þegar við náðum loks heim, örþreytt, blaut, blóðrisa og marín, var unnusta mín beinlínis orðin veik af meiðslum og ofreynslu. Móðir mín tók feginsamlega á móti okkur, eins og vænta mátti, en leist bersýnilega ekkert á blikuna, þegar hún sá útganginn á okkur. Vildi hún strax hjúkra kærustu minni, sem ekki sýndist vanþörf á. Kenndi hún mér svo harðlega um að hafa

leitt stúlkuna út í þessar ógöngur. Var henni satt að segja þungt í skapi þegar hún sneri sér að mér og sagði, af fullri meiningu, þessi orð, sem ég gleymi aldrei: „Hvað varst þú eiginlega að hugsa? Var það virkilega meining þín að ganga af stúlkunni dauðri?“

Sem betur fer gréru skeinur í andlitum okkar og á útlimum og marblettirnir hurfu bráðlega. Eftir stendur hins vegar minning um óvenjulega og erfiða fjallgöngu, sem þrátt fyrir allt fór á besta veg.

Góðbændur í kaupstaðarferðum (með meiru)

Margt hefur breyst í bæjarlífinu á Sauðárkróki frá því að ég var að alast þar upp. Eitt af því, sem nú kemur upp í hugann, þegar ég rita þessar línur, er bílafæðin á götum bæjarins forðum daga – að ég nú ekki tali um ef borið er saman við það, sem blasir nú við augum, þegar ekki verður þverfótað fyrir hvers kyns bifreiðum. Fyrrum voru það einvörðungu örfáir borgarar á Sauðárkróki, sem áttu bíla. Það voru þá einkum vörubílar, sem notaðir voru í atvinnuskyni, t.d. í vegavinnu á sumrin, en fólksbifreiðar, „drossíur“, voru sárafaár. Einhverjir höfðu eignast Willysjeppa í kjölfar stríðsins. Ég man eftir því, að Torfi Bjarnason héraðslæknir átti drossíu, en sá bíll stóð yfirleitt tryggilega geymdur inni í þar til gerðum, steinsteyptum skúr og sást varla í akstri.

Vörubílstjórnarnir voru sumir hverjir sérkennilegir menn, sem sögur sköpuðust um. Algengt var, að einhverjir þeirra og eins nokkrir jeppaeigendur ækju drukknir (stundum ofurölvi) innanbæjar, og eins utanbæjar, og fengu stundum bágt fyrir, þótt sjaldgæft muni hafa verið á þeim dögum, að þeir misstu ökuleyfi af þeim sökum.

Heldur linlega var tekið á ölvunarakstri. Alvarleg slys, sem þessum ósið tengdust, munu þó hafa verið færri en ætla hefði mátt að óreyndu. Helst var, að stjórnlausir vörubílar með haugdrukknum öikumönnum lentu inni í húsagörðum og þess háttar – og þótti víst almennt fyndið. Flogaveikur vörubílstjóri á Króknum, sem lengi hafði atvinnu af akstri, fékk iðulega köst

undir stýri, missti meðvitund og ók rakleitt inn í kartöflugarða, ef hann var innanbæjar, en utanbæjar lenti hann iðulega ofan í skurðum.

Ekki má gleyma *mjólkurbílanum*, sem áttu sannarlega brýnt erindi í kaupstaðinn, því að þar var Mjólkursamlagið, sem þeir áttu tilveru sína og ætlunarverk undir. Þangað komu bílstjórnarnir með fulla mjólkurbrúsa (sem ævinlega voru kallaðir „dunkar“ í máli Skagfirðinga) framan úr sveitunum og affermdu bílana í Samlaginu. Síðan fóru þeir í helstu verslanir bæjarins og gerðu innkaup fyrir sveitafólkið, hvort sem það hafði komið með bílnum eða ekki. Á brúsapöllum hjá bæjunum voru oft skildir eftir miðar til bílstjóranna með beiðnum um alls konar „reddingar“, sem þeir hirtu síðan og afhentu í Kaupfélaginu eða hjá kaupmönnum á Króknum (ekki síst hjá Haraldi Júlíussyni). Þar var varan tekin til eftir því, sem á miðunum stóð, og síðan færð um borð í bílana þegar þeir héldu brott úr bænum síðdegis með tóma mjólkurbrúsa, sem skilað var á bæina af mestu samviskusemi. Var þá innkaupavaran jafnframt sett á brúsapallana ásamt brúsunum sjálfum, en síðan var hún sótt á pallana og færð til bæjar.

Afar fáir bændur áttu bifreiðar, þegar ég fór fyrst að muna eftir mér, og ég minnst búhölda, sem komu ríðandi í kaupstaðinn, stundum langt framan úr sveit. Þá kom sér vel að hafa Sýsluhesthúsið á Króknum, en það var einmitt þjóðþrifa- og þjónustustofnun (nú löngu aflögð), sem ætluð var fyrir ríðandi góðbændur úr héraðinu, er þurftu að geyma hesta sína á tryggum stað, meðan þeir sjálfir sinntu ýmsum erindum.

Ég upplifði þá tíð, þegar *dráttarvélar* fóru að koma á bæina úti um sveitir, og þá fór smám saman að sjást einn og einn karl koma í kaupstaðarferð á slíku tryllitæki.

Áður en ég skil við mjólkurbílana: Í þeim var ævinlega nokkurt rými fyrir farþega, sem var nauðsynlegt áður en bílaeign varð almenn í sveitunum. Áratugir liðu þar til farið var að banna *reykingar* í þessum ágætu samgöngutækjum og í þeim var sannarlega mikið reykt – og tekið í nefið og vörina. Ég minnst þeirra tíma, þegar ég var að fara „í sveit“, eins og

það var kallað, sumar eftir sumar, en þá var átt við sumardvöl barna á sveitaheimilum, sem þótti alveg nauðsynlegur þáttur í uppeldi þeirra og þroskaferli. Margt fólk, sem bjó „á mölinni“ (svo sem á Króknum), taldi það beinlínis sáluhjálparatriði að börnin, sem ólust upp í svo óhrjálegu umhverfi, fengju að drekka í sig unað sveitalífsins í nokkra mánuði ár hvert. Öðru vísi kæmust þau ekki til manns!

Þetta átti sannarlega við um mig eins og fjölmörg kaupstaðarbörn á þeim tímum. Og auðvitað fór ég í sveitina (í reynd fram í Blönduhlíð) sem farþegi í mjólkurbílum, er þangað óku, og ég gleymi aldrei hvað ég var alltaf bílveikur og leið þar illa, enda allt gegnsóa af gömlum jafnt sem nýjum tóbaksreyk. Karlarnir í bílnum (oftast að bílstjóranum meðtöldum) svældu allt hvað af tók og aldrei var spurt að því, hvað væri barninu fyrir bestu eða hvaða skoðanir það hefði á þessu máli. Bígluggar voru áreiðanlega sjaldnast opnaðir.

Því má bæta við, að vegir út um héraðið voru yfirleitt lélegir á þessum liðnu tímum, mjóir, krókóttir og holóttir (löngu fyrir daga malbiks), og bætti það ekki líðan bílveiks barns að hrossast á þeim tímum saman.

Fyrrum stilltu sveitamenn kaupstaðarferðum sínum í hóf – öðruvísi en nú á dögum, þegar ekið er langar leiðir framan úr sveit í sjoppu á Króknum eða í Varmahlíð eftir einum sígarettupakka! Fremur lítið var um það, að ég held, að húsfreyjur af sveitabæjum færu í kaupstaðarferðir, þær sendu frekar karlana en sátu sjálfar eftir og gættu bús og barna enda almennt vel meðvitaðar um ábyrgð sína. Skagfirskum góðbændum – sem voru löngum dálítið lausir við, sumir hverjir, frjálsbornir og glaðsinna menn, almennt ekki þrugaðir af ábyrgðarkennd – fannst hins vegar heilmikið „sport“ að fara í kaupstaðinn, venjulega með mjólkurbílum. Þar skemmtu þeir sér vel og nutu ferðarinnar út í æsar. Húsfreyjurnar stungu þá að þeim miðum, áður en þeir héldu að heiman, þar sem þær höfðu skráð það, sem þeir áttu að kaupa á mölinni. Voru karlarnir yfirleitt fljótir að framvísa þessum miðum í verslunum og hirtu svo vöruna áður en þeir héldu heim á leið síðdegis. Þá var

stundum tekinn upp fleygur og hressing meðtekin – og upp hófst gleðskapur og gamanmál, söngur og kveðsapur, því háværi eftir því sem á daginn leið. Vinir, frændfólk og góðkunningjar – gjarna gamlir sveitamenn nú búandi á mölinni – voru heimsóttir og þar notið góðra veitinga og viðurgjörnings auk ljúfra samræðna. Þetta voru sannkallaðar hátíðastundir.

Öllu þessu kynntist ég mjög vel þegar ég var barn. Í endurminningunni finnst mér nú að varla hafi liðið sá dagur að ekki væru gestir úr sveitinni heima hjá mér, einkum í hádegismat og miðdegiskaffi, en einnig stundum í kvöldmat og næturgistingu, ef bústólparnir urðu full seinir á sér að ná í mjólkurbílinn heim á leið þann daginn. Ég man vel eftir fjölmörgum mönnum, sem voru gestkomandi heima, svipbrigðum þeirra og málrómi og einnig kvæðastemmunum, er sumir þeirra kyrjuðu við raust. Þessu fylgdi mikil kaffidrykkja, stundum með örlitlu brennivíni úti, gjarna drukkið af undirskálum („undirbollum“ eins og það hét þá) fremur en úr kaffibollunum sjálfum. Vísnamál flugu um borð og ógleymanlegar sögur af mannraunum, sérkennilegum mönnum, gæðingum, draugum og álfum. Á heimilinu var sannarlega nóg hjartarými þótt húsrými væri stundum takmarkað.

Allt var þetta liður í þroskaferli ungs manns og hefur með sínum hætti fylgt mér æ síðan.

„Sæluvikan“ var vitaskuld hátindur – sannkölluð kóróna – skemmtana- og menningarlífs á Króknum og aldrei voru gestakomur góðbænda úr sveitunum í kaupstaðinn undir Nöfum fleiri en þá. Á Sæluvikunni fengu lífsþorsti og lífsgleði Skagfirðinga sannarlega að njóta sín. Heimili mitt – sem og fjölmörg önnur heimili á Króknum – var þá í vikutíma eins konar ókeypis og „opinn“ veitinga- og gististaður fyrir frændfólk og vini úr sveitinni, einkum framan úr Blönduhlíð en einnig víðar að.

Fram til síðari áratuga (og sannarlega á mínum æskuárum) bar Sæluvikan auðkenni, sem lýsa má svo: Í heila viku, ár hvert, var stanslaus glaumur og

gleði á Króknum, þar sem mikið gerðist á hverjum degi, á kvöldum og langt fram á nætur. Fyrirlestrar valinna gesta um menningarleg efni, kórsöngur (meðal annars hins landskunna karlakórs Heimis, sem lengi hefur starfað í Skagafirði) og aðrir tónlistarviðburðir, leiksýningar (einkum á vegum Leikfélags Sauðárkróks) auk dansskemmtana í félagsheimilinu gamla, Bifröst. Hafði Sæluvikan, sem á sér ekki hliðstæður hérlandis, ómæld áhrif á menningu og félagslíf héraðsbúa og gagnkvæma viðkynningu þeirra. Eru ótaldir þeir góðu Skagfirðingar, úr öllum byggðum héraðsins, sem lögðu störf sín til hliðar meðan á sæluviku stóð og höfðust við á Króknum þann tíma, tóku þátt í sem flestum menningar- og skemmtiviðburðum og gistu hjá frændfólki og vinum á meðan. Svefn var þá stundum lítill og óreglulegur, bæði hjá gestum og bæjarbúum, en „lífsins vatn“ yljaði sumum og vætti kverkar jafnt að nóttu sem degi. Svo tók hversdagslífið við, að Sæluviku lokinni, en þá gátu menn að minnsta kosti ornað sér við minninguna um gleðina.

Að vonum hafa skagfirskir hagarðingar ekki látið sitt eftir liggja á sæluviku, fyrr og síðar, og sem lítið sýnishorn þess, er þeir hafa lagt til mála, skulu eftirfarandi vísur nefndar. *Hallgrímur Jónasson frá Fremri-Kotum* kveður:

Ekkert hik, á öllu kvik,
yfir lykur glaumur.
Sjafnar blik, á sumum „ryk“
sæluvikudraumur.

Svipað liggur *Friðriki Hansen frá Sauða* á hjarta að sæluviku lokinni:

Minnkar kvik á mönnum hér.
Mærðar hikast rómur.
Sæluvika enduð er.
Ástarbikar tómur.

Og enn þessi eftir *Stefán Haraldsson*:

Um Sæluviku segja má:
Sjafnarblik ei geiga.
Amorsbikar ýmsir þá
alveg hiklaust teyga.

Sæluvikan er vissulega enn við lýði en nú með nokkuð öðru og hófstílltara yfirbragði en fyrr. Svo mikið framboð er nú af skemmtunum og mannfundum af ýmsu tagi, allt árið, á Sauðárkróki og annars staðar í héraðinu, að „forystuhlutverk“ Sæluvikunnar á því sviði er ekki hið sama og áður, þegar afþreyingarefni var almennt mun fábreyttara en Skagfirðingar búa nú við.

Góður sími

Fjaraskiptatækninni fleygir ört fram. Ég man, að þegar ég var unglingur í Menntaskólanum á Akureyri hafði einn bekkjarfélagi minn mikinn áhuga á alls konar radiótækni og fylgdist víst vel með í þeim efnum. Sagði hann okkur, skólabræðrum sínum, að hann hefði nýlega lesið í einhverju útlendu riti, að lærðir tæknisnillingar vestur í Bandaríkjunum væru farnir að kasta á milli sín hugmynd um, að í framtíðinni yrði hver maður með sinn smásíma í vasanum, hvert sem hann færi, og gæti haft samband í allar áttir ef svo byði við að horfa. Að vísu var talað um „símakubb“ í þessu sambandi. Mörgum fagmönnum vestanhafs mun þó hafa þótt þetta mjög óraunhæf hugmynd – og það þótti okkur einnig, skólastrákum við nyrsta haf. Við vissum satt að segja ekki, hvort félagi okkar var að segja satt eða gera grín að okkur.

Nú er svo komið að börn ganga með farsíma, að ég ekki tali um unglingana, sem allir eiga síma og nota þá mikið – í óhófi segja margir foreldrar. Þegar unglingurinn liggur ekki í símanum, er hann í spjaldtölvunni eða leikjätölvunni. Og unga fólkið skilur ekki, að sú hafi verið tíðin – og það ekki fyrir svo ýkja löngu – að engar tölvur voru til og engir farsímar, og gömlu góðu símtækin, þessi svörtu og þungu, voru meira að segja ekki endilega á hvers manns borði. Ég man til dæmis eftir því, að þegar við hjón fórum að búa fyrir mörgum áratugum urðum við að bíða talsvert lengi, líklega í einn eða tvo mánuði, eftir því að fá símtæki (svart og þungt) frá Pósti og síma, afgreiðsla á þeim var svo hæg. Fólk stillti gjarna símtölum í hof og margir

muna enn, hvað Íslendingar, sem dvöldust erlendis, t.d. við nám, hringdu sjaldan heim til Íslands, oftast þá úr símklefa á símstöð í viðkomandi borg.

Allt er þetta liðin tíð – en minningar um gamla tímann í fjarskiptamálefnum okkar eru þó ekki svo langt undan, þegar vel er að gáð. Ein saga skal hér sett á blað til vitnis um það (þótt hún sé reyndar farin að reskjast nokkuð núna):

Á síðari námsárum mínum við Lagadeild Háskóla Íslands á sjöunda áratug liðinnar aldar átti ég löngum fast sæti við lesborð í almennu rými á Háskólabókasafninu, sem þá var til húsa í Aðalbyggingu Háskólans (löngu fyrir daga Þjóðarbókhöfðu). Þar var ágætt að lesa og skrifa og prýðilegt næði, þótt þarna sætu margir ungir og hressir háskólanemar, sem höfðu fengið úthlutað borðum í lessalnum.

Á Háskólabókasafni réð þá ríkjum *dr. Björn Sigfússon* háskólabókavörður, og hafði hann jafnframt yfirumsjón með lessalnum, sem ætlaður var háskólanemunum ungu.

Hann var sannarlega eftirminnilegur maður. Ég kynntist honum ágætlega, miðað við aðstæður, og ævinlega reyndist hann mér vel, sýndi mér og ýmsum öðrum beinlínis föðurlega umhyggju, fannst mér. Íðulega bar ég upp við hann spurningar um hvaðeina, sem við kom ýmsum fræðum, og ævinlega leysti hann úr þeim eins vel og nokkur maður hefði getað gert. Auk þess að vera mikill sérfræðingur í íslensku og íslenskum fornþéttmenntum var hann sannkallaður fjölfræðingur, mjög vel heima í mörgum lærdómsgreinum. Á þessum tíma var skráningarkerfi bókasafnsins ekki eins aðgengilegt og síðar varð, eftir að tölvuskráning kom til sögunnar löngu seinna, en það kom ekki að sök, þegar dr. Björn var spurður um einhverja bók á safninu og hvar í hillu hana væri að finna. Ævinlega gat hann gengið að bókinni og afhent hana til notkunar með mildu brosi og menntandi ummælum um ritið. Já, mér þótti Björn afar ljúfmannlegur í viðkynningu og hann fræddi mann sannarlega um marga hluti, sem voru áhugaverðir.

Um Björn mætti vitaskuld rita í löngu máli þótt ekki verði það gert hér. Hann var Þingeyingur, fæddur 1905, dáiinn 1991. Af alþýðufólki í sveit kominn, vafalaust ekki efnamiklu, en braust áfram til langskólanáms. Lauk hann bæði stúdentsprófi og prófi frá Kennaraskólanum. Þá settist hann í Háskóla Íslands og lauk þaðan meistaraþrófi í íslenskum fræðum 1934. Árið 1944 hlaut hann doktorsnafnbót fyrir rit sitt um Íslendingabók. Hann ritaði fleiri bækur um dagana og gaf út íslensk fornrit, einkum þau, er eiga sér staðfræðilegan vettvang í Þingeyjarþingi. Kunnur varð hann á sinni tíð fyrir vönduð útvarpserindi um íslenskt mál, sem síðar voru gefin út á bók. Hann var tvíkvæntur og átti allmörg börn.

Kom ég nokkrum sinnum á heimili Björns á Aragötu í Reykjavík, en þá vorum við meðal annars að ræða athugasemdir hans við fræðiritgerðir, sem ég hafði skrifað og beðið hann að lesa yfir, og auk þess tók ég við hann viðtal, sem birtist á prenti.

Björn gegndi embætti háskólabókavardar frá 1945 til 1974, en andaðist 1991 eins og fyrr var frá sagt. Hann var sílesandi og lærandi. Eftir að hann lét af bókavardarstarfinu innritaðist hann í landafræði í Háskólanum og lauk BA-prófi í þeirri grein, og einhverjum árum fyrr hafði hann einnig lokið sambærilegu námi í sænsku.

Í minningargrein um Björn genginn segir *Einar Sigurðsson*, er tók við embætti háskólabókavardar:

Næmi og minni [Björns] var með ólíkindum, enda fór [hann] með köflum hraðfari á námsbrautinni, las t.d. eftir kennaranámið á einu ári til stúdentsprófs utan skóla og var hæstur þeirra, sem gengu til prófs það árið. Vegna minnis síns og leiftrandi tilsvara var hann eftirsóttur þar sem menn reyndu með sér í hvers kyns spurningaþáttum [...] Hann var einnig vinsæll meðal almennings af útvarpsþáttum sínum á 4. og 5. áratugnum [...] Þar naut hin yfirgripsmikla þekking hans sín vel [...] Björn var lítið fyrir að feta slóð tísku eða hefðar. Hann lærði t.a.m. ekki á bíl né eignaðist slíkt farartæki, sniðgekk það svo sem hann mátti, honum var reiðhjólið kærara. Þetta táknar þó ekki að Björn hafi haft ímugust á nýtingu tækninnar, öðru

nær. Hann lét það verða sitt fyrsta verk í bókasafninu á fá þangað síma, sem ekki var jafnsjálfsagt þá og nú, síðan ritvél, og svo koll af kolli, en tölvurnar voru ekki ennþá komnar til sögunnar sem skrifstofutæki, þegar Björn lét af störfum. Hins vegar fékk hann sér sjálfur tölvu þegar hann var kominn á níraðisaldur og notaði hana óspart [...] Björn var fórnfús og greiðvikinn með afbrigðum og hugsaði þá lítt um eigin hag. Þess má nú margur minnst, sem naut fyrirgreiðslu hans í bókasafninu. Hún var ekki ætíð í té látin með því hefðbundna sniði, sem nú tíðkast á hraðfleygri stund, heldur fylgdu gjarna með fræðandi og föðurlegar orðræður, þrungnar mannviti og þekkingu, en stundum nokkrum kynjum blandnar. Þessar stundir urðu mörgum námsmanninum kærkomin slökun frá glímunni við ritsmíðar og prófraunir, og þannig má segja, að Björn hafi alls óvitað gegnt dálitlu sálgæsluhlutverki [...] Afstöðu þeirra, sem kynntust Birni og áttu samskipti við hann, er best lýst með einföldum orðum: Þeim þótti vænt um hann.

Undir þessa prýðilegu lýsingu á Birni get ég sannarlega tekið og á ég þar áreiðanlega marga skoðanabræður og -systur, sem muna eftir honum.

Margir kunnu fyrr á tíð ýmsar góðar sögur um Björn, bæði sannar og ýktar, en þó hygg ég að rétt sé frá því sagt, að í mikilli spurningakeppni í útvarpinu, þar sem Björn var meðal þátttakenda en þjóðin fylgdist spennt með, hafi spyrillinn eða stjórnandinn meðal annars lesið örstuttan kafla upp úr bók, sem greinilega fjallaði um forn efni, og svo spurt keppendurna, hvort þeir vissu úr hvaða riti hefði verið lesið. Birni, sem vissi yfirleitt svör við öllu í svona keppnum, varð nú orða vant. Hann kvaðst ómögulega geta komið þessu riti fyrir sig. Þá segir spyrjandinn: „Ég las hér úr doktorsritgerð Björns Sigfússonar um Íslendingabók“. Björn svarar: „Þá bók hef ég að vísu skrifað en aldrei lesið!“

En nú kemur örstutt saga um „*góðan síma*“:

Eins og áður var getið var Björn áhugasamur um ýmsar tækninýjungar, og í minningargreininni, sem hér var vísað til, segir meðal annars að

hann hafi fengið *síma* á Háskólabókasafnið fljótlega eftir að hann varð háskólabókavörður 1945.

Björn sagði mér sjálfur sögu um það „símamál“:

Þannig var, að fyrr á árum hafði Björn unnið um skeið sem aðstoðarmaður á safninu undir stjórn *Einars Ólafs Sveinssonar*, þáverandi háskólabókavarðar. Á safninu var enginn sími og símtæki í hinni nýlegu háskólabýggingu voru reyndar afar fá (rektor hafði að vísu síma). Björn ámalgaði nú við Einar Ólaf, hvort ekki væri tímabært að *símtæki* vær sett upp inni á bókasafninu, en fékk þvert nei við því. Bókasafnið átti, sagði dr. Einar Ólafur, að vera alger kyrrðar- og griðastaður, þar sem menn gætu sökkt sér í fræðin án nokkurrar ytri truflunar. Einungis mætti hvísla inni á safninu. Og þar við sat, þar til Einar Ólafur lét af fyrra starfi sínu og gerðist prófessor í íslenskum fræðum, en því embætti gegndi hann síðan lengi og við góðan orðstír eins og kunnugt er.

Árið 1945 tók Björn við stöðu háskólabókavarðar sem eftirmaður dr. Einars Ólafs. Eitt af því fyrsta, sem hann beitti sér fyrir í því embætti var að fá símtæki inn á safnið (í beinni andstöðu við smekk og álit fyrirrennara hans). Gekk hann nú á fund háskólarektors, *dr. Alexanders Jóhannessonar*, og bað hann um liðveislu í „símamálinu“, en þess má reyndar geta hér, að rektorinn var þjóðkunnur áhugamaður um margvíslegar tækniframfarir og jafnframt kröftugur framkvæmdamaður fyrir Háskólans hönd.

Alexander rektor tók honum vel, sagði Björn mér, og hét honum aðstoð sinni, eftir því sem hann væri fær um. Rektor sagði þó, að honum væri kunnugt um, að afar erfitt væri þá um stundir að fá símtæki, meðal annars vegna innflutningshafta. Mikill fjöldi fólks biði eftir því að fá símtæki frá Pósti og síma og mætti ætla, að þar væri biðtíminn margir mánuðir. Einnig væri slegist um hvert það símtæki á einkaheimilum, sem ekki væri lengur þörf fyrir af einhverjum ástæðum, og þar væri Háskólinn á sama báti og aðrir.

Þetta vissi Björn svo sem fyrir en það þó Alexander lengstra orða að reyna allt hvað hann gæti til að hjálpa bókasafninu um símtæki. Rektor lýsti, enn og aftur, góðum hug sínum til þessa framfaramáls. Björn kvaðst þó hafa gert sér grein fyrir, að hann gæti ekki vænst skjótrar úrlausnar miðað við ytri aðstæður.

Nú líða örfáir dagar, en þá gerir rektor boð fyrir Björn og segir honum, glaður í bragði, að hann sé kominn með símtæki, sem setja megi upp í bókasafninu. Björn varð bæði undrandi og glaður, sem vonlegt var, og spurði hvaða galdrabrögðum rektor hefði beitt til að komast svona fljótt yfir símtæki – eiginlega þvert á allar raunhæfar væntingar.

Þá svaraði dr. Alexander: „Takið þér nú við símtækinu fyrir safnsins hönd og ég bið yður og aðra vel að njóta. *Þetta er góður sími.* Þetta er sími frú Þóru vinkonu minnar, ekkju Jóns Magnússonar forsætisráðherra. Hún er nú orðin gömul kona og þarf ekki lengur á síma að halda“.

Það var ekki ofsögum sagt af því, að dr. Alexander væri manna snjallastur og úrræðabestur við að koma viðamiklum og góðum málum til leiðar, til dæmis að byggja glæsileg stórhýsi fyrir Háskólann, þegar aðrir sáu ekki færar leiðir í þeim efnum. En það sama átti greinilega við um jafn torfenginn hlut og eitt símtæki (svart og þungt)!

Guðsmaður á beinni braut

„Vegir Guðs eru órannsakanlegir“, hefur löngum verið sagt – og væntanlega með réttu. Það sama verður hins vegar ekki endilega (en þó kannski stundum) sagt um akvegi þá, vítt og breitt um landið, sem Vegagerðin – sú prýðilega stofun – hefur lagt og heldur við, okkur öllum til gagns. Stundum er ekki alveg augljós munur á þessum tveimur tegundum vega: Þeir menn, sem að jafnaði eyða starfsorku sinni á Guðs vegum, þurfa iðulega að nota hina veginna. Oftast gengur það vel og slysalaust eins og við er að búast – því að sterkur er sá, er að baki stendur – en þó eru dæmi þess, að einhver afbrigði verði frá þeirri meginreglu, að vísu sjaldan skaðleg lífi eða heilbrigði manna.

Hér verður sagt frá einu dæmi þessa, en strax tekið fram, að þar fór betur en á horfðist í fyrstu, en æðri máttarvöld vöktu þar áreiðanlega yfir akstri guðsmanns um vegakerfi Skagafjarðar, þannig að hann sakaði ekki.

Á námsárum mínum í Menntaskóla og Háskóla vann ég yfirleitt margvísleg störf á sumrin eins og var um aðra jafnaldra mína og jafnöldrur. Bæði meðan ég var í menntaskóla og eins snemma í námi mínu við Háskóla Íslands vann ég nokkuð við húsamálun á Sauðárkróki undir stjórn frænda míns, *Hauks Stefánssonar* málarameistara, sem þar bjó. Var það góður og lærdómsríkur tími. Það eina, sem truflaði mig í vinnunni, var lofthræðsla, nánar til tekið tilhugsunin um að þurfa að standa uppi í háum stigum, sem vissulega getur

verið húsamálurum nauðsynlegt – og var mér reyndar oftast hlíft við því, ella er ekki að vita hvernig farið hefði.

Stærsta verkefnið okkar eitt sumarið, meðan ég var á menntaskólaárum, var að mála Sjúkrahúsið „nýja“ inni á Sauðárhæðum, þá nefnt svo til aðgreiningar frá „gamla“ Spítalanum við Aðalgötuna (þar sem lengi hefur nú verið safnaðarheimili). Voru settir upp miklir stillansar við húsið og stóðum við á þeim við vinnu okkar, og líkaði lífið alveg bærilega.

Við vorum fjórir saman í þessari málningarvinnu, því að auk mín voru tveir aðrir starfsmenn á vegum Hauks, kunnir, grónir og gegnir Króksarar, þeir *Jónas Þór Pálsson (Ninni)* og *Óskar Stefánsson*.

Einn daginn stöndum við allir á stillönsum utan á austurhlið Sjúkrahússins, þaðan sem sér vítt og breitt um héraðið. Logn var veðurs og bjartviðri. Undum við okkur vel við vinnuna, sem gekk vel. Þá verður mér skyndilega litið í áttina frá Sjúkrahúsinu og niður á þjóðveginn þar fyrir neðan (austan), þar sem einn og einn bíll brunað um – en vissulega miklu færri en nú er orðið með hraðvaxandi bílaeign Skagfirðinga jafnt sem annarra. Á þessum kafla var vegurinn þráðbeinn, laus við hvers kyns hindranir og því afar greiðfær allsgáðum öikumönnum.

Og viti menn: Ég sé jeppa fara suður eftir brautinni (skagfirskir vegir, bílfærir, voru á sinni tíð oftast kallaðir „brautir“) beint niður af Sjúkrahúsinu eða því sem næst. Auðvitað voru það engin tíðindi, að Willysjeppi væri á ferð á þessum slóðum, því að allmargir þeirra voru í sveitum héraðsins, en þessi hafði þó sérstöðu: Hann „svingaði“ til á brautinni, líkt og stjórnlaus væri – og stakkst svo út af hinum beina og greiðfarna vegi beint ofan í skurð, sem var meðfram brautinni. Þar lá hann svo á hliðinni. Allt gerðist þetta á örskammri stund – á fáeinum andartökum.

Ég benti vinnufélögum mínum á þetta sjónarspil og við stöðum sem steini lostnir á þetta umferðaróhapp. Vitaskuld varð okkur fyrst hugsað til þess, að þarna hefði orðið slys á manni eða mönnum. Þegar við náðum

öndinni þustum við niður af stillönsunum og hröðuðum okkur niður grasi gróna brekkuna, sem lá frá Sjúkrahúsinu niður undir veg. Var okkur ofarlega í huga að reyna að veita einhverja hjálp, ef bílstjórinn eða farþegar þyrftu á slíku að halda.

Þetta var löngu fyrir daga farsíma, þannig að tafsamt gat orðið að ná í lögreglu eða sjúkrabíl.

En við erum ekki komnir langt niður brekkuna þegar við sjáum að hurð jeppans, sem upp sneri, opnast og út í sólskinið skríður dökkklæddur maður með svartan hatt. Settist hann nú ofan á bílinn og hreyfði sig ekki þaðan. Þegar nær dró sáum við að hann hélt á svartri leður-skjalatösku í annarri hendi en í hinni á myndarlegri flösku. Svalg hann í sig innihald flöskunnar – og dró ekki af, þótt við kæmum að honum. Fór þá heldur ekki á milli mála, hver hér var á ferð, alkunnur og eftirminnilegur sóknarprestur úr framsveitum Skagafjarðar austan Vatna. Hann var lágvaxinn og grannur maður, svartklæddur eins og fyrr segir, með prestakraga og svart höfuðfat (harðkúluhatt minnir mig), en svo virðulega var hann oftast klæddur þegar hann brá sér í kaupstaðarferð eins og var í þetta sinn. Roskinn var hann að árum, er þetta gerðist, en þó allajafna kvikur í hreyfingum, ör í skapi svo að sögur fóru af.

Guðsmaðurinn gaf sig lítt að okkur félögum, sem stóðum við bílinn og fylgdumst með framgangi málsins, heldur hélt hann áfram að svolgra úr flöskunni, sem við sáum nú að hafði að geyma brennivín – ef miðinn á henni sagði satt til um innihaldið. Vatn, sem um skurðinn rann, var nú farið að seytla inn í bílinn. Við spurðum, hvort einhver annar væri ef til vill innilokaður í bílnum, en prestur hristi þá höfuðið.

Vera má, að fleiri vegfarendur hafi verið komnir á staðinn, og þykir mér það líklegt þó að ég minnst þeirra ekki.

Við vissum svosem ekki hvað við áttum að gera við þessar aðstæður, horfðum bara hver á annan og svo á prestinn. Helst sýndist okkur ráðlegt

að stöðva einhvern bíl, sem væri á leið út í Krók og biðja bílstjórann að kalla til lögreglu á staðinn. En við þurftum reyndar ekki lengi að bíða, því að af einhverjum ástæðum kom lögregla á „slysstaðinn“ von bráðar – ef til vill í kjölfar þess, að einhver hafði aðvarað löggæslumenn á Króknum vegna aksturslags hins vígða manns. Lögreglumennirnir voru tveir og tóku þeir nú, að okkur áheyrandi, að ræða við prest og grennslast fyrir um líðan hans og ástæðurnar að baki útafakstrinum.

Þá sagði klerkur – og man ég það glögggt enn í dag – að hann hefði skyndilega fengið aðsvif við aksturinn og skömmu síðar misst stjórn á jeppanum með þessum afleiðingum. En við það hafi hann fengið hálfgerð taugaáfall og ekki séð annað ráð vænna til að róa sig og ná aftur andlegu jafnvægi, en að seilast í tösku sína, þar sem hann geymdi óopnaða áfengisflösku, og fá sér nokkra sopa. Sem sagt: Að eigin sögn bragðaði hann ekki dropa af vínanda fyrr en *eftir* að bíllinn var oltinn út af veginum – þótt illgjarnir menn kynnu að hafa fengið grun um, að flaskan hefði í reynd verið opnuð allnokkru fyrr.

Við, húsamálarnir, sögðum svo sem ekkert, enda vorum við einskis spurðir af vörðum laga og réttar.

Eftir stendur spurningin um það, hvort sá mæti maður, sem að jafnaði fór á Guðs vegum stöðu sinnar vegna, en sat nú uppi á oltnum Willysjeppa á brautinni suður frá Króknum, sagði satt um þessa erfiðu lífsreynslu sína. Það var ekki okkar að leggja mat á það – og ekki veit ég hvort laganna verðir tóku sögn hans trúanlega, enda hurfum við bráðlega af vettvangi. Niðurstaða þess máls, svo og sannleikurinn sjálfur, hver sem hann nú var, er hvort tveggja tryggilega geymt „í hinum mikla sjóði tilverunnar og eilíðarinnar“. En ég leyfi mér að vona að allt hafi farið vel að lokum.

Þess má geta, að auk margs annars, er prýddi umræddan guðsmann, var hann mikill og alkunnur dýravinur. Ekki síst fór sögum af kattæign hans, en þeir munu hafa skipt tugum á prestssetrinu, þegar mest var, og gengu þar

út og inn alla daga, frjálsir og vel haldnir, sumum ókunnugum gestum þar til nokkurrar furðu. En prestur var ekki bara kattavinur heldur mun hann hafa unnað öllum dýrum og viljað halda verndarhendi yfir þeim, er hættur steðjuðu að. Má þó ætla, að talsverður tími og orka hafi farið í að vernda mýs og smáfugla heima á hinum gamalgróna kirkjustað austan Vatna fyrir grimmd og ásælni kattanna!

Og vel að merkja – úr því að minnst er á mýs!

Eitt sinn, er ég var á unglingsárum varð ég vitni að dálítið sérstæðum atburði, er þessi vígði maður bjargaði mús undan stráklingum, sem gerðu sig líklega til að drepa hana. Ég var á gangi rétt fyrir sunnan Ísbarinn, sem áfastur var við Bakaríð, er stóð við Aðalgötuna á Króknum, er ég sé hvar nokkrir strákar eru þar í húsaskoti hrópandi og kastandi grjóti á eitthvað, sem þar hreyfðist. Var það músarræfill, er reyndi dauðskelkuð, en árangurslaust, að finna einhvern felustað til að bjarga lífi sínu. Þar mátti engu muna, en skyndilega birtist okkar ágæti prestur (klæddur eins og fyrr var greint frá), reiður mjög og hávær, skammar strákana, hleypur að músinni – og nær henni í lófa sinn með eldsnökkri handarhreyfingu, stingur henni síðan niður í svörtu skjalatöskuna sína og fer með hana burt, auðvitað til að sleppa henni á öruggum stað í tryggri fjarlægð frá strákapiökkum og öðrum skaðvöldum í ríki náttúrunnar.

Svona eiga guðsmenn að vera!

Þá má að síðustu bæta við örlítilli sögu um austanvatnaprestinn góða. Hann annaðist meðal annars einhverja kennslu í barnaskóla sinnar sveitar, að minnsta kosti í kristnum fræðum. Þá gerist það að vetrarlagi, þegar mikill snjór er á skólalóðinni, að krakkarnir eru í frímínútum utandyra, að leika sér og ærslast í mjöllinni. Verður þá einum stráknum það á að kasta snjóbolta í

gluggarúðu herbergis, þar sem klerkur sat og naut stundarhvíldar rétt innan gluggans. Sprakk boltinn á rúðunni, án þess að skemma glerið, en presti varð mjög hverft við smellinn. Hann var afar ör í skapi, eins og fyrr var getið, og skapbráður þótt fljótur væri hann til sátta við menn. Hann þaut nú upp í bræði sinni, æddi út og spurði börnin, hvert þeirra hefði kastað kúlunni í gluggann. Einn drengur gaf sig fram, ekki upplitsdjarfur. Prestur rak honum þá rokna kinnhest og þaut svo aftur inn í skólahúsið.

Drengurinn tók þessa „refsingu“ afar nærri sér og mun hafa neitað að fara aftur í skólann. Sagt er, að móðir hans hafi farið á fund prests og kvartað undan þessu atviki, sem hún kvað vera alvarlegt fyrir son sinn, og spurði jafnframt hvers vegna þurft hafi að beita svona harkalegu viðbragði af svo litlu tilefni. Prestur sagði henni þá (og varð það tilsvár frægt um gjörvallt héraðið), að hann hafi veitt drengnum duglega ráðningu *vegna þess að hann elskaði hann svo mikið*. Bætti hann þá við vísun í Gamla-testamentið og nefndi dæmi um Drottin vorn, Jahve, sem vissulega elskaði lýð sinn, Ísrael, afar mikið en neyddist þó stundum til að refsa þeim þverbrotna lýð – *vegna ástar sinnar á honum!*

Háski á heimaslóð

Maður getur sannarlega lent í vandasömum (og jafnvel vafasömum) aðstæðum og háskalegum atburðum rétt við húsdyrnar heima hjá sér. Þetta kannast margir við og gætu sagt af því ótal sögur. Ég minnst í því sambandi eins atviks frá bernskudögum mínum á Sauðárkróki, þar sem ég ólst upp. Þar stefndi sannarlega í háska en heppni og/eða góðar vættir björguðu mér frá þeirri ráðningu fyrir strákapör, sem ég hefði þó líklega átt skilið! Ég kem aldrei svo á söguslóðirnar á fullorðinsárum, að eftirfarandi atburðarás rifjist ekki upp fyrir mér.

Þannig var málum háttað, að *Sauðáin* rann í gegn um Sauðárkrókskaupstað rétt hjá æskuheimili mínu og skildi aðeins mjó akbraut (Skagfirðingabrautin) og dálítill grasbali vestan hennar húsið frá ánni. Rétt hinum megin við ána stóð *Sýslumannshúsið* svokallaða (með sýsluskrifstofu og íbúð sýslumanns) og norðan þess *Læknishúsið* gamla. Þegar ég var barn bjuggu í síðarnefnda húsinu sannkölluð sómahjón, *Torfi Bjarnason bólaðslæknir* og kona hans, *frú Sigríður Auðuns píánókönnari*.

Læknishúsið var sannarlega fallett hús í fallegu umhverfi, því að mikill og vel hirtur skrúðgarður var sunnan þess og náði hann rétt suður að Sýslumannshúsinu. Þar var mikill runna- og trjágróður frá eldri tíð, og í þessum reit ræktaði læknisfrúin einnig skrautjurtir og grænmeti. Þótti þessi garður einstaklega hlýlegur og ræktarlegur á sinni tíð, en fremur fátt var fyrrum um skrúðgarða á Króknum og að minnsta kosti enginn svo stór sem þessi. Nú hefur Læknishúsið verið flutt á nýjan stað, utar í bænum,

og lögreglustöð með fangageymslum, mikið hús en ekki sérlega fagurt að margra dómi, stendur nú þar sem áður var garðurinn mikli og fríði.

Læknisgarðurinn, eins og hann var oftast kallaður, var girtur af með miklum og háum steinveggjum á tvo vegu, sem voru meira að segja settir göddum að ofan (eins og fangelsismúrar!), en Læknishúsið sjálft og einhverjar girðingar skýldu garðinum að norðanverðu. Við þá hlið garðsins, sem lá meðfram Sauðánni, var lágur veggur og fast við hann, alla lengd garðsins, voru ræktarlegir rifsberjarunnar. Hefðu þeir áreiðanlega borið ríkulegan ávöxt ef krakkar (einkum strákar), sem voru að vaða í grunnri en gruggugri ánni, hefðu ekki seilst í miklum mæli til þessara gæða og etið rifsberin þeim megin runnanna. Var þetta í reynd látið óátalið af húsráðendum enda ógerningur að hamla við þessu sífellda hnupli nema þá með því að vera stöðugt á varðbergi. Hins vegar ætlaðist frú Sigríður til þess, að enginn færi inn í sjálfan garðinn óboðinn, enda vildi hún hirða jarðarávöxt þar fyrir fjölskyldu sína. Átti þetta að sjálfsögðu jafnt við um börn sem fullorðna. Nóg var yfirleitt af rifsberjum á þeirri hlið runnanna, sem sneri frá ánni og inn í garðinn.

Tekið skal fram, að frúin var afar ljúf manneskja og barngóð þótt hún vildi standa á sínu þegar að verndun skruðgarðsins kom – og láí henni hver sem vill.

Enda þótt *Læknisgarðurinn*, eins og hann var oftast kallaður, væri vel varinn eftir almennum mælikvarða verður samt að viðurkennast, að strákaormar áttu það iðulega til að smjúga inn í garðinn með einhverjum hætti, þegar þeir héldu að enginn sæi til, og hirða þar rifsber og jarðarber. Þetta þoldi læknisfrúin alls ekki sem vonlegt var og brást snöfurmannalega við ef hún varð vör við unga syndaseli, sem voru að misvirða eignar- og nýtingarrétt þeirra hjóna. Hafði hún yfirleitt góðar gætur á garði sínum en sú varðgæsla gat þó aldrei orðið alger.

Þótt skömm sé frá því að segja, var ég stundum í liði stráka, sem voru að sniglast í Læknisgarðinum óboðnir, og komst oftast upp með það – nema einu sinni, eins og nú skal greina.

Við vorum þá þrír guttar að stela þar berjum og úðruðum þeim upp í okkur eins og við höfðum magamál til, þegar við heyrðum hávær hróp, sem bárust frá Læknishúsinu og rétt þar á eftir sáu við hvar sjálf frúin kom askvaðandi inn í garðinn og sendir okkur tóninn sem vonlegt var miðað við aðstæður. Þegar hún nálgadist okkur sáu við, að hún hafði stóran teppabankara úr basti í hendinni – og með honum var sannarlega hægt að hýða óþekktarorma eins og okkur.

Nú voru góð ráð dýr. Við urðum að forða okkur út úr garðinum þegar í stað, ef við áttum ekki að þola líkamlega refsingu. Við hlupum að steingarðinum mikla, sem sneri að Sýslumannshúsinu. Hann var auðvitað alltof hár til að við, lágvaxnir menn, kæmumst yfir hann með eðlilegum hætti (ég minni líka á gaddana, sem áður var getið um) en með því að standa á öxlum einhvers okkar gátu þó tveir ungir afbrotamenn klöngrast yfir garðinn – og voru þar með hólpnir. En aumingja ég var síðastur, hamlaður af fórnfýsi minni, þannig að þegar félagar mínir voru komnir yfir hafði ég engar axlir til að standa á. Ég var sem sagt síðastur í röðinni! Í dauðans angist minni varð ég bara að horfa yfir til frelsisins handan múrs. Ég stóð þarna sem negldur við steinvegginn og skelfingartár tóku að renna með tilheyrandi snökki. Ég sá fyrir mér ógurlega refsingu, vægðarlausu hýðingu með fyrrnefndu áhaldi frúarinnar, sem hún sveiflaði ótæpilega. Hún var nú komin að mér með refsivöndinn reiddan, en þegar hún sá hvaða drengstauli þetta var og hvað hann var yfirmáta hræddur var því líkast sem hún bráðnaði, lagði frá sér vöndinn og reyndi að hugga mig og hughreysta, sem ekki var vanþörf á. Þarna kom góðmennska hennar og mannkærleikur í ljós. Hún sagði mér auðvitað að hverfa úr garðinum, þegar volinu tók að linna, og ég hljóp heim á leið, þennan stutta spöl. Líklega hefði ég átt skilið að vera hýddur við þetta tækifæri en heilladísir urðu mér til bjargar.

Ég hygg, að hvorki ég né félagar mínir hafi látið með öllu af óheimilli töku berja í Læknisgarðinum eftir þetta – en við fórum nú miklu varlegar en áður, enda kom ekki til frekari árekstra við húsráðendur í Læknisbústaðnum, það öðlingsfólk.

Hegranesþingstaður í Skagafirði

Staðurinn

Á síðari árum hefur víða um land orðið vakning í þá átt að rannsaka með verðugum hætti, og eftir atvikum endurbæta, margvíslegar menningarminjar, sem tengjast með einum eða öðrum hætti sögu þjóðarinnar og þjóðlífi okkar, allt frá því að byggð hófst í landinu og fram til síðari tíma. Er þetta kunnara en svo að orðlengja þurfi um og verkin sýna merkin í mörgum byggðum landsins. Metnaður forsvarsmanna ýmissa sveitarfélaga, menningarsamtaka og stofnana, í sambandi við frumkvæði að og fjárveitingar til varðveislu og viðreisnar menningarminja birtist víða eins og hver og einn getur sannreynt, er fer um landið í því augnamiði að njóta þess, sem fyrir augu og eyru ber, sögustaða og menningarminja jafnt sem sjálfrar náttúrunnar. *Menningartengd ferðamennska*, sem byggist með beinum hætti á þessum minjum, ber með sér vaxtarbrodd í atvinnulífi þjóðarinnar og býður uppá margvíslega kosti fyrir framtakssama menn, sem kunna að beita hugviti sínu og hæfileikum í þessu sambandi. Það, sem minjunum er gert til góða, með fornleifarannsóknunum, uppbyggingu minjasafna og hvers kyns söfnun og varðveislu þjóðlegra verðmæta ásamt skilvirkri fræðslu til almennings, með nýjustu tækni, skilar sér einnig með ríkulegum hætti til allrar þjóðarinnar, ekki síst til hinna yngri, sem býðst með þessum hætti frábær fræðsla um margt það, er réttlætir tilveru okkar sem sjálfstæðrar þjóðar.

Í Skagafirði er sannarlega margt um skoðunarverða staði, fornfræga sögustaði jafnt sem aðra. Þar hefur verið unnið stórmerkt starf – og jafnvel þrekvirki – í þágu þess góða málefnis, sem fyrr var lýst, og á síðustu árum með þeim hætti að sérstaka þjóðarathygli hefur vakið, einkum við uppbyggingu *Vesturfarasetursins á Hofsósi*, en einnig á öðrum sviðum. Þar hafa fagmennska og hugsjónir farið saman með einstæðum og farsælum hætti, sem jafnframt vísar veg til framtíðar. Fornleifarannsóknir hafa farið fram á *Kolkuósi*, hafskipahöfninni gömlu, og einnig á *Hólum í Hjaltadal*, hinu fornfræga biskups- og skólasetri, einum merkasta sögustað landsins. Mun afrakstur þeirra enn auka veg og vægi þessara staða, sem þó höfðu ærið menningar- og skoðunargildi fyrir. Byggðasafnið í *Glaumbæ á Langbolti* er í fremstu röð sambærilegra safna og héraðinu til verðugs sóma. Svo mætti lengur telja. Einn er þó sá staður, áður ótalinn, í héraðinu, sem býr yfir afar mikilli og merkri sögu og verðskuldar fulla athygli og aðgerðir Skagfirðinga (heimamanna og brottfluttra) sem og allrar þjóðarinnar, *Hegranesþingstaður*.

Þingstaðurinn forni í Hegranesi hlær við sólu í fögru umhverfi, minjum þrunginn, en lætur þó lítið yfir sér nú um stundir þótt ekki sé hann gleymdur. Á þjóðveldisöld var hann í röð hinna fremri þingstaða, enda var hann ekki einvörðungu höfuðsamkomustaður og dómpingstaður í hinu forna Hegranesþingi (sem seinna nefndist Skagafjarðarsýsla) heldur fóru þar einnig fram um skeið, eftir því sem best verður vitað, fjórðungsþing fyrir gjörvallan Norðlendingafjórðung. Þar var mörgum ráðum ráðið, undir stjórn skagfirskra goða og annarra höfðingja, en almenningur, sem fjölmennti á þingstaðinn ár hvert, nýtti tækifærið meðal annars til viðskipta, vinakynna og stofnunar nýrra tengsla. Staðurinn hafði því um aldaskeið sérstaka þýðingu og einstakt gildi fyrir Skagfirðinga og aðra Norðlendinga, um skeið til jafns við biskupssetrið heima á Hólum. Eru sagnir tengdar honum eins og við má búast, þótt fáar jafnist þær á við frásögnina af *Gretti Ásmundarsyni*, þar sem hann þreytti glímu við aðra kraftamenn með svo minnisstæðum árangri að æ síðan hefur verið uppi, ásamt öðrum afrekum hans, sem grópuð eru

í sjálfa þjóðarvitundina. *Drangey* á Skagafirði, þar sem þessi kunnasti útlagi okkar dvaldi lengi, er einnig meðal merkustu og um leið skoðunarverðustu sögustaða í héraðinu og hefur reyndar, fyrir tilstilli sögunnar, sérstök tengsl við Hegranesþingstað.

Saga Hegranesþingstaðar er þó, með vissum hætti, einkum geymd í jörðu, enn sem komið er. Þar eru mikil ummerki eftir þinghaldið forna, fjölmargar tóttir búða og annarra mannvirkja, sem nú eru huldar gróinni mold. Tími er til kominn, að þeim hjúpi verði lyft af menningarminjunum, og þær rannsakaðar með þeirri tækni og lærdómi og af þeirri færni, sem best verður fengin. Frumathugun fornleifafræðinga, smá í sniðum, hefur að vísu farið fram á þessum sögustað en ekki er þó á vísan að róa um framhaldið, enn sem komið er. Nauðsyn ber hins vegar til þess, að allar mannaminjar á staðnum verði rannsakaðar á allra næstu árum, í beinu framhaldi af þeirri forkönnun, sem þegar hefur farið fram, og síðan verði gengið frá þeim til varðveislu á þann hátt að allir þeir, sem staðinn sækja heim, hafi fullt gagn af. Er þá að sjálfsögðu áriðandi, að við staðinn verði komið fyrir ýtarlegum og aðgengilegum upplýsingum um allt það, er viðkemur sögu hans og mannvirkjanna sjálfra, eftir því sem frekast verður við komið, og meðal annars notuð til þess nýjasta tækni, bæði myndræn og í textaformi, í samvinnu hinna bestu fagmanna, sem völ er á. Í því augnamiði þarf að reisa hentuga byggingu, upplýsingamiðstöð ferðamanna með tilheyrandi þjónustuaðstöðu, hið næsta þingstaðnum sjálfum, án þess þó að með því mannvirki sé neinu spillt af hinum fornu minjum. Einnig kæmi þá mjög til álita, og sýnist reyndar sjálfgefið, að endurbyggð verði, undir þaki, sýnishorn einhverra hinna fornu búða þingsóknarmanna, sem tengist upplýsingamiðstöðinni með eðlilegum hætti, þannig að skoðandinn fái sem gleggsta mynd af því, sem helstu máli skiptir um minjafræðina, og fræðist sem best um þá sögu, er minjarnar geta sagt okkur.

Skoðunarferð fyrir hartnær sextíu árum

Ég var mjög ungur að árum þegar ég heyrði fyrst um þingstaðinn forna í Hegranesi – og þá einkum í tengslum við minnisstæða frásögn Grettis sögu um heimsókn kappans mikla, Grettis Ásmundarsonar, til þingsins, en hann hafðist þá við sem útlagi í Drangey. Líklega hef ég þó verið orðinn tíu ára eða þar um bil, þegar ég kom í fyrsta sinn á þennan skagfirska sögustað.

Aðdragandi þeirrar skoðunarferðar var þessi: *Magnús Bjarnason*, sá frábæri kennari og ljúfi maður, kenndi meðal annars svokallaða *átthagafræði* í Barnaskólanum á Króknum. Í þeirri kennslu vék hann að ýmsum sögustöðum í héraðinu auk þess sem hann fræddi okkur nemendurna um nöfn fjalla, sem við höfðum fyrir augum alla daga, og um margt fleira í umhverfi okkar, sem nauðsynlegt var að vita um.

Frásögur af sögustöðum og um atburði þeim tengdum voru oft afar líflegar í meðförum hans og honum tókst að glæða áhuga margra nemenda sinna á þessari námsgrein.

Magnús lagði sig meðal annars mjög fram við að segja okkur sem gleggst frá þingstaðnum gamla og merka í Hegranesi, sem líklega hefur ekki verið notaður til þinghalda frá því snemma á 14. öld. Hann leitaðist við að útskýra fyrir okkur hvað í hinu forna þinghaldi fólst, eftir því sem við höfðum skilning og þroska til, og kryddaði auðvitað þá umfjöllun með því að endursegja söguna um glímu Grettis á þingstaðnum, þar sem hann lagði hvert heljarmennið af öðru að velli. Eftir að þingsóknarmönnum varð ljóst, hver þar var á ferð (en hann hafði mætt dulbúinn til þingsins og notað falskt nafn) sýndu þeir honum þann drengskap að veita honum grið á ferð til dvalarstaðar síns, eins og honum hafði verið heitið áður en glíman hófst, enda þótt mönnum væri þá fullljóst, að þar fór alræmdur skógarmaður, hverjum manni réttdræpur.

Ég hlustaði hugfanginn á Magnús lesa og útskýra og svo var um fleiri í hópi nemendanna. Það þurfti því ekki að beita okkur neinum þrýstingi eða fortölum, síður en svo, til að takast á hendur ferð á þingstaðinn undir leiðsögn og umsjón kennarans. Ég segi fyrir mig, að ég minnst enn hve ég hlakkaði mikið til eftir að Magnús hafði sagt okkur frá þeirri fyrirætlun sinni að fara með okkur í skoðunar- og um leið skemmtiferð á þennan merka stað.

Svo rann dagurinn langþráði upp um vortíma, bjartur og sæmilega hlýr (eða svo er hann að minnsta kosti í minningu minni). Okkur krökkunum var smalað upp á pall á vörubíl, þar sem setbekkir úr trjáviði mynduðu raðir. Ekki var tjaldað yfir pallinn, þar sem kennarinn var til eftirlits með hinum dýrmæta farmi. Ég man að við urðum að halda okkur fast í bekkina þegar bíllinn tók dýfur og í kröppum beygjum, sem nóg var af í þann tíð, meðan flestir vegir á þessum slóðum voru einbreiðir og lélegir. Bílstjórinn var öndvegismaður, *Páll Þorgrímsson*, umsjónarmaður Barnaskólans, og fórst honum aksturinn vel.

Þegar maður nú hugsar til baka eftir alla þessa áratugi blöskrar manni eiginlega að meira öryggis fyrir börnin hafi ekki verið gætt en raun bar vitni um – en öryggismál barna í bifreiðum voru ekki komin á dagskrá á þessum tímum!

Á þingstaðnum, sem er í landi jarðarinnar Garðs í Hegranesi, sýndi kennarinn okkur meðal annars gömul tóftabrot, er hann kvað vera eftir „búðir“ þingsóknarmanna, þar sem þeir hefðust við yfir þingtímann – en tók jafnframt skýrt fram, að við mættum engan veginn rugla því heiti hinna fornu mannaminja saman við verslunar- eða kaupmannabúðir nútímans – en í fyrstu höfðum við, krakkarnir, líklega séð fyrir okkur sælgætissölu í þessum búðum fyrr á öldum! Þá benti hann okkur á flötina fyrir neðan Þingbrekkuna, þar sem hann taldi sýnt að glímur og aðrir leikir hafi farið

fram, þegar þingheimur vildi létta sér aðeins upp eftir langar setur undir formlegum (og kannski stundum leiðigjörnum) þingstörfum

Eftir á að hyggja finnst mér að þetta hafi verið einhver skemmtilegasti og eftirminnilegasti dagur, sem ég átti á gjörvallri skólagöngu minni á Sauðárkróki forðum daga.

Heilun

Ég hef aldrei getað stært mig af því að vita mikið um „óhefðbundnar“ lækningar, þar á meðal svokallaða *heilun*, sem felst í lækningu líkamlegra meinsemda (og ef til vill andlegra einnig) með hugarafl og handayfirlagningu. Ég þurfti líka lengi vel ekki á þess háttar fræðslu eða aðstoð að halda, því að ég var líkamlega hraustur lengst af, alveg þangað til ég veiktist alvarlega af innanmeini fyrir nokkrum árum. Allt fór það þó betur en á horfðist, þótt ég muni aldrei aftur öðlast sama styrk og ég áður hafði.

En þegar ég lá flatur á Landspítalanum eftir stóra aðgerð kynntist ég heilun af eigin raun. Fannst mér það merkileg lífsreynsla.

Þannig var mál með vexti, að strax við aðgerðina, sem var á ristli, fékk ég svokallað stóma, sem á að taka við úrgangi, er í garnirnar fer, meðan innyflin eru að gróa. Mér var strax sagt, að stómað yrði tímabundið hjá mér – einhverjir mánuðir – en sumir þurfa reyndar að nota stóma alla tíð eftir meiri háttar aðgerðir. Hugmyndin er sú, að maður eigi að geta farið að borða sem allra fyrst eftir aðgerð af þessu tagi, en þá fari úrgangurinn ekki niður í garnirnar heldur út í stómað, sem síðan er tæmt reglulega. Hefði þetta farið eftir hefði ég mátt yfirgefa spítalann innan fárra daga frá því að ég var skorinn upp.

Þannig átti þetta þó ekki að ganga hjá mér. Ég kom afar litlum mat niður og ekkert af honum leitaði út í stómað, eins og ráðgert var. Þess í stað varð

ég að liggja lon og don og nærðist þá eingöngu á fljótandi fæði úr hangandi flöskum í gegn um pípur, sem veittu vökvanum inn í líkamann.

Og svona lá ég vikum saman í sjúkrarúminu, eiginlega án þess að geta hreyft mig að neinu ráði – alls á fimmtu viku! Aldrei fór nein melting út í stómað og ég kom nánast engri fastri fæðu niður. Ég léttist stöðugt og allir vöðvar rýrnuðu eins og við var að búast. Þetta var alveg óvænt og um leið mjög óvenjuleg þróun, sagði læknirinn sem skar mig upp. Enginn gat sagt fyrir um, hvort eða þá hvenær melting færi út í stómað og ég yrði laus við vökvafæðið. Var maður satt að segja þungt hugsi yfir þessum óræðu og dauðu horfum og sveif í óvissu um framhaldið.

Þá gerist það, að systir mín, sem á heima í námunda við Akureyri ásamt manni sínum, hringir í mig sem oftast og spyr mig, hvort ég gæti hugsað mér að þiggja heilun frá vini þeirra hjóna, sem veiti iðulega hjálp af því tagi, meðal annars legusjúklingum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, en þeir geri oft boð fyrir hann. Kvað hún fara gott orð af þessari starfsemi vinar þeirra, sem er fyrrverandi íþróttakennari í unglingaskólum, en langt er nú um liðið síðan þessara hæfileika hans varð fyrst vart.

Ég svaraði því til, að víst gæti ég svo sem hugsað mér að svona tilraun yrði gerð á mér, og kvaðst ég vera alveg „opinn“ fyrir öllu því, sem hugsanlega gæti hjálpað mér í eynd minni, enda þótt ég vissi ekkert um heilun, hefði bara heyrt hana nefnda.

Hún sagði mér þá, að fyrrnefndur vinur þeirra yrði staddur í Reykjavík einhverra erinda næsta laugardag og myndi hún nú biðja hann að koma við hjá mér á sjúkrahúsinu og síðan myndum við sjá til hvað gerðist. Þetta gekk eftir og hann féllst góðfúslega á að heimsækja mig að sjúkrabeði mínum.

Hann mætti nú á áður umtöluðum tíma og spurði mig nánar um sjúkdóminn og aðstæður mínar. Ræddum við vinsamlega saman, þar sem ég lá eins og skata undir þykkri sæng, sem var dregin upp að höku ef ég man rétt. Síðan breiðir hann út lófa sína og leggur þá yfir sængina mína, þó

þannig að þeir snertu ekki sængina. Það merkilega gerðist, þótt ekki væri annað í það sinn, en að í gegn um sængina fann ég afar sterkan hita, sem stafaði frá höndum hans. Heilarinn hreyfði hendur sínar nokkuð í alllanga stund án þess þó að snerta sængina hvað þá heldur skrokkinn á mér. Þá lagði hann eyrað að sænginni en kvaðst ekki skynja neina breytingu á minni líðan. Kvöddumst við að svo búnu máli en hann kvaðst myndu koma aftur næsta dag, en þá um síðdegisdag myndi hann svo halda aftur til Akureyrar.

Þetta fór eins og hann hafði lofað, þannig að á sunnudegi mætti hann enn á ný. Handahreyfingar hans voru þær sömu og í fyrra sinnið og hitinn frá höndunum sá sami og daginn áður. En nú brá svo við, að mér fannst ég finna einhverja breytingu á garnasvæðinu, þótt ég gerði mér ekki fyllilega grein fyrir í hverju hún fólst. Svo lagði hann eyrað að sænginni eins og hinn fyrri heimsóknardag – en sagði síðan að það væri greinilega eitthvað að gerast í mínum málum. Meltingin væri að fara í gang! Þetta fannst mér alveg með ólíkindum, en staðreynd var þetta engu að síður. Enn var ég nokkuð efins um árangur en þakkaði honum engu að síður innilega fyrir heimsóknirnar til mín.

En um það bil hálf tíma eftir að hann kvaddi mig og fór út um dyrnar á sjúkrastofunni minni fór meltingin í gang með blússi og út í stómað. Þetta var orðið eins og það átti að vera „eftir bókinni“.

Eftir örfáa daga gat ég farið heim, enda var ég þá farinn að borða fasta fæðu og meira að segja njóta þess að borða – en þeirri tilfinningu var ég hálfpartinn búinn að gleyma!

Eftir þetta mun ég aldrei hafna þeim möguleika, að unnt sé að bæta bøl manna með hugarorku og handaálagningu. Sjálfur er ég ljóslifandi dæmi um mátt heilunar.

Helgistund í Hvítárnesskála

Laugardaginn 28. september 1996 fór fram helgistund í *Hvítárnesskála*, sem er í eigu Ferðafélags Íslands. Til þeirrar athafnar var efnt að frumkvæði mínu sem þáverandi forseta Ferðafélagsins en hún fór fram undir forsjá prests. Tílefnið var langvarandi og þrálátur orðrómur um „óhreinleika“ í skálanum, sem valdið hefði sumum gestum óþægindum. Rétt þótti því, að á vegum félagsins yrði leitast við að fá prest til að blessa húsið, ef það mætti verða til að létta af þessum orðrómi og auka vellíðan skálagesta í framtíðinni.

Til þessa verks fékk ég *séra Björn H. Jónsson*, fyrrum sóknarprest á Húsavík, sem lýsti sig fúsan og reiðubúinn til þess. Í förinni voru einnig, auk mín og *séra Björns*, Grétar Eiríksson, tæknifræðingur og fyrrum stjórnarmaður í Ferðafélaginu, og Ragnar Hansen múrarameistari, sem var ökumaðurinn.

Lagt var af stað úr Reykjavík kl. 9 að morgni, höfð stutt viðdvöl í sumarhúsi Ragnars nálægt Þrastalundi, en síðan komið til Hvítárness um kl. 12:30. Veður var milt en örlítill súldarúði í lofti. Í varðskýlinu nálægt skálanum fengum við okkur nesti, sem skrifstofa Ferðafélagsins hafði lagt okkur til, en síðan var gengið til gistiskálans gamla. Engir gestir voru þar meðan við dvöldum á staðnum.

Í skálanum skríddist *séra Björn* þegar í stað hempu og hófst þá athöfnin, í austurherberginu niðri. Flutti presturinn þar stutta andakt, þar sem hann

bað fyrir skálanum og öndum framliðinna, sem þar kynnu að vera, og óskaði þess að þeir fyndu rétta leið til fyrirheitins staðar allra sálna. Síðan fór séra Björn um allt húsið, herbergi úr herbergi, fyrst niðri og síðan uppi, og signdi vandlega alla staði, hvert legurúm, um alla króka og kima og í öllum dyrum. Tók það nokkra stund, enda vandaði hann til verksins. Hann taldi sig einkum finna „návist“ í suðvesturhorni austurherbergisins niðri, enda signdi hann mjög vandlega þar. Að athöfninni lokinni taldi hann þessa „návist“ vera mun minni en í fyrstu var.

Þar næst rituðum við allir í gestabókina, undir þessum texta: „28. september 1996. Helgistund í skálanum undir forsjá prests.“

Að þessu loknu áttum við enn stutta viðdvöl í varðskýlinu, en þar næst var haldið sem leið liggur til Reykjavíkur, án neinnar viðdvalar á leiðinni.

Öll gekk ferðin mjög vel og var þátttakendum einkar ánægjuleg.

Eftir því sem best er vitað gætir enn einhverrar „návistar“ í skálanum, en hún veldur ekki sömu óþægindum og fyrr, segja þeir, sem gerst vita.

Hrafnamál

Í þjóðsögum okkar gefur að finna sögur um *dýramál*, það er, hvernig sum dýr að minnsta kosti (til dæmis kýrnar í fjósinu), geta talast við á „tungumáli“, sem þau ein skilja. Stundum er þessi náttúra gefin skepnunum aðeins eina nótt á ári, segja fornar sagnir, og er þá yfirleitt miðað við jónsmessunótt eða að öðrum kosti nýársnóttina. Engu að síður finnast þau frávik frá „einokun“ dýranna á máli sínu, að mennskum mönnum gefst sú náð, einstaka sinnum, að skilja hið framandi tungutak, og er þá víst gjarna stórfróðlegt að hlera það, sem dýrin hafa að segja um okkur mennina – og kannski ekki allt fagurt.

Hitt er einnig til, og þekkja það margir, að menn geta talað við húsdýr sín, sem eru þeim nán og kær, á þann veg, að dýrin skilja kjarna þess, sem sagt er, og sýna með viðmóti sínu að þau hafa skilið boðskap mannanna. Þetta er alkunnugt meðal fólks, sem átt hefur gæludýr, svo sem ketti og þó einkum hunda. Sá, er hér slær á lyklaborð, þekkir þetta til dæmis mætavel af þeim hundum, er hann hefur átt.

Þessi blessuð dýr geta þó ekki svarað mannfólkinu með orðum heldur einungis með atlati og hegðun (hlýða til dæmis skipunum og þess háttar).

En einnig er alkunna, að sumum *fuglum* má kenna mörg orð úr mannamáli, sem þeir endurtaka þá við ýmis tækifæri, stundum, að því er virðist, þegar þau eiga vel við, en annars kannski alveg upp úr þurru. Kunnugir menn halda því fram, að iðulega mæli fuglarnir þá orð, sem vel falla að umræðuefni dagsins og á þann veg, að þeir virðist skilja merkingu þeirra. Kunnastir eru páfagaukar í þessu sambandi, enda mun vera sammæli um, að þeim gangi

flestum fuglum betur að læra mannamál. Oft er það svo, að þeir virðast grípa einstök orð úr mæltu máli án þess að neinn sé að kenna þeim orðin skipulega. Eru þeir þá oft ósparir á að garga orðin, sem þeir hafa lært, gjarna skrækum rómi – og hitta stundum í mark!

Hrafnamál var fyrrum talið merkilegt að sögn þeirra örfáu manna, sem lærðu það eða var að minnsta kosti gefið að skilja það, þótt ekki væri nema eina nótt á ári. Samband hrafna við mannfólkið var oft allnáðið, þegar heimilishrafnar settust upp á býlum landsins allan veturinn. Völdu þeir sér dvalarbæi eftir að gert hafði verið út um þau mál á *hrafnapingum*, svonefndum, sem haldin voru á haustin. Eftir að vetur gekk í garð gat orðið erfitt fyrir hrafna – svo klárir sem þeir þó voru og eru – að finna sér æti, ef ekki kom til gæska mannanna. Heimilishröfnunum var ævinlega gefið eins og hverjum öðrum húsdýrum, og þótti almennt gæfumerki að gefa hrafni, enda mundu þeir greiðviknina og þökkuðu að sögn fyrir sig með ýmsum hætti – forðuðu til dæmis fólki, sem þeim þótti vænt um, frá náttúruhamförum.

Að margra mati er hrafnninn stórlega vel gefinn fugl, sem hefur mikla námshæfileika og jafnframt samskiptahæfni (að vísu sérstæða) gagnvart fólki. Hrafn vísaði landnámsmönnum rétta leið til Íslands, eins og fornar sagnir greina, og þessir svörtu góðkunningjar okkar hafa fylgt Íslendingum allt frá landnámsöld, þolað súrt og sætt með þjóðinni, lifað gósentíð, þegar nóg var af gori og öðru góðgæti til að metta svangan fuglsmaga, en einnig þurft að þola Móðuharðindi, þegar ómjúklega svarf að dýrum og mönnum.

Margir telja hrafnninn að minnsta kosti ekki síður gefinn en hundinn, svona almennt séð, og ótaldir eru þeir, sem hafa gamnað sér við að horfa á hrafna stríða hundum – og hafa alltaf betur.

Allt eru þetta alkunn sannindi, en engu að síður munu þeir fremur vera færri en hitt, sem vita að hrafnar geta lært *að tala*, upp að vissu marki, engu síður en páfagaukar. Þetta vita þeir fáu vel, er haft hafa hrafn í búi heima hjá

sér og talað við hann á máli, sem báðir skilja! Orðin mælir hrafnninn þá ýmist skrækri röddu eða rúmri, og gætir þar margvíslegra raddbrigða allt eftir því hvernig fuglinn er skapi farinn þann daginn eða hvort hann þarf til dæmis að biðja fallega og auðmjúklega um eitthvað, en þá er röddin lágvær og blíð, eða krefjast einhverra fríðinda á stundinni, en þá er ekki dregið af raddstyrknum – gjarna með fótastappi og vængjaslætti.

Við hjónin höfum að vísu aldrei alið hrafn innan dyra á heimili okkar en höfum hins vegar í nærfellt tvo áratugi gefið hröfnum daglega við húsið okkar og teljum okkur hafa lært margt um siði þeirra og eðlislæga hætti.

En nú kemur lítil og sönn saga um hrafn, sem lærði að tala mannamál (eða þannig):

Í sama húsi og ég ólst upp í á Sauðárkróki bjuggu góð og merk hjón, *Rannveig og Árni Hansen*. Árni var vegavinnuverkstjóri og Rannveig var oft ráðskona í vegavinnuflokkum hans. Sumar hvert voru þau mánuðum saman „í brautinni“, eins og það var gjarna kallað, en þá var átt við vegavinnuna, sem á þeirri tíð var með frumstæðari hætti en síðar varð, mikið notast við handverkfæri og legið við í tjöldum. Eiga margir enn góðar minningar um vegavinnu í góðum og glaðværum hópi fyrir mörgum áratugum.

Nú er það eitt vorið, að þegar Rannveig og Árni, mínir góðu vinir, koma í brautina (að mig minnir úti á Reykjaströnd) ásamt flokki sínum, mætir þeim á verðandi tjaldstæði flokksins lítill *brafnungi*, grindhoraður og úfinn, gargandi aumkunnarlega og vappandi til og frá. Vegagerðarmennirnir áttuðu sig fljótlega á því, að þetta var einstæðingur – hafði af einhverjum ástæðum orðið utanveltu eða misst foreldra sína skömmu eftir að hann var skriðinn úr egginu. Menn komust við af eynd og ræfildómi þessa ungviðis, sem ljóst var að myndi senn biða ósigur og gjalda með lífi sínu í ójafnri baráttu við hörð náttúruöfl, ef allt færi sem horfði. Vildu víst fæstir þurfa að horfa upp á hann veslast upp þarna innan um öll tjöldin.

Við þessar aðstæður var aðeins tvennt til: Annars vegar að deyða dýrið smáa án nokkurrar tafar, til að koma í veg fyrir langvinnan og kvalafullan dauðdaga þess, eða á hinn bóginn að taka ungann í fóstur og gera vel við hann. Síðari kosturinn varð ofan á, enda margir dýravínir í hópnum, þar á meðal Rannveig og Árni, sem voru alveg einstaklega brjóstgóðar manneskjur.

Varð nú unginn smái að algeru gæludýri í brautinni hjá þeim hjónum og kepptust allir við að dekra við hann, tala við hann og gefa honum æti. Hann fékk til dæmis að vera inni í matarskúrnum, þegar konurnar voru að elda ofan í karlana og eins meðan matast var. Vappaði hann á milli manna eins og hvolpur eða kettlingur og horfði bónarauðum á viðstadda – fannst mönnum – og taldi sig greinilega aldrei fá nóg af kræsingum, sem þó skorti ekki á eftir almennum mælikvarða. Hann kom sér gjarna vel við fólk með því að nudda nefninu utan í fætur þess og kurra með blíðri og bænarþrunginni röddu: „Gemm mér, gemm mér!“ Blés hann út af öllu þessu ofáti og náði ótrúlega fljótt fullri stærð.

Eitt var það, að hann fann alls konar smáhluti eða skran (þó ekki væri nema snifsi af silfurpappír) í kringum tjöldin og horfðu menn þá á hann fara með það dálítið út fyrir tjaldbúðirnar og grafa það þar, einhvers staðar úti í móum, en alltaf mundi hann staðinn og gróf þetta svo upp einhvern tíma síðar. Höfðu margir gaman af að fylgjast með þessu.

Þá hafði hann einnig afar gaman af því að fylgjast náíð með körlunum, þegar þeir voru að þvo sér um hendur í vaski í matarskúrnum, áður en þeir settust að borðum. Sat hann þá gjarna á herðum þeirra og horfði á hvernig handsnyrtingin fór fram. En þeir urðu að gæta þess vel að leggja enga smáhluti frá sér við vaskinn meðan þvotturinn fór fram, því að þá var hann eldsnöggur að grípa hlutinn, fljúga með hann út um opnar skúrdyrnar og grafa hann síðar á völdum stað. Eitt sinn þurfti maður, sem var að þvo sér um hendur, að nota mikla sápu og auk þess handskrubbb. Tók hann þá af sér giftingarhringinn, rétt á meðan hann einbeitti sér að þessu, og lagði hann á barm handlaugarinnar. Og viti menn: Þegar hann ætlaði að setja hringinn á

sig aftur var hann horfinn, og mátti minnstu muna að maðurinn næði ekki krumma áður en hinum síðar nefnda gæfist tóm til grafa dýrgripinn einhvers staðar úti í náttúrunni.

Sem unglingur heyrði ég margt um þennan gæluhrafn frá þeim Rannveigu og Árna, þegar þau komu heim á Krók um helgar. Og ekki bara það: Þau höfðu hrafnninn stundum með sér og geymdu hann þá í bílskúr sínum meðan þau dvöldu heima. Þar hafði hann að minnsta kosti yfrið nóg að eta þótt sennilega hafi honum þótt heldur einmanalegt í því húsnaði miðað við allt fjörið, sem hann var vanur við í brautinni.

Nú kemur rúsínan í pylsuendanum:

Það kom í ljós, að vegavinnumennirnir voru búnir að kenna krumma sínum heilmörg orð, sem hann var síðan ófeiminn við að nota í tíma og ótíma.

Alveg sérstaklega man ég eftir því, að eitt sinn var Árni með hrafnninn úti fyrir dyrum bílskúrsins, til að viðra hann og lofa honum að skyggjast um á framandi slóðum. Fuglinn sat hinn rólegasti á öxl hans og horfði fyrst í kring um sig. En svo vildi hann sýna Árna væntumþykju sína (sem vissulega var vel verðskulduð) og beit hann þéttingsfast í eyrnasnepilinn af hreinni ástúð og sagði svo, sinni rámu röddu: „Árni! Árni! Árni minn!

Þetta bræddi auðvitað hjörtu viðstaddra.

Ég minnst þess, að þau hjónin og ýmsir aðrir í vegavinnuflokknum báru kvíðboga fyrir því, hvernig færi fyrir krumma – þessu gæludýri, sem hafði verið stríðalið og dekrað við allt sumarið – þegar hausta færi og hætt væri vinnu í brautinni. Þegar þar að kom var hrafninum sleppt í von um það að hann næði sambandi við aðra hrafna og lærði að bjarga sér eins og þeir. Man ég satt að segja ekki lengur, hvernig það fór allt saman, en víst er að minnsta kosti að aðlögun að „nýju lífi“ hefur ekki verið þessum vini okkar sérlega auðveld.

Kraftaverk

Langt er nú um liðið síðan Íslendingar gengust undir breyttan sið í trúarefnum í hið síðar sinn. Við það lagðist meðal annars af opinber dýrkun og tilbeiðsla *dýrlinga*, sem svo mjög hafði einkennt kaþólskan sið hér á landi jafnt sem í grannlöndum okkar. Engu að síður eimdi lengi eftir af ýmsum trúarsíðum, sem áttu sér rætur í kaþólskunni og forsvarsmönnum lútersks siðar reyndist torvelt að afnema með öllu. Fólkið sneri sér enn sem fyrr til dýrlinga í laumi, þegar mikið lá við, og það raulaði fyrir sér eldforn trúarvers (til dæmis Mariúbænir) aftan úr forneskju. Áheit á kirkjur og helga menn, sem voru samofin kaþólskum sið, lifðu býsna góðu lífi langt fram eftir öldum, þótt ekki færi alltaf hátt. Og enn þann dag í dag rennur áheitafé í stríðum straumum til *Strandarkirkju* í Selvogi, alveg eins og var í kaþólskri tíð, en fáar kirkjur eiga digrari sjóði en þetta litla guðshús, er kúrir við eyðiströnd í byggðarlagi, sem að mestu er komið í auðn. Fólk heitir á hana til margvíslegra hluta, í von um að hinir háu verndarandar kirkunnar bregðist skjótt og vel við. Að sjálfsögðu mun oftast vera um að ræða áheit vegna sjúkdóma, þar sem fé er heitið til kirkjunnar ef sjúklingur nær bráðlega góðum bata, en margt fleira kemur þar til, að sögn þeirra er vel til þekkja, svo sem björgun úr bráðri hættu eða vanda á ferðalögum. Hið fyrsta heit til byggingar kirkju á Strönd í Selvogi barst einmitt frá mönnum, sem voru í sjávarháska þar úti fyrir ströndinni en björguðust giftusamlega eftir heitið.

Það er sammæli margra, sem reynt hafa, að Strandarkirkja sé afar öflug til áheita og bregðist oft undrafljótt við ákalli, jafnvel samstundis eftir að

áheitaorðum er lokið. Ég get ekki stillt mig um að setja hér litla sögu, er ég heyrði eitt sinn frá grandvörum og fróðum manni, sem áreiðanlega trúði því að sagan væri sönn. Þá voru einnig viðbrögð kirkjuhöfðingjans *Sigurbjörns heitins Einarssonar biskups* eftirminnileg, er ég sagði honum söguna.

Fyrir mörgum árum sátum við saman í nefnd á vegum Þjóðkirkjunnar, svokallaðri Kirkjueignanefnd, en ég var formaður hennar. Fundir nefndarinnar fóru að jafnaði fram í vinnuherbergi mínu í Lögbergi, húsi Lagadeildar Háskóla Íslands. Yfirleitt mætti Sigurbjörn, sem þá var fyrrverandi biskup Íslands, rosinn maður en vel ern, manna fyrstur á fundina og oftast nokkru fyrir boðaðan fundartíma, fékk sér sæti í þægilegum stól og svo fórum við að rabba um heima og geima, áður en næsti maður mætti. Margt bar þá á góma. Eru mér þessi kynni af hinum mæta guðsmanni afar dýrmæt og minnisstæð.

Eitt sinn barst tal okkar að áheitum og dýrlingum og þar á meðal áheitunum á Strandarkirkju. Ég man, að Sigurbjörn ræddi þessi efni á afar frjálsglegan hátt, langt umfram það, sem ef til vill hefði mátt búast við af stranglúterskum biskupi! Taldi hann mörg trúarleg dýrmæti hafa farið forgörðum á tímum siðbreytingarinnar og þar hafi gætt óþarfa hörku af hálfu ýmissa forsvarsmanna hins breytta siðar. Ekkert hafði hann á móti því að Strandarkirkju áskotnaðist fé með áheitum, ef þeir, sem þangað sneru sér í von um áheyrn og árangur, gerðu það af einlægni.

Þá kom áðurnefnd og eftirfarandi saga upp í huga mér og sagði ég biskupi hana. Hún er stutt og einföld og hljóðar svo:

Nokkrar prýðilegar konur á góðum aldri, vinkonur til margra ára, voru saman í saumaklúbbi eins og verða vill. Svo vildi til, að allar voru þær giftar nema ein, sem aldrei hafði fundið sér eiginmann, þótt hún væri myndarleg og í alla staði ásjáleg kona. Vinkonum hennar þótti þessi „einhleypni“ dapurleg

og vildu fyrir hvern mun hjálpa henni til að festa ráð sitt, en engin úrræði virtust duga. Hún kynntist fáum einhleypum karlmönnum og leist heldur engan veginn á neinn þeirra sem verðandi maka.

Þannig stóðu mál, þegar þær stöllur, allar sem ein, ákváðu að skella sér á ball á Hótel Sögu, nánar til tekið í Súlnasalinn. Þær giftu (sem voru þar án karla sinna) létu að því liggja við þá ógiftu, að kannski kæmist hún þar í kynni við heppilegan mann. Aldrei að vita.

Þær setjast nú allar saman við borð í salnum, nálægt dansgólfinu og fara að rabba saman. Síðan byrjar hljómsveitin að spila og dansinn hefst. Ýmsir herramenn koma til kvennanna og bjóða þeim upp í dansinn – en bara þeim giftu, því miður. Sú einhleypa varð að láta sér lynda að sitja ein og hnípin við borðið meðan hinar dönsuðu.

Svo kom hlé á músík og dansi. Þá sátu þær aftur allar við borðið og ræddu nú af fullum þunga um, að þetta væri alveg ómögulegt og til hreinnar skammar, að enginn dansherra byði einhleypu vinkonunni upp. Þá sagði ein þeirra: „Jæja, stelpur, þetta gengur bara ekki. Nú heitum við á Strandarkirkju að einhver myndarlegur maður komi til hennar og bjóði henni upp í dans“. Allar hinar tóku auðvitað undir þetta og börðu svo hnúum í borðið því til staðfestingar.

Nú vildi svo til, að rétt í þessu var hljómsveitin (væntanlega Ragnar Bjarnason & Co) að byrja aftur með sína dansmúsík og fólk var að tínast út á dansgólfið, fáir í fyrstu. Þær sjá þá, hvar maður nokkur, alls ekki ómyndarlegur, gengur aleinn og snúðugt fram hjá borðinu þeirra, án þess svo mikið sem að líta til þeirra, og út á dansgólfið – en virtist helst stefna á salernisdýr.

En það er ekki að spyrja að Strandarkirkju, hún lætur ekki að sér hæða: Á sama andartaki og þær stöllur settu hnúana í borðplötuna gerðist dálítið merkilegt. Það var því líkast sem einhver risakrumla tæki um höfuð mannsins, sem hér um ræðir, og bókstaflega sneri honum í hálfhring á gólfinu þannig að hann leit nú beint á borðið þeirra. Síðan gekk hann, eins og hálf utan við

sig, að borðinu, hneigði sig hoffmannlega fyrir þeirri einhleypu (virtist ekki sjá hinar) og bauð henni formlega upp í dans.

Þetta var auðvitað *kraftaverk*, sem þær urðu þarna vitni að.

Nú var sögu minni reyndar lokið, en þá spyr Sigurbjörn blessaður, og er mjög ákafur af forvitni: „Nú, nú, og varð hjónaband úr þessu?“ Ég hafði auðvitað ekki hugmynd um það, enda hafði ekkert slíkt fylgt sögunni, þegar ég heyrði hana. Varð ég að valda biskupi vonbrigðum með því að segja sem var. Eftir á að hyggja hefði líklega verið saklaust að þykjast vita betur og segja honum, bara til að gleðja hann, að víst hefði orðið svo og ættu þau hjónakornin nú tvö eða þrjú börn!

Ég hef nokkrum sinnum heitið á Strandarkirkju og auðvitað með góðum árangri, en bæði er nú orðið mjög langt um liðið og eins var þar ekki sérlega mikið í húfi, finnst mér nú. En ég hef líka einu sinni beinlínis orðið vitni að *kraftaverki* í kjölfar áheita á merkan dýrling:

Enn þann dag í dag eru ýmsir Íslendingar, sem heita, þegar mikið liggur við, á heilagan *Þorlák Þórhallsson*, sem var Skálholtsbiskup á 12. öld. Hann var tekinn í heilagra manna tölu hérlendis árið 1198, þremur árum eftir andlát sitt, en Jóhannes Páll páfi II gaf honum síðan alþjóðlega viðurkenningu sem *verndardýrlingur Íslands* árið 1984. Samtímamaður biskups lýsti honum svo: „Hann var hreinlífur alla ævi, siðsamur og lastvar, ör og réttlátur, miskunnarsamur og heilráður, lítillátur og stjórnsamur, mjúklyndur með sannri ást og elsku, bæði við Guð og menn“. Sagt er, að slíkt hafi lítillæti hans og langlundargeð verið, að „hann lastaði aldrei veður“. Enn í dag eru tveir dagar á ári kenndir við hann, Þorláksmessa á sumri, 20. júlí, og Þorláksmessa á vetri, 23. desember. Sem dýrlingur var hann kunnur í sumum grannlöndum okkar, einkum í Noregi, en vönduð steinstytta af honum er á framhlið dómkirkjunnar miklu í Niðarósi (Þrándheimi), sem gleður augu íslenskra ferðamanna, er þangað koma. Almennt var mikil trú á ofurkraft og

yfirnáttúrulega bænheyrslu heilags Þorláks. Gefur sannarlega að finna mörg dæmi kraftaverka hans í jarteiknabók þeirri, sem við hann er kennd.

Nú ræðir um kraftaverk, *jarteiken*, í nútímanum, sem sannarlega má rekja til heilags Þorláks. Það átti sér aðdraganda, sem hér segir, og varð með þessum hætti:

Um nokkurra missera skeið sótti ég kennslustundir fyrir almenning hjá *Jóni heitnum Bööðvarssyni*, þeim öðlingi og mikla fróðleiksmanni, þar sem hann hélt fyrirlestra um Íslendingasögur og skyld rit úr heimi fornbókmennta okkar. Var það ógleymanleg reynsla að fá að fræðast af honum, og held ég að það hafi verið almenn skoðun meðal þeirra, sem fyrirlestrana sóttu, en afar mikil aðsókn var að þeim.

Jón hafði þann sið að fara með hópa sína, að námskeiðum loknum, í fræðsluferðir til annarra landa, þar sem ýmsir þættir hinna fornu sagna höfðu gerst. Var þá því líkast að sögurnar öðluðust enn á ný „líf“, þegar söguviðið blasti við.

Ég fór eitt sinn með Jóni til Írlands, á slóðir norrænna víkinga þar, og svo til Noregs, sem var alveg einstök og ógleymanleg ferð. Var þá farið í langferðabifreið um allan Vestur-Noreg, alveg frá syðstu strandbyggðum og norður fyrir Þrándheim, allt norður til Hrafnistu. Á þessari löngu leið var yfrið nóg af sögustöðum, sem tengjast íslenskum fornbókmenntum, mörgum Íslendingasögum, Landnámu, Heimskringlu og svo mætti lengi telja. Í Niðarósi dáðumst við meðal annars að fyrrnefndri styttni af landa okkar, heilögum Þorláki Þórhallssyni, og fylltumst lotningu fyrir honum.

Satt að segja skildi rútúbílstjórinn okkar ekki alltaf hvers vegna við námum staðar á hinum og þessum stöðum, er hann taldi ekki sérlega fagra eða spennandi – en við sögðum honum þá, að þetta væru dýrmætir sögustaðir í hugum Íslendinga, sem við vildum alls ekki missa af. Sem dæmi má nefna, að eitt sinn ókum við niður að fjöru, þar sem lítið var að sjá nema himin,

haf og flata strandlengju – en, góðir hálsar, þetta var stórmerkur staður, sagði Jón Böðvarsson, því að einmitt hér hafði hið ógæfusama hreystimenni Grettir Ásmundarson tekið land, er hann fór eitt sinn til Noregs, sem mikil saga er af!

Ekki eru tök á því að lýsa þessari ferð nánar, því að af svo mörgu væri að taka. Allt var þetta stórfróðlegt og minnisvert og átti leiðsögn Jóns að sjálfsögðu mikinn þátt í því.

En nú kemur jarteiknasagan:

Á ferð okkar um vesturströnd Noregs þurftum við að krækja fyrir marga firði, en þeir eru þar fjölmargir eins og kunnugt er, og sumir langir. Jarðgöng hafa þó verið grafin undir suma þeirra og flýtir það för. Yfir aðra firði ganga bílferjur, og fylgir því vitaskuld mikil samgöngubót. Sums staðar gat þó reyndar verið nokkurra klukkustunda bið eftir næstu ferju, ef maður missti af einni. Ferðirnar voru þá ekki tíðari en svo. Og einmitt þetta blasti nú við, að hópurinn okkar þyrfti að upplifa.

Mikilvægt var, að eftir að við höfðum krækt fyrir einn fjörðinn og kæmum að þeim næsta, utanverðum, myndum við ná í ferju, sem átti að leggja þar frá landi á nákvæmlega gefnum tíma, sem okkur var kunnugt um. Ljóst var, af tímatöflu ferjunnar, að ef við misstum af henni þyrftum að drepa tímann yfir engu á hálfgerðum eyðistað klukkustundum saman meðan við biðum þar eftir næstu ferju. Það var svo sem ekki skemmtileg tilhugsun auk þess sem þá myndi að sama skapi dragast að við næðum í næsta næturstað, þar sem kvöldmatur ætti einnig að bíða okkar.

Nú blasti við, að við vorum af einhverjum ástæðum orðin heldur sein á okkur í þessu mikilvæga sambandi, og er við fórum að nálgast nesið, sem var milli fjarðanna, upphófust háværar umræður í rútunni um þetta aðsteðjandi vandamál – og gætti vonleysis hjá sumum. En Jón, okkar góði fararstjóri, dó ekki ráðalaus frekar en fyrri daginn og bjargaði þá málum á yfirskilvitlegan

hátt. Hann sagði okkur, að nú dygði ekkert annað en að heita á heilagan Þorlák og beiðast þess, að hann léti okkur, þrátt fyrir allt, ná á ferjustaðinn í tæka tíð, enda þótt klukkan segði að við værum orðin of sein.

Þegar við fórum að sjá til ferjustæðisins, fór ekki að milli mála, að skipið var lagt frá landi og komið nokkuð út á fjörðinn.

En viti menn:

Það var einmitt þá, nákvæmlega á þeirri stundu, sem áheitið var formlega gefið, að frumkvæði Jóns en með almennu lófataki í rútunni (og væntanlega hljóðlátri bænagerð einstakra þátttakenda), að við urðum vitni að undri. Ferjan stöðvaðist skyndilega, þar sem hún var komin. Að nokkurri stundu liðinni sneri hún svo við og hélt aftur til sama lands, það er að segja á ferjustaðinn, er við komum nú brátt að, en þar var fátt annað að sjá en bryggju og bílastæði. Hún lagði svo að bryggjunni og var bersýnilega reiðubúin til að taka við þeim bílum, sem þar biðu, þar á meðal rútunni okkar ásamt farþegum hennar.

Hvað hafði gerst? Jú, við fengum þær upplýsingar, að eftir að ferjan var komin nokkuð áleiðis út á fjörðinn hafi vél hennar farið að hiksta með miklum skruðningum og hávaða, þannig að stjórnendur hennar þorðu ekki annað en stöðva hana og bíða síðan um stund, áður en þeir héldu aftur til sama lands, sem var miklu styttri leið og öruggara en að fara alveg yfir fjörðinn. Eitthvert hikst heyrðist að vísu í vélinni á leiðinni í land, en þó mun minna en fyrr og fór enn minnkandi. Og sem þeir eru lagstir við bryggjuna er vélin farin að ganga eins og klukka, án nokkurra aukahljóða eða truflana. Þess vegna tóku þeir þá ákvörðun að taka bíla og farþega um borð og halda svo rakleiðis aftur út á fjörðinn og yfir hann.

Allt gekk þetta eftir og yfir komumst við heil á húfi, og þegar upp var staðið var þarna einungis um fremur litla töf að ræða á ferð okkar. Kvöldmaturinn handan fjarðar bragðaðist soltnum ferðalöngum einstaklega vel.

Ekki þurfti frekari vitna við: Hér hafði okkar göfugi og góðviljaði landi, heilagur Þorlákur, fyrrum Skálholtsbiskup, sýnt okkur guðlegt afl – og lofuðum við nafn hans eins og verðskuldað var.

Kvöldverðargestur

Í Skagafirði hafa alið manninn margir gáfumenn, fræðimenn, skáld og hagyrðingar. Allir höfðu þeir að sjálfsögðu sín persónulegu einkenni, eins og á við um okkur öll. Ekki er því að neita, að einstaka þeirra þóttu „sérstakir“, eins og sagt var, eða jafnvel sérkennilegir að margra mati. Sumir þeirra bjuggu á Króknum en aðrir út um sveitir héraðsins, allt frá ystu nesjum og inn til fremstu dala. Allir auðguðu þeir, hver með sínum hætti, menningu og mannlíf í þeirra nærumhverfi og sumir þeirra einnig á víðara vettvangi.

Á æskudögum mínum var farið að fækka mjög fólki úti á *Skaga*, og þar með hagyrðingum og öðrum andans mönnum á þeim norðlægu slóðum. Að minnsta kosti tveir kunnir menn af því tagi voru þó enn heimilisfastir þar, þegar ég var á ungum aldri: *Gunnar Einarsson á Bergskála* og *Jón Norðmann Jónasson á Selnesi*.

Gunnar á Bergskála – bóndi, barnakennari og refa- og minkaskytta – var prýðilega skáldmæltur og eftir hann liggur töluvert af bundnu máli, sem sumt hefur birst á prenti en annað ekki. „Litróf“ kveðskapar hans var fjölskrúðugt, í bland fagrar og rómantískar nútúrulýsingar og áleitinn kveðskapur, jafnvel hrjúfur, sbr. þessa mannlýsingu:

Sálin: Blásið brunahraun.

Búkurinn: Moldarhreysi.

Starfið: Betl um stærri laun.

Stefnan: Ráðaleysi.

Gunnar var sannarlega heimilisvinur hjá fjölskyldu minni á Króknum og var þá gjarna hádegisverðargestur í kaupstaðarferðum sínum, en einnig gisti hann iðulega. Sagnamaður var hann góður og kunni líka að kveða. Hann var alkunnur í Skagafirði og mér og mörgum öðrum minnisstæður.

Nágranni Gunnars á Bergskála var Jón Norðmann Jónasson (oftast aðeins nefndur Jón Norðmann) á Selnesi við Selvík á Skaga. Jón var einn af þessum sérstæðu gáfu- og fræðimönnum, sem settu sinn svip á sína byggð og reyndar héraðið allt. Hann fór sínar eigin leiðir um margt og lá ekki á skoðunum sínum um menn og málefni, þegar hann var í þeim ham. Hann var alla ævi einhleypur og barnlaus og með vissum hætti einstæðingur, þótt hann bjargaðist þokkalega. Æviferill hans var um sumt sérstæður, þar sem þáttaskil urðu um miðjan aldur.

Fæddur var hann 1898, upprunninn í Hróarsdal í Hegranesi í hópi fjölmargra barna Jónasar Jónssonar bónda þar og gáfumanns, sem sagt var að hafi átt um þrjátíu börn að minnsta kosti, þegar allt var talið. Á unga aldri reyndist Jón góður námsmaður. Búfræðingur frá Hólum varð hann 1923 og lokaprófi frá Kennaraskóla Íslands lauk hann 1929. Nokkrar námsferðir fór hann til Norðurlanda. Barnakennari í Reykjavík var hann frá 1929 til 1957, lengst af við Austurbæjarskólann. Þá venti hann sínu kvæði í kross, sagði skilið við kennsluna sem meginstarf og flutti norður í land, nánar tiltekið á bæinn Selnes við Selvík, en af Selnesinu og úr Selvíkinni var mikið útræði fyrir á tíð.

Gerðist Jón nú bóndi og bjó á Selnesi allt til dauðadags, 1976. Einnig stundaði hann barnakennslu á Skaga í einhverjum mæli án þess að hún yrði nokkru sinni aðalstarf hans. Í frásögnum er, að hann hafi fyrstur manna ræktað sykurrófur á Íslandi. Á tímabili tók hann til sín drengi úr Reykjavík á sumrin, sem þar kynntust hollum sveitastörfum en heimilishættir munu þó um sumt hafa verið nokkuð sérstæðir.

Jón var hafsjór af fróðleik um menn og málefni á öllum tímum Íslandssögunnar og mikill kunnáttumaður í sagnfræðilegum efnum og frásagnameistari, þegar honum tókst vel upp. Athugull og gagnrýninn fræðimaður. Vel lesinn var hann og margfróður í ýmsum greinum.

Jón birti ýmislegt úr fræðasyrpum sínum, bæði í lifanda lífi og eins var birt eftir hans dag, en þó ekki nema brot af því, sem hann ritaði um forn fræði, er voru honum ævinlega einkar hugleikin. Skagfirðingabók, ársrit Sögufélags Skagfirðinga, geymir meðal annars athyglisvert efni eftir hann. Á síðari árum Jóns birtu fjölmiðlar allnokkur minnisstæð viðtöl við Selnesbóndann og eins birtust viðtöl við hann í bókaköflum. Um hann hefur einnig allmikið verið skrifað.

Margir vissu, að Jón var skyggn og gæddur sérstökum dularhæfileikum að öðru leyti. Suma drauga, sem gengu ljósum logum á Skaga, þekkti hann persónulega. Sagði hann ýmsum frá reynslu sinni í þeim efnum. Hér skal aðeins nefnt, að hann skýrði frá því, meðal annars í útvarpi, að í svefni eða svefnrofum hefði hann að staðaldri ágæt samskipti og vináttusamband við framliðinn mann, sem hvíldi í Þýskaleiði, svokölluðu, á Selnesi. Gæfi draummaðurinn honum meðal annars oft hollráð um daglega hluti, ýmist til beins hags eða viðvörunar, og hefði honum lærst að fara að þeim ráðum. Jón kvað mann þennan hafa verið af þýskum uppruna en hafa, fyrir nokkrum öldum, andast úr veiki um borð í hollenskri duggu, sem hafi legið inni á Selvíkinni, og verið urðaður á Nesinu.

Ýmsum var vel kunnugt um óvenjulegan fræðaáhuga og rannsóknir Jóns á fornbókmenntum okkar og þjóðfræðilegum viðfangsefnum og kunnu vel að meta framlag hans til þeirra fræða. Sem skýrt dæmi um það (og sem viðurkenningu á fræðum hans) má nefna, að á efri árum brá Jón undir sig betri fætinum og hélt til Bandaríkjanna í fræðilegum erindagerðum. Fannst víst mörgum hér heima athyglisvert þegar það spurðist, að í þessari ferð hafi Jón, einsetumaður á Selnesi við ysta haf, haldið fyrirlestur um Völuspá við sjálfan Harvard-háskóla, þangað sem góðkunningi hans, Einar Haugen,

málfræði- og bókmenntaprófessor, hafði boðið honum. Það mátti ekki minna vera, sögðu sumir er heima sátu – kannski af hálfgerðri öfund.

Jón fékkst meðal annars við rannsóknir á hinum forna *seið* meðal norrænna manna, sem ýmsar heimildir eru til um, og tjáði sig iðulega um þau efni. Sú saga gekk (kannski ekki dagsönn), að við auglýsingu á áðurnefndum fyrirlestri Jóns hafi Einar Haugen meðal annars kynnt fyrirlesarann sem sérfræðing í þessu efni. Það hafi þá sumir skilið svo, að Jón væri sjálfur seiðskratti norðan úr Dumbshafi. Hafi margir komið á fyrirlesturinn í þeirri von að sjá þar frumstæðan galdrakall, klæddan í gærur og roð, berjandi trumbu sína og sönglandi fornan seið, en orðið hissa og jafnvel eilítið vonsviknir, þegar í pontuna sté flottur, sléttrakaður og vel snyrtur herramaður í dökkum jakkafötum og með hálsbindi – alveg eins og hann væri prófessor við Harvard af gamla skólanum (áður en háskólakennarar í Bandaríkjunum fóru að mæta í kennslu og fyrirlestra á snjáðum gallabuxum og í fráhneptum skyrtum). Ég man eftir að hafa séð Jón, þegar hann var í kaupstaðaferðum á Króknum, og var hann þá, að minnsta kosti stundum, klæddur eins og enskur lord, meðal annars í drapplitum kamelfrakka, bersýnilega afar vönduðum.

Nú kemur örsaga af persónulegum kynnum mínum af Jóni á Selnesi, en þau kynni urðu því miður alltof stutt, aðeins ein dagstund:

Ég gekk í hjónaband vorið 1968. Fórum við ungu hjónin, sem enn vorum bæði í laganámi, að búa í leiguíbúð á Baldursgötu 12 í Reykjavík. Þá um sumarið sendi ég Jóni á Selnesi bréf, þar sem ég bað hann um að upplýsa mig, fáfróðan mann, um notkun *gapastokka* sem refsitækis í Skagafirði fyrr á tíð. Hafði ég þá séð í einhverju dagblaðinu viðtal við Jón, þar sem hann sagðist meðal annars búa yfir allnokkurri vitneskju um það efni, einkum frá Jónasi heitnum föður sínum, sem séð hafði leifar gapastokka á kirkjuþilum í héraðinu. Ekkert svar fékk ég við bréfi mínu.

Það mun svo hafa verið síðsumars þetta ár, er við hjónin vorum heima hjá okkur, að knúið er dyra og ég geng fram eins og húsbónda sæmir. Þar er þá mættur enginn annar en Jón Norðmann Jónasson, bóndi, fræðimaður og dulspekingur frá Selnesi á Skaga. Glerfínt klæddur, með hatt og í kamelfrakka. Ég þekkti hann vel í sjón enda þótt ég hefði aldrei talað við hann áður. Ég býð honum auðvitað inn og til sætis. Hann baðst þá afsökunar á því að hafa ekki svarað bréfi mínu en hafi þess í stað ákveðið að hitta mig persónulega næst þegar hann færi til Reykjavíkur. Og nú skýrði hann mér í löngu máli frá vitneskju sinni um gapastokka (sem ég gat síðan vitnað til í ritgerð um það efni, er ég samdi nokkru síðar). Auk þess fræddi hann mig á margvíslegu og minnisstæðu efni, sem ég drakk í mig, fróðleiksfús ungur maður. Fræddur var ég um ættir og atferli frægra Skagadrauga og eins í Hegrnesi, sem Jón hafði kynnst í æsku, auk ótalmargs annars, sem fengur var að.

Þannig liðu að ég held nokkrar klukkustundir við sagnabrunn hins roskna fræðapular.

Kona mín spurði nú Jón, hvort hann vildi ekki gera okkur þá ánægju og þann heiður að borða með okkur kvöldmat, sem hún færi nú að laga. Hann tók því boði þakksamlega og af lítillæti. Eiginkonan nýbakaða var á þessum tíma ekki orðin vön matseld og öðrum húsmóðurstörfum, en óhætt er að fullyrða, að hún lagði sig alla fram um að galdra fram góðan mat, sem gesturinn kunni svo sannarlega að meta. Hrósaði hann matnum mjög og bað um uppskriftir frá húsfreyjunni, sem auðvitað gladdi hana mjög. Kona mín segir mér nú, að á borðum hafi verið kjúklingur í karrí og á undan sveppasúpa, og man hún það auðvitað betur en ég. Borðhaldið var afar ánægjulegt í alla staði. Mæltumst við til frekari kynna, enda þótt ekki yrði af þeim af einhverjum ástæðum.

Ég minnst þess, að eftir að við höfðum drukkið kaffi að málsverði loknum hafði gestur okkar orð á því, að nú væri líklega best að fara að tygja sig til brottfarar. Bað hann mig þá að fylgja sér um Þingholtið til næturstaðar hans, sem var á þeim slóðum, en hann kvaðst óttast árásir frá illþýði, sem hann

gæti mætt á leið sinni. Varð ég vitaskuld vel við þeirri beiðni. Kvöddumst við svo í síðasta sinn.

Eins og áður segir andaðist Jón einum átta árum eftir þennan fund okkar. Hafði hann þá legið nokkuð á sjúkrahúsi þótt andlátið bæri að heima á Selnesi. Mun hann hafa orðið bráðkvaddur í stofu sinni þar. Sú saga gekk þá í Skagafirði, að símavinnuflokkur hafi á þeim tíma komið að Selnesi til viðgerða, en enginn kom þá til dyra, er þeir gerðu vart við þangaðkomu sína. Flokksstjórinn, kunnur prýðismaður á Króknum, er þá sagður hafa gengið að stofuglugga og skyggnst inn, í gegn um rúðuna. Eftir á mun hann hafa sagt, er hann lýsti því, sem hann sá til húsráðanda: „Þarna sat hann þá í stól, steindauður, og var að lesa í bók!“

Kynfræðsla og heimilisfræði á Króknum

Minningarnar hrannast upp, þegar hugurinn leitar til uppeldisslóða minna á Sauðárkróki forðum daga. Meðal annars minningar úr Barnaskóla Sauðárkróks og Gagnfræðaskóla Sauðárkróks, en síðarnefndi skólinn myndi nú svara til síðustu bekkja grunnskóla. Skólarnir voru á minni tíð í sama húsi en höfðu hvor sinn skólastjórn. Að sumu leyti voru þeir reknir sem ein heild. Meðal annars birtast mér myndir (yfirleitt mjög skýrar) af kennurunum, sem voru allir með tölu þrýðismenn þótt ólíkir væru innbyrðis eins og verða vill. Að minnsta kosti sumir þeirra voru góðir fagmenn. Þeir höfðu vitanlega sína kæki, sérvisku og takta, fannst okkur krökkunum. Reyndum við jafnvel að herma eftir sumum þeirra, eftir því sem geta hrökk til. Má vel vera að sitthvað hafi farið í taugarnar á okkur á þessum löngu liðnu æskuárum, sem nú verður aðeins tilefni að brosi og þakklátum hugrenningum til þessa góða fólks, sem var að reyna að ala mann upp og vísa krakkakjámum á rétta leið í lífi og starfi.

Í minningunni renna auðvitað barnaskólaárin saman í miklum mæli – en þó man maður einstaka atvik og ummæli nemenda jafnt sem kennara. Þrátt fyrir allt loðir enn í minninu sitthvað, sem kennararnir – er nú hafa lengi legið undir grænni torfu – sögðu við okkur, stundum jafnvel heilar setningar, sem festust í minni manns.

Hvað um það: Vitaskuld fannst manni misjafnlega gaman eða leiðinlegt í kennslustundum – og fór það bæði eftir kennurum og kennslugreinum. Hér læt ég nægja að minnast tveggja atriða, sem vissulega eru veigalítil (finnst manni nú), en lifa þó í minningunni:

Annars vegar er það svokölluð *kynfræðsla* (er nú nefnist svo). Í námsbók um heilsufræði, sem við áttum að læra eins og hvað annað, var reyndar örstuttur kafli um þetta mikilvæga mannlífssvið (man ekki hvað hann var nefndur þar). Var örugglega ætlast til að við læsum hann – en á minni tíð hlupu kennararnir yfir hann og ræddu efni hans lítt sem ekki í kennslustundum, líklega af gömlum vana og til að særa ekki blygðunarsemi nemendanna. Mér skilst hins vegar, að fyrir mína tíð hafi þessu efni þó að minnsta kosti verið gefinn nokkur gaumur af hálfu viðkomandi kennara við skólann – en þó með formerkjum, sem þykja líklega furðuleg í dag. Aðferðin var fyrrum dálítið heimóttarleg þótt hún endurspeglaði þáverandi viðhorf til þessara hluta.

Móðursystir mín, *Hrafnhildur Stefánsdóttir*, sem gekk í þennan sama skóla, sagði mér eitt sinn brosandi frá því, hvernig kynfræðslunni hafi verið hagað í skólanum á hennar tíð, allmörgum árum áður en ég fór að sækja skólann. Þá heyrði kennslan í heilsufræðinni undir sjálfan skólastjóran, *Jón Þ. Björnsson*, þann virðulega nákvæmismann. Þegar kom að þessum kafla í fræðunum fór hann að sem hér skal greina:

Hann skipti hópnum í tvennt eftir kynferði nemendanna, hefur víst ekki talið annað hæfa þegar fjalla skyldi um svona viðkvæmt efni, sem gat framkallað blygðunarsemi. Kennslustundin hófst svo með því að hann vísaði piltunum út úr skólastofunni um stundarsakir meðan hann ræddi við stúlkurnar, en að því loknu fóru námsmeyjarnar út en drengirnir komu inn í stofuna þar sem talað var yfir þeim. Frænka mín kvaðst lítið muna af því, sem ræða kennarans í stelpnahópnum fjallaði um, en sagði að hún hefði örugglega verið stutt og mjög almenns eðlis og alls ekki verið farið út í nein

„smáatriði“. Lokaorð kennarans voru, að hennar sögn, þessi (og fylgdi þeim mikil alvara): „Munið það bara stúlkur mínar að segja alltaf *nei!*“

Í dag mun strákur og stelpur, sameiginlega, kennd svokölluð *heimilisfræði* í grunnskólunum, þar sem meðal annars er fræðst um holla matargerð. Þessi fræði hétu einfaldlega *matreiðsla* á minni skólatíð, og auk þess voru *hannyrðir* stúlkna. Var kennslan í matreiðslunni einkum verkleg og fór hún fram í þar til gerðri stofu í skólahúsinu, þar sem nauðsynleg eldunartæki voru til staðar. Þarna var aðgreining nemenda eftir kyni alger, það er að segja að einungis *stúlkurnar* lærðu matreiðslu en strákar máttu hvergi koma þar nærri. Í staðinn lærðu þeir hins vegar *smíðar* og inn í smíðastofuna áttu stelpur ekkert erindi!

Á þessum löngu liðnu dögum var alls ekki venja á heimilum landsmanna, að karlmenn önnuðust matseld – það var kvennastarf. Hafði svo verið allt frá því að land byggðist. Í því ljósi var í sjálfu sér skiljanlegt að skólastúlkum – verðandi húsmæðrum og eldabuskum – væri kennd matseld á ungum aldri. Með því var verið að búa þær undir hlutverk þeirra á fullorðinsárum. Þessi aðgreining myndi hins vegar alls ekki falla að tíðarandanum í dag, á okkar jafnréttistímum, þegar algengt er að ungir menn annist matseld á sínum heimilum og farist það frábærlega, eins og ég þekki til dæmis svo vel af mínum syni.

Og nú lýkur þessum pistli með því að ég set lítið atvik á blað, sem sýnir „kvennaveldið“ í matreiðslunni. Þannig var, að ég og annar strákur úr mínum bekk áræddum einu sinni (en aðeins einu sinni) að forvitnast eilítið um hvað færi fram í matreiðslustofunni fyrrnefndu, en þangað höfðum við aldrei komið. Við læddumst að dyrum þar og gægðumst um gættir. Síðan stigum við aðeins inn fyrir dyrnar, hljóðlaust, og virtum fyrir okkur framandi umhverfi, þar sem kennslan fór fram með miklum myndarbrag. Góð matarlykt tók á móti okkur og ekki spillti útsýnið!

Kennslukonan var mjög stjórnsöm og röggöm kona, vel miðaldra og með langa reynslu að baki. Var til þess tekið, að hún hafði mjög góðan aga á þessum kvenkyns nemendum sínum og höfðu sumar stelpurnar nokkurn beyg af henni. Er við komum inn í stofuna var frúin niðursokkin við að leiðbeina nemendum við eitthvert borðið en varð svo litið upp og sá okkur, þessa aðskotagemlinga með forvitnu augun og undrunar- og aðdáunarsvipinn. Þá var ekki að sökum að spyrja: Hún snaraðist að okkur, þung á brún, og rak okkur út með harðri hendi (í bókstaflegum skilningi) og hæfilegum skömmum, sem við gleymdum ekki í bráð. Sannast sagna vorum við dauðhræddir við þessa skörulegu konu.

Aldrei þorðum við félagarnir að koma aftur á þessar slóðir í skólahúsinu og ég held, svei mér þá, að þessar ófarir hafi orðið þess valdandi, að ég varð um mjög langt skeið fráhverfur öllum persónulegum tilraunum til matseldar. Háir kunnáttuleysið á því sviði mér stundum enn – og verður sú „fötlun“ varla bætt úr því sem komið er.

Kynni af Þorgeirsbola

Margt óhreint hefur verið á sveimi í Sléttuhlíð í Skagafirði, fyrr og síðar, sem og víðar í héraðinu austan Vatna. Einhver allra magnaðasta afturganga, sem verið hefur í Skagafirði, og þó víðar væri leitað, er *Þorgeirsboli*, sem einkum gekk ljósum logum í byggðunum austan Vatna. Var hann talinn fylgja tilteknu fólki, sem þar átti búsetu, en stundum var hann einnig á ferð út og suður um byggðirnar, út í Fljót og lengst fram í Blönduhlíð, án þess að unnt væri að tengja það flandur neinum sérstökum mannaferðum eða gestakomum. Sannaðist þar, að afturgöngur dýra geta valdið skelfingu og usla engu síður en draugar í mennskri mynd.

Reyndar gerði Boli einnig vart við sig utan Skagafjarðar, einkum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, þar sem hann átti uppruna sinn.

Því var almennt trúað, að í Skagafirði ætti Boli lengi meginheimkynni sín í *Sléttuhlíð*, þótt víðar væri hann á ferð. Við Þorgeirsbola kannaðist fyrrum hvert mannsbarn í Skagafirði, flestir væntanlega af afspurn en margir höfðu þó séð hann, að eigin sögn, eða heyrt í honum öskrin, sem gátu verið ógurleg.

Eitt af því, sem gerir Bola sérstæðan í vænu safni drauga, sem verið hafa (og eru e.t.v. enn) í Skagafirði, er, að hann gat brugðið sér í margra kvikinda líki og var að því leyti ólíkindatól, en djöfulmóðurinn og illskan var ætíð sú sama, jafnvel þegar hann kom fram í kattarlíki! Ógnvænlegastur var Boli þó, þegar hann geystist um í sinni eiginlegu birtingarmynd sem kröftugt og sprettfrátt naut, er dró húðina á eftir sér, æðisgenginn af heift, blásandi, mäsandi og öskrandi, rauðeygður með tryllingslegu augnaráði, reiðubúinn

til að leggja menn eða skepnur í gegn með hornum sínum og ganga af þeim dauðum. Þeir, sem sáu hann þannig, gleymdu ekki þeirri sýn!

Fjölargar sagnir af Bola eru í alkunnum þjóðsagnasöfnum og víðar, en um uppruna hans ber sögnum ekki alveg saman. Almennt er þó á því byggt, að fyrri nafnið sinn dragi Boli af *Þorgeiri Stefánsyni* („*Galdra-Geira*“), sem hafi vakið hann upp til illverka um 1750. Slátraði hann þá ungu nauti, fláði það aftur á malir, þannig að húðin hékk við skrokkinn, og magnaði það síðan upp með rammri fjölkynngi sinni. Í sárið, þar sem húðin hafði verið flegin af, lét hann „af átta hlutum, af lofti og af fugli, af manni og af hundi, af ketti og af mús og enn af sjókvikindum tveimur, svo níu voru náttúrur bola með nautseðlinu.“ Vegna þessa gat Boli farið jafnt „loft sem lög og láð og komið fyrir sjónir í öllum þeim myndum, sem í honum voru náttúrur og eftir því sem honum þóknaðist.“ Þá er og í sögnum, að í lok mögnunargjörningsins hafi Þorgeir steipt sigurkufli af nýfæddu barni yfir Bola, í því augnamiði að gera hann ósigrandi.

Þennan óhugnanlega skapnað á Þorgeir síðan fyrst að hafa sent konu, sem ekki hafði viljað ganga að eiga hann, og er sagt að Boli hafi gengið af henni dauðri. Þorgeir bjó síðan á bæjum í Fnjóskadal og á Svalbarðsströnd og hafði Bola til ýmissa illvirkja, en með afkomendum hans, sem Boli fylgdi tryggilega, eignaðist óvætturinn síðan sitt annað „heimili“, það er í Skagafirði, einkum í Sléttuhlíð, eins og fyrr segir.

Óvíst er, að trúin á tilveru Bola sé með öllu útkulnuð í Skagafirði, einkum „út að austan“ en einnig víðar.

Sá, er hér pikkar á tölvu, varð þess heiðurs (en reyndar ekki ánægju) aðnjótandi að fá að heyra í Bola, þegar hann var drengur í sumardvöl á góðum bæ í Blönduhlíð fyrir mörgum áratugum. Svo bar þá við kvöld eitt mjög síðla sumars, þegar aldímmt var orðið og allir himinhnettir voru huldur

skýjum en stillt og gott veður og nýbúið að mjólka kýrnar, að afar kröftugt nautsöskur heyrðist suður af bænum, í átt frá efri hluta áreyra, sem þar eru. Var öskrið endurtekið nokkrum sinnum, með fremur stuttum hléum á milli, og var sannarlega óvenjumikill hljómur og styrkur í því, með einhverjum ógnarblæ. Á þeim slóðum, þaðan sem öskrið kom, gátu engir nautgripir verið á ferð, og vitað var, að kýrnar á næsta bæ, hinum megin við eyrarnar, voru löngu komnar í fjós.

Sumardrengurinn skynjaði, að fólkið á bænum varð felmtri slegið við öskrin, en auk þess urðu kýrnar í fjósinu órólegar og fóru að gaula ámatlega eins og þær væru skelkaðar. Kom það fram í hljóðlátu tali heimamanna, hálfgerðu hvísli, að hér gæti enginn annar en sjálfur Þorgeirsboli verið á ferð – og bætti það ekki myrkfælni drengsins!

Landkönnuður

Ég var enn á barnsaldri heima á Sauðárkróki, þar sem ég óx úr grasi, þegar ég las fyrst um *landnám í Skagafirði*, að áeggjan minna nánustu. Við fyrsta lestur festist að sjálfsögðu ekki sérlega margt í minni, sem þar sagði um menn og málefni, og staðfræðin með sínum örnefnafjölda sagði mér lítið, sem vonlegt var, nema um það sem ég hafði þekkingu á af eigin raun og helst var bundið við það umhverfi, er ég hafði fyrir augum daglega. Þó man ég að minnsta kosti eftir þrennu, sem varð mér hugleikið við þessi frumkynni af Landnámabók.

Fyrst má þar nefna frásögnina af unghryssinu *Flugu*, sem var allra hrossa fráust á fæti. Fluga kom út hingað með skipi í Kolbeinsárósi, týndist um sinn í Brimnesskógum í námunda við ósinn en öðlaðist síðar ævarandi frægð í Skagafirði, og reyndar einnig þjóðarfrægð, eftir ævintýrlega kappreið á fjöllum uppi – en týndist að lokum í feni á Flugumýri, landnámsjörð eigandans.

Þá skal telja *tundurör*, sem skotið var yfir beljandi jökulvatn í Austurdal, Jökulsá eystri, til þess að helga land hinum megin árinna (sem getur verið mesta forað yfirferðar), og í þriðja stað *staf* nokkurn, sem stungið var í jörðu á mörkum eins landnámsins, til fjalla, inni á öræfum.

Hestum var ég auðvitað vel kunnugur og átti auk þess ættir að rekja til Flugumýrar, heimalands hryssunnar fráú, og þekkti mig þar vel; stóð hún mér því einkar nærri eins og að líkum lætur. Logandi örvar hafði maður

séð svífa í indíánakvikmyndum, sem Sauðárkróksbíó sýndi iðulega á þeim árum (þótt þess háttar skreytasendingar væru á hinn bóginn sorglega fátíðar á Króknum á mínum uppvaxtarárum). En stafurinn, á sínum einmanalega stað fjarri byggðum bóllum, varð mér einnig áleitið umhugsunarefni, þá og oft síðan. Það, að hann skyldi hafa fengið sérstakt eiginnafn (að því er ég taldi) gerði hann óvenjulegan, auk alls annars.

Í Landnámu segir frá því að Hrosskell, einn landnámsmannanna í framdölum Skagafjarðar, hafi sent þræl sinn, er Roðrekur hét, upp eftir Mælifellsdal í landaleitan suður á fjöll. „Hann kom til gils þess, er verður suður frá Mælifelli og nú heitir Roðreksgil; þar setti hann niður staf nýbirktan, er (þeir) kölluðu *Landkönnuð*, og eftir það snýr hann aftur.” Heiti stafsins er sérstætt og eins og einhver dulúð yfir nafninu, en enginn veit nú við hvaða gil er átt í frásögninni. Allt frá því að ég las fyrst um þennan einmana útvörð landnáms Hrosskels hef ég séð hann fyrir mér sem merkan grip og auðkennilegan, alls ólíkan venjulegu smalapriki! Hafi hann verið úr íslensku birki, sem frásögnin sjálf bendir til, er ólíklegt að hann hafi verið þráðbeinn en sennilega hefur hann verið fremur hár, þar sem glöggt sást til hans úr nokkurri fjarlægð, á gilbarminum þar sem hæst bar, eftir að vel hafði verið hlaðið að honum. Af einhverjum ástæðum hlaut einnig, að minni hyggju, að hafa verið “höfuð” á stafnum, ískorin myndlíking einhvers konar ásjónu, manns eða dýrs, væntanlega skorin úr sérstökum trjábút og fest ofan á stafinn, eins og ég sá þetta fyrir mér. Þó ekki með svo grimmilegri ásýnd, gapandi og gínandi, að landvættir fældust við, því að það varð sannarlega að varast, en engu að síður með nægilegri svipfestu til að minna alla, menn og vætti, á að hér tæki við formlegt landnám, sem helgað hefði verið með augljósum hætti, að hér væru mörk umráðalands mennskra manna, annars vegar, og hins vegar uggvænlegra en um leið forvitnilegra hálendissvæða, sem breiddu úr sér allt suður til jökla og byggð voru vættum einum og huliðsverum. Þannig sá ég, og sé enn, fyrir mér alvarlega ásjónu *Landkönnuðar*, útvarðar mennskra umsvífa í nýju landi, horfa frá byggð á móti sólprýddum

jökulskjöldum í fjarska, ef til vill um margra ára skeið þar til hann fékk ekki lengur staðist óblíð öfl náttúrunnar á hálendi Íslands og hneig til jarðar eftir langa og tryggja varðstöðu.

Hér var vissulega um að ræða aðgerð sem hafði táknræna merkingu en þó um leið eitthvað enn meira, eins konar helgiathöfn, þar sem horft var til samskipta manna og vætta; þar sem setja þurfti umráðareglur, mennskum mönnum til hagsbóta, en um leið leggja grunn að skaðlausu sambylí manna og huliðsvera í þessu nýfundna landi.

Enn liðu allmörg ár uns mér urðu ljósari tengsl Landkönnuðar við önnur þau táknrænu og sýnilegu landnámsmerki og aðferðir, er landnemarnir notuðust við þegar þeir voru að marka sér landnám sín, *helga sér land*, einkum þó eftir að ég hafði, eftir ábendingu góðra manna, lesið merka grein þar um eftir *Dag Strömbäck*: “Att helga land: studier i Landnáma och det äldsta rituella besittningstagandet”, er birtist í afmælisriti helguðu Axel Hägerström, 1928. Það breytti ekki mynd þeirri sem ég hafði upphaflega gert mér af Landkönnuði, þótt mér yrði ljóst að hann væri hluti af stærra kerfi helgunartákna – og ætti sér meðal annars „frænda”, annan staf háan en að vísu nafnlausan, vestur í Móbergsgrekkum í Langadal, austur frá Blöndu, sem einnig er greint frá í Landnámu.

Enda þótt margt og misjafnt megji segja og hafi verið sagt um heimildargildi Landnámu, eins og skrif lærðra manna bera með sér, og augljós ónákvæmni og missagnir séu reyndar á ýmsu sem þar stendur og ekki þarf sérþekkingu til að sjá, hef ég aldrei efast um að margt það, sem segir um landnám í Skagafirði, mínu gamla heimahéraði, beri með sér fullan sannleika, sem geymst hafi í minni manna á þeim slóðum um alda skeið, þar til tekið var að skrá þessa merku bók, sem ekki á sinn líka meðal annarra þjóða – hvað sem líður tauti fræðimanna. Meðal þess er frásögnin stutta um Roðrek þræl og merkjastafinn góða, *Landkönnuð*. Sú frásögn er, að minni hyggju, ekki þessleg

að hún sé tilbúningur síðari manna heldur hafi hún gengið mann frá manni allt frá því að hinn ófrjálsi þegn greindi húsbónda sínum og heimilisfólki frá för sinni suður á fjöll og af Landkönnuði.

Nú á tímum lesa menn Landnámu með margvíslegu hugarfari og í ýmsum tilgangi, að því er ráða má af fréttum. Auk leikmanna, er lesa hana einvörðungu sér til ánægju, og fræðimanna, sem rýna hana á faglegum forsendum, þjónar hún nú sem sönnunargagn í dómsmálum – og mun áreiðanlega sjaldan vitnað í eldri ritheimildir en hana þegar tekist er á um eignarrétt og önnur réttindi yfir landi. Þangað sækir Hæstiréttur Íslands meðal annars heimildir um eignarrétt, umráðarétt eða nýtingarrétt að tilteknum landsvæðum í samtíma okkar og tekur, að því er helst má virðast, meira mark á ýmsu sem þar stendur en sumir þeir hálærðu fræðimenn, er hafa tjáð sig um heimildargildi hennar. Rjúpnaskyttur, sem staðnar hafa verið að skotveiðum á landsvæðum fjarri byggðum bóllum, hafa borið fyrir sig Landnámu til stuðnings þeim rökum sínum að land það, sem þeir nýttu til skotveiðanna, sé ekki undirorpið eignarrétti nokkurs manns – og svo mætti lengur telja um nytsemi Landnámabókar nú á dögum. En hinu má heldur ekki gleyma, að margt er þar orðað með þeim hætti að gefur tilefni til vafa, þannig að báðir málsaðilar geta iðulega borið fyrir sig sama bókarstaðinn máli sínu til sönnunar og framdráttar. Bóndinn, sem á í stríði við rjúpnaskyttuna, vitnar líka til Landnámu sínum málstað til styrktar, það er að hann og enginn annar eigi veiðilendurnar eins og glöggst megi sjá af ritheimildinni!

Við lestur Landnámu skyldu menn, hvað sem öðru líður, m.a. leiða hugann að því, að með námi landsins til byggðar og búfestu, í öndverðu, var stofnað til beins eignarréttar og annars konar eignarréttinda – meðal annars nytjaréttar – yfir landi, sem síðar hefur verið fylgt í framkvæmd og treyst á, með ýmsum hætti, eftir því sem aldir liðu og kynslóðirnar gengu fram. *Nám* eða *taka* eins og það er nefnt, þar á meðal landnám í þeim skilningi sem hér á

við, er annar stofnunarháttur *frumeignarréttar*, auk svokallaðrar *framleiðslu*, þar sem skapað er nytjaverðmæti, eignarrétti undirorpið, úr efnum sem ekki voru áður eignarrétti háð. Sá eignarréttur einstaklinga, sem varð til við landnámin eða í kjölfar þeirra, gekk síðan í erfðir, mann fram af manni, eða færðist frá einum til annars með kaupum og sölum, með gjöfum eða hverjum þeim lögmætum hætti öðrum, sem leiðir til þess að eignir skipta um hendur, frá landnámsöld til nútímans, frá þeim forfeðrum og formæðrum okkar, er fyrst byggðu landið, fram til mín og þín og þeirra samtíðarmanna okkar, sem nú kalla til eignarréttar eða nýtingarréttar yfir landinu – eða krefjast verndunar þess.

Allt frá fyrstu tíð mannabyggðar á Íslandi og fram til síðari tíma markaði *landeign* grundvöll efnahags manna, hvort heldur sem var smábóndans, sem hokraði á eigin landi þótt smátt og rýrt væri, eða stórbóndans, sem gat talið jarðir sínar í kippum, kot- og meðalbýlin jafnt sem höfuðbólin. Fyrr á öldum, þegar fram á sjónarsviðið komu auðmenn, sem stóðu fyrir fiskveiðum í stórum stíl og umfangsmikilli verkun á skreið til útflutnings, fjárfestu þeir ævinlega í landi, bújörðum og hlunnindum ásamt búpeningi, og svo var um flesta aðra efnamenn um alda skeið og fram til síðari tíma. Það þótti sjaldnast gæfulegt að safna að sér miklu magni peninga, slegins silfurs: landið stóð alltaf fyrir sínu en lausir peningar sköpuðu ókyrrð og ótta við þjófa og ofríkismenn, þótt sumir peningamenn – maurapúkar – hefðu það reyndar að tómstundaiðju sinni, dauðir, að rísla í peningum sínum, sem þeir höfðu falið á vísum stað. Það var ekki fyrr en með nýjum atvinnuháttum, að hluta til tengdum tækni til mun stórvirkari vinnubragða en fyrr, sem og með umtalsverðri þéttbýlismyndun, að tekið var að fjárfesta, svo að um munaði, í öðrum verðmætum en landi – og nú um stundir birtist auður sumra helst í talnarunum á tölvuskjám, sem lýsa síbreytilegri verðbréfaeign og skjótum viðskiptum í hörðum heimi samkeppni og útrásar.

En allt um það getur Landnáma, enn sem fyrr, verið uppspretta ánægju lesendanna jafnt sem grundvöllur að réttindum, sem tekist er á um fyrir dómstólum landsins. Hver lesandi upplifir hana á sinn hátt og, að því er ætla má, með misjöfnu móti eftir aldurskeiðum. Barnið eða unglingurinn sér sumt í öðru ljósi en fullorðinn maður, en lesendur á öllum aldri, sem nálgast bókina með opnum huga, finna þar ævinlega margt, sem kveikir áhuga og verður tilefni hugeiðinga, athugana og umræðna. Frásagnirnar um fund landsins og landnámin eru vel til þess fallnar að vekja áhuga manna á landinu, fósturjörðinni allri jafnt sem heimaslóðum hvers og eins.

Lærdómsríkt er að setja sig í fótspor landnámsmannanna, hinna fornu landkönnuða, og reyna að sjá landið frá þeirra sjónarhóli, leitast við að skynja það með þeirra augum. Hver, sem það gerir, verður eins konar landnámsmaður, *landkönnuður*, með sínum hætti, hvort sem hann lætur sér nægja að skyggjast um landið í huganum eftir leiðarvísi hinnar fornu bókar, með hjálp góðra landabréfa, eða fer um það akandi, ríðandi eða gangandi. Alltaf er eitthvað nýstárlegt að sjá og reyna, maður *eignast* landið, eða að minnsta kosti hlutdeild í því, með vissum hætti, tileinkar sér fegurð þess og áhrifamátt í öllum veðrum og á öllum árstímum, *nemur* það ef svo má að orði komast. Engum mun endast ævin til að sjá *allt* Ísland, þótt víðförull sé, og alltaf má kanna nýjar slóðir og sjá gamalkunna staði úr „nýrri” átt, af óvæntum sjónarhóli. Þannig getum við öll verið *landnemar*, í þessum nýja skilningi, og um leið *landkönnuðir*.

Lítið eitt um Marka-Leifa

Maðurinn – Hrösun og hugljómun

Í *Dómabóke Skagafjarðarsýslu*, sem nú er varðveitt undir safnauðkenninu *SKAG. GA/11 – 1899-1903*, gefur að finna refsidóm, er hér fylgir, en það var þáverandi sýslumaður Skagfirðinga, *Eggert Briem (yngr)*, með embættisaðsetur á Sauðárkróki, sem annaðist rannsókn þessa máls, eins og þá var títt, og kvað jafnframt upp dóminn:

Ár 1903, fimmtudaginn hinn 8. dag október mán. var á Sauðárkróki aukaréttur Skagafjarðarsýslu settur og haldinn af sýslumanni Eggert Briem með undirrituðum vottum. Var þá tekið fyrir málið:

Réttvísinn

gegn

Hjörleifi Sigfússyni á Glaumbæ

og í því uppkveðinn svolátandi

Dómur

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum upplýsingum í málinu er það löglega sannað að hann haustið 1902 hefur kastað eign sinni á lamb, er Sölvi bóndi Guðmundsson í Kálfárdal átti. Kom lamb þetta í bæjarrekstri að Sjávarborg, en þar átti ákærði þá heima, og kom ákærða þá strax til hugar

að kasta eign sinni á það. Var svo lambið í Borgarfénu fram á jólaföstu, þá seldi ákærði lambið manni á heimilinu. Síðar fékk eigandi lambsins vitneskju um þetta og hefur lambið verið honum afhent. Hið sama haust rakst ákærði á tvö lömb vestan úr Húnavatnssýslu. Lömb þessi lét hann upp í skuld, er hann var í. Hefur ákærði borið að hann í fyrstu hafi ætlað sér að greiða fyrir lömbum þessum og koma þeim fyrir í fóður, en þegar það tókst ekki kastaði hann eign sinni á þau og lét þau upp í skuld, er hann var í. Þegar fór að kvisast um að ákærði ætti ekki lömb þessi voru þau af kaupandanum afhent hlutaðeigandi hreppstjóra til meðferðar sem óskilafé. Hefur ákærði borið að hann síðar hafi séð sig um hönd og ætlað að ná í kindur þessar aptur, en þá var búið að afhenda hreppstjóranum þær. Ennfremur hefur ákærði jatað að hann þetta sama haust hafi slegið eign sinni á 8 kindur í Stafnsrétt. 5 af kindum þessum hafi hann vísitandi dregið saman við fé það, er hann átti að hirða þar í réttinni, en 3 hafi hann fyrst orðið var við þegar hann rannsakaði féð í Staðarrétt. Þessar átta kindur seldi hann svo strax í Staðarrétt án þess að afmarka þær. Hefur ákærði skýrt frá eigendum að nokkrum af kindum þessum en kveðst ekki hafa vitað hverjir áttu hinar. Nokkru síðar hitti ákærði 4 kindur í Borgarmýrum, er hann áleit vestan úr Húnavatnssýslu. Á þessar kindur sló hann eign sinni og seldi þær. Sama haust var hinn ákærði sendur tvívegis út að Skefilsstöðum til að hirða þar fé Sauðárhreppsmanna, og hefur hann kannast við að hann í bæði þessi skipti hafi gjört sig sekan í óleyfilegri kindatekt, en ekki hefur ákærði getað gjört ljósa grein fyrir hvað mörgum kindum hann hafi stolið í hvert skiptið. Þannig hefur hann skýrt frá því að hann í þessum ferðum sínum hafi kastað eign sinni á 3 kindur af fé því, er honum var afhent til meðferðar, og hefur hann tilgreint eigendur að þeim, en auk þess tók hann ófrjálsu í réttinni á Skefilsstöðum lambhrút eign Sigtryggs Jóhannessonar bónda á Hóli svo og aðra kind, er hann vissi ekki hver átti. Ennfremur hefur ákærði kannast við að þegar hann kom með rekstur sinn utan frá Skefilsstöðum hafi hjá Veðramóti 2 kindur vestan úr Húnavatnssýslu hlaupið saman við rekstur sinn og hafi hann tekið kindur þessar og selt þær sem sína eign á Sauðárkróki. Ennfremur keypti ákærði veturgamla kind úr vöktun á úrtíningsfé, er var geymt á Geirmundarstöðum, tilheyrandi Sigtryggi á Hóli, og sló eign sinni á hana og seldi. Ennfremur hefur ákærði við mörg réttarhöld ótilkvaddur skýrt frá því að hann hafi á hreppaskilum á Sauðárkróki tekið á móti lambi með soramarki [ekki vel læsilegt] Björns Þorlákssonar í Kolgröf og hafi í stað þess að koma því til skila slegið eign

sinni á það, en við upptöku máls þessa til dóms hefur hann tekið þennan framburð sinn aptur án þess þó að gjöra frekari grein fyrir þessu, og verður þetta apturkall ekki tekið til greina. Ennfremur hefur ákærði játað að hafa óleyfilega kastað eign sinni á 4 kindur haustið 1901, en einni af kindum þessum skilaði þó ákærði aptur til réttis eiganda, er eptir henni var gengið. Ennfremur er upplýst í máli þessu, að ákærði tók á móti á Skefilsstöðum gulmóóttu lambi er hann eignaði Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteinsstöðum, en er hann átti ekki lambið seldi ákærði það og er ekki búinn að standa hreppsnefnd Skefilsstaðahrepps skil á andvirði þess eins og þó til var skilið, en allt fyrir það virðist ekki eptir atvikum full ástæða til að dæma hann til refsingar fyrir þetta athæfi hans.

Hinn ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, hefur ekki áður sætt refsingu eða verið dæmdur fyrir nokkurn glæp. Afbrot hans heyrir undir 231. gr. 1. málslíð, 250. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin fyrir hann hæfilega metin með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. 12 – tólf – mánaða betrunarhússvinnu. Svo ber honum að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til hins skipaða svaramanns síns, Jóns hreppstjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt að vera:

Ákærði Hjörleifur Sigfússon á að sæta 12 – tólf – mánaða betrunarhússvinnu. Svo greiði hann allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 5 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða svaramanns síns, Jóns hreppstjóra Jónssonar á Hafsteinsstöðum.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Þingbókin upplesin og rétti slitið.

Eggert Briem

Vottar:

Brynj. Gíslason

Ólafur Briem

Parna er ekki um neina smámuni að ræða, alls 27 fjár, sem tekið er ófrjálsri hendi og komið í verð. Það þótti mikið á þessum tímum, þegar munaði um hverja sauðkindina hjá fátækri þjóð og litið var á sauðabjófnað sem einn hinn versta og svívirðilegasta glæp, er framinn varð.

Dóminum var ekki áfýjað til Hæstaréttar og hann hefur ekki fyrr birst á prenti en hér.

Dómpoli í máli þessu, *Hjörleifur Sigfússon*, var liðlega þrítugur maður, sem hafði alið allan sinn aldur í Skagafirði, umkomulítill allt frá barnsaldri, á ýmsum bæjum, oftast stutt á hverjum stað, og svo var um alla ævi hans. Hann var ætíð ókvæntur og barnlaus, ævinlega laus við og aldrei í bændatölu, stundum titlaður vinnumaður en í annan tíma lausamaður. Fæddur var hann 1872.

Hann var einn af kunnari Skagfirðingum á sinni tíð, aufúsugestur í skilaréttum í Skagafirði en einnig víðar um land. Hálfgerð þjóðsagnapersóna í lifanda lífi.

Hjörleifur batt um sumt ekki bagga sína sömu hnútum og flestir aðrir – var á sinn hátt einstæðingur þótt ekki væri hann mannfælinn. Sennilega hefur hann verið einhverfur, eins og sagt myndi í dag.

Mestan hluta ævi sinnar, fram á elliár, helgaði hann velferð sauðfjár og hrossa starfskrafta sína, sérkunnáttu og reynslu, ekki síst við eftirleitir og fjárrag jafnt í byggð sem á óbyggðum uppi, og lagði metnað sinn í að koma óskilafé til réttra eigenda.

Sérgáfa hans birtist í því, að hann kunni ógrynna fjármarka utanað, bæði mörk flestra eða allra skagfirskra bænda og einnig margra búandmanna víðar um sýslur. Var hann í raun réttri eins konar „lifandi markaskrá“ eins og oft var sagt um hann. Var hægt að „fletta upp“ í honum, þar sem hann var í réttum og ágreiningur varð um mörk á fé eða hestum, en réttir mun hann hafa sótt í 75 ár að minnsta kosti. Heiðursnafnið *Marka-Leifi* (sem hann var

oft kallaður) bar hann með réttu. Þá var hann fylgdarmaður margra um hálendislóðir landshluta í milli, enda þekkti hann hálendið eins og lófa sína.

Á öllum sínum fullorðinsárum var hann sannarlega maður með köllun, nánast heilagur maður í augum margra.

En enginn er *alger*, þótt margt hafi til brunns að bera. Á öllum mönnum eru fleiri hliðar en ein – og ýmislegt í háttum manna og hugarfylgsnum getur breyst í áranna rás. Sá, sem hefur farið illa að ráði sínu á unga aldri, kann með tímanum að verða fyrirmyndarmaður og gagnmerkur einstaklingur. Jafnvel refsidómur og eftirfarandi fangelsisdvöl þurfa ekki að spilla fyrir þroska viðkomandi manns. Þess eru vissulega mörg dæmi, að þeir, sem eitt sinn þurftu að þola refsivönd laganna, hafi sótt djúpstæða hugafarfarabreytingu, *betrun*, í fangahús, er þeir þurftu að gista um skeið. Er þá sannarlega vel, þegar svo tekst til.

Hjörleifur Sigfússon er dæmi um mann, sem öðlaðist *betrun* – varð að sumu leyti eins og annar og betri maður – við að afplána fangelsisdóminn, sem að framan var greindur. Hann kom í hegningarhúsið í Reykjavík 7. nóvember 1903 og laus var hann látinn 7. júlí 1904 eftir að hafa afplánað þar um það bil 8 mánuði af þeim 12, sem dómurinn hljóðaði upp á.^[3]

Eftir það verður breyting á Hjörleifi – og það svo um munar. Sagt er, að þegar hann var við skál síðar á ævinni hafi hann stundum rætt við menn um fangavistina og upplýst, að áður en til hennar kom hafi hann verið vondur við skepnur en að henni lokinni hafi hann ekki vitað göfugra hlutskipti en að bjarga þeim og vernda.

3 Hér er stuðst við upplýsingar úr ritgerð eftir *Björn Egilsson á Sveinsstöðum*, „Hjörleifur Sigfússon – Marka-Leifi“ í bók hans „Gengnar götur – Frásagnir og minningabættir“ (Sauðárkróki 1995), bls. 140-162, á bls. 145. Þar er meðal annars fjallað um hrösun Hjörleifs og fangavist, en um það mál var auðvitað mörgum Skagfirðingum vel kunnugt á sinni tíð, þótt þeir hafi örugglega flestir fyrirgefið honum þegar tímar liðu.

Hann tók nú, sem sagt, að helga líf sitt sauðkindinni og velferð hennar eins og áður hefur komið fram.

Viðtöl við Hjörleif birtust í blöðum og útvarpi og smám saman varð hann þjóðkunnur maður.

Einstæðingur og ljúfmenni með sérgáfu

Ég sá Marka-Leifa alloft þegar ég var barn og unglingur heima á Sauðárkróki, þar sem bernskuslóðir mínar voru, og minnst ég hans vel.

Þessi rosni, grannvaxni, hvíthærði og gráskeggjaði maður, með sína hásu rödd, gjarna voteygur og stundum óstöðugur á fótum, vakti athygli vegfarenda á Króknum, þegar hann kom þangað í kaupstaðarferðir, enda þótt hann léti lítið yfir sér.

Auðvitað var ég alinn upp við þá ímynd Leifa, sem flestir höfðu á þeim tímum – og það sannarlega með réttu – að þar færi fórnfús hugsjónamaður, sem lifði fyrir það eitt að hjálpa vegavilltu sauðfé, gjarna framan af öræfum, til réttra eigenda – oft gegn litlu eða jafnvel engu endurgjaldi að því er sagt var. Var almennt vitað, að hann þurfti stundum að þola harðræði af völdum náttúruaflanna, þegar hann var við fjárleitir sínar á einmanalegum slóðum fjarri mannabyggðum. Þótt hann væri ef til vill ekki mikill fyrir mann að sjá var hann í reynd furðulega seigur og harður af sér. Laun hans fólust oft í gleðinni einni yfir því að koma fé annarra manna á rétta staði og hjálpa þannig í senn mönnum og málleysingjum.

Þetta hafði verið hugur hans og iðja í ótalda áratugi, síðan hann var ungur maður. Af þessum sökum naut hann hlýhugar og virðingar alls þorra sveitafólks í Skagafirði – og kaupstaðarbúanna einnig.

Alltaf var hann þó sami einstæðingurinn, hálfgerð yllustrá í mannlífsflórunni, sérstæður og um margt einstæður með sérgáfu sína, markafraeðina, oft einn á ferð í byggðum jafnt sem óbyggðum. Blásnaður,

stundum heimilislaus að heita mátti en gestur víða, þar sem ýmsir urðu til að víkja góðu að honum. Vera má þó, að stundum hafi hann orðið að þola annað viðmót frá einstaka manni, þótt mér sé lítt kunnugt um það.

Vinfastur var hann við heilhuga og hlýhuga menn, karla og konur.

Hjörleifur var óskrifandi og illa læs (nema auðvitað á markaskrána!) eftir því, sem mér er best kunnugt um.

Fjárréttir Skagfirðinga og Húnavetninga sótti Hjörleifur allt frá unglingsaldri og fram um nírætt og var þar kærkominn hjálparmaður, enda „lifandi markaskrá“ eins og hann var oft kallaður svo sem fyrr sagði. Kunnátta hans í markaðsfræðum flýtti mjög fyrir réttarstörfum, því að hann sparaði mönnum að þurfa stöðugt að vera að fletta upp í markaskrár þegar óljóst var í svipinn hver átti markið á þessari eða hinni ánni, sem dregin var í réttinni.

Þegar Hjörleifur varð áttæður, í maímánuði 1952, efndu fjallskilastjórar milli Héraðsvatna og Blöndu til mikils samsætis honum til heiðurs í Varmahlíð. Var þar fjölmenni og ávörpuðu þá margir afmælisbarnið í bundnu máli. Af minn, *Stefán Vagnsson*, fyrrum bóndi á Hjaltastöðum í Blönduhlíð sem þá bjó á Sauðárkróki, kvað brag til Hjörleifs af þessu tilefni og eru þar í þessi erindi:

Þú hefur af huga góðum
um hálftrar aldar skeið
villtum og vegamóðum
vísað á rétta leið.
Þú leist þar aldrei til launa,
því laun þín ánægjan varð
og þakkir frá skynlausri skepnu,
er skilað var heim í garð.

....

Nú grænkar um grund og bala
við gömul Berurjóður.
Skúrir og dögg til dala.
Þú, Drottinn, ert öllum góður,
því vetrarins oki er aflétt,
nú ómar vorfuglasöngur.
Enn verður rekið á afrétt,
og enn verður farið í göngur.

Brennivín þótti Hjörleifi gott en mun sjaldnast hafa neytt þess í óhófi. Yrðu menn til að stinga að honum flösku eða fleyg, þegar tækifæri bauðst, hvort sem var í réttum eða ella, tók hann því með miklum þökkum og bar síðan ósvikinn hlýhug til gefendanna.

Um það vitnar þessi litla saga, sem hér greinir.

Minning um Leifa

Ég ólst upp hjá afa mínum, fyrrnefndum *Stefáni Vagnssyni*, á Sauðárkróki. Þegar ég hef verið um fermingaralður, að ég held, kom Hjörleifur Sigfússon eitt sinn í heimsókn til afa og dvaldi lengi á skrafi við hann. Var þar vinarþel á báða bóga. Eitthvað mun afa hafa gefið Leifa til bragðbætis með kaffinu, eins og þá þótti hæfa góðum gestum, og var hinn síðarnefndi orðinn nokkuð hýrgaður, er hann kvaddi þennan vin sinn. Afi fylgir honum fram að útidyrum, þar sem ég var reyndar staddur þá stundina. Var Leifi þá fremur óstöðugur á fótum og óstyrkur að sjá enda orðinn fjörgamall maður. Bað gestgjafinn mig að hjálpa Leifa í úlpu hans (sem ég man að var Gefjunarúlpa með gæru að innan, nokkuð snjáð að sjá) og gerði ég það auðvitað. En áður en Leifi rennir upp úlpunni (eða ég fyrir hann) kemur afi með fullan brennivínsfleyg og stingur honum í stóran og djúpan innri vasa á úlpunni og biður gamla manninn vel að þiggja. Þá fór gesturinn að brynna músum af gleði og þakklæti og kom varla upp nokkru orði. Stendur hann þannig um stund uns afi biður mig að fylgja honum í tiltekið hús í bænum, þangað sem Leifi átti eitthvert erindi, og leiddi ég hann þangað.

Vel má fylgja þessum línunum, að það fékk töluvert á mig, unglinginn, þegar Leifi fór að gráta, en slíkt hafði ég ekki áður séð til fullorðins karlmanns. Síðar skildi ég vel, að þarna var um eðlileg geðbrigði að ræða, miðað við allar aðstæður, og þurfti hinn aldraði kunnáttumaður um búfjármörk og góðvinur örfanfanna síst af öllu að blygðast sín fyrir að sýna einlægar tilfinningar sínar með þessum hætti.

Ekki minnst ég þess að hafa séð Hjörleif Sigfússon eftir þetta, en hann andaðist á Sjúkrahúsi Sauðárkróks í febrúarmánuði 1963, hátt á nítugasta og fyrsta aldursári. Eftir næðing æviáranna átti hann, síðasta spölinn, gott atlæti og aðbúnað í Hátúni á Langholti, og var öll sú gjörð við gamla manninn hjónunum þar til verðugs og minnilegs sóma.

Mannfagnaður

Ég er alinn upp á Sauðárkróki. Í maímánuði 1949, þegar ég var á fimmta árinu, hélt afi minn, sem þar bjó, upp á sextugsafmælið sitt með heljarmikilli veislu í samkomuhúsi bæjarins, *Bifröst* (þ.e. í „gömlu“ Bifröst, áður en því húsi var síðar breytt og það stækkað). Veislan var mjög fjölmenn og vel var þar veitt, eins og búast mátti við – meðal annars myndarlegar vínveitingar.

Ekki var gert ráð fyrir börnum í veislunni, allra síst smábörnum, en ég brá mér nú samt þangað (svona í líkingu við Egil Skallagrímsson forðum, þegar honum var meinað að fara í veisluna til afa síns), enda ekki langt að fara, bara á ská yfir götuna frá húsinu heima. Auðvitað vildi ég komast inn í mannfagnaðinn og vera hjá afa og ömmu og öðrum aðstandendum.

Í stiganum upp á efri hæð Bifrastar, þar sem samkomusalurinn er, stóð fjöldi fólks, mjög þétt, og mjakaðist hægt og bítandi upp stigann í átt að salnum, þar sem einnig var þá orðin þröng á þingi. Leiðin inn í fögnuðinn virtist mér því vægast sagt torsótt. En ég – sem var nú ekki sérlega hár í loftinu á þessum árum – tók þá til þess bragðs, að smjúga milli fóta fólks, karla og kvenna, stundum hálfboginn eða jafnvel á fjórum fótum, og gat þannig mjakað mér upp stigann og síðan eilítið inn á salargólfíð án þess þó að sjá neitt að gagni nema fætur. Þar var svo þétt staðið, frammi við dyrnar að minnsta kosti, að ég taldi það vænlegast að skríða hreinlega með gólfi, inn í veislugleðina.

Og nú vildi svo til, að ég var einmitt staddur – á þessari samkvæmisreisu minni – nákvæmlega til tekið mitt á milli fótanna á einni virðulegri peysufatafrú og undir pilsfaldi hennar, þegar hún verður vör við að einhver óboðin lífvera er þar á ferð, hrópar upp í skelfingu sinni, sem von var, þreifar niður fyrir sig, dregur mig fram í dagsljósið og kallar upp: „Guð minn góður! Þetta er barn! Hvað er barnið að gera hér? Það verður troðið undir. Bjargið því!“ – Sem og gert var, því að frammistöðukonur komu fljótlega og fjarlægðu mig af vettvangi. Þær sögðu mér, að ég hefði verið í lífsháska og svona lagað mætti ég aldrei gera aftur.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar – og ég hef sjálfsagt upplifað margt, eins og gerist og gengur, en reyndar furðulítið lært af reynslunni engu að síður, þótt ég þurfi ekki að skríða undir pilsföldum kvenna til að komast í veislur.

Eitt gagnlegt lærði ég þó af afmælisveislu afa míns, sem ég hef látið mér að kenningu verða. Sem sagt þetta: Það er mjög gott mál að halda upp á stórafmæli sín og að sækja þess háttar mannfagnaði sem gestur – en það er varasamt að þvælast fyrir fótum manna við slík tækifæri!

Nóbelsverðlaunahafi, bröndóttur köttur og skagfirskur tenór

Á árunum 1971 til 1973 dvaldist ég, ásamt eiginkonu minni, um tveggja og hálfis árs skeið við framhaldsnám í lögfræði við lagadeild háskólans í Bonn í Þýskalandi. Vinnuaðstöðu hafði ég á rannsóknastofnun fyrir þýska og rínenska réttarsögu, sem tengist lagadeildinni. Eigum við margar ánægjulegar minningar þaðan, einkum um gott og skemmtilegt fólk, sem við kynntumst þar og höfðum samskipti við, bæði á vinnustað og utan hans. Allan þann tíma, sem við dvöldum á þessum stað, naut ég þess að vera styrkþegi *Alexander von Humboldt-stofnunarinnar* í Þýskalandi, og var það einstök heppni fyrir mig að hljóta þann eftirsóttu styrk. Við hjónin bjuggum í ágætri íbúð í gestahúsi stofnunarinnar í borginni *Bad Godesberg*, sem er nú orðin útborg frá Bonn. Síðar nefnda borgin var um þær mundir höfuðborg Vestur-Þýskalands, eins og landið nefndist í munni manna, en hið opinbera heiti var Sambandslýðveldið Þýskaland, sem ríkið ber enn eftir sameiningu Vestur- og Austur-Þýskalands 1990. Berlín hefur nú tekið við hinu gamla hlutverki sínu sem höfuðborg í staðinn fyrir Bonn.

Enn sem fyrr eru höfuðstöðvar Humboldt-stofnunarinnar í *Bad-Godesberg* en eins konar „útibú“ er starfrækt í Berlín. Kynntumst við ýmsu prýðisfólki, sem starfaði í stofnuninni meðan við vorum þar í skjóli hennar.

Áður en við fórum til Þýskalands var ég um eins og hálfs árs skeið við framhaldsnám við lagadeild háskólans í Ósló en kona mín, sem var þar með mér, las lögfræði við Háskóla Íslands utanskóla.

Nú er frá því að segja, að meðan við bjuggum í Ósló, í lítilli íbúð á stúdentagarði þar, tókum við að okkur kött, bröndóttu læðu (sem þá var aðeins kettlingur) og nefndum hana *Pontu*. Þurftum við að fá sérstakt leyfi til að hafa hana á stúdentagarðinum, þar sem gæludýrahald var almennt bannað. Þegar líða tók á dvalartíma okkar meðal frænd- og vinaþjóðar okkar, Norðmanna, tóku að sækja á okkur áhyggjur út af því, hvað yrði um köttinn okkar, þegar við færum þaðan. Á þeim tíma sótti ég um og fékk styrk frá Humboldt-stofnuninni í Þýskalandi eins og fyrr segir og jafnframt loforð um íbúð í gestahúsi stofnunarinnar í Bad Godesberg. Enn var þó óleyst málið með Pontu greyið, sem var okkur afar kær – þótt hún væri ekki alfullkomin, til dæmis gat hún verið grimm við ókunnuga, einkum börn, og jafnvel einnig við fólk, sem hún þekkti.

Þær upplýsingar höfðum við fengið, að húsdýrahald væri stranglega bannað í gestahúsi Humboldt-stofnunarinnar í Bad Godesberg, þannig að horfurnar fyrir kisu voru ekki góðar. Við brugðum nú á það ráð – sem virtist í fyrstu ólíklegt til árangurs – að senda bréf til stofnunarinnar, þar sem við fórum þess auðmjúklega á leit að fá undanþágu frá þessu banni. Í bréfinu fórum við mörgum og fögrum orðum um Pontu okkar og alla hennar kosti (en gátum ekkert um gallana). Ég minnst þess sérstaklega, að við tókum fram í skrifti okkar, að hún væri „*sehr sauber und sympathisch*“ (sem útleggst: „afar hreinleg og geðþekk“) og tókum fram, að hún myndi alltaf verða höfð innandyra í íbúð okkar og myndi aldrei ónáða eða angra nokkurn mann.

Eftir á fengum við vitneskju um það, að þetta bréf hefði vakið talsverða kátínu á skrifstofum stofnunarinnar, þar sem það gekk milli manna og endaði að lokum á skrifborði forstjórans, dr. Pfeiffer, sem hafði sem betur fer þann húmor til að bera, að hann gaf jákvætt svar við umleitan okkar. Í bréfi hans

sagði, að lýsing okkar á kostum dýrsins hafi brætt hjörtu ýmissa starfsmanna og þar á meðal forstjórans, en það mættum við vita, að þessi undantekning frá dýrabanni í gestahúsinu ætti sér ekki fordæmi. Hrærð í huga sendum við þeim hlýtt þakkarbréf.

Nú kom að því að við fluttum inn í íbúðina í Bad Godesberg; ég, kona mín og kötturinn. Lengst af angraði kisa engan, enda gættum við þess að hafa hana í íbúðinni og slepptum henni ekki út nema í fylgd annars hvors okkar.

En þá gerðist nokkuð, sem hefði getað bundið endi á dvöl Pontu (og ef til vill okkar hjóna) í gestahúsinu. Einn daginn er hringt í konu mína, þar sem hún er stödd í íbúð okkar, og starfsmaður Humboldt-stofnunarinnar tilkynnir henni með skelfingu í röddinni, að nú sé heldur betur komið upp vandamál með köttinn okkar: Kisa væri sem sagt kominn inn í íbúð við hliðina á okkar dvalarstað í gestahúsinu. Í þeirri íbúð hafði fengið inni þá dagana heimsfrægur maður, nóbelsverðlaunahafi í kjarneðlisfræði, sem jafnframt var hvorki meira né minna en forseti Humboldt-stofnunarinnar, er var að sjálfsögðu mikið virðingarembætti. Hlaut stofnunin að sýna honum alla þá virðingu, sem honum bar, og þá um leið að vernda hann gegn innrás rándýra, svo sem katta.

Er nóbelsverðlaunahafinn kom í íbúð sína á miðjum degi var það fyrsta, sem við honum blasti, bröndóttur köttur, sem hafði komið sér afar þægilega fyrir á rúmi hans og horfði á hinn tigna mann allsendis óhræddur og hreyfði sig ekki af legustað sínum þrátt fyrir munnlega hvatningu í þá veru. Má vel vera, að kisa hafi hvæst örlítið á hinn fræga mann ef ég þekkti hana rétt. Hafði hann ekki önnur úrræði en að hringja í skrifstofu stofnunarinnar og biðja um leiðbeiningar um það, hvað hann ætti nú að gera í þessari erfiðu stöðu. Af lýsingu nóbelsverðlaunahafans á kettinum, sem um var að ræða, áttuðu starfsmenn stofnunarinnar sig fljótlega á, að þetta myndi vera Ponta okkar, er hefði með einhverjum hætti brotið skilmála þá, sem um hana giltu, og gert sig heimakomna hjá þessum mæta manni. Var þá gripið til þess ráðs,

eins og fyrr segir, að hringja til konu minnar og biðja hana að hirða köttinn hið snarasta. Að sjálfsögðu varð hún við því án nokkurrar tafar, knúði dyra hjá þessum mæta nágranna okkar, sem tók henni vel og kurteislega, og fór svo með köttinn inn í okkar íbúð.

Eftirmál vegna þessa atviks urðu engin, sem betur fer, og er það að þakka góðlyndi og kímni gáfu nóbelsverðlaunahafans og starfsmanna Humboldt-stofnunarinnar.

Eftir Þýskalandsdvölina átti umræddur köttur mörg og (að ég tel) góð ár á heimili okkar hjóna í Reykjavík.

Við rannsókn okkar á möguleikum kisu til að komast inn í íbúð hins heimsfræga manns kom í ljós, að hún hefur farið út um stofugluggann hjá okkur og gengið síðan eftir örmjórri og tæpri syllu utan á húsinu og yfir í opinn glugga nágrannaíbúðarinnar á sömu hæð, sem sagt hjá vísindamanninum mikla.

En svo að ekki gleymist að nafngreina þann mæta raunvísindamann, sem hér kemur við sögu, þá var þetta enginn annar en *Werner Heisenberg* (1901-1976), í hópi fremstu og kunnustu eðlisfræðinga heims, einn af frumkvöðlum skammtafræðinnar svokölluðu. Er hann var 26 ára að aldri setti hann fram hið svonefnda „óvissulögmál“, sem síðan hefur verið við hann kennt. Er almennt talið, að birting þess hafi breytt heimsmynd vísindanna. Kristján Leósson eðlisverkfræðingur lýsir óvissulögmálinu svo í stuttu máli á Vísindavefnum (og er sú lýsing vonandi flestum auðskilin):

Óvissulögmál Heisenbergs segir fyrir um það til dæmis að margfeldi af óvissunni í stað og skriðþunga tiltekinnar agnar í ákveðna stefnu sé alltaf stærra en tiltekið lágmark. Þess vegna er ógerlegt að ákvarða báðar stærðirnar í senn án óvissu. Þetta breytir hugmyndum vísindanna um hreyfingu, orsakir og löggengi. Mikilvægt er að gera sér ljóst að lögmálið fjallar ekki um

tæknilega örðugleika í mælingum, heldur um eðli veruleikans sjálfs; ógerlegt er að komast hjá óvissunni.

Þess má minnast, að Heisenberg var ekki nema liðlega þrítugur að aldri, er hann fékk nóbelsverðlaun í eðlisfræði (sem hlýtur að vera einsdæmi) og síðan starfaði hann meðal annars sem leiðandi maður við kjarnfræðitilraunir Þjóðverja um áratuga skeið. Sem betur fer tókst honum ekki að búa til kjarnorkusprengju meðan á síðari heimsstyrjöldinni stóð – annars hefðu valdahlutföll í heiminum líklega verið önnur en nú! Auk þess að vera lengi forseti Humboldt-stofnunarinnar var hann meðal annars um árabil forseti vísindaráðs Þjóðverja. Lýkur svo af honum að segja, en iðulega verður mér hugsað til þessa merka manns.

Ekki má skilja svo við íbúðina okkar í fyrrnefndu gestahúsi Humboldt-stofnunarinnar í Bad Godesberg að ekki sé getið lítils atviks, sem þar varð, og kemur stundum upp í hugann, til dæmis þegar kona mín minnst á það í annarra áheyrn!

Þannig var, að á æskuárum hafði ég gaman af að syngja og taldi sjálfum mér trú um, að ég væri upprennandi óperusöngvari. Heima á Sauðárkróki, þar sem ég ólst upp, hlustaði ég oft á fræga stórsöngvara í útvarpinu, svo sem menn, er fáir muna nú, til dæmis Enrico Caruso og Beniamino Gigli, en ekki síður Skagfirðinginn Stefán Islandi, sem margir sveitungar mínir mundu eftir og þekktu – og mátu fyrir snilldar sakir. Minnt skal á, að Pavarotti var ekki kominn til sögu í útvarpinu á þessum árum. Ég söng allt hvað af tók og var stöðugt að herma eftir þessum óperuhetjum. Að eigin mati gekk mér býsna vel en ekki er víst að sumir aðrir hafi deilt þeirri skoðun með mér. Svo mikið er víst, að eitt sinn, eftir að ég hafði tekið mikla árú „a la Caruso“ sagði amma mín blessunin, sem ég ólst upp hjá: „Palli minn, þú hefur mikla rödd – en þig vantar bara lagið.“ Þetta var eins og rothögg, þótt hún hafi áreiðanlega ekki meint neitt illt með þessu. Öll áform um heimsfræð í

veröld sönglistarinnar runnu út í sandinn. Enn í dag má velta því fyrir sér, hvort stóru óperuhúsin í veröldinni (La Scala, Metropolitan o.s. frv.) græddu fremur en töpuðu á þessu litla atviki!

Mér voru þó ekki allar bjargir bannaðar á þessu sviði. Lengi fram eftir árum átti ég það reyndar til að taka rokur með tilþrifum, þegar ég taldi mig engan trufla eða að minnsta kosti fáa. Ég hef nú löngu lagt það af, sem betur fer, en svo mikið er þó víst, að á fyrrnefndum dvalarárum mínum í Þýskalandi tók ég stundum ariur þegar ég hélt að mér væri það óhætt í gestaíbúðinni okkar.

Það hafði reyndar verið mér til allnokkurrar uppörvunar um þær mundir, að eitt sinn er ég var staddur í raftækjaverslun niðri í Bonn spurði afgreiðslumaður þar mig að því, með virðingu í rómnum, fannst mér, hvort ég væri óperusöngvari að starfi. Ég varð því miður að neita því en spurði hann á móti, hvers vegna hann teldi það vera líklegt. Þá svaraði hann: „Það er vegna þess, að þér hafið svo skólaða rödd.“

Út á þetta var mér alveg óhætt að taka nokkrar ariur þegar svo bar undir.

Eitt sinn var ég í íbúðinni ásamt konu minni og fannst þá viðeigandi að syngja nokkrar kunnar óperuariur. Að söngnum loknum heyrðist mikið lófaklapp og hávær fagnaðaróp í stigaganginum fyrir framan íbúðina. Dyrnar fram í ganginn höfðu víst verið opnar, að minnsta kosti í hálfu gátt, þótt ég vissi ekki af því. Í húsinu, sem er fallett fjölbýlishús, bjuggu Humboldt-styrkþegar frá mörgum löndum, oftast en ekki með fjölskyldum. Talsverður hluti þessa ágæta fólks hafði nú safnast fyrir í stigaganginum hið næsta okkar íbúð og lét það nú í ljósi hrifningu sína yfir því að hafa slíkan og þvílíkan stórsöngvara í húsinu.

Viðurkennt skal, að hvorki fyrr né síðar hef ég uppskorið hrós eða fögnuð áheyrenda fyrir söngflutning.

Að lokum þetta:

Söngur var að sjálfsgöðu kenndur í Barnaskóla Sauðárkróks á mínum skólaárum þar. Snemma á námsferli mínum varð lítill atburður í söngtíma hjá elskulegum og mikilhæfum söngkennara skólans, kunnu tónskáldi. Hann brá á það ráð, í byrjun haustannar, að biðja hvert og eitt barnanna í kennslustundinni að syngja, hvert fyrir sig, eitthvert lag með texta sem þau hefðu upphald á. Allir urðu krakkarnir við þessu, ég eins og aðrir. Allir sungu þá einhvern fallegan texta, til dæmis ættjarðarljóð eða eitthvað álíka, sem börn lærðu snemma í þá daga. Svo kom röðin að mér. Ég valdi að syngja vinsælan slagara, sem þá heyrðist oft í útvarpinu, að ég held í flutningi Hauks Mortens (sem Megas tók svo upp áratugum seinna), en hann byrjaði á þessum glæfralegu línunum:

Vindlingar og viskí og villtar meyjjar
gera mann óðan á örskammri stund.

Þetta grófa og ósmekklega val mitt féll bersýnilega ekki í kramið hjá söngkennaranum góða, því að hann tók þessu svo, að ég, barnið, væri að svívirða hann og lítilsvirða kennslu hans. Hann gekk að mér, titrandi af geðshræringu, og laust mig léttum kinnhesti. Ég steinþagnaði. Eftir það söng ég aldrei í tímum hjá honum en mætti alltaf. Hann bað mig að vísu afsökunar á þessari bræði sinni og virti það síðan við mig, að ég söng ekki undir hans stjórn. Þetta styrkti þá skoðun mína, að mér væri hentara að syngja einsöng (án truflunar) heldur en taka þátt í hópsöng.

Naturkyrrð og raddir að Klaustrum

Hraunþúfuklaustur innst í Vesturdal í Skagafirði er merkilegur staður sökum sagnhelgi og ekki spillir fagurt og svípmikið umhverfið undir háu bergstáli Hólófernishöfða. Í sögnum (að vísu fremur óljósum) er, að þar, innar öllum almennum bólstöðum, í jaðri öræfanna, hafi til forna verið klaustur. Hvað sem því líður benda lauslegar fornminjarannsóknir á staðnum til þess, að þar hafi verið fornþýli, venjulegur mannabústaður, í árdaga Íslandsbyggðar, sem snemma hafi farið í eyði. Greinilegar rústir á staðnum, sem blasa við ferðamanni, vitna ótvírætt til mannvistar á fyrri öldum.

Naturgisting á þessum eyðistað í hömrum girtri dalkvos verður hverjum manni ógleymanleg.

Ég hef komið nokkrum sinnum fram að Klaustrum, þó oftast án þess að eiga þar næturhvíld. Fyrir allmörgum árum fór ég þangað við annan mann um hásumar og gistum við þá í tjaldi, fast við rústirnar fornu. Við gengum síðan talsvert um nágrennið. Ég gleymi ekki kvöldkyrrðinni og fegurðinni á þessum stað.

Um nóttina vaknaði ég við mannamál í grennd við tjaldið. Voru þetta auðheyrilega samræður tveggja manna, en ekki gat ég þó greint orðaskil. Þetta var svo eðlilegt, að mér datt ekki annað í hug en að þar væru menn á

tali. Ég fór að lokum út úr tjaldinu, án þess að vekja félagi minn, og svipaðist um, en auðvitað var engan mann að sjá og ekki svo mikið sem eina sauðkind í sjónmáli frá tjaldinu. Ekkert nema næturkyrrðin. Skömmu eftir að ég var lagstur út af aftur hófst talið enn á ný en ég lét þá sem ekkert væri og hugsaði með mér, að þetta kæmi mér ekkert við, kannski væru þetta raddir einhverra dalbúa langt aftan úr öldum – „niður aldanna!“ Sofnaði ég brátt aftur. Þessi litli atburður sat þó í mér og olli mér nokkrum heilabrotum, satt best að segja. Sagði ég ferðafélaga mínum ekkert frá þessu fyrr en nokkrum dögum síðar!

Töluvert vatn var í ánni, sem fara þurfti yfir, áður en á rústastaðinn kom og lentum við í hálfgerðu basli þar þótt allt gengi að lokum. Þá man ég líka hvað snarbratt var að klöngrast upp úr dalkvosinni, með tjald og annan farangur, þegar við héldum til baka í átt að bílnum, sem við höfðum skilið eftir við veginn í um það bil tveggja kílómetra fjarlægð frá dalbrúninni.

Orðahnippingar og fjölmæli

Í litlu og fremur fámennu samfélagi, eins og var á Sauðárkróki á mínum æskuárum, kraumar mannlífið engu síður en í fjölmennari byggðum. Allar hliðar þess – góðar og slæmar og allt þar á milli – eru við lýði, sumar dular en aðrar „opnar“ og öllum þeim sjáanlegar og heyranlegar, sem augu og eyru hafa. Alls konar gamanmál og ný uppnefni fljúga um alla byggðina á örskotsstundu. Sum áföll verða þyngri í lítilli byggð en stórrí, ef svo má að orði komast, því að þau snerta oft flesta eða alla íbúana. Hvers kyns átök manna á meðal verða oft harkaleg og afleiðingar þeirra langvinnar. Eitt óvarlegt orð kann að kveikja neista, sem verður að báli. Þegar eldinum slotar situr eftir sviði, sem getur eitruð líf manna um langa hríð – hugsanlega einnig fólks, sem einungis eru afkomendur þeirra, sem upphaflega áttust við. Auðvelt er að koma illmælum á flot, til þess þarf ekki nema einn gikk. Það, sem sumum kann að virðast smámál, er og verður stórmál í augum annarra.

Íslendingar hafa löngum verið viðkvæmir fyrir *æru* sinni, það er því mannorði, er þeim fylgir og er hluti af sjálfsmynd þeirra og jafnframt þeirri mynd, sem aðrir gera sér af þeim. *Meiðyrði* – sem fyrr á tíð nefndust „*fjölmali*“, geta kallað á hörð viðbrögð. Svo hefur þetta verið allt frá upphafi mannabygðar í landi okkar, ef treysta má fornum sögnum. Í fornum lögum okkar lágu þung viðurlög við meiðyrðum, jafnvel svo, að menn gátu fallið óhelgir af orðum sínum (þ.e. hefndum varð ekki við komið, þótt þeir væru drepnir vegna stóryrða um nafngreinda menn – karla og ekki síður konur).

Meiðyrðalöggjöf síðari alda geymir ekki eins hrollvekjandi refsingar og fyrrum var en er þó fullvirk í daglegu lífi, enn á okkar dögum. Við opnum varla svo fjölmiðil, að ekki sé þar getið um einhver meiðyrðamál, sem til meðferðar eru fyrir dómstólum – eða þá, að meiddur maður lætur hafa eftir sér, að hann íhugi málsókn vegna svigurmæla í sinn garð.

Allt er þetta alkunna.

Stundum má þeim, sem standa utan við sjálfa atburðarásina, virðast sem lítið tilefni sé að baki harkalegum málaferlum, sem stofnað er til, með tilheyrandi þyngslum og eftirhreytum. Þó getur vissulega verið álita- og vafamál, hvernig ber að meta ummæli eða jafnvel einstök orð, sem uppi eru höfð um menn og málefni – og tíðarandinn breytist á þessu sviði jafnt sem öðrum.

Á Króknum voru *uppnefni* afar tíð á mínum æskuárum – og eru ef til vill enn. Yfirleitt voru þau innan almennra velsæmismarka (þótt frá því væru undantekningar) en sum þeirra voru áreiðanlega meiðandi fyrir þolandann, þótt þau vektu brosviður hjá öðrum. Erfitt er að kveða niður uppnefni, sem eru orðin alkunn, og svo mikið er víst, að þar duga málaferli skammt. Úr öðrum byggðum eru þekkt dæmi þess, að menn hafi hreinlega flutt búferlum í annan landshluta til að reyna með því að koma illkynjuðu uppnefni fyrir kattarnef, í nýju umhverfi þar sem enginn þekkir þá.

Fyrir mína tíð er þekkt dæmi frá Króknum um alkunnan mann, sem bar í munni margra viðurnefnið „strigakjafur“. Að honum látum skýrði kunnur rithöfundur frá þessu í bók, þar sem hann greindi frá mannlífi í þeim ágæta kaupstað. Afkomendur mannsins fóru í meiðyrðamál af þessum sökum og unnu það. Líklega myndi þetta ekki leiða til áfellisdoms í dag, því að meira má segja nú að ósekju en áður var.

Á æskuárum heyrði ég af dálítið sérkennilegu meiðyrðamáli á Króknum, sem þá var mörgum í fersku minni, en þar áttust við prýðilegir og kunnir borgarar þar í bæ.

Maður nokkur, A, sem var í ábyrgðarstöðu, stundaði allnokkuð stangveiði við Vesturós Héraðsvatna, þar sem oft er hægt að fá sjóbleikju og stundum lax. Eitt sinn var hann um borð í smákænu þar í ósnum við veiðarnar. Var hann þá allnokkuð við skál, eins og hann átti vanda til bæði fyrr og síðar. Svo illa tókst nú til, að farinu hvolfði undir honum og bjargaðist hann naumlega í land við mjög illan leik, örmagna og aðþrengdur. Mátti víst litlu muna, að hann missti þar líf sitt.

Gárungi á Króknum, B, þurfti nú endilega að slá þessu óhappi upp í kuldalegt grín, þótt minnstu munaði að það yrði að banaslysi. Lét hann hafa eftir sér, undir vitni, að ef A hefði farist þarna hefði það að vísu verið *mannfækkun* en ekki *mannskaði*. Ekki þurfti nú meira til, en þessi ummæli flugu vitanlega út um allt og brostu margir í kampinn – þó ekki allir, því að A fór í meiðyrðamál við gasprarann B og vann það.

Hætt er við, að niðurstaðan yrði ekki endilega hin sama nú um stundir, á tímum „netfrelsis“, þar sem flest virðist vera látið flakka án viðurlaga.

Ókyrrð í Marardal

Hér er ekki ætlunin að fara mörgum orðum um *Marardal*, sem liggur samsíða *Henglinum*, einu kunnasta „bæjarfjalli“ Reykvíkinga. Lítið ber á dalnum fyrir en maður kemur alveg að honum og horfir ofan í hann af brúnum hans, en hann er umlukinn klettum. Auðvelt er að ganga inn í hann á tveim stöðum, við norðurenda hans og suðurenda, en klettar og bratti hamla för úr öðrum áttum. Dalurinn er sléttur í botninn, vel grasi gróinn og þar er skýlt fyrir flestum vindáttum. Í honum er afar fagurt um að litast á öllum árstímum.

Þeir munu vissulega vera fleiri heldur en færri, íbúarnir hér á höfuðborgarsvæðinu, sem aldrei hafa komið í dalinn fagra.

Hægt er að mæla með gönguferð í Marardal, hvort heldur sem er að sumri, þegar allt er þar grænt, eða á gönguskíðum að vetrarlagi. Má þá leggja upp annað hvort frá Litlu-Kaffistofunni við þjóðveginn austur yfir Hellisheiði eða þá frá Kolviðarhóli eða hitaveitumannvirkjunum þar nálægt og ganga síðan norður fyrir Húsmúlann, en eftir það er auðfarið inn að Marardal. Eftir að upp úr dalnum er komið að norðanverðu er meðal annars auðvelt að ganga austur að Nesjavöllum, þar sem er góð aðstaða fyrir ferðamenn.

Merkileg saga fylgir Marardal og sérstæðum nytjum hans fyrir á öldum. Hann var nefnilega um langt skeið „geymslustaður“ fyrir nautpening konungs, ef svo má að orði komast, það er að segja fyrir myndarlega hjörð af nautpeningi, sem ætlaður var til frálags sem fóður fyrir hina konunglegu fálka, sem aflað var af Íslandi ár hvert og síðan fluttir úr landi með viðhöfn.

Góðir veiðifálfar, ekki síst Íslandsfálfar, þóttu konungsgersemi og voru afar verðmætir, enda miklu kostað til að afla þeirra og ala. Fálkunum hæfði einvörðungu úrvals fóður, einkum nautakjöt, hvort heldur sem var meðan þeir voru hér í geymslu og biðu ferðar til kóngsins Kaupmannahafnar með haustskipi, meðan á ferðinni stóð og svo, að flutningi loknum, í hinum konunglegu fálkahúsum í höfuðborginni. Mun hafa þurft fjölda nautgripa til að seðja þessa hungruðu og eftirsóttu ránfugla.

Haft skal í huga, að meðan þess var vandlega gætt, að fálkana skorti ekki úrvalsfæði og þeir stríðaldir á nautalundum var mannfólk á landi okkar iðulega soltið og vannært í miklum mæli.

Ár hvert var safnað saman fjölda nauta á Suð-Vesturlandi og þau rekin í Marardal, þar sem þau gengu sumarlangt á góðum bithaga og biðu slátrunar. Af hálfu nautahirðanna var svo um búíð að eftir að nautin höfðu verið rekin inn í dalinn var inn- og útgönguleiðunum þar lokað með grjóthleðslum, þannig að dýrin slyppu ekki úr prísundinni. Með þessum sérstæða hætti tengist Marardalur aldalangri „fálkaútgerð“ konungs á Íslandi.

Og nú kemur sagan, sem fyrirsögnin vísar til:

Fyrir mörgum árum fór ég eitt sinn í nokkurra daga gönguferð, einsamall, um Hengilssvæðið og nágrenni þess og hafðist við í göngutjaldi að næturlagi. Kom ég þá meðal annars í Marardal og átti þar notalegt síðdegi í afburða góðu veðri. Kvöldkyrrðin var alger og ekki bærðist hár á höfði. Góður og einfaldur kvöldverður spillti ekki fyrir.

Ég lagðist nú til svefns í tjaldi mínu, þegar á kvöld var liðið, og bjóst við því að eiga þar góða og órofna næturhvíld. En um miðja nótt, einhvern tíma um þrjúleytið minnir mig, er ég vakinn af værum blundi, heldur óþyrmilega. Þar sem ég ligg í tjaldinu heyri ég mikla háreysti útifyrir, nærri tjaldinu að mér fannst. Þetta var mikið traðk og ruðningar fjölda stórgripa, sem virtust

geysast eftir dalgrundinni þannig að glumdi í klettunum, sem að dalnum liggja. Þessu fylgdu hávær öskur nautgripa.

Vitanlega datt mér ekki annað í hug en að stór hjörð nautpenings færi um dalinn á miklum hraða, nærri náttstað mínum, og var ég satt að segja uggandi um, að stórgripirnir myndu traðka tjaldið niður og þar með fletja mig út!

Þetta var óvænt og óhugnanleg lífsreynsla, einstæð fyrir mig.

Ég skreið nú út úr tjaldinu, þar sem ég taldi mig þó öruggari utan þess en innan ef nautin gerðust ágeng. En um það bil sem ég er að koma mér út um tjaldrífuna verður allt hljótt í dalnum, þar ríkti skyndilega þögnin ein. Naturkyrrðin var fullkomin. Engin merki sáust um för kraftmikilla stórgripa, hvorki nærri tjaldinu eða fjær. Engin lifandi skepna var í dalnum!

Hvað sem því líður varð mér ekki svefnsamt það sem eftir lifði nætur, sem var björt á hásumri. Þessi undarlega lífsreynsla, sem mér er ómögulegt að reyna að skýra, sat í mér og fyllti mig hálfgerðum óhug. Eldsnemma um morguninn tók ég saman föggur mínar og hélt af stað norður fyrir Hengilinn, í fyrstu áleiðis til Nesjavalla.

Kemur til greina, að ég hafi þarna, alls óvænt, orðið eins konar vitni (þó aðeins heyrnarvitni en ekki sjónar) að „minningu“ frá þeim tíma, er nautpeningur konungs, ætlaður göfugum ránfuglum til viðurværis, var geymdur í þessum innilukta dal?

Við þeirri spurningu hef ég ekkert svar, en atburðurinn sjálfur hefur ekki liðið mér úr huga síðan ég lifði hann.

Skemmtanahald forðum daga

Þegar mér verður hugsað til æskuára minna á Sauðárkróki kemur mér stundum í hug gamla og góða samkomuhúsið þar í bæ, sem bar og ber enn hið göfuga heiti *Bifröst*. Hvað sá ég ekki margar kvikmyndir í Sauðárkróksbíói, sem var þar til húsa? Margar þeirra með heimsfrægum stórstjörnum, sannkölluðum hetjum hvíta tjaldsins, sem fáir muna nú eftir og unga fólkið hefur aldrei heyrt getið um: Roy Rogers, Clark Gable, Errol Flinn, Rock Hudson, Jerry Lewis, Soffíu Loren og Elisabet Taylor. Eða þá allar leiksýningarnar á vegum Leikfélags Sauðárkróks, sem hrifu unga hugi og eiga sér tryggan stað í minningunni. Fyrsta sýningin á Skugga-Sveini, er ég sá um ævina, fyllti mig hvoru tveggja í senn ótta og unaði, sem hefur fylgt mér síðan. Ég veit með vissu, að Sauðkrækingar hafa löngum átt frábæra leikara. Ég var lengi að ná mér eftir fyrstu indíánamyndina, sem ég sá í þessu göfuga kvikmyndahúsi, ægilega bardagamynd um ójafna viðureign þrautþjálfaðra kúreka vopnuðum byssum, annars vegar, og æpandi frumbyggja Ameríku með axir sínar hins vegar. Auðvitað stráféllu indíánarnir og lágu í valnum eins og flugur. Svoleiðis myndir var ekki farið að banna börnum í þá daga. Í Bifröst hélt karlakórinn Heimir – flaggskip skagfirskrar söngmenntar – glæsilega konserta. Þar voru haldnar erfidrykkur og veislur á stórafmælum góðborgara bæjarins, og svo mætti lengur telja.

Í hugum sumra (öl)glæðra manna voru þó *böllin* í Bifröst hápunktur alls, ómissandi hluti af tilverunni. Ég átti heima í húsi, sem stóð skáhallt á móti Bifröst, hinum megin við Skagfirðingabrautina, og gat því fylgst með

ýmsu, sem snerti böllin (beint eða óbeint), þótt það væri einungis úr öruggri fjarlægð. Mikil áfengisdrykkja fylgdi oftast þessum skemmtunum og allsgáðir samkomugestir voru í lágværum minni hluta.

Í þá daga var enn í tísku að *slást* á böllum, einkum eftir að þeim var lokið og fólkið streymdi út úr samkomuhúsinu góða. Ekkert ærlegt ball án líkamsmeiðinga! Það mátti reikna með því, að í lok hvers dansleiks í Bifröst tækju útúrdrukknið áflogaseggir sig til, hópuðust saman rétt norðan við húsið, á „hentugri“ malarflöt með strjálu grasi, þar sem þeir héldu að þeir hefðu nokkurn „frið“, og færu að slást. Þessu fylgdi mikil háreysti, bölv og ragn og allt hvað eina. Hnefahögginn buldu ótæpilega á andstæðingum, menn spýttu blóði, tennur fuku út í veður og vind (einnig falskir gómar) og rotaðir menn lágu í valnum eins og hráviði.

Svo kom oftast að því, þegar þessir áflogavargar höfðu slegist um alllanga hrið, að lögreglumenn (lögreglulið bæjarins var afar fáliðað í þá daga) komu á „vígvollinn“ og reyndu að skakka leikinn milli þeirra, sem enn stóðu í fæturna. Létu sumir slagsmálahundanna sér ekki segjast fyrr en þeir fengu að kenna á lögreglukylfum eða voru jafnvel rotaðir með þeim. Haft var eftir ágætum lögregluþjóni, sem ég man vel eftir, að við suma menn yrði einfaldlega ekki tjónkað fyrr en búið væri að rota þá. Síðan var farið með verstu áflogaboltana (með eða án meðvitundar) í næturgæslu í tukthúsi bæjarins, sem var ekki langt frá samkomuhúsinu – sem betur fer. Eftir lágu í svaðinu tannbrot af ýmsum stærðum og gerðum, meðal annars úr gervigómum, brotin gleraugu, blóðslettur út um allt og ýmislegt fleira áhugavert, svo að ekki sé nú talað um mölbrotnar brennivínsflöskur.

Ég vaknaði iðulega upp um miðjar nætur, þegar hávær og litrík áflog eftir vel heppnaða dansleiki hófust, og gat ekki stillt mig um að fylgjast með hamförunum gegnum rúðugler. Hugsanlegt er, að enn megi finna kaldhæðna menn, sem segi að þeim finnist að opinberir mannfagnaðir hafi sett nokkuð niður eftir að slagsmál á almannafæri, tengd skemmtanalífi, lögðust af eins

og nú mun að mestu orðið! Áflogaseggirnir virðast á sinn sérstaka hátt hafa fengið útrás fyrir hitt og þetta, sem þrengdi að sálarlífinu (svo sem ástarraunir ungra manna), því að almennt urðu þeir aftur bestu vinir, þegar runnið var af þeim – og söfnuðu svo kröftum fyrir næsta ball og næstu rimmu á flötinni norðan við Bifröst.

Þessi flöt norðan samkomuhússins, sem hér var getið um og ég minnst svo vel en er ekki lengur til í sinni gömlu mynd, gat einnig tengst tilteknum þáttum menningarlífs á Króknum en ekki bara böllum og slagsmálum. Frá henni var gengið inn um bakdyr samkomuhússins á jarðhæð. Þar fyrir innan voru meðal annars búningasklefi og leiktjaldageymslur Leikfélags Sauðárkróks og oft mikið um að vera þar, þegar æfingar eða sýningar stóðu yfir. Einn atburður stendur þó upp úr, sem tengir saman Leikfélagið og flötina með alveg sérstökum hætti. Í marsmánuði 1963 var verið að æfa þar leikritið Lénharð fógeta, sem margir kannast við.^[4] Lokaæfing („genaralprufa“ eins og það var kallað) var þá eitt kvöldið – síðasta „þrep“ fyrir frumsýningu, sem væntanlega hefur átt að fara fram á sæluviku nokkru síðar. Á þeirri æfingu voru allir leikendurnir, er voru margir, í viðeigandi búningum, sem auðvitað báru með sér svipmót fyrri alda.

Nú gerist það – einmitt þetta kvöld, þegar allt er á fullu í Bifröst – að yfir ríður mikill jarðskjálfti, er átti upptök sín út af Skagafirði og varð mjög snarpur víða um héraðið en fannst einnig eftirminnilega víða um Norðurland.

Er þá næst frá því að segja, að einn ágætur borgari á Króknum, að jafnaði virðulegur myndarmaður en afar ölkær (og langt um of að flestra mati), var á randi, sauðdrukkinn, þarna á malarflötinni fyrir norðan Bifröst og

4 Annað afbrigði sögunnar (sem varð fljótt eins konar „þjóðsaga“) nefnir annað leikrit en Lénharð, þar sem leikararnir hafi þó einnig verið í fornum búningum. Það skiptir þó ekki öllu máli, kjarni sögunnar verður hinn sami. Ég var ekki á Króknum, þegar þetta gerðist, því að ég dvaldist þá í Menntaskólanum á Akureyri, en heyrði fljótlega af þessum atburði.

átti fullt í fangi með að standa í fætuna. Þá skellur skjálftinn á og fleygir þessum góðvini Bakkusar kylliflötum. Liggur hann þannig á bakinu, horfir upp í loft og getur sig ekki hreyft í fyrstu. Á samri stundu, eða örlitlu síðar, opnast bakdyrnar fyrrnefndu og út tekur að streyma fjöldi fólks í fornum búningum, sumir vopnaðir sverðum og atgeirum og allt hvað eina. Tæmdist húsið brátt af leikurum, sem forðuðu sér dauðskelfdir út undir bert loft. Hlupu þá margir þeirra yfir góðborgarann, sem lá hinn stilltasti í mölinni og horfði forviða á þetta fornmannalið, sem sveif þar um allt. Hann ávarpaði nú suma, sem klofuðust yfir hann, og mátti þá greina á kurteislegu máli hans, að hann skildi þetta sjónarspil svo, að hann væri dáiinn – sem sagt kominn yfir um – og að þarna fengi hann að sjá framliðna forfeður sína og formæður aftan úr öldum. Haft var eftir einhverjum leikaranna, að vinurinn hafi meðal annars spurt að því, hvernig lifnaðarhættir og aðbúnaður væru handan landamæranna miklu.

Hann trúði því ekki nema rétt mátulega fyrst í stað, þegar honum var sagt, að þetta væru sprelllifandi leikarar í gamaldags búningum og að hérvistardögum hans sjálfs væri alls ekki lokið.

Særingar og hræringar

Í öðru greinarkorni, sem nefnist „Skemmtanahald forðum daga“, gat ég þess, að á unglingsárum mínum hafi mikill jarðskjálfti riðið yfir Norðurland, nánar tiltekið að kvöldi 27. mars 1963. Átti hann upptök sín úti fyrir Skagafirði og fannst meðal annars óþyrmilega á Sauðárkróki, Siglufirði, Dalvík og Akureyri. Stærð hans mun hafa verið 7.2 á Richterskvarða. Ekki varð verulegt tjón af völdum skjálftans, þótt kröftugur væri, en mörgum varð hins vegar um og ó. Eldra fólk minntist þá Dalvíkurskjálftans svokallaða frá 1934, þegar verulegar skemmdir urðu á mannvirkjum.

Um skjálftan 1963 kvað *Róberg G. Snædal*, skáld á Akureyri:

Jörð með rykkjum reis og hneig,
riðuðu á grunnnum hallir.
Þó að lítið væri um veig
voru „í kippnum“ allir.

Ýmsar minningar eru tengdar skjálftanum, sem hér um ræðir, sumar jafnvel spaugilegar svona eftir á að hyggja, þótt ekki skuli gert lítið úr eðlilegum ótta manna við blind náttúruöflin.

Það er einmitt minning af því taginu, sem ég ætla að festa hér á blað.

Á þeim tíma, er um ræðir, stundaði ég nám við Menntaskólann á Akureyri, þá ágætu stofnun, og bjó á Nýju-heimavistinni, svokallaðri. Stúdentsprófi lauk ég svo vorið 1964. Í því heimavistarhúsi, sem hér var nefnt, var, auk fjölmargra íbúðarherbergja fyrir nemendur, ágætt mótuneyti og jafnframt rúmgóð setustofa, þar sem nemendur sátu oft á kvöldin. Í setustofunni fóru iðulega fram kvöldvökur með blönduðu efni, þar sem nemendur skemmtu eða fræddu – en stundum sáu aðkomumenn um þess háttar efni.

Nú vildi svo til, að einmitt að kvöldi 27. mars var haldin kvöldvaka í stofunni. Var hún vel sótt eins og jafnan var um þess háttar samkomur á þeim stað. Ég var þar staddur ásamt ýmsum vinum og kunningjum úr skólanum, bæði af heimavistinni og „utan úr bæ“, eins og það var oft kallað.

Ekki man ég gjörla eftir öllum þeim dagskrárliðum, sem þar voru hafðir í frammi, nema hvað einn liðurinn ber langt af öðrum í minningu minni og ýmissa annarra, sem upplifðu þann atburð, sem nú skal greina. Þar voru meðal annars fluttir þættir úr hinu þjóðkunna leikriti *Gullna hliðinu* eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Voru það áhugaleikarar úr hópi nemenda skólans, sem önnuðust leikflutninginn.

Meðal hinna ungu leikara var prýðilegur Skagfirðingur, *Sigurður Guðmundsson* frá Sauðárkróki, skáld og leikari góður, sem síðar varð guðfræðingur og prestur. Hann fór með hlutverk *Óvinarins* (þ.e. Skrattans sjálfs) í þessu kröftuga atriði og var í svörtum búningi með höfuðhornum, eins og hæfði. Bar öllum saman um, að hann hafi farið afar vel og trúverðuglega með hlutverkið, svo að betur varð varla gert, fannst mörgum.

Hlutverk *Óvinarins* rís að margra mati hæst, þegar Kerlingin og Jón heitinn, maður hennar, hvers hrjáðu sál hún geymdi í poka sínum, standa frammi fyrir Gullna hliðinu að Himnaríki. Á hinn eilífa sælustað útvalinna sálna vildi sú gamla koma karli sínum hvað sem tautaði og raulaði, þótt hann hafi varla átt það skilið. Óvinurinn var hins vegar ekki hrifinn af þeirri hugmynd og vildi fá „sálina hans Jóns míns“ til sín í neðra. Beitti hann

hörðum særingum og bölbænum í því skyni að hrifsa hinn breyska mann, Jón bónda, til sinna heimkynna – og mælti í bundnu máli eins og hæfði tilefninu.

Hrikalegust birtist okkur særingin í þeim orðum, þar sem Pokurinn lýsir ofurveldi sínu og ómældum krafti. Þar fór Sigurður Sauðkrækingur, vinur minn, beinlínis á kostum, bæði hvað snerti raddbeitingu og leikræna líkamstjáningu – og ríki Myrkrahöfðingjans blasti við hinum ungu samkomugestum:

Víst á ég meira en heiminn hálfan.
Ég á hyldýpið, myrkrið og eldinn sjálfan,
svo undanbrögð koma engum að haldi.
Gegn uppreisn beiti ég slægð og valdi.
Ef níðingssál mig neitar að gista
skal nýja feiknstafi henni rista.
Ég myrkva loftið í mínu veldi,
ég magna skýin, læt rigna eldi.

Nákvæmlega á þessum punkti í hinum ógnvænlega skáldskap þess úr Neðra reið jarðskjálftinn yfir með afar miklum drunum og skörpum hræringum, þannig að húsið bifaðist meðan Sigurður hrópaði þessar línur yfir okkur og reyndi að yfirgnæfa náttúruöflin:

Ég öskra í þrumunni hærra og hærra,
og hamrana myl ég duftinu smærra.
Og þá skal úr læðingi leysast orka,
sem ljóssins fursta þorir að storka.
Hver hersveit skal rofin, heillum þrotin,
himininn klofinn og sundurbrotinn
byltast niður í botnlaust dýki - - -

Þegar hér var komið særingum Óvinarins stukku samkomugestir úr sætum sínum, allir sem einn, og þustu á dyr, skjálfandi á beinum.

Aldrei hef ég verið viðstaddur jafn áhrifamikinn listviðburð!

Tennur og menn

Í annarri grein („Skemmtanalíf forðum daga“) vék ég að því, að algengt hafi verið fyrr á tíð, að ýmsir skemmtanaglaðir og ölvaðir menn hafi „kryddað“ dansleiki, sem þeir sóttu, með handalögmáli og líkamsmeiðingum, hressilegum og stundum hrottalegum slagsmálum, þar sem öllum brögðum var beitt, líkt og leyfilegt er og tíðkað (upp að vissu marki) í sumum bardagaíþróttum, sem við þekkjum úr sjónvarpinu nú á dögum. Þetta gátu sannarlega orðið ófagrar aðfarir, þar sem sumir lágu eftir í öngviti en aðrir skjögruðu um með brotnar tennur og blæðandi andlit eftir flöskubrot, sem beitt hafði verið í hildarleiknum. Oftast voru þetta ungir menn, sem áttust við, og var það sammæli margra, að þeir væru gjarna að slást út af ungum stúlkum, er þeim leist vel á en aðrir kepptu um, eða þeir vildu heilla þær með því að sýna afl sitt og áræði. Stóðu þá meyjarnar stundum í kring um berserkina og ýmist supu hveljur með innsogi og jesúsuðu sig, þegar stór högg voru veitt, eða hrópuðu hvatningarorð, sem voru þá vissulega vel þegin.

Ég varð sannarlega vitni að þessu háttarlagi þegar ég var barn og unglingur heima á Sauðárkróki, þar sem ég ólst upp, sbr. fyrrnefnda grein mína um skemmtanalíf fyrr á tíð.

Þetta form á mannfagnaði mun hins vegar vart þekkjast lengur í sinni gömlu mynd. En svo mikið er víst, að um 1970 var það enn við lýði sums staðar úti á landsbyggðinni, einkum í sjávarbyggðum.

Ég lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1969 og starfaði þá næstu mánuðina, yfir sumartímann, sem fulltrúi sýslumanns í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, eins og sýslumannsumdæmið nefndist þá. Hafðist ég við í Stykkishólmi, þar sem sýslumannsembættið hafði sína bækistöð, en fór oftsinnis í leiðangra „út á Nes“ til að embættast þar með ýmsum hætti, ekki síst við að yfirheyra menn, sem sakaðir voru um óspektir og limlestingar á böllum, sem haldin voru í Grundarfirði, í Ólafsvík og á Hellissandi. Oft lauk þeim „málaferlum“ með einhvers konar dómssáttum: timbraðir ofstopamenn borguðu „brennivínssektir“, sem runnu til ríkisins (sem hafði jú selt þeim brennivínið, sem allt var sprottið af) og greiddu auk þess fórnarlömbum barsmíðanna einhverjar bætur, sem gátu til dæmis gengið upp í kostnað við tannviðgerðir o.þ.h. Þessar yfirheyrslur yfir brotlegum mönnum voru heldur leiðigjarnt og einhæft verk fyrir ungan og hressan lögfræðing, fannst mér á þeim dögum.

En, sem sagt, algengt var á þessum tíma að slegist væri svo að um munaði á böllum í kaptúnunum úti á Nesinu, er ég nefndi hér áðan, og til þess var tekið, að þar gæfi að finna mikla slagsmálaberserki, sem notuðu hvert tækifæri til að fara í harkalegar rimmur, þar sem beitt var hnúum, hnefum og fótum og sumir lágu óhjákvæmilega í valnum að leikslokum. Hins vegar var bæjarbragur á Stykkishólmi allur annar og þrúðmannlegri, sögðu kunnugir menn. Það sveif einhver gamalgróinn og fremur mildur menningarandi yfir vötnum í þeim fagra bæ – þar sem menn töluðu áður dönsku á sunnudögum að sagt var! Böll, sem haldin voru í Hólminum, voru líka yfirleitt mun settlegri en var um sambærilegar skemmtanir í sjávarplássunum, sem fyrr voru nefnd, og mun minna um lögfræðileg eftirmál en átt gat við um hina staðina. Mun þetta hafa skapað nokkurn ríg og spennu milli Hólmarar, annars vegara, og „útverjanna“ hins vegar, en hinir síðar nefndu trúðu því víst sumir og fundu fyrir því, að Hólmarar, þessir menningarmenn, litu niður á þá sem frumstæða rudda.

Samt var nú svo, að stundum gat slegið í rimmu á dansleikjum í Hólminum eins og annars staðar, þótt ekki væri það algengt. Þetta mun einkum hafa gerst, þegar ungir menn komu þangað utan af Nesi til að skemmta sér og öðrum, en þá kom fyrir að þeir vildu sýna Hólmurum hvað þeir gætu í hnefaleikum og fjölbragðaiþróttum. Gat þá farið svo, að einhver óheppinn Hólmari yrði fyrir barðinu á aðkomumanni, sem var að sýna líkamlega yfirburði sína og árásargetu.

Eftirfarandi saga sýnir þetta:

Einn daginn kemur fremur ungur maður til mín á sýsluskrifstofuna í Stykkishólmi og á við mig það erindi að kæra líkamsmeiðingu, sem hann hafði orðið fyrir á balli þar í bæ fyrir skemmstu. Þessi maður átti heima í Hólminum. Hafði þá Sandari (þ.e. maður frá Hellissandi), er staddur var á umræddum dansleik, ráðist á hann að óvörum, án nokkurrar ástæðu, og með þungu höggi slegið úr honum allar tennurnar – nánar til tekið: Báða fölsku gómana, sem hann hafði í munni sér, en þeir fóru í mál við höggið, sagði hann.

Þarna var greinilega um meiri háttar líkamsmeiðingu að ræða, væri rétt frá skýrt, og gat legið við allþung refsing auk verulegra skaðabóta. Ég spurði hann nú eitthvað nánar um þetta, og lagði hann þá meðal annars fram læknisvottorð auk skýrslu frá lögreglumanni – og svo eitt málsgagn enn: Allstórt og þykkt, brúnt umslag, lokað. Ég spurði, hvað það hefði að geyma. Opnaði hann það þá og hellti innihaldi þess á borðið fyrir framan mig, en það voru þá brotin úr fyrrnefndum tanngörðum, heldur óhrjáleg, vægast sagt. Bað ég hann um að setja þetta kurl snarlega í umbúðirnar aftur, en svo tók ég við umslaginu til geymslu um sinn. Hann lagði því næst fram formlega kröfu um, að meingerðarmaðurinn endurgreiddi honum kostnað við nýja tanngarða og ferðakostnað til Reykjavíkur af því tilefni.

Skömmu seinna fór ég út á Hellissand vegna ýmissa mála, sem tengdust mannlegum yfirsjónum þarlendra, og meðal annars kallaði ég þá fyrir Sandarann, sem var gerandi í fyrrnefndu „tanngarðamáli“.

Í fyrstu var hann tregur til að viðurkenna verknaðinn og sagðist efast um, að tjón hafi orðið sérlega mikið þótt vera mætti að hann hefði eitthvað lítillega komið við manninn, aðallega vegna þrengsla á ballinu. Þá hugkvæmdist mér að taka upp umslagið góða, sem ég hafði tekið með mér, opnaði það og stráði tanngarðsbrotunum – eins kræsileg og þau nú voru – á borðið fyrir framan hann og bað hann að virða ummerkin fyrir sér. Þá leit hann undan með hryllingi, gafst upp, viðurkenndi brot sitt greiðlega og bauðst meðal annars til að greiða þolandanum ríflega upphæð í bætur.

Mér lék forvitni á að vita, *hvers vegna* hann hefði verið að ráðast á þennan mann með fyrrgreindum afleiðingum. Ég spurði hann því, hvort hinn hefði verið að áreita hann eitthvað. Nei, hann kvað það ekki verið hafa. „Hvers vegna í ósköpunum gat þér þá dottið í hug að slá manninn svona?“, segi ég.

Hann horfði fyrst á mig þegjandi um stund en sagði svo: „Veistu hvað, það er bara einhver montsvipur á þessum Hólmurum, sem ég kann ekki við, þeir þykjast eitthvað betri en við hinir“.

Þar með var ástæðan komin – frekari skýringa var ekki þörf!

Tjáskipti

Í kunnu kvæði eftir góðskáldið *Tómas Guðmundsson* er minnt á þau sannindi „að hjörtum mannanna svípar saman í Súdan og Grímsnesinu“.

Öll erum við manneskjur, með sömu grunnþarfir fyrir kærleika og hlýju og gott og gefandi félagslegt samneyti við aðra. Lítaraft fólks ræður ekki (eða á sannarlega ekki að ráða), þegar kostir þess (eða gallar) eru vegnir. Dæmin sanna, að fólk af ólíkum kynþáttum getur vel búið og starfað saman og aðflutningur framandi manna er til þess fallinn að auðga menningu þeirra þjóða, sem við þeim taka – ef ekki er beitt óeðlilegum höftum eða harðneskju. Menningarflóran tekur á sig fleiri og skærari liti en áður var, meðan allt var dúðað mórauðu vaðmáli stirnaðra skoðana og háttar. Þessa megum við Íslendingar minnst – nú, þegar við búum í reynd í fjölmenningsþjóðfélagi og horfum á vaxandi straum innflytjenda af erlendum uppruna, sumra langt að kominna, bæði landfræðilega og menningarlega.

Auk flóttamanna er mannstreymi um heimsbyggðina af ýmsum toga. Leitað er eftir lífsgæðum, sem ekki eru, af einhverjum ástæðum, fyrir hendi á heimaslóð. Þar er væntanlega, auk almennra ferðamanna, í fremstu röð fólk í atvinnuleit en einnig menntamenn, sem fara til landa, er þjóða sérhæfða æðri menntun, sem mikill fengur er í. Þá er auðvitað æskilegt á sinn hátt, að viðkomandi haldi síðan aftur til síns heima, að þess háttar dvöl lokinni og auðgi sínar heimaslóðir með kunnáttu sinni og víkkaðri lífssýn, sem hann hefur öðlast við að kynnst framandi slóðum og „nýrri“ menningu.

Ég hef mörgum sinnum farið til annarra landa til að afla mér aukins fróðleiks og menntunar, yfirleitt við háskóla, við lengri eða skemmri kynni af þarlandum menntagjöfum og þjóðum. Er ég sannarlega þakklátur fyrir þau tækifæri, sem lífið hefur gefið mér til þessa.

Auðvitað lifir maður ýmis atvik, sem fá mann meðal annars til að hugsa um þau algildu sannindi, sem skáldið Tómas bar á borð fyrir okkur í frábæru ljóði sínu.

En er ekki hætt við því, að *tjáskipti* verði örðug milli fólks af ólíkum uppruna, sem ekki talar sömu tungu? Sannleikurinn mun hins vegar vera sá, segja reyndir menn og vitrir, að þar sem hjörtu slá saman í takt, í bróðerni og eindrægni, reynir lítið á tjáningarörðugleika. Það er eins og hugarstraumar sem og líkamstjáning, svokölluð, beri boð um vilja, skoðanir og ætlanir, sem tungan megnar ekki að tjá. Um þetta mætti vafalaust margt ræða, þótt ekki verði gert hér, enda brestur mig visku til þess. Aðeins læt ég nægja, að setja hér á blað örlitla sögu um óvenjuleg tjáskipti, sem oft koma mér í hug.

Þannig var, að við hjónin vorum eitt sinn með börn okkar ung, dóttur á fjórða ári og son á öðru ári, til sumardvalar í Þýskalandi, nánar til tekið í Bonn-Bad Godesberg við Rín, en þar dvöldum við oft fyrr á árum, jafnvel árum saman meðan við vorum í framhaldsnámi. Síðan eru liðnir áratugir. Þetta tiltekna sumar sat ég að jafnaði á daginn í húsakynnum háskólans í Bonn, þar sem er gott bókasafn, er ég hafði not af. Við höfðum góða íbúð í gestahúsi Alexander von Humboldt-stofnunarinnar, en ég hafði fyrrum verið styrkþegi hennar um langa hríð. Kona mín var þá heima í íbúðinni á daginn með börnin tvö og hafði nóg að sýsla.

Í gestahúsinu bjó fólk af mörgu þjóðerni í sátt og samlyndi, styrkþegar stofnunarinnar og fjölskyldur þeirra. Sumir voru af framandi slóðum, til dæmis frá Japan, Kína, Indlandi og Afríkuríkjum (mismunandi fjarlægum

evrópskri menningu). Þarna var sannarlega gott að vera. Kona mín kynntist sumum kvennanna, sem í húsinu dvöldust, og átti með þeim góðar stundir. Smábörnin léku sér saman í stórum, vel vörðum og grónum bakgarði við húsið, undir eftirliti mæðranna, og þaðan bárust háværir hlátrar, ærsl og hróp allan liðlangan daginn en allt fór þó vel fram.

Þarna var meðal annars lítil telpa frá Japan, um það bil jafnaldra dóttur okkar. Hún var kölluð Luna. Skemmst er frá því að segja, að þessar tvær litlu dömur urðu miklar vinkonur og mjög samrýndar. Voru þær oft úti í bakgarðinum við leik daginn út og daginn inn og undu sér afar vel. Engu máli virtist skipta, þótt okkar dóttir talaði bara íslensku og hin japönsku, eins og von var. Það hafði engin áhrif á vináttuna eða samskiptin.

Eitt sinn hafði kona mín vikið frá þeim vinkonunum í garðinum í smá stund. Þegar hún kom aftur til þeirra sátu þær litlu saman á bekk og voru niðursokknar í djúpar samræður eins og heyra mátti. Voru þær augljóslega að tjá sig, hvor á sinni tungu, um mikilvæg málefni, sem þær voru sammála um, því að oft kinkuðu þær kolli á víxl til samþykkis því, sem hin sagði, og til marks um áherslu á gagnkvæman skilning.

Kona mín spyr nú okkar dóttur, hvers vegna þær séu ekki að leika sér. Hún svaraði: „Við vorum bara að tala saman. Það er svoooo gaman“.

Nokkru síðar kom dóttir okkar til mömmu sinnar og sagði henni frá atviki, sem japanska vinkonan hafði sagt henni að hún hefði upplifað og dóttur okkar þótti merkilegt. Kona mín var nú ekki tilbúin að trúa því, að þarna væri rétt með farið, þar sem telpurnar töluðu sitt hvort tungumálið og ólíklegt að hægt væri að tjá þennan atburð með bendingum einum, svo hún bar þetta undir móður Lunu litlu. Og mikið rétt, öll lýsing dóttur okkar á atvikinu var rétt og nákvæm.

Og svo eru menn að tala um tjáskiptaörðugleika!

Trúlofun í turni

Sú var tíð, að ung pör, sem voru í giftingarhugleiðingum, *opinberuðu* trúlofun sína með því að setja upp hringa því áformi sínu til staðfestingar að ganga síðan í heilagt hjónaband. Og þetta var gert fyrir opnum tjöldum og haft eins opinbert og frekast var unnt. Í sumum dagblöðunum voru fastir dálkar, sem höfðu að geyma upplýsingar um fólk, sem nýverið hafði fest heit sitt eða gengið í það heilaga („Nýlega hafa opinberað trúlofun sína ungfrú ... og ...“). Gjarna var talað um „leynilegar“ trúlofanir allt fram að því að hringar voru settir upp.

Allt virðist þetta vera orðið mun lausara í reipum hjá unga fólkinu nú á dögum og almennt ekki sami hátíðleiki yfir heitbindingum um hjúskap og fyrrum var. Ætla ég mér ekki að gerast dómari um það, hvort traust og samheldni hafi verið meiri meðan hátíðleikans gætti meira en nú er almennt orðið. Hringtrúlofanir gátu vissulega rofnað þá á sama hátt og er um nán sambönd fólks nú um stundir. En hvað um það: Fólk, sem komið er nokkuð til ára, man enn vel hina gömlu tíma og margir eiga góðar og skýrar minningar um „opinberanir“ upp á gamla móðinn.

Ytri aðstæður við þau tækifæri gátu verið ólíkar eins og gefur að skilja – allt frá rómantískustu stöðum í heimi niður í það neyðarúrræði að skiptast á hringum fyrir tilstilli póstpjónustunnar.

Hér skal sagt í örstuttu máli frá dálítið óvenjulegri „umgjörð“ atburðar af þessu tagi, sem vissulega hefur orðið parinu, sem þar staðfesti heit sín, eftirminnileg.

Þannig er mál með vexti, að eitt sinn fyrir ævalöngu vorum við, ég og kona mín, leynilega trúlofuð eins og gekk og gerðist hjá ungu fólki. Fórum við svo að ræða um það, hvenær tímabært myndi verða að setja upp hringa og „opinbera“. Niðurstaðan varð sú, að rétt væri að láta til skarar skríða síðsumars 1967 – fyrir bráðum fimmtíu árum – nánar til tekið í ágústmánuði það ár. Þetta sumar stóð svo á, að unnusta mín, sem var þá laganemi við Háskóla Íslands, dvaldi við frönskunám í Frakklandi um nokkurra vikna skeið, en ég var meðal annars að lesa undir fyrrihlutapróf í lögfræði við Háskólann. Fór ég svo til Hollands og var þar í nokkrar vikur á námskeiði í alþjóðarétti við Þjóðréttarakademiuna í Haag. Þannig höfðum við ráðstafað tíma okkar fram í ágúst en sammæltumst síðan um að hittast í París, eftir að við hefðum lokið námskeiðum okkar – og nota þá jafnframt tækifærið til að setja upp hringana, sem ég hafði keypt dýrum dómum í gullsmíðaverslun í Reykjavík áður en við fórum utan, og síðan geymt þá vel en farið leynt með.

Allt gekk þetta eftir. Hátíðisdagur okkar, 12. ágúst, rann upp, og þá skyldu hringar dregnir á finger. Veður í París var reyndar slæmt þann dag, ausandi rigning, en við létum það auðvitað ekki á okkur fá. Við vorum búin að taka þá ákvörðun, að þetta myndum við framkvæma uppi í sjálfum *Eiffelturminum* þar í borg, hvernig svo sem viðraði. Sá staður fannst okkur, unga parinu, afskaplega rómantískur og í alla staði vel fallinn til þessara stórræða. Auðvitað vorum við búin að ákveða þetta löngu fyrir fram, og því varð að sjálfsögðu ekki haggð, allra síst út af svo ómerkilegu atriði sem veðurfari.

Ætlun okkar var sú, að fara alveg upp í topp turnsins (nokkuð hundruð metrum ofar jörðu) og setja þar upp hringana. Við fórum nú með lyftu þangað upp, en er þeim áfanga var náð leist okkur ekki á blikuna, satt best að segja. Rigningin var svo hatrömm að ekki var verandi úti á efsta pallinum, sem er án þaks, og á pallinum þar rétt fyrir neðan, sem þó er byrgður að einhverju leyti, fossaði vatn án afláts milli gisinna stálbita, og dugði léttur klæðnaður okkar lítt við þær aðstæður. Þar að auki var þar allt troðfullt af

hundblautum túristum. Sem sagt: Staðurinn var alls ekki aðlaðandi, þegar allt kom til alls, og óhæfur til að innsigla hjúskaparheit með gullhringum.

Hvað var nú til ráða? Auðvitað kom ekki til greina að gefast upp og hætta við. Okkur hugkvæmdist þá að fara með lyftu langt niður í turninn og heimsækja þar dýran og fínan veitingastað, sem við höfðum séð auglýstan þegar við vorum að fara inn í turninn. Þar ætluðum við að fá okkur málsverð í notalegu uphverfi og svo auðvitað setja þar upp hringana. Þó urðum við að híma allengi enn á randi ofar jörðu áður en við gætum farið inn á veitingahúsið, því að í ljós kom að það opnaði ekki fyrir gesti fyrr en að drjúgri stund liðinni.

En svo kom að því, að við gátum gengið inn á þennan dýrindis stað, dauðfegin, því að við vorum skjálfandi af bleytu og kulda. Við vorum einu gestirnir en fjöldi þjóna var þar. Eftir að okkur hafði verið vísað til sætis með pompi, prakt og höfuðhneigingum komu matseðlar og vínseðlar, er kynntu rétti á heimsmælikvarða ásamt viðeigandi vínunum. Auðvitað var þetta í verðflokki, sem var í raun réttri umfram fjárhagslega getu okkar, ungra námsmanna, en við létum okkur samt hafa það: Tilefnið var nú einu sinni alveg einstakt.

Nú var komið að þeirri stóru stund, að hringarnir skyldu settir upp. En þá kom babb í bátinn. Það kom nú í ljós, að við vorum bæði svo feimin og hlédræg, að við gátum ómögulega sett upp hringana með hátíðlegum hætti, þar sem allt þjónaliðið (við töldum 16 manns, segir kona mín) hafði raðað sér upp við borðið okkar og beið þess að uppfylla sérhverja okkar minnstu ósk, er laut að mat eða drykk. Eina ósk okkar á þeirri stundu, sem við höfðum þó ekki burði til að bera upp, var sú að þeir myndu hverfa á braut, allir með tölu! Varð því niðurstaðan sú, að við *opnuðum öskjuna utan um hringana undir borðinu og settum þá síðan upp þar í felum, í góðu skjóli undir síðum og þykum borðdúk, skjannabvítum*. Að því búnu drógum við hendurnar undan dúknum, tylltum þeim á borðið fyrir framan okkur og stöðum með stjórnur í augum á glampandi gullið.

Þá fyrst var hægt að fara að panta af mat- og vínseðli.

Síðar, þegar við hjónin höfum rætt um þennan minnisstæða atburð, höfum við orðið sammála um, að ef við hefðum bara haft bein í nefnu og verið nógu kjörkuð til að „opinbera“ frammi fyrir þjónunum hefðu þeir örugglega brugðist við af hofmennsku og borið í okkur alls konar kræsingar í boði hússins, ásamt hamingjuóskum framkvæmdastjórans sjálfs. Með kveðjunni hefði vafalaust fylgt flasku af eðal-kampavíni.

Tvær skáldkonur

Í æsku minni var allmargt andans manna með heimilisfesti á Sauðárkróki, einkum skáld og hagrðingar, sumir þeirra landskunnir. Ekki má heldur gleyma fræðimönnum, einkum á þjóðlegan fróðleik og ættvísi. Átti ég því láni að fagna að kynnast sumu af þessu ágæta fólki, en meðal þess voru góðir heimilisvinir minnar fjölskyldu. Ólst ég sannarlega upp við kveðskap og vísnamál auk fræðandi frásagna af ýmsu tagi. Eitthvað af því tagi síaðist inn fyrir höfuðskelina og hefur fylgt mér æ síðan.

Mun meira bar á körlum en konum í hópi þessa fólks. Eins og gefur að skilja var þó hægt að benda á margar konur í Skagafirði, sem voru hagrðar ekki síður en karlarnir – en þær voru hins vegar hlédrægar, að því er virtist, og bar því minna á þeim. Hygg ég að þannig hafi þessu verið farið víðar um land.

Á Króknum bjuggu um alllangt skeið tvær landskunnar merkiskonur, sem nutu virðingar sem skapandi listamenn orðsins. Báðar voru þær hlédrægar og afar hófsamar manneskjur en snilld þeirra spurðist þó víða.

Önnur þeirra var skáldsagnahöfundurinn *Guðrún Árnadóttir frá Lundi* (f. 1887, d. 1975), sem lét eftir sig 26 frumsamdar skáldsögur, er hún andaðist háöldruð, löngu eftir að ég barst frá Króknum vegna náms og starfa. Hin var skáldkonan *Ólína Jónasdóttir* (f. 1885, d. 1956), sem var jafnvígur listamaður á bundið og óbundið mál.

Guðrún var frá Lundi í Fljótum en bjó árum saman úti á Skaga. Til Sauðárkróks flutti hún 1940 og bjó þar æ síðan með manni sínum og börnum, meðan þau voru enn í föðurhúsum.

Þar í bæ starfaði hún að skáldsagnagerð sinni og um langt skeið mátti segja að ein bók kæmi frá hennar hendi ár hvert. Biðu tryggir lesendur hennar víða um land spenntir eftir hverri nýrri bók úr smiðju Guðrúnar frá Lundi.

Bækur hennar fjölluðu gjarna um lífið í sveitinni fyrrum, eins og Guðrún hafð kynnst því á yngri árum, með öllum mögulegum tilbrigðum mannlífsins. Á útgáfutíma bókanna var enn uppi fjöldi fólks, sem mundi þá tíma og kannaðist því við svo margt, sem bækurnar höfðu að geyma. Frásögur Guðrúnar voru gjarna gæddar spennu og dramatík og þar blómstraði ástin, sem oft mætti þó hindrunum. Til voru þeir – er svifu um á upphækkuðu plani skapandi lista – sem töluðu fremur niðrandi um rómana Guðrúnar og vildu telja þá til svokallaðra „kellingabóka“, sem að þeirra hyggju skipuðu ekki háan sess í heimi listrænna bókmennta. Íslensk alþýða var hins vegar á öðru máli: Ár eftir ár var Guðrún frá Lundi metsöluhöfundur á landsvísu og átti einnig hæstu útlánatölur úr bókasöfnum.

Eftir dauða hennar varð á tímabili fremur hljótt um nafn hennar og skáldsögur, en á síðari árum hafa ýmsir bókmenntafræðingar leitt hana til vegs á ný meðal hinna merkari kvenrithöfunda af okkar þjóð. Er gott til þess að vita.

Ólína Jónasdóttir kenndi sig ætíð við bæinn Fremri-Kot í Norðurárdal í Skagafirði, þar sem foreldrar hennar bjuggu um hríð, þótt fædd væri hún á Silfrastöðum. Átti hún stóran hóp systkina, er sum urðu kunn á fullorðinsárum.

Sem ung, gift kona bjó hún í nokkur ár í Brekkukoti í Viðvíkursveit en á búskaparárunum þar þurfti hún að þola þá sorg, að eiginmaður hennar, gáfaður ungur maður, mjög vel hagamæltur, drukknaði í Vesturósi Héraðsvatna á ferð úr kaupstað. Einn son, barnungan, áttu þau, er dauðsfallið bar að.

Eftir það var Ólína víða í vistum en settist að lokum að á Sauðárkróki, þá orðin mjög heilsuveil. Síðustu árin var hún mikið við rúmið.

Eins og fyrr segir var Ólína jafnvíg á laust mál og bundið. Ljóð hennar og vísur flugu snemma milli manna í Skagafirði og víðar. Engum duldist að þar var ekki aðeins hagyrðingur á ferð heldur *skáld*, enda var hún ætíð nefnd Ólína skáldkona, og var það virðingarheiti. Ýmsir lausamálstextar hennar, einkum þeir, er fjalla um uppvöxt hennar, eru afar vel ritaðir og hafa ratað inn í lesbækur fyrir skóla. Segja má, að þjóðkunn yrði Ólína eftir að bók hennar, „Ég vitja þín æska“ kom út, en all löngu eftir andlát hennar birtist síðan bók eftir hana, er ber heitið „Ef hátt lét í straumnið Héraðsvatna.“ Munu báðar þessar bækur halda nafni hennar lengi á lofti.

Sem barn kynntist ég báðum þessum ágætu listakönnum nokkuð og uppskar iðulega góðgæti (kandís og rúsínur) úr þeirra hendi. Er ég þeim að sjálfsögðu þakklátur fyrir þær góðgerðir en þó ekki síður fyrir barngæsku þeirra og góðvild, er þær sýndu mér. Og auðvitað einnig fyrir listræn sköpunarverk þeirra, sem ég nýt æ betur eftir því sem árin færast yfir.

Guðrún frá Lundi bjó í litlu húsi við sjó fram, nálægt ósi Sauðárinnar, sem fyrr á tíð rann í gegnum kaupstaðinn. Ég kynntist henni með þeim hætti, að ég fór iðulega í sendiferðir fyrir hana í nærliggjandi verslanir og keypti ýmislegt, er hana vanhagaði um, einkum fisk, kjöt og mjólk. Sjálf var skáldkonan gild á vöxt og þungbyggð, líklega einnig fótaveik, og fór næstum aldrei í búðir, að minnsta kosti ekki ef hún gat fengið einhver börn til að skjótast þetta fyrir sig. Hún kallaði gjarna til krakka, einkum stráka, sem voru að leik á götunni framan við húsið hennar, og bað eitthvert þeirra að sendast fyrir sig í Kaupfélagsbúðirnar, sem þá voru örlitlu sunnar í götunni (nú löngu af lagðar). Létu sendiboðarnir þá yfirleitt skrifa úttektina á nafn Guðrúnar og var aldrei efast um, að þeir hefðu fullt umboð til viðskiptanna.

Ég valdist iðulega til þessa trúnaðarstarfs og treysti hún mér bersýnilega mætavel til að rækja starfann svo að vel væri. Með vöruna fór maður síðan rakleiðis inn í húsið litla, en útidyr voru þar aldrei læstar að degi til (og kannski ekki heldur að nóttu) fremur en þá var venjan hjá fjölmörgum bæjarbúum (til dæmis heima hjá mér). Gekk maður svo inn stuttan og mjóan gang og beint inn í eldhúsið litla, sem var fyrir enda gangsins. Þar sat þá Guðrún venjulega og var að skrifa skáldverk í stílabækur sínar við eldhúsborðið eða eldhúsbekkinn, en þar var hennar vinnuaðstaða – sjálfs metsöluhöfundarins. Hún mun aldrei hafa eignast skrifborð (var mér eitt sinn sagt), kröfuharkan var ekki meiri en þetta. Síðan tók hún við búðarvörunni og kom henni fyrir en seildist svo upp í skáp þaðan sem hún kom með þóknun mína fyrir viðskiptaþjónustuna: *vænan skammt af kandís og rúsínum* ásamt hlýlegum þakkarorðum eða hrósi. Undum við bæði glöð við okkar hlut.

Til Ólínu skáldkonu, sem bjó á efri hæð húss, er enn stendur í Suðurgötunni, kom ég aðeins í fylgd með afa mínum, Stefáni Vagnssyni, en hann var góðvinur hennar til margra ára og heimsótti hana iðulega á sunnudagsmorgnum. Hún var þá orðinn sjúklingur og var oft rúmföst langtímum saman. Ræddu þau þá um alla heima og geima: skáldskap og fróðleik um menn og málefni, meðal annars um Blönduhlíðina, sem var þeim báðum kær, og sameiginlega vini og kunningja þar í sveit. Oft fékk ég að fara í þessar heimsóknir með afa og naut þess að sitja þægur og stilltur í herbergi Ólínu og hlýða á fullorðna fólkið. Ég gleymi því aldrei hvað hún var mér ljúf og góð og átti alltaf handa mér falleg orð – ásamt drjúgum skömmtum af *kandís og rúsínum*, sem hún vissi að ég kunni vel að meta. Hugsá ég ætíð síðan til hennar með þakklæti, ástúð og virðingu.

Vera hennar í litlu íbúðinni í Suðurgötunni brá sérstakri birtu yfir nágrennið.

Ólínu Jónasdóttur er sannarlega gott og hollt að minnast.

Ungir menn og eldflaugar

Strákar eiga það til að bralla ýmislegt, misjafnlega gáfulegt eins og gengur. Áhugaefnin geta verið og eru margvísleg. Sum áformin komast til framkvæmda en önnur ekki. Sumt verður kjánalegt eða barnalegt, þegar horft er til baka, enda þótt full alvara hafi fylgt þegar menn voru á ungum aldri.

Þessi saga er til marks um það:

Ég hef sennilega verið nálega tólf ára gamall þegar ég og jafnaldri minn, vinur og bekkjarfélagi, fengum um skeið brennandi áhuga á öllu því, sem laut að *eldflaugum* og geimskotum af ýmsu tagi. Reyndum við eftir mætti að lesa okkur til um það efni í íslenskum fjölmiðlum. Mikið var fjallað um eldflaugar í dagblöðunum á þeim tíma, enda var svokallað geimferðakapphlaup þá hafið milli stórveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Um þær mundir skutu Rússar upp fyrsta gervitunglinu, Spútnik I., en fleiri undir sama nafni fylgdu skömmu síðar. Birtar voru myndir af eldflaugum, sumum langdrægum, og einnig mátti sjá teikningar af þeim og fá þá að líta, hvernig þær voru „innréttadar“. Auðvitað voru þessar upplýsingar, sem okkur voru aðgengilegar, fremur fátæklegar en þær hreyfðu engu að síður við ímyndunaraflinu – og við áttum sannarlega nóg af því!

Nú fæddist sú bráðsnjalla hugmynd í kollum okkar að smíða sjálfir litla eldflaug og senda hana upp í himinblámann – þó ekki endilega alla leið til tunglsins. Við urðum okkur úti um myndarlegan blikkhólk, eitthvað á annan meter á lengd, og festum á hann odd, sem við smíðuðum úr einhverjum

málmi. Síðan komu stútar, sem við festum við afturenda flaugarinnar, en þar út um áttu kröftugir eldblossar að ganga, þegar flaugin hafði verið ræst, og lyfta henni upp í himinhæðir ef allt gengi að óskum. Ég man að við vorum að bauka við þetta niðri í kjallara heima hjá mér og reyndum að fara fremur leynt með.

En það gat orðið þrautin þyngri að fá hæfilegt *eldsneyti* fyrir eldflaugina. Það var frumskilyrði þess, að eldflaugarskot okkar gæti heppnast. Auðvitað reyndum við að afla okkur vitneskju um, hvaða eldsneyti stórbjóðirnar notuðu á sínar flaugar. Ætluðum við síðan að feta í fótspor þeirra. Við komumst að því, að megin uppistaðan í eldsneytinu átti að vera *fljótandi súrefni*, sem tilteknum brennsluefnum öðrum væri síðan blandað saman við – en við bruna þessarar blöndu átti að myndast heljarafl, sem við hlökkuðum mikið til að verða vitni að, þegar okkar flaug færi í loftið.

Hvar áttum við nú að verða okkur úti um eldsneytið? Fátt virtist til fanga á Króknum þegar finna þurfti svo sérhæft efni, sem hér um ræddi. Við afskrifuðum fljótt Kaupfélagið sem og ýmsa kaupmenn þar í bæ, góða og gegna, er okkur þótti ólíklegt að fylgdust svo vel með tímanum, að þeir hefðu eldflaugaeldsneyti til afgreiðslu.

Þá kom okkur apótekið í hug, já, sjálft *Sauðárkeróksapótek*, þar sem við þóttumst vita að daglega færi fram efnablöndun af ýmsum toga. Ekki var að vita nema apótekarinn, prýðismaðurinn *Ole Bang* (danskur að uppruna en löngu orðinn gróinn og vel metinn borgari á Króknum) gæti liðsinnt okkur. Við bundum sannarlega vonir okkar við það. Hins vegar var auðvitað ekki sjálfgefið að við, stráklingar, hefðum efni á að kaupa eldsneyti af þessu tagi þótt fáanlegt væri. Á það var látið reyna.

Einn góðan veðurdag fórum við félagar í apótekið og spurðum afgreiðslustúlku þar eftir sjálfum lyfsalanum (málið var svo sérstaks eðlis).

Hann birtist nú að vörmu spori og spurði okkur ljúfmannlega, hvað okkur væri á höndum. Annar okkar spurði þá, alvarlegur í bragði, hvort hann hefði nokkuð til sölu eldflaugaeldsneyti eða efnin í það, einkum fljótandi súrefni. Bang stóð lengi hugsí en spurði okkur svo, hvað í ósköpunum við ætluðum að gera við þess háttar efni. Svar okkar var, að við hygðumst notað það til að knýja eldflaug, sem við hefðum smíðað. Tókum við fram, að mestu máli virtist skipta að komast yfir fljótandi súrefni en hin brennsluefnin, svo sem bensín (ef ég man rétt), gætum við svo útvegað okkur annars staðar og blandað við súrefnið.

Bang sagðist þá verða að hryggja okkur með því að segja, að fljótandi súrefni ætti hann ekki á sínum lager og hann vissi ekki hvar á Íslandi slíkt efni væri að fá. Jafnframt bað hann okkur í guðanna bænum að hætta öllum frekari tilraunum með brennsluefni í eldflaugina, því að við gætum sprengt upp heilt hús með svoleiðis tiltektum. Var hann mjög ákveðinn en þó afar vinsamlegur eins og hans var von og vísa.

Lengra varð ekki komist miðað við þær aðstæður, sem við blöstu.

Við sáum nú sæng okkar uppreidda varðandi geimskutlur og annað það, sem hugur okkar stóð helst til, enda fór það svo, að Rússar urðu á undan okkur að skjóta upp gervitungli, og þegar Bandaríkjamenn loksins sendu mannað geimfar til tunglsins vorum við komnir á fullorðinsár og höfðum því miður glatað áhuganum á smíði eldflauga.

Úr viðtali nálægt starfslokum 2014^[5]

Hvað tekur nú við?

Þegar ég læt af störfum næsta sumar verð ég búinn að vera hér á sama bási í 41 ár. Þegar svo er komið eru allir orðnir dauðleiðir á manni. Annars hef ég alltaf málað myndir í gegnum árin, en minna gert af því undanfarið. Það gæti vel verið að ég taki það upp aftur. Konan mín hætti í vor sem dómari eftir langt starf og segist aldrei hafa haft meira að gera. Þá fer maður í hálfgerð þjónustuhlutverk, segir hún, og fær hins vegar líka tíma til að stússast með barnabörnunum.

Hverjar finnst þér vera helstu breytingarnar á lagadeildinni, frá því þú varst við nám?

Þegar ég var að læra hér í deildinni var þetta fámennur hópur háskólanema. Háskólinn var lítill og nemendur einungis um eitt þúsund eða innan við það og laganemarnir örfáir miðað við það sem er í dag. Karlpeningur í miklum meiri hluta, öðruvísi en nú er orðið. Nú eru nemendurnir í Háskóla Íslands hins vegar orðnir um 14 þúsund. Þá voru deildirnar einnig miklu færri en nú og möguleikarnir líka. Í þá daga var námið meira ítrodslunám en nú er almennt. Umræður í kennslustundum voru minni en nú og nemendur þorðu varla að spyrja kennarana. Námið var svolítið stíft. Augljóst var, að það miðaði að því að undirbúa fólk fyrir hefðbundin störf sem embættismenn,

5 Áður birt í Úlfjóti, tímariti laganema, 3. tbl. 2013. *Sunna Sæmundsdóttir*, laganemi og blaðamaður, tók viðtalið.

sýslumenn, dómarar eða þá lögmenn. Í dag er þetta með öðrum hætti og nemendurnir eiga örugglega eftir að dreifast á fleiri svið atvinnulífsins.

Þegar ég var á fyrstu árum í lagadeild sagði Ólafur Jóhannesson prófessor, minn gamli og góði kennari, okkur eina sögu, sem ég man vel eftir. Hann var nú almennt ekki að strá bröndurum í kringum sig, en mér féll mjög vel við hann.

Hann horfði út yfir bekkinn og sagði: „Mér finnst þið vera orðin nokkuð mörg, miðað við það þegar ég var að læra, þá vorum við bara fjórir, sem sátum saman í tímum. Þegar ég var í ykkar sporum hélt Ólafur Lárusson prófessor tölu yfir okkur einn daginn. Hann sagði: „Þið eruð hér, ungu menn, og þið ætlið allir að verða sýslumenn. En ég get bara sagt ykkur það, að þið verðið aldrei allir sýslumenn.“ „Ég man að það fór talsvert um okkur“, sagði Ólafur Jóhannesson. „En þetta var nefnilega alveg rétt hjá nafna mínum“, bætti hann við, „þetta var draumurinn okkar flestra – en ég varð nú til dæmis aldrei sýslumaður“, sagði Ólafur og brosti sínu fræga brosi.

Hefurðu áhyggjur af offjölgun í lögfræðingastéttinni?

Ég held ekki. Ég óttast almennt ekki svokallaða „offjölgun“ menntamanna. Almennt séð er gott að fólk fái góða menntun og geti með einhverjum hætti notað hana í lífinu. Það opnast alltaf möguleikar. Ungt fólk getur einnig alltaf lært eitthvað nýtt, til viðbótar því sem fyrir er, og víkkað þannig möguleika sína á margan hátt. Ef þú ert lögfræðingur á annað borð er svo margt, sem getur komið til greina þar sem lögfræðimenntun kemur að notum. Í dag er hægt að sérhæfa sig eftir almennt laganám og þá til dæmis í skyldum greinum. Það þarf ekki að vera stórmál fyrir lögfræðing að bæta við sig viðbótarmenntun í lögfræði, eða þá til dæmis í stjórnmálafræði, viðskiptafræði eða blaðamennsku.

Finnst þér of margar deildir vera að kenna lögfræði?

Ég hef engar sérstakar áhyggjur af því. Út frá „hagræðingarsjónarmiðum“ væri ef til vill hægt að spara eitthvað með sameiningu deilda eða stofnana. Við erum lítið þjóðfélag, en þó með fjórar lagadeildir. Á móti kemur meðal annars að ég er hlynntur samkeppni og fjölbreytni, og við þessar aðstæður er hægt að prófa ýmislegt nýtt. Mér finnst að nýrri deildirnar ættu ekki endilega að vera að hjakka í sömu sporum og Lagadeild Háskóla Íslands. Þær geta prófað sig áfram eftir nýjum brautum og hafa reyndar verið að gera það að nokkru marki.

Er einhver kennari sem er þér sérstaklega minnisstæður?

Kennarar mínir voru um margt ólíkir menn en allir eru þeir mér og mörgum öðrum minnisstæðir. Þegar ég hugsa til baka þykir mér mjög vænt um minningu þeirra allra. Kennaranir höfðu, hver fyrir sig, sitt sérstaka svipmót. Ef við lítum á prófessorana, sem voru ekki margir á þeim árum, má til dæmis nefna að Ármann Snævarr var mjög ör og líflegur í kennslunni og gríðarlega fróður á sínum fræðasviðum. Okkur nemendum fannst stundum að hann gerði ekki alltaf mikinn mun á aðalatriðum og aukaatriðum í kennslunni – af því hann var svo fróður og þurfti að koma svo mörgu að. Það var mjög gaman að honum og hann var sérlega líflegur kennari. Ólafur Jóhannesson var hægur og jafn en afar skýr í kennslu sinni, sem og í þeim ágætu kennslubókum sem hann samdi. Magnús Torfason var einnig ákaflega skýr maður en hægur í framgöngu. Síðan var Theodór Línal, sem var mikill karakter. Maður græddi á því að fá að vera hjá þeim öllum. Þetta voru afskaplega góðir karlar og velviljaðir nemendum. Þeir komu til dæmis ekki aftan að nemendum í prófum! Þessir menn eru nú allir látnir, sumir fyrir löngu, en skilja eftir sig ummerki í sögu lagakennslu hér á landi. Svo voru einnig ágætir stundakennarar, sem við sögu komu meðan ég var við nám, nú allir látnir nema Þór Vilhjálmsson, sem kenndi mér almenna lögfræði og var prýðilegur kennari.

Stefndirðu alltaf á lögfræði eða kom eitthvað annað til greina?

Sannleikurinn er sá, að eftir stúdentsprófið, sem ég tók við Menntaskólann á Akureyri, vissi ég fyrst ekkert hvað ég vildi læra í Háskólanum – og lögfræðin kom bara til með útilokunaraðferð! Ég gat svo sem einnig hugsað mér íslensk fræði, en sá mig þá fyrir mér sem lífsleiðan og þreyttan íslenskukennara í gagnfræðaskóla, sem mér fannst einhvern veginn ekki fýsilegur kostur. Mér leiddist lögfræðinámið alveg ofboðslega fyrstu mánuðina mína í deildinni, enda var ég þá fremur linur við námið. Ég var svo leiður, að um fyrstu jólin eftir að ég hóf nám fór ég norður á Sauðárkrók til móður minnar og tilkynnti henni að nú væri ég hættur í lögfræðinni. Ég sagðist ætla að afskrá mig strax og ég kæmi suður aftur eftir nýárið og prófa eitthvað annað, þ.e. innritast í einhverja aðra og skemmtilegri grein. Hún gaf mér þá mjög gott ráð. Hún sagði: „Nei, þú átt ekki að hætta núna, heldur áttu að klára námsárið með öllum prófum og standast þau. *Eftir* það geturðu hætt. Það er allt annað að hætta með reisn heldur en að gufa upp úr námi eins og aumingi á miðjum vetri“. Þetta var auðvitað hárrétt hjá henni og ég fór eftir þessu. Og viti menn, eftir áramótin fór þetta allt, smám saman, að verða betra og skemmtilegra og ég fór að fá áhuga á því sem ég var að gera. Það endaði svo með því að ég varð prófessor!

Hafðirðu alltaf hugsað þér að fara út í fræðimennsku?

Nei, alls ekki. Ætli ég hafi ekki verið með sýslumanninn í kollinum eins og svo margir aðrir. Það voru reyndar engir lögfræðingar í minni fjölskyldu, en þar sem ég ólst upp, norður á Sauðárkróki, var Sigurður Sigurðsson, sýslumaður Skagfirðinga, mikill heimilisvinur á mínu heimili og kom þar mjög oft. Hann var einstaklega barngóður maður og þar á meðal alltaf afar góður og hlýr við mig. Ein elsta bernskuminning mín er einmitt tengd honum. Ég var þá smáhnokki, kannski á þriðja ári, og stóð upp við stólinn sem hann sat í heima hjá mér og horfði stíft á hann. Hann varð var við það og

spurði: „Hvað ertu að skoða vinur minn?” Ég benti þá á gylltu hnappana á sýslumannsbúningnum hans; hann gekk oftast í einkennisbúningi og var mjög fyrirmannlegur og glæsilegur maður. Hann tók mig þá upp, setti mig á hné sér, lofaði mér að skoða hnappana nákvæmlega og upphleyptu myndina sem var á þeim. Þá útskýrði hann fyrir mér að þetta væri íslenska skjaldarmerkið og hvað væri að sjá á því. Þetta hefur líklega setið svona í mér að það hafi beinlínis hjálpað mér að velja lögfræði í háskólanum, þegar þar að kom, líklega í von um að fá einhvern tíma að bera svona fínan einkennisbúning – en sú von hefur þá að vísu brugðist stórlega! Eftir embættisprófið mitt vann ég reyndar sem fulltrúi sýslumanns úti á landi í nokkra mánuði, áður en ég fór í framhaldsnám, en þeir tímdu ekki að spandera á mig einkennisbúningi fyrir svo stuttan tíma.

Ég hef hins vegar ábyggilega verið frekar afbrigðilegur sem ungur laganemi því ég fór strax að hafa áhuga á fræðimennsku og skrifum, sem varla nokkur maður gerir á þessum aldri, því þá eru ungir menn yfirleitt að hugsa um eitthvað skemmtilegra og meira spennandi, svo sem um stelpur, frekar en að sitja og húka yfir skræðum og skrifum. Síðan hefur þetta loðað við mig. Ég gaf út fræðilegar ritgerðir í Úlfjótí á meðan ég var enn nemandi í lagadeildinni og fyrsta fræðibókin mín, ritgerðasafnið Brot úr réttarsögu, kom út þegar ég var 27 ára, þannig að ég var ungur í þessari sérvisku.

Þetta ágerðist síðan með árunum og þegar ég hafði lokið náminu kom ekki annað til greina, fannst mér, en að fara í framhaldsnám til annarra landa og víkka sjóndeildarhringinn. Það voru ekki sérlega margir sem gerðu það á þeim tíma. Ég fór fyrst til Noregs ásamt konu minni, við vorum þá nýlega gift, og var þar í eitt og hálft ár í sjálfstæðu framhaldsnámi í sjórétti og skaðabótarétti. Þegar því var lokið hafði ég ekki fengið nóg og fór því til Þýskalands. Þar vorum við hjónin saman í tvö og hálft ár, á meðan ég lagði stund á nám og fræðistörf í réttarsögu og réttarfari. Þar samdi ég til dæmis doktorsritgerð mína.

Hvenær kviknaði áhuginn á samanburðarlögfræði?

Fyrst og fremst þegar ég var í Þýskalandi að fást við samanburðarréttarsögu og samanburðarréttarfari. Þá fékk ég mikinn áhuga á þýskum rétti frá öllum öldum og setti mig inn í hann og jafnframt rétt og réttarsögu annarra nálægra ríkja. Þá ferðuðumst við hjónin mikið þegar við vorum þarna úti og áhuginn á rétti ýmissa þjóða kviknaði einnig á ferðalögunum. Mér hafði sannast sagna fundist laganámið hér heima vera svolítið stirt og fátæklegt – þótt margt mætti einnig gott um það segja – og fannst vanta þennan vinkil, sem ég nefndi, sem sagt það að horfa út fyrir landsteinana. Þótt maður væri óttalegur kálfur skildi maður þó, að Ísland gæti ekki verið nafli alheimsins hvað lögfræði varðar, og eitthvað annað hlyti að vera til. Ég kom því löngu síðar til leiðar, að farið var að kenna samanburðarlögfræði hér í lagadeild Háskóla Íslands nálægt 1990. Um það leyti kom ég aftur heim til starfa eftir að hafa þá verið eitt ár enn í Þýskalandi í rannsóknaleyfi. Þegar ég fór að kenna þá grein í meistaranáminu setti ég mér það sérviskulega markmið að reyna að fara til allra þeirra mörgu landa, sem ég hef fjallað um í kennslunni í greininni og í ritgerðasmíðum í tengslum við hana. Ég hef verið í öllum heimsálfum og heimsótt tugi háskóla í sambandi við samanburðarlögfræði og fræðst vel um efnið. Í þess háttar heimsóknum er maður fræddur um margt, sem ekki er hægt er að lesa af bókum. Þetta var virkilega skemmtilegur kaflí í mínu lífi og margar góðar minningar sitja eftir.

Auðvitað hefur samanburðarlögfræðin ekki verið nema lítill hluti þess, sem ég hef fengist við í kennslunni. Lengi fékkst ég meðal annars við að kenna samningarétt og kröfurétt en síðan meðal annars erfðarétt um skeið. Alls mun ég hafa kennt 12 greinar við Lagadeild, bæði í almenna náminu og í meistaranámi, og byggt margar þeirra upp frá grunni.

Ég hef einnig haft mikinn áhuga á *réttarsögu* og skyldum fræðipáttum, sérstaklega menningarlegu hliðinni á henni, að tengja saman lög og þjóðmenningu á aldanna rás. Það hefur alltaf verið mér mikilvægt að reyna að skilgreina lögin sem hluta af íslenskri menningu. Réttarsöguritgerðirnar

mínar eru skrifaðar út frá þeim sjónarhóli. Ég hef meðal annars einnig verið að skrifa um gömlu íslensku fræðimennina, sem voru að rannsaka og rita um íslenska lögfræði fyrr á öldum. Hér var nefnilega stunduð lögfræði á landinu í mörg hunduð ár áður en farið var að kenna hana formlega, sem akademíska grein, í upphafi 20. aldar. Segja má, að ég hafi verið að fást við, öðrum þræði, að „kortleggja“ þá merku sögu. Nú hef ég skrifað um átján slíka menn frá fyrri tímum og tel að ég hafi lokið því verkefni núna, seinast með ritgerðum um það efni í bókinni Lagastaður, sem kom út nú í septembermánuði [2013]. Þetta spannar um 350 ára tímabil, frá miðri sextándu öld fram til upphafs tuttugustu aldar. Mér hefur stundum fundist sumir þessara gömlu fræðimanna standa fyrir aftan mig og horfa yfir öxlina á mér meðan ég hef verið að skrifa um þá og lögfræðileg ritverk þeirra. Hvernig sem því vísur við hefur mér fundist sem mér bæri skylda til þess að halda minningu þeirra á lofti, meðal annars vegna þess að enginn annar hefur gert það. Þessir menn skrifuðu eingöngu út frá innri þörf til þess að rita um fræði sín, sem er alveg eins og var með mig þegar ég var strákur í Lagadeild að byrja að skrifa greinar.

Er réttur einhvers ríkis eða tíma sem heillar þig sérstaklega?

Það er erfitt að benda á eitt ríki, en þó vil ég nefna tvö. Annars vegar hef ég lengi verið mjög hrifinn af breskum rétti. Hann er þó nokkuð ólíkur okkar rétti í vissum efnum og hefur að hluta til myndast á annan hátt. Ég er ekki sammála öllum nálgunum þar en finnst hann engu að síður mjög hrífandi. Síðan hef ég alltaf haft áhuga á þýskum rétti, enda sækjum við margt til þýskrar lögfræði.

Ertu með tölu á því hversu margar bækur þú hefur skrifað?

Ég hef skrifað einar 45 bækur, en hef þó ekki alltaf skrifað um lögfræði, útúrdúrar eru einnig þar á meðal. Í fyrra [2012] kom til dæmis út árbók Ferðafélags Íslands fyrir Skagafjörð vestan Vatna, sem ég samdi, og á næsta

ári [2014] á önnur slík, um Skagafjörð austan Vatna, að koma út. Þá hef ég einnig skrifað um vissa þætti úr sögu Háskóla Íslands, tvö bindi er heita „Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands.” Það hljómar ef til vill ekki mjög spennandi, en ég er þar meðal annars að lýsa hugsjóninni á bak við Háskólann frá byrjun. Ég tók söguna út frá mannlegu sjónarmiði og reyndi meðal annars að hafa með myndir af fólkinu, sem hefur byggt þetta háskólaumhverfi upp.

Hvernig hafa árin í kennslunni verið?

Þessi ár, 41 ár í kennslu, renna öll nokkuð saman, en ég man hins vegar vel eftir fyrstu árunum, alveg sérstaklega þó eftir fyrsta kennsludeginum haustið 1973. Ég kveið þessu svo ofboðslega þó að mér þætti þetta auðvitað einnig spennandi. Ég kveið því, held ég, aðallega, að krakkarnir yrðu svo ægilega klárir og myndu strax reka mig á gat með einhverjum spurningum, sem ég gæti ekki svarað. Það gerðist hins vegar ekkert ógnvænlegt! Bæði þá og ætíð síðan hafa laganemar verið mér ákaflega ljúfir og vinsamlegir. Þegar ég byrjaði að kenna var þetta fyrsti veturinn, þar sem kennt var í Lögbergi. Það voru til dæmis engin gólfefni komin, ég man vel eftir steingólfinu. Starfið kom nú bara til vegna þess að staðan var laus. Þetta líf mitt, þar á meðal starfið, hefur oftast verið tilviljanir eða heppni. Ég hafði ekkert endilega reiknað með þessu, að ég yrði lögfræðikennari ævilangt, en ég hef reyndar ekki séð neitt eftir því, þó að auðvitað hafi ýmislegt drifið á dagana. Eftir að ég fór að kenna á meistarastiginu, fyrir mörgum árum, lá það fyrir að koma inn með nýjar greinar og byggja þær upp, oftast úr engu. Það eru greinar eins og höfundarréttur, leiguréttur, verktakaréttur, fjölmiðlaréttur, samanburðarlögfræði og persónuréttur (í nýrri mynd). Þetta var ekki til í aðgengilegri mynd áður, miðað við okkar rétt, og maður varð að taka þetta fyrir frá grunni og skrifa kennsluritinn. Þetta hefur vissulega verið skapandi og gefandi starf, þótt oft væri maður þreyttur.

Má búast við endurkomu frá þér í kennsluna?

Ég reikna ekki með því. Ég vil frekar hafa þetta klippt og skorið. Nú er ég senn búinn að kenna í 41 ár og þá er gott að klippa á það, áður en maður verður enn ruglaðri en maður nú þegar er orðinn. Ég kvíði því hins vegar að flytja allar bækurnar mínar heim frá vinnuherberginu mínu í Lögbergi. Ég veit ekki hvar verður pláss fyrir þær heima, því að þar er allt fullt af bókum fyrir.

Hver er þín afstaða til breytinga á stjórnarskránni?

Ég er íhaldssamur í þeim efnum og er ekki ginnkeyptur fyrir því að ganga mjög langt í breytingum. Sannleikurinn er sá að stjórnarskráin okkar hefur staðist mjög vel og mér finnst ekkert verra að gömul ákvæði séu í henni. Ég er hrifinn af breskum rétti, eins og ég sagði áður. Þeir eru til dæmis enn að vitna í dóma frá því um 1400 og segja stundum að dómurinn sé ekkert verri í dag heldur en þá, þó að hann sé gamall. Þessar nýju tillögur í stjórnarskrármálinu fannst mér sumar einfaldlega ekki nógu góðar, ekki nógu vel unnar og ekki nógu vel hugsaðar, þótt mikið prýðisfólk stæði sannarlega að þeim.

Að lokum, býrðu yfir einhverju heilræði til laganema eða ungra lögfræðinga?

Þegar stórt er spurt verður stundum fátt um svör. Ég man eftir einu heilræði af því tagi, sem lengi hefur verið mér hugleikið. Minn gamli og góði prófessor Ólafur Jóhannesson sagði einu sinni við okkur nemendur sína: „Leitist ætíð við að finna sannleikann í hverju máli, sem að ykkur snýr, og hafið síðan hugrekki til að segja hann“. Ég held að laganemum og ungum lögfræðingum sé hollt að minnast þessa heilræðis og fara eftir því.

“Vel sé þeim, sem veitti mér”

Tvíræð hugvekja ætluð sönnnum gleðimönnum^[6]

Kæru laganemar og aðrir árshátíðargestir!

„Hóflega drukkið vín gleður mannsins hjarta” var forðum sagt. Þetta hefur einnig verið reynsla margra mætra manna, fyrr og síðar. Ætíð hafa verið uppi gleðimenn og nautnamenn, sem kunnu að meta kosti góðra vína, brenndra sem óbrenndra, og létu „vínið andann hressa” í góðra vina hópi. Ekki er heldur neinn hörgull á hófdrykkjumönnum nú um stundir.

Sigurður Nordal prófessor, einn kunnasti menningarfrömuður Íslendinga á 20. öld, stofnaði til svokallaðra „rannsóknaræfinga” í Heimspekideild Háskólans, þar sem hann starfaði um áratuga skeið. Þar var um að ræða samdrykkjur að fornum sið: víndrykkju og menntandi samræður og samveru kennara og nemenda. Hafa þær síðan haldist í einhverri mynd en stundum sætt átölum fjarstaddra umvöndunarmanna. Einn þeirra, er tóku þátt í rannsóknaræfingum undir stjórn Sigurðar á árunum eftir 1930, segir um tilgang prófessorsins með þeim^[7]: „Sigurður hélt að það væri hægt að kenna mönnum að drekka rétt, með því að fara nógu hægt í sakirnar. Það væri

6 Ræða flutt á árshátíð Orators, félags laganema við Háskóla Íslands, er ég var forseti deildarinnar.

7 Úr viðtali Páls Sigurðssonar við dr. Björn Sigfússon háskólabókavörð, er birtist í riti hins fyrrnefnda “Úr húsnaðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands”, Rvík 1986, bls. 292.

besta vörnin gegn því að menn skelltu sér í ofdrykkju í stað þess að ráða við tilfinningar sínar og vandamál sjálfir: Vínið opnar og það er til bóta að stúdentar drekki ef þeir gera það hægt og smátt. Sama er hvert vínið maður drekkur, hvort það er svartidaudi eða hvítvín, bara að skammta sér nógu naumt af svartadaudanum, þá drepur hann engan”. Vitnaði Nordal þá, að sögn, í ummæli Gríms Thomsens: „Eitur dræmt skal drekka í dropatali, – eykur innri hita”. Í orðræðum á rannsóknaræfingum gerði og prófessorinn mun á „vínmönnnum”, er hann nefndi svo, og drykkjumönnum – og færði rök að.

Skáldin hafa löngum lofað vín og víf og ótaldar eru þær „heimslystavísur” íslenskra bragsnillinga, sem hafa að geyma skírskotun til vinnautnarinnar sem gleðigjafa, ásamt þeirri lífsgleði, sem fylgir vökrum fáki, kvennaástum og hraðri siglingu í óskabyr!

Eftirsjá horfinnar gleðistundar birtist í vísu *Stefáns Vagnssonar frá Hjaltastöðum*:

Heim ég vendi vinum frá,
þó vínið brennda ei flýi.
En hvenær lendi ég aftur á
öðru eins kennderíi?

Hjá sumum hagarðingum, sem þóttu hallast nokkuð að flöskunni, fer saman fýsnin til mjaðarins og raunsæi um eigin veikleika. *Haraldur Hjálmarsson frá Kambi* kvað:

Brennivín er besti matur,
bragðið góða svíkur eigi.
Eins og hundur fell ég flatur
fyrir því á hverjum degi.

Og enn kvað hann:

Undarlega í mig leggst,
að illa reynist vinir,
en ef gamli Bakkus bregst,
þá bregðast allir hinir.

Sum höfuðskáld þjóðarinnar hafa verið ófeimin við að lofa hófsamlega vındrykkju, enda þótt kunnari væru fyrir dýpri eða háfleygari yrkisefni. Nægir þar að nefna sjálfan skáldmæringinn *Hallgrím Pétursson*, höfund dýrlegra sálma og andlegra versa, sem fylgt hafa þjóðinni um aldir. Hann átti það einnig til að kveða um veraldleg efni, þ.á m. um vingleðina og þakklætið til veituls gestgjafa, og fórst það að vonum ekki ófímlega:

Nú er ég glaður á góðri stund,
sem á mér sér.
Guði sé lof fyrir þennan fund,
og vel sé þeim, sem veitti mér.

Yndi' er að sitja öls við pel
og gamna sér,
en fallett er að fara vel,
þó ör sé sá, sem á skenkir.

Gott er að hafa góðan sið,
sem betur fer,
aldrei skartar óhófið,
og er sá sæll, sem gáir að sér.

En vındrykkjan hefur einnig aðrar og dekkri hliðar en þær, sem bjartsýnir lífimennt hafa svo oft útmálað. Óminnishegrinn gín yfir skáladreggjum og ræður miklu um örlög manna. “Vínið er spottari, sterkur drykkur glaumsamur, og hver sá, er drukkinn reikar, er óvitur” segir í þeim nafnkunnu orðskviðum, sem kenndir eru við vísdómsmanninn Salómon konung. Það eru ekki allir, sem geta tekið undir með Tómasi skáldi Guðmundssyni, er hann sagði á fleygri stundu, að “ístöðuleysið hefði alltaf verið sín sterkasta hlið”. Ístöðuleysi og lánleysi fara því miður oft saman frammi fyrir freistingum Bakkusar. Afleiðingarnar þekkja allir.

Ég hygg, að óvíða hafi helvíti drykkjufíknarinnar verið lýst með jafn eftirminnilegum hætti og gert er í greininni „Um skaðræði ofdrykkjunnar og lýsing drykkjumanna”, sem birtist í því gagnmerka tímariti *Gesti Vestfirðingi*,

1. árgangi 1847, bls. 64-74. Tímarit þetta, sem gefið var út í Flatey á Breiðafirði af „Flateyjar Framfara Stofnfélags Bréflega Félagi“, heyrir tvímælalaust til menningarminja þjóðarinnar. Greinin, sem er óvenju skorinorð og teprulaus auk þess að vera vel og skipulega samín, ber ekki höfundarnafn en er þó sannanlega eftir *séra Ólaf Sívertsen* í Flatey, þann víðkunna andans mann og höfuðklerk⁸, en hann var hinn helsti frumkvöðull að fyrrnefndu félagi, sem mátti teljast einstakt í sinni röð, og í fararbroddi þeirra merkismanna, sem gáfu út Gest Vestfirðing.

Í greininni eru afleiðingar ofdrykkjunnar ítarlega raktar og fjallað um þá siðferðislegu, líkamlegu og andlegu spillingu, sem henni fylgir. Þar er sannarlega af mörgu að taka, sem telja verður sígilt, en hér verður látið nægja að tilfæra stuttan en ógleymanlegan kafla, svohljóðandi (bls. 66-68):

Sérhver drykkjumaður spillir heilsu sinni og eyðir með ofdrykkjunni lífskröftum líkamans. Vínandinn ofmagnar afl og fjör líkamans, svo að hann gengur fram af sér og verður því eftir á aflvana og dáðlítill. Lífsvökvarnir raskast og spillast, blóðið ólgar og þykknar um of, líkaminn snirpist og dregst saman, einkum innvortis [...] Æxlunar eðlið brýst út löngu fyrr en vera skyldi og tælir til saurlífis, sjálfssaugunar og margs annars óeðlis og ósvinnu, svo að vesælingar þessir verða morðingjar síns eigin lífs [...] Þegar verður á milli ofdrykkjutímanna hjá drykkjumönnunum eru þeir allir af manni gengnir og óhæfilegir til þess, sem þeir eiga að gjöra. Limirnir allir riða og skjálfa, innanbrjósts er flökurleiki, þorsti, matarólyst, hugarvíl og geðgremja; höfuðið þjáist af rugli, svima og verk. Fram af þessu kemur margkynjaður veikleiki [...] Víndrykkjan bleytir mænu og krafttaugar heilans, sviftir verkfæri þessi þrótt og afli, ollir [svo] niðurfalssýki, augnaveiki og roðma; nefið verður koparlitað, andlitið rauðleitt, augun döpur. Hún spillir magnlega meltingarkrafti magans, svo drykkjumenn borða því minna, er þeir drekka meira, og daginn eftir ölaðið eru þeir fráleitir allri matarlýst

8 Greinin í Gesti Vestfirðingi er einungis kafli úr stærri ritgerð eftir sr. Ólaf Sívertsen, sem aldrei mun hafa verið birt í heilu lagi. Handrit hennar er varðveitt í handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og ber það einkennisstafina *Lbs 4508 4to, nr. 66*.

nema þeir taki sér aftur teig af brennivíni [...] Af brennivínsdrykkju koma ígerðir í heilann og lungun [...] sumir fá ólæknandi rýrnunarsótt, hjartveiki, magnleysi og margt fleira. Loksins, þegar ofdrykkjan kemst hæst, deyr maðurinn af slögum og brennur upp, sem kallast svo, þegar brennivínið logar upp um munninn og maðurinn deyr allt í einu, verði ekki lækni ráða aðnotið í tíma.

Og þeim, sem sjálfir telja sig til hófdrykkjumanna, er heldur ekki óhætt, þótt þar ráði gifta þeirra og manngerð um hver leikslokin verða. Í fyrrnefndri grein í Gesti Vestfirðingi segir um hófdrykkjuna (bls. 72):

[Það] er að vísu ekki skaðleg vındrykkja, þegar maðurinn gætir ávallt skynsemi sinnar og ræður svo við sjálfan sig, að aldrei stígur yfir hófsemdar takmörkin; sá hinn sami getur lifað lengi og vel, sér og öðrum til gagns og sóma. En – hættan er eins og ógurleg örn á næsta nesi, eftir því sem reynslan hefir sýnt, það er sú hætta að honum þyki brennivínið betra og betra, drekki smám saman meira og meira og verði stundum drukknari en hann ætlaði sér og leggist að lokum í ofdrykkju. Það verður því ávallt óhultara að drekka aldrei brennivín og láta sér lynda meðskapað náttúrufjör og krafta [...]

Ég vona að þessar hugleiðingar valdi að minnsta kosti ekki veisluspjöllum meðal árshátíðargesta, sem ég óska góðrar skemmtunar á veglegum mannfagnaði, sem Orator, félag laganema, stendur fyrir af sama myndarskap og einkennt hefur allt framtak þess félagsskapar um áratuga skeið, Lagadeild Háskóla Íslands og íslenskri lögfræðingastétt til ómældra heilla.

„Við freistingum gæt þín“

Þegar ég var að alast upp á Sauðárkróki fyrir margt löngu var að sjálfsögðu ýmislegt með öðrum hætti en nú er orðið – og er óþarfi að orðlengja um það. Eitt af því, sem ég upplifði sem barn, var sá merki atburður að fyrsta „sjoppan“ var opnuð á Króknum, þar sem hægt var að kaupa rjómaís, súkkulaði og gosdrykki, svo að eitthvað sé nefnt (tannlækni staðarins í senn til skelfingar og tekjuauka). Var sjoppan kölluð „Ísbarinn“, ef ég man rétt, og gátu nokkrir gestir setið þar inni og lapið sinn ís. Eins og vera bar stóð þessi viðskipta- og þjónustustofnun við aðalgötu bæjarins, í ytri hluta hans, í næstu grennd við gamla sjúkrahúsið (sem nú er safnaðarheimili) og gamla barnaskólann, sem hætti að vera bólstaður menntagyðjunnar fyrir mörgum áratugum. Það var sá ágæti maður Guðjón Sigurðsson bakari, sem átti heiðurinn af þessu framtaki og kom „barnum“ fyrir í gamla bakaríinu, er hann átti, og áfast var við nýja tvílyfta húsið hans, þar sem var bakarí á neðri hæð og íbúð fjölskyldunnar uppi.

Áður en lengra er haldið verð ég að gera þá játningu, að þótt ungur væri að árum (á að giska 9-10 ára þegar hér var komið sögu) fór ég að stofna til viðskipta á „barnum“, þegar ég átti einhverja aura – sem auðvitað var ekki alla daga fremur en almennt var um börn í þá daga. Stundum keypti ég mér rjómaís en þó oftast *malt* á flösku, er mér þótti (og þykir jafnvel enn) sá besti drykkur, sem hugsast getur. Formlega og fullu nafni hét drykkurinn *maltextrakt* eins og skýrlega var prentað á miðann. Ekki spillti, að á flöskunum stóð: „Nærandi og styrkjandi. Gefur hraustlegt og gott útlit.

Bætir meltinguna.“ Einhverjir gárungar töldu sig vita (og finna), að örlítið áfengi væri í drykknum, þótt hvergi kæmi það fram opinberlega, og mun það hafa verið rétt þótt nú hafi þessi ókostur verið „leiðréttur“. En hvað um það, þetta vissi ég auðvitað ekkert um á æskuárum – og svo mikið er víst að næstum því hver einasta amma á landinu gaf fyrr á tíð barnabörnunum malt í trausti þess, að fátt væri hollara og heilnæmara fyrir börnin jafnt sem fullorðna.

Þegar ég hafði fest kaup á maltflösku á „barnum“ drakk ég aldrei úr henni þar heldur fór með hana óopnaða heim til mín, en heimili mitt stóð við Skagfirðingabrautina skammt fyrir sunnan Kirkjutorgið. Mikil var þá tilhlökkunin að opna flöskuna og neyta mjaðarins í ró og næði – lofa himneskri sælu að hríslast út í hverja taug!

Alltaf gekk ég sömu leiðina með mína maltflösku frá „barnum“ og var það bein og stutt leið. Fór ég þá óhjákvæmilega fram hjá gamla sjúkrahúsinu við Aðalgötuna, en norðan þess er örstutt og mjó gata í átt að Nöfunum, sem liggja að bænum í vestri. Þar, uppi í þessari litlu götu, skammt ofan við spítalann, við hornið á Skógargötunni, var meðal annars myndarlegt hús, sem var heimili *Jóns Þ. Björnssonar*, sem um langan aldur var skólastjóri Barnaskóla Sauðárkróks. Hvert mannsbarn á Króknum þekkti þann virðulega mann í sjón og raun, en fáir bæjarbúar voru jafn áberandi og áhrifamiklir sem hann. Skáhallt á móti húsi Jóns var félagsheimili góðtemplara, en skólastjórinn gamli veitti stúkunni forstöðu auk margs annars. Svo virðist sem hann hafi iðulega staðið neðst í götunni litlu og fylgst með mannlífi á Aðalgötunni – og hugsað sitt eins og gengur, enda þá séð ýmislegt, sem kunni að vera aðfinnsluvert í fari vegfarenda.

Einn daginn var ég sem sagt á göngu minni heimleiðis með maltflösku í hendinni – og það ekki í fyrsta sinn og reyndar heldur ekki það síðasta, eins og ég vík brátt að. Ég gætti einskis, sem var í kring um mig og uggði sannarlega ekki að mér. Þegar ég er rétt kominn að norðurhorni sjúkrahússins,

þaðan sem stígurinn upp að Nöfunum liggur, veit ég ekki fyrr en gripið er þéttingsfast um upphandlegg minn og ég stöðvaður með því móti. Mér brá mjög.

Þarna var þá kominn enginn annar en fyrrnefndur Jón Þ. Björnsson, andlegur og siðferðislegur leiðtogi Sauðkrækinga til margra áratuga. Hann var af hinni kunnu Veðramótsætt í Skagafirði, glæsilegur og grannur maður sem bar sig ætíð vel. Fæddur var hann 1882 en andaðist á níráðisaldri 1964. Hann var mjög vel menntaður kennari, hafði sem ungur maður verið við nám í Kennaraháskólanum í Kaupmannahöfn, og síðan kennari og skólastjóri á Króknum um margra áratuga skeið. Enn var hann við kennslu, þegar þessi litli atburður varð, þótt nýlega væri hann hættur skólastjórn, og kenndi hann mér meðal annars fagra skrift – koparstungu – sem ég bý enn að upp að vissu marki þótt nú sé henni farið að hraka mjög. Jón var allt í öllu á Króknum. Auk skólastjórnar var hann lengi hreppsnefndaroddviti, meðhjálpari í kirkjunni og trúmaður mikill, forstöðumaður stúkunnar eins og áður segir, framarlega í ungmennafélaginu og hlutaðist yfirleitt til um flest það, sem við bar, einnig inni á heimilum manna. Hafði, ef svo má segja, fingurna á slagæðum mannlífsins. Mannvinur var hann og góðhjartaður þótt hann gæti vissulega verið fastur fyrir og jafnvel ágengur að sumra mati, ofurnákvæmur siðapostuli. Öll áfengisneysla var vitaskuld eitur í hans beinum. Síst af öllu þoldi hann, að ungt fólk villtist af réttri leið (sem átti að liggja upp á við, til síaukins þroska) og tæki að feta sig niður glötunarstíginn, sem leiddi til ófarnaðar og tortímingar. Reyndi hann þá vissulega allt, sem í hans valdi stóð, til að snúa því á rétta braut. Láí honum hver sem vill.

Og nú hafði þessi merki uppalandi og siðgæðisvörður sem sagt náð tangarhaldi á mér, krakkabjálfanum, þar sem ég stóð skjálfandi á beinum með sönnunargagn um breyskleika minn vingsandi í hægri hendi. Hann tók nú til máls, en sleppti ekki takinu á mér: „Páll minn góður! Ég hef fylgst

með þér um allnokkra hríð. Ég hef iðulega orðið vitni að því, að þú hafir gengið hérna framhjá með flösku af maltextrakt, sem þú hefur keypt á þessum ólukkans „bar“ hjá honum Guðjóni bakara. Þetta ber vott um að þú sért að láta undan löngun þinni í þennan drykk. Ég veit vel, að einhverjir myndu segja, að maltextrakt sé meinlaus drykkur, en þegar rétt er skoðað er það einmitt ekki svo. Þetta getur hæglega orðið upphafið að ævilangri ofdrykkju áfengis og hvers kyns óreglu og ógæfu. Ofdrykkjan byrjar ævinlega í smáum stíl en fer svo fljótt úr böndum! Með því að kaupa og síðan drekka maltextrakt, sem þér hlýtur að þykja afar gott, ertu að *láta undan* freistingunni en um leið gerir þú þig að minna manni, lítillækkar sjálfan þig. Það rétta er, að þegar þú finnur freistinguna koma yfir þig, átt þú að sigrast á henni, *láta á móti þér*. Við það stækkarðu og þroskast og verður að nýtum manni eins og þú hefur öll efni til. Hafðu þetta nú hugfast og þú veist að ég hef einungis þína velferð í huga.“

Sleppti hann svo takinu á mér og ég lyppaðist heim til mín, þungt hugsi og ennþá hálf smeykur, með þennan hættulega grip, maltflöskuna. Ég held að ég hafi drukkið úr henni af því meiri áfergju sem meira var haft fyrir henni, mannorðið í hættu og allt hvað eina!

Vafalaust hefur blessaður gamli kennarinn haft í huga áminningu þjóðskáldsins séra Matthíasar Jochumssonar í kunnum sálmi hans, er hefst svo:

Við freistingum gæt þín
og falli þig ver,
því freisting hver unnin
til sigurs þig ber.

En – „syndin er lævís og lipur“.

Leiðinlegt er að þurfa að gera þá játningu, frammi fyrir Guði og mönnum, að ádrepan, sem hér var greint frá – svo eftirminnileg og þörf sem hún

sennilega var – varð ekki til þess að slæva fíkn mína í maltölið. Enn sem fyrr keypti ég malt á „barnum“ en gætti þess nú að fara ævinlega aðra en jafnframt krókóttari leið heimleiðis með ódáinsdrykkinn en áður hafði verið. Var sú leið að vísu talsvert lengri en „beina brautin“, en með því að nota hana var ég að minnsta kosti ekki í sjónmáli við þann mæta mann, sem hafði valið sér varðstöðu og sjónarhól í siðferðislegum efnum við norðurvegg spítalans.

Mér þótti alltaf vænt um Jón Þ. Björnsson, minn gamla kennara og umvandara, enda var hann alltaf hlýr í umgengni við krakkaorma, mig og aðra. Einhvern tíma snemma á bernskuárum mínum á Króknum var komið þar upp leikvelli fyrir börn, með sandkössum, rólum og vegasöltum. Var völlurinn umgirtur þótt ekki væri hann beinlínis barnheldur. Í rigningartíð varð hann allur að einu moldarsvaði, svo kræsilegt sem það nú var fyrir börn að leik. Ég minnst þess, að eitt sinn, snemma á mínum árum, stóð ég við girðinguna umhverfis völlinn og horfði inn á leðjusvaðið, sem þá var þar. Finn ég þá, að hönd er lögð á öxl mér. Er þar kominn Jón – en hann bjó þarna nærri. Stöndum við þarna saman dálitla stund, þögulir, barnið og gamli maðurinn. Þá verður mér að orði: „Hér er mikil drulla!“ (sem ekki var ofsögum sagt). Þá segir gamli kennarinn: „Þetta máttu aldrei segja, það er svo ljótt. Þetta heitir *aur* eða *óbreinindi*“.

Þá vissi ég það.

Það er atvinnuleysi

Gaman er að velta fyrir sér örlögum *orða* – *hugtaka*. Hvernig orð, sem áður voru alkunn með tiltekinni merkingu geta öðlast nýja og breytta merkingu í rás tímans. Þessa eru vissulega mörg dæmi úr málsögu okkar, bæði hvað varðar hinn „almenna“ orðaforða tungunnar, sem alþýða manna hefur þekkt og notað um aldir, og eins hugtakabanka einstakra fræðigreina, svo sem í *lögfræði*.

Af síðarnefnda sviðinu má hér sem lítið dæmi nefna orðið *lögmaður*, sem hefur nú gjörólíka merkingu en var fyrr á öldum. Nú tekur það til einstaklinga úr ákveðinni stétt löglærðra manna, sem hafa svokallaða *lögmennsku* (meðal annars málflutning) sér til lífsviðurværis. Fyrrum báru þann titil *hátt settir embættismenn á lagasviði*, allt frá því að þeir leystu hina gömlu *lögsögumenn* af hólmi samkvæmt ákvæðum lögbókarinnar Járnsíðu frá 1271. Embætti þeirra voru lögð niður um aldamótin 1800 um leið og Alþingi hið forna á Þingvöllum. Á þjóðveldisöld var þetta orð haft um *góða lagamenn*, almennt, eins og dæmi sjást um í Grágás. Síðan leið tíminn, án þess að lögmönnum væri fyrir að fara uns embættisheitið lögmaður var á ný tekið upp og nú haft um embættismann í Reykjavík, sem kom til sögu eftir að embætti bæjarfógeta þar var lagt niður 1928, en lögmanninum var ætlað að vera þar héraðsdómari í einkamálum og jafnframt annast fógetagerðir. Þetta embætti lagðist af 1943 og á „grunni“ þess urðu til embætti borgardómara og borgarfógeta. Með lögum frá 1942 um *málflytjendur* varð nú – og síðan – stétt þeirra manna kölluð *lögmennt*, eins og alkunna er. Áður urðu þeir að burðast með langa og

heldur óhentuga titla: héraðsdómsmál(a)flutningsmaður, hæstaréttarmál(a) flutningsmaður og þar áður yfirréttarmál(a)flutningsmaður!

Hafa nú verið nefnd skýr dæmi um breytta merkingu gamals og góðs hugtaks af sviði lögfræðinnar. Þá ber að hafa í huga, að hér varð ekki um að ræða breytt inntak hugtaksins, sem mótaðist „innan frá“, fyrir þunga eðlilegrar málþróunar, heldur byggðist hin síðari notkun (á 20. öld) á ákvörðunum við lagasmíð, þar sem gamalt og horfið orð var tekið í notkun á ný en nú með breyttri merkingu. En allt um það: orðið *lögmaður* er gott og gilt, hvernig sem á það er litið.

En nú skal nefnt til sögu annað og afar ólíkt dæmi um breytingu á inntaki hugtaks, sem oft heyrir í daglegri þjóðfélagsumræðu nú um stundir og tengist vissulega vinnumála- og félagsmálarétti en hefur nú allt aðra merkingu en fyrrum var. Þetta er orðið *atvinnuleysi*, sem allir þekkja og haft er um mikinn vágast, sem öðru hverju knýr dyra í velsældarsamfélagi okkar, en merkti fyrr á öldum annan og enn háskalegri gest (þó ef til vill „fjarskyldan“ hinum). Ef við skoðum gömul dæmi um notkun þessa orðs hættir okkur, ósjálfrátt og eðlilega, til að gefa því sömu merkingu og nú er uppi – en þá erum við um leið að gefa orðinu óeðlilega og ranga merkingu, jafnvel kátbrotslega.

Í árbók Ferðafélags Íslands 2014, er ég ritaði og fjallar um fremri (syðri) hluta Skagafjarðar austan Vatna, ræði ég meðal annars um Norðurárdal, sem þjóðvegurinn frá meginhéraðinu fram til Öxnadalshéiðar liggur um. Er þar gerð grein fyrir nokkrum býlum, er voru forðum daga í dalnum, og sumum, þar sem enn er rekinn búskapur. Gamlar sagnir tengjast gjarna þessum býlum, sumar minnisstæðar. Ritheimildir frá fyrri tíð, er býlin varða, eru einnig athyglisverðar, margar hverjar, og segja sannarlega sína sögu. Þar vík ég auk annars að eyðibýlinu *Krókárgerði*, sem stóð rétt við Króká, svonefnda, skammt þar frá sem hún fellur í Norðurá. Sú jörð fór endanlega í eyði 1898.

Í bæjavísu frá 18. öld segir um þetta býli og bóndann, sem þar bjó þá, *Orm Jónsson*, fátækan barnamann, sem átti þó væna sauði (sennilega fáa):

Í Krókárgerði kulsælt er,
kemur þar tíðum stormur.
Samt eru fínir sauðirnir,
sem á karlinn Ormur.

Í tilvitnuðu riti segir síðan:^[9]

En sauðirnir „fínu“ entust ekki „karlinum Ormi“ til framfæris, þegar ógnir Móðuharðindanna riðu yfir, og dó hann úr hungri síðla vetrar 1784 – eins og varð um fimmtung þjóðarinnar í kjölfar harðindanna. Í kladda prestsins er skráð, að hann hafi dáið úr „ófeiti“, sem er snyrtilegra orð en „hor“. Í aprílmánuði sama ár andaðist eiginkona Orms, Helga Þorleifsdóttir. Í prestsþjónustubók skráir séra Oddur Gíslason á Miklabæ um hana: „Dó úr atvinnuleysi“. Mun vera einsdæmi að dánarorsök sé svo lýst. Þetta skýrist þó þegar hagir Helgu eru hafðir í huga: Eiginmaðurinn dáinn, skepnurnar fallnar úr hor, enginn matur til að skammta. Konan hafði þá ekkert að starfa og dó því úr atvinnuleysi.

Þessi orð um dauðdaga hinnar góðu og gegnu húsfreyju í Krókárgerði hljóma eins og hálfgerð hótfyndni, þó að sú hafi reyndar ekki verið ætlun höfundarins. Of seint er að biðja konuna afsökunar. Þarna urðu mér á þau mistök að leggja sama skilning í orðið *atvinnuleysi* á tímum Móðuharðindanna og nú er hafður um þennan illa gest meðal vinnufærra manna. Ég er ekki einn um þetta, þótt ef til vill hafi dánarorsök ekki annars staðar verið skráð með sama hætti. Ekki er þó víst, þegar grannt er skoðað, að ekki megi finna orðið *atvinnuleysi* sem dánarorsök í prestsþjónustubókum frá fyrri tímum, ekki síst frá tímum Skaftárelda, enda þótt ég og ýmsir mér fróðari menn, er ég hef rætt þetta við, hafi ekki fundið eða heyrt um nein dæmi þessa.

9 Tilv. rit, á bls. 85.

Hið rétta er, að með *atvinnuleysi* á þessum stað í ministerialbók séra Odds á Miklabæ (sem kunnur er í hugarheimi þjóðarinnar sökum dularfulls hvarfs síns og vegna samskiptanna við Solveigu ráðskonu sína, sem sagt var að gengi aftur) er átt við *þjargarleysi*, nánar til tekið skort á *matþjörg*, en *þjörg* merkti forðum mat eða æti. Þá þarf ekki frekari vitnanna við: Konan dó úr *hungri* eins og eiginmaður hennar skömmu á undan henni.

Úr ritmálssafni Orðabókar Háskólans má benda á mörg og skýr dæmi um þessa merkingu orðsins á þeim tímum, er hér um ræðir og reyndar talsvert fyrr og einnig nokkru síðar. Er elsta skráða dæmið úr kvæði frá því um 1600, sem tekið er upp í riti *Jóns Þorkelssonar*, „Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede“.^[10]

Og það, sem meira er: Í riti frá 1799, prentuðu á Leirárgörðum, „Stuttur Sida-Lærdómur fyrir góðra manna Børn“ eftir *I.H. Campe*, er *Guðlaugur Sveinsson* þýddi^[11], ræðir um það, að „þegar hinn kaldi vetur kæmi, hlytu [*þýflugur*] allar að deyja í atvinnuleysi“. Þar er sannarlega verið að tala um skort á æti fyrir blessuð dýrin.

Það er síðan ekki fyrr en á 19. öld, sem farið er að tala um *atvinnuleysi* í þeirri merkingu, sem við þekkjum nú, það er að *vera án vinnu (gegn vilja sínum)* eða *fá ekki vinnu*, en þá var hin gamla merking orðsins reyndar af lögð og er nú flestum ókunn.

10 Kaupmannahöfn 1888, bls. 459.

11 Tilv. rit, á bls. 79.

Mannaminni

Árni Þ. Hansen

f. 1905 – d. 1988

Frá Sauðárkróskirkju verður í dag [28. maí] til moldar borinn Árni Þormóður Hansen, fyrrverandi vegaverkstjóri. Árni fæddist á Sauða í Borgarsveit í Skagafirði 19. desember 1905. Foreldrar hans voru hjónin Christian Hansen, bóndi þar, og kona hans Björg Jóhannesdóttir. Höfðu þau búið á Sauða um nærfellt tuttugu og þriggja ára skeið, þegar Árni fæddist, en hann var yngstur átta systkina, sem öll eru nú látin. Christian Hansen var danskur að uppruna og fæddur á Amager við Kaupmannahöfn. Ungur að árum nam hann beykisiðni á sínum heimaslóðum, en fluttist til Íslands rúmlega tvítugur að aldri árið 1877. Stundaði hann í fyrstu beykisstörf á Sauðárkróki, sem þá var ungur verslunarstaður, en frá 1882 til dauðadags 1930 var hann bóndi á Sauða í Borgarsveit, en úr landi þeirrar jarðar byggðist kaupstaðurinn Sauðárkrókur. Hansen á Sauða, en svo var hann að jafnaði nefndur, var dugnaðarmaður og snarmenni. Sagt er, að hann hafi verið afrendur að afli, hæglyndur hversdagslega en skapmikill, vel viti borinn og minnugur. Björg, móðir Árna, var frá Garði í Hegranesi, f. 1861, d. 1940. Er henni lýst svo, að hún hafi verið falleg kona, greind í besta lagi og vel skáldmælt, þótt eigi flíkaði hún kveðskap sínum, skemmtileg í tali, margfróð, minnug og málhög. Erfði Árni þessa eiginleika hennar.

Bæjarstæði á Sauða er fagurt og víðsýni þaðan mikið, bæði á haf út og fram um héraðið. Efni Sauðárhjónanna urðu aldrei mikil, enda heimilið nokkuð þungt, en vel voru þau bjargálma, og var bú þeirra reyndar um sumt

til fyrirmyndar. Réðust þau t.d. snemma í að hýsa jörðina myndarlega á þeirra tíma vísu, og brátt var þar allmikið sléttað í túni. Oft minntist Árni uppvaxtaráranna þar, og gat engum dulist, að hann átti þar góða æsku og þroskandi. Mjög var gestkvæmt á Sauða framan af öldinni, sem og fyrr, enda bærinn í þjóðbraut, að segja má, og var þar oft glaðværð í góðum hópi og fræðandi tal um margvísleg málefni.

Á unga aldri hóf Árni störf við vegagerð í Skagafirði, og markaði hann sér þar starfsvettvang til frambúðar. Vann hann í fyrstu öll almenn vegavinnustörf, með þeim verkfærum og aðferðum, sem þá tíðkuðust en nú þættu frumstæð. Síðar varð hann flokksstjóri og seinna verkstjóri hjá Vegagerðinni um langan aldur. Síðustu starfsár sín, áður en kyrrð elliára tók við, vann hann þó á skrifstofu Vegagerðarinnar á Sauðárkróki. Vegna sinna löngu kynna af vegagerð og vegagerðarmönnum og sökum ævilangs og lifandi áhuga á samgöngumálum, hygg ég, að Árni hafi, á síðari árum sínum, verið flestum, ef ekki öllum samtímamönnum sínum fróðari um þróun vega- og samgöngumála í Skagafirði – og raunar einnig í nærliggjandi sýslum.

Sem verkstjóra hélt Árna yfirleitt vel á starfsmönnum, og segir það sína sögu um manninn, eigi síður en þeir traustu vegir, sem hann byggði. Margir ungir menn, sem fóru að vinna „í brautinni“ hjá Árna, ílentust þar og tóku þar út þroska í góðum félagsskap. Varð Árni þeim hollur vinur, jafnt sem yfirmaður, og varð sú vinátta oftast varanleg. Mig brestur kunnugleika til að rekja að nokkru gagni einstök verkefni við nýbyggingu vega í Skagafirði, sem Árni vann einkum að um dagana, en vonandi verða aðrir til að gera því efni verðug skil. Veit ég þó, að þar tala verkin sjálf skýrustu máli.

Árni kvæntist ungur Rannveigu Þorkelsdóttur frá Gagnstöð í Hjaltastaðapínghá austur, f. 1901. Lifir hún mann sinn, en hefur verið sjúklingur hin síðari árin. Þau bjuggu alla tíð á Sauðárkróki. Á unga aldri hafði Rannveig hafið hjúkrunarnám, en sökum þungra veikinda varð hún að hverfa frá því námi, þótt hugur hennar og hæfileikar stæðu mjög til hjúkrunarstarfa. En Rannveigar beið þó mikið starf, því að um langan

aldur fylgdi hún Árna „í brautina“ ár hvert og sinnti þar oft ráðskonustörfum við hlið hans, iðulega við mikið annríki í fjölmennum vinnuflokkum, þótt eigi væri hún alltaf heilsuhraust. Oft var einnig mjög gestkvæmt á heimili þeirra, einkum á vetrum, þegar hlé var frá vegavinnunni, og var þá viðmót húsráðenda gott og glaðvært og viðurgerningur rausnarlegur.

Hjónaband Árna og Rannveigar varð farsælt, þótt ekki yrði þeim barna auðið, og bjuggu þau sér gott heimili. Allt tal um barnleysi þeirra væri þó raunar villandi, því að börn voru þeim löngum nán og handgengin. Bæði voru hjónin þeirrar gerðar, að börn og unglingar hændust að þeim og urðu vinir þeirra. Get ég þar svo sannarlega vel úr flokki talað, því að ég naut þeirrar gæfu að vera náinn vinur þeirra allt frá frumbersku minni. Fjölskylda mín bjó lengi í sama húsi og þau á Sauðárkróki, á Skagfirðingabraut 5, við á neðri hæðinni en þau á þeirri efri. Eru ýmsar mínar fyrstu minningar tengdar því ástríki, sem þau sýndu mér – þá þegar og raunar alla tíð síðan. Dvaldi ég hjá þeim mörgum og löngum stundum, ræddi við þau og fræddist af þeim. Engin átti ég þau leyndarmálin á mínum fyrstu árum, að Árna og Rannveigu væri ekki trúandi fyrir þeim. Man ég sérstaklega eftir samverustundum mínum með Rannveigu í erfiðum og langvinnum veikindum hennar, sem oft þjáðu hana á þeim árum, og reyndi ég þá að stytta henni stundir með því að teikna fyrir hana. Af trygglyndi sínu geymdi Rannveig síðan flestar þær myndir fram til þessa dags! Þegar ég hafði aldur til, fór ég einnig í ýmis ferðalög með Rannveigu og Árna og var stundum með þeim „í brautinni“ í smá tíma í senn. Á unglingsárum vann ég einnig um nokkurra vikna skeið undir verkstjórn Árna. Þau börn voru áreiðanlega mörg, sem hændust að þeim hjónum, á sama hátt og ég, og þar á meðal voru yngri systkini mín, Stefán og Helga. Þykist ég einnig geta, fyrir þeirra hönd, þakkað handleiðslu og vináttu við Rannveigu og Árna í uppvexti okkar.

Rannveig og Árni voru miklir dýravínir og áttu um árabil sauðfé, sem þau höfðu sér til ánægju og önnuðust vel, og síðar áttu þau hesta, sem þau

hirtu einnig af stakri kostgæfni. Voru börn, góðvinir þeirra, oft með þeim við hirðingu þessara gripa og höfðu af því sömu ánægju og hjónin.

Árni Hansen var fríður maður og bar sig vel. Andlitið var vel lagað, yfirbragðið í senn greindarlegt og góðlegt, hárið dökkjarpt, áður en gránaði, með sveipum, og var hann hárprúður allt til dauðadags. Á yngri árum þótti hann vel að manni og bar þess enn merki á efri árum. Hann var prýðilega gefinn og hafði ætíð vakandi áhuga á almennum þjóðmálum og, a.m.k. fyrr á tíð, einnig á stjórnmálum, og tók þá um tíma þátt í félagsmála- og stjórnmálastarfi á Sauðárkróki. Á því sviði var honum eðlislægt að beita sér einkum fyrir hagsmunum þeirra, sem miður máttu sín í samfélaginu. Grundvallarskoðunum sínum á stjórnmálum hygg ég að hann hafi haldið lítt breyttum fram til hins síðasta, og vissulega voru þær honum alvörumál, en þó einkenndust viðhorf hans af góðri yfirsýn og hófsemi, og auðvelt átti hann með að sjá spaugilegar hliðar á þeim málum sem öðrum. Hann var óragur við að láta uppi skoðanir sínar á mönnum og málefnum, en fór þó oftast að með gát. Á tímabili valdist Árni til ýmissa trúnaðarstarfa í sínu sveitarfélagi, sem hér verða eigi rakin en þess eins getið, að hann sat um nokkur ár í hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps laust efir 1940.

Ekki er vafi á því, að Árni Hansen bjó yfir listrænum hæfileikum og gekk þess enginn dulinn, sem kynntist honum vel, þótt sjálfur léti hann lítt yfir. Hann var vel hagamæltur en ræktaði lítt vísnagerð sína. Margt kvað hann lipurlega um dægurefni, þá oft með gamansömu ívafi, en stundum var efniviðurinn annar og efnistökin og gat þá glitt í góðmálm, sem betur hefði mátt fægja, ef nægileg rækt hefði verið lögð við. Hin vandaðri kvæði sín bar hann lítt fyrir aðra og lauk þeim oft ekki (þjóðkunn urðu hinsvegar sum ljóð Friðriks, bróður Árna, eins besta og ástsælasta skálds, sem Skagafjörður hefur alið). Sem dæmi um kveðskap Árna, sem ég nú nefndi, má nefna þetta stutta kvæði:

Nú andar blærinn yl á vangann
eftir vetrar hreggið svara,
fyllir hugi unaðs angan
út við sjá og fram til dala.
Fögnuð vekur vorinngangan,
vængjaðir þegar gestir hjala.
Grænka tún og grær til heiða,
gróðurilminn ber að vitum.
Vorið svæfir vetrarleiða,
er visnuð foldin skiptir litum.
Krónur sínar blóm út breiða
birtu mót í sólarhitum.

Árni var einnig mjög drátthagur, og hef ég séð eftir hann prýðilegar og vandaðar mannamyndir, þar sem listræn tök leyndust eigi, þótt ekki fengi hann umtalsverða tilsögn á því sviði. Ritfær var hann með ágætum og hneigður til fræðistarfa, þótt eigi hefði hann aðstæður til þeirra, meðan þrek og heilsa leyfðu. Rithönd hans var og sérlega skýr og falleg, enda var hann eftirsóttur ritari í ýmsu félagsstarfi fyrr á árum. Vel lesinn var hann og alla tíð bókhneigður. Skákmaður góður var Árni og iðkaði skák frá ungum aldri fram á efri ár, þótt minna væri um hin síðustu árin, en með skákfréttum fylgdist hann af miklum áhuga allt þar til yfir lauk. Að eðlisfari var Árni gleðimaður og í raun blóðheitur nokkuð og skapmikill, þótt hann hefði allgott taumhald á þeim eðlisþáttum. Hann undi sér vel í glaðværum hópi og naut fyrrum, og meðan þrek leyfði, veraldlegra lystisemda að hætti Skagfirðinga, en á efri árum átti hann kyrrláta daga á heimili sínu á Hólavegi 25. Heilsuleysi bagaði hann mörg hin síðari árin, og þau hjónin bæði, en andlegum þrótti og áhuga á mönnum og málefnum hélt hann þó fram undir dánardægur. Átti ég síðast góða og skemmtilega stund með honum fyrir fáum mánuðum, og var hann þá hress og skemmtinn að vanda og lét margt fjúka um liðna tíð jafnt sem um dægurmál. Ekki kveið hann dauða sínum en var forvitinn um það, sem tæki við.

Í þungum veikindum þeirra hjóna hafa vinir og ættmenn rétt Árna og Rannveigu hjálparhönd að staðaldri og veit ég, að þau mátu þá hugulsemi að verðleikum.

Ég og fjölskylda mín viljum að lokum þakka Árna Hansen góða vináttu og samveru á liðnum árum og sendum Rannveigu innilegar samúðarkveðjur okkar.

Haukur Stefánsson

f. 1933 – d. 1992

Við ótímabært fráfall móðurbróður míns og vinar, Hauks Stefánssonar frá Sauðárkróki, sækja fast á ljúfar minningar um góðan frænda og vin. Veit ég, að þær munu fylgja mér ófölskvaðar til leiðarloka.

Eiríkur Haukur Stefánsson var fæddur á Hjaltastöðum í Blönduhlíð 24. ágúst 1933. Var hann því tæplega 59 ára, er hann andaðist. Foreldrar hans voru hjónin Helga Jónsdóttir og Stefán Vagnsson, sem þar bjuggu þá. Síðar, meðan Haukur var þó enn á barnsaldri, fluttist fjölskyldan til Sauðárkróks, þar sem heimili foreldra hans stóð síðan meðan bæði lifðu. Enn um sinn dvaldi þó Haukur allmörg sumur á gömlum slóðum í Blönduhlíðinni, hjá góðu fólki á næsta bæ, Hjaltastaðakoti (nafni þess bæjar var síðar breytt í Grænumýri). Batt hann tryggð við Blönduhlíðina enda stóðu ættir hans þar traustum fótum. Í föðurætt var Haukur m.a. af Djúpadalsætt, svonefndri, sem á sér aldalanga sögu í Skagafirði (kennd við bæinn Djúpadal í Blönduhlíð), en afi hans og amma í móðurætt bjuggu á Flugumýri í Blönduhlíð.

Að lokinni þeirri skólagöngu, er þá bauðst á Sauðárkróki, lá leið Hauks um sinn á vit ævintýra í fjarlægu landi. Til Kanada hélt hann ásamt æskuvini sínum, Kára Jónssyni frá Sauðárkróki, snemma á sjötta áratugnum. Dvaldi hann þar, aðallega í Winnipeg, í hálft annað ár við ýmis störf, en Kári hélt heim á leið nokkru fyrr. Í hópi Vestur-Íslendinga á þeim slóðum átti Haukur margt skyldmenna, sem reyndust þeim félögum vel og greiddu götu þeirra. Er ekki að efa, að utanförin varð þessum ungu Skagfirðingum mikil og góð

þroskaraun, en á þessum tímum voru ferðir Íslendinga til Kanada næsta fátíðar. Áður en ferðin væri hafin urðu þeir félagar m.a. að afla sér fullkomins innflytjendaleyfis frá kanadískum stjórnvöldum – sem ekki mun hafa verið einfalt mál. Í Winnipeg hóf Haukur m.a. undirbúning að flugnámi, sem hugur hans stóð mjög til, en eftir að í ljós kom að hann hafði sjónskekkju brugðust vonir hans um atvinnuflugmannsnám og starfsferil á því sviði. Veit ég með vissu, að það urðu honum sár vonbrigði, en áhugi hans á flugi og flugmálum dofnaði þó ekki og entist honum, margefldur, allt til dánardags. Enn eru mér í minni fallegu kortin og myndirnar, sem hann sendi mér, barnungum frænda sínum, frá þessu stóra og framandi landi. Löngu síðar átti hann eftir að vitja Kanada á ný, og þá í fylgd konu sinnar. Góð tengsl hafði hann, fyrr og síðar, við ýmsa Vestur-Íslendinga, einkum frændfólk sitt. Á banabeði ræddi hann m.a. við mig um Kanada og hvatti mig mjög til að fara þangað hið fyrsta og kynnst “æskuslóðum” sínum þar.

Heimkominn frá Kanada var Haukur í fyrstu leitandi um heppilega starfsbraut, en margt gat vissulega komið til greina í því efni enda hæfileikar nógir og fjölþættir. Atvik réðust þó svo, að um langskólanám varð ekki að ræða. Veit ég, að þess iðraðist hann stundum síðar, þótt eigi verði annað sagt en að hann hafi í störfum sínum um ævina fengið sæmilegt viðnám hæfni sinnar og starfsorku. Má segja, að tilviljun hafi ráðið því, að hann hóf nám í húsamálaraiðn í Reykjavík og lauk hann því námi með góðum vitnisburði. Á Sauðárkróki hafði hann síðan ærinn starfa sem málarameistari um langt árabíl og gat sér gott orð fyrir dugnað og smekkvísi á því sviði. Átti hann þá lengst af samstarf við Jónas Þór Pálsson. Fyrr á árum vann ég eitt sumar við málningarstörf með þeim félögum, undir stjórn Hauks, og fékk þá eftirminnilega tilsögn í réttum vinnubrögðum. Á ég góðar minningar frá þessu sumri.

Árið 1963 gekk Haukur að eiga Minnie Leósdóttur hjúkrunarkonu frá Siglufirði, og stóð heimili þeirra æ síðan á Sauðárkróki. Reistu þau sér brátt myndarlegt hús að Víðigrund 13. Má fullyrða, að heimili þeirra hjóna hafi

borið af mörgum öðrum fyrir snyrtimennsku, enda húsráðendur nákvæmir um alla híbýlaprýði og daglega háttu, en hitt var þó meira um vert, sem mætti gestum þeirra: Hlýtt viðmót og rausnarskapur, sem seint gleymist.

Þeim hjónum varð eigi barna auðið og atvik höguðu því svo, að börn Minniar, er hún átti fyrir hjónaband þeirra Hauks, Sæunn Óladóttir og Leó Ólason, ólust ekki upp hjá þeim. Til þeirra bar þó Haukur hlýjan hug. Var hann alla tíð mjög barngóður, svo sem frændsystkini hans mörg mega best þekkja – og þá ekki hvað síst sá, er þetta ritar. Við Haukur áttum sameiginlegt æskuheimili á Sauðárkróki. Var hann eigi nema rétt kominn á unglingsár, þegar ég man fyrst eftir mér. Þar eð aldursmunur okkar var ekki nema ellefu ár kom hann þá – og reyndar æ síðan – fram við mig sem væri ég yngri bróðir hans, sem margt þurfti að kenna og aðstoða á ýmsa lund. Af miklum hagleik og natni smíðaði hann mér margs konar leikföng, sem ég sé enn fyrir mér, og voru sum þeirra glæsileg og vönduð; eru þau enn eftirminnilegri fyrir það að á þeim tímum var fátt til fanga um þess háttar munaðarvöru í verslunum.

Fyrir allnokkrum árum sagði Haukur skilið við málaraíðnina og sneri sér að öðrum og ólíkum starfsvettvangi, sem varð honum afar hugleikinn. Hóf hann nú skrifstofustörf á saumastofunni Vöku á Sauðárkróki; keypti hann það fyrirtæki nokkru síðar, ásamt Sigurði Frostasyni, og starfaði þar síðan sem framkvæmdastjóri til dauðadags. Hefur sú vara, sem þar er framleidd, vakið athygli fyrir smekkvísi og vandaðan frágang. Í banalegu Hauks var hugur hans mjög bundinn við framtíð fyrirtækisins og hag starfsfólksins, en starfsemi af þesu tagi hefur – svo mikilvæg sem hún er – reynst áhættusöm. Ég tel mig geta mælt fyrir munn fleiri er ég segi, að sjaldan hafi ég komið á vinnustað, er bauð af sér öllu betri þokka en saumastofan Vaka.

Hæfileikar Hauks Stefánssonar voru margþættir og umtalsverðir, þótt eigi væri honum gjarnt að halda þeim á loft. Áhugasviðið var einnig afar víðtækt framan af árum þótt síðar færðust áhugamálin í fastari en um leið þrengri farveg. Hann var listelskur frá unga aldri og hafði einkum áhuga á myndlist; var hann reyndar sérlega listfengur, manna dráttthagastur og

jafnframt oddhagur. Á yngri árum teiknaði hann vel og mikið. Fer alls ekki á milli mála, að hann hefði hæglega getað lagt fyrir sig dráttlist, með góðum árangri, ef hugur hans hefði staðið einbeittur til þeirra hluta. Hvers kyns hönnun lék honum alla tíð í höndum, enda nýttust honum þá verkhyggindi með listfenginu. Ég minnst þess t.d., að fyrir mörgum árum gerði hann fullkomnar vinnuteikningar af fallegri einkaflugvél, sem hann hugðist sjálfur smíða, og mun sú teikning hafa hlotið samþykki flugmálayfirvalda. Stundum greip hann til fingerðra smíða, sem báru haglek hans gott vitni, en staðnæmdist sjaldan lengi við þau verkefni. Hann var listaskrifari og gat brugðið fyrir sig skrautritun. Líklegt er, að listfengi Hauks hafi á stundum fengið einhverja útrás í húsamáluninni og þá ekki síður við framleiðslu vandaðs tískufatnaðar úr íslenskri ull, auk þess sem hann fékkst við leiktjaldamálun um skeið, en ekki orkar þó tvímælis, að honum hefði getað orðið mun meir úr þessum hæfileikum sínum hefði hann öðlast nauðsynlega þjálfun og síðar fengið starfsvettvang á því sviði.

Haukur var mjög bókelskur og las mikið, enda bjó hann alla tíð að góðum bókakosti. Fyrr á árum var lestrarefni hans nokkuð sundurleitt og af ýmsum sviðum, þó einna helst fagurbókmenntir, en með tímanum beindist lesturinn í vaxandi mæli að ritum um flugmál, svo sem brátt verður vikið að. Ætíð hafði hann áhuga á þjóðlegum efnum og þess má vel minnast hér, að hann átti frumkvæði að því, að Hannes Pétursson skáld bjó til útgáfu úrval ritaðs máls eftir föður hans, Stefán Vagnsson (Úr fórum Stefáns Vagnssonar, Reykjavík 1976).

Haukur unni ferðalögum og naut þess mjög að kynnast framandi stöðum. Á ég þá fyrst og fremst við utanlandsferðir, sem hann fór margar um dagana og sem voru honum kært umræðuefni, en minna fór hann um hér innanlands og undi sér að jafnaði best á heimaslóðum. Meðal þeirra landa, er hann hreifst mjög af, var Frakkland, en þangað fóru þau hjónin nokkrum sinnum, ýmist með ferðahópi eða á eigin vegum. Fyrir nokkrum árum hittist svo á, að ég og kona mín dvöldumst nokkra daga í París á sama tíma og Haukur og

Minnie gistu borgina; áttum við þar saman góðan tíma og duldust ekki hve Haukur naut sín vel í þessari heimsborg, enda heimsvanur. Þessar stundir rifjaði hann upp með mér eigi löngu fyrir dauða sinn og fann ég glögggt hve endurminningin um þessa daga ornaði honum.

Allt frá æskuárum hafði Haukur brennandi áhuga á flugmálum. Á ungum aldri hafði hann hug á að leggja fyrir sig atvinnuflugmennsku en örlögin ætluðu honum aðra starfsbraut. Einkaflugmannsprófi lauk hann hins vegar og tók einnig þátt í svifflugi á Sauðárkróki síðar meir. Þar var hann alla tíð í fremstu röð flugáhugamanna og vænti ég þess, að þar megi lengi sjá ummerki áhuga hans og kunnáttu. Hvatti hann og örvaði aðra til dáða í þessum efnum. Hann beitti sér m.a. fyrir því, að á sumrin voru haldnir “flugdagar” á Sauðárkróki, sem mikla athygli vöktu í hópi íslenskra flugáhugamanna og jafnvel einnig erlendra. Hafði hann lengi nán samskipti við ýmsa flugáhugamenn, bæði hér á landi en jafnframt erlendis, einkum á Bretlandi. Dæmi eru þess, að hann fengi kunnáttumenn á þessu sviði til að leiðbeina áhugamönnum á Sauðárkróki eða sýna listir sínar þar. Er vafalaust mörgum minnisstætt, er hann fékk breska kunnáttumenn í loftbelgjaflugi til að sýna kúnst sína á Sauðárkróki, á óvenjuhátíðlegum flugdegi, er þar var haldinn sumarið 1988. Var sá flugdagur Hauki á allan hátt sérstakt gleðiefni. Við þetta sama tækifæri hafði hann m.a. forgöngu um veglega sýningu í Safnahúsi Skagfirðinga, er helguð var minningu dr. Alexanders Jóhannessonar, prófessors og háskólarektors, sem var einn hinn helsti forystumaður í flugmálum Íslendinga fyrr á öldinni, en Alexander ólst upp á Sauðárkróki og fæddist á bænum Gili í Borgarsveit þar skammt frá. Má með sanni segja, að Haukur hafi látið sig minningu dr. Alexanders miklu varða og ástæðulaust er að í gleysku falli, að hann bar fyrstur manna fram tillögu um það, opinberlega, að flugvælinum á Sauðárkróki yrði formlega gefið nafnið “Alexandersflugvöllur” (sjá ágæta grein Hauks um það efni í Morgunblaðinu 9. janúar 1976), en á fyrrnefndum flugdegi 1988 staðfesti samgönguráðherra að lokum þá nafngift. Svo sem vænta mátti fór Haukur

m.a. oftast en einu sinni á hinar nafnkunnu flugsýningar sem haldnar eru í Farnborough í Englandi og flugsögusöfn heimsótti hann í nokkrum löndum, m.a. Bretlandi og Frakklandi, enda var honum flugsagan einkar hugleikin þótt hugurinn væri samt eigi síður bundinn við nýjustu tækniþróun og framtíðarsýn. Við iðkun þessa áhugamáls síns kynntist Haukur að sjálfsögðu fjölda góðra manna og veit ég, að hann verður mörgum þeirra minnisstæður. Í framhaldi af því, sem nú var sagt um þetta hjartans mál Hauks, skal þess einnig getið, að um áratuga skeið safnaði hann að sér miklu efni – einkum erlendum bókum og tímaritum – um flugmál og kynnti hann sér þetta fræðiefni af gaumgæfni. Þykir mér ólíklegt að margir hafi þeir verið hér á landi, sem betur hafi verið að sér en hann á ýmsum þeim sviðum, sem þetta heimildasafn tók til, né heldur átt sambærilegt safn.

Haukur hafði um dagana margvísleg afskipti af félagsmálum á sínum heimaslóðum. Auk félagsstarfa að flugmálum, m.a. í Flugklúbbi Sauðárkróks og Svifflugfélagi Sauðárkróks, átti hann árum saman sæti í stjórn Iðnaðarmannafélags Sauðárkróks og starfaði í nefndum á vegum þess félags. Sat hann stundum þing og ráðstefnur, sem þeim málefnum tengdust. Af öðrum trúnaðarstörfum Hauks má einnig nefna, að hin síðari árin var hann iðnfræðslufulltrúi á Norðurlandi vestra. Fyrir mörgum árum var hann einnig um sinn framkvæmdastjóri Alpýðuhússins á Sauðárkróki. Hann mun hafa verið einn af stofnfélögum Lionsklúbbs Sauðárkróks og um árabil starfaði hann í Leikfélagi Sauðárkróks og málaði þar leiktjöld ásamt vini sínum og starfsbróður, Jónasi Þór Pálssyni.

Haukur Stefánsson var um margt dulur maður og fjarri fór því að hann flíkaði tilfinningum sínum eða áhyggjum. Sumum þótti gæta einþykkni í fari hans, sem má vera rétt að nokkru marki; víst er a.m.k. að hann skipti ógjarnan um skoðun á mönnum eða málefnum eftir að hann hafði komist að niðurstöðu, þá venjulega eftir rólega íhugun. Í framkomu var hann hægur og fremur hlédrægur, en bak við rólegt fas hans bjuggu skapsmunir, sem síst af öllu voru léttvægir en hins vegar vel tamdir. Í öllu var hann hið mesta

prúðmenni. Þótt nokkurs þunga gætti á stundum ef á móti blés eða honum þótti réttu máli hallað – þó að mörg orð hefði hann eigi um – var skaphöfn hans öfgalaus og viðmótið að jafnaði ljúfmannlegt. Sannarlega átti hann margar gleðistundir í hópi vina og vandamanna og var þá sjálfur gleðigjafi. Trygglyndur og einlægur var hann vinum sínum og dýrmætt var að eiga hann að vini. Yfirbragð Hauks var bjart og drengilegt, svipfallið í senn góðlegt og greindarlegt. Helstrið sitt, sem var þungt en stutt, bar hann hetjulega.

Hann andaðist á Landspítalanum í Reykjavík en fær nú hvíld í skagfirskri mold, í vígðum reit á hæðum yfir Sauðárkrókskaupstað þaðan sem útsýni er mikið og vítt um héraðið fagra, sem hann unni og þar sem hann átti sterkar rætur ætternis, uppeldis og starfs. Blessuð sé minning hans.

Helga Jónsdóttir

f. 1895 – d. 1988

Í dag [23. júlí] verður jarðsett frá Sauðárkróskirkju amma mín, Helga Jónsdóttir frá Flugumýri, fyrrum húsfreyja á Hjaltastöðum í Blönduhlíð og síðar á Sauðárkróki.

Helga fæddist á Bakka í Öxnadal 28. júlí 1895. Foreldrar hennar, sem þá höfðu búið á Bakka um nokkurt árabíl, voru hjónin Jón Jónasson og Ingibjörg Jónasdóttir. Skömmu eftir að Helga fæddist brugðu foreldrar hennar búi og fluttu að stórbýlinu og kirkjustaðnum Flugumýri í Blönduhlíð í Skagafirði, en þá jörð hafði Jón keypt af Þorvaldi Arasyni, er þá flutti sig að Víðimýri. Á Flugumýri búnaðist þeim hjónum vel og hagur þeirra óx og blómgaðist, uns Ingibjörg andaðist, á besta aldri, vorið 1905. Jón og Ingibjörg eignuðust tvær dætur, Helgu, sem nú er kvödd, og Maríu (f. 1897, d. 1946), en ólu auk þess upp tvær fósturdætur, Rósu Tómasdóttur og Laufeyju Jóhannesdóttur. Jón bjó áfram á Flugumýri allt til dauðadags 1936 og ári eftir andlát Ingibjargar kvæntist hann síðari konu sinni, Sigríði Guðmundsdóttur, ættaðri úr Dölum vestur. Að Jóni látnum bjó Sigríður síðan á Flugumýri til æviloka 1973. Jón og Sigríður eignuðust fjögur börn, er öll komust upp, og ólu auk þess upp fósturbörn. Tók Ingimar, sonur þeirra, við búsforráðum eftir föður sinn, en nú búa þar synir hans tveir og þeirra fjölskyldur. Í minningargrein, er séra Rögnvaldur Pétursson í Winnipeg ritaði um Jón á Flugumýri í Heimskringlu 1936, segir m.a.: “Jón var framúrskarandi atorkumaður og að öllum líkindum hagnýtasti og útsjónarmesti bóndi Skagafjarðar. Hann var að vísu efnum

búinn, er hann flutti að Flugumýri, en þar græddist honum það fé, að fyrir mörgum árum síðan var hann talinn ríkastur bóndi í sýslunni. Jón heyrði til hinum gamla skóla, dulur í lund og fastur fyrir, orðheldinn svo að aldrei skeikaði því, sem hann lofaði eða ákvað að gera. Hann var góður vinur vina sinna og hinn ráðhollasti, vel gefinn maður, en íhaldssamur um sumt. Eigi varð honum þokað frá áformum sínum, og var það hans lundarlag. Gláður og reifur var hann við gesti og hinn ánægjulegasti heim að sækja.” Á búskap Jóns var jafnan hinn mesti snyrtibragur og var hann m.a. framar flestum sveitungum sínum um stækkun og sléttun túna. Í endurminningum sínum lýsir Hannes J. Magnússon skólastjóri, sem ólst upp á Torfmýri, næsta bæ við Flugumýri, Ingibjörgu húsfreyju á Flugumýri svo, að hún hafi verið “úrvalskona” og frábær húsmóðir og segir móður sína hafa metið hana mikils. Ættir beggja hjónanna, Jóns og Ingibjargar, stóðu í sveitum Eyjafjarðar, einkum þó í Öxnadal og Hörgárdal, og voru þau reyndar allskyld að frændsemi. Jónas, faðir Jóns, var Magnússon og bjó á Engimýri í Öxnadal, en kona hans og móðir Jóns hét Helga Þorsteinsdóttir. Ingibjörg á Flugumýri var að mestu alin upp hjá foreldrum sínum á Bakkaseli í Öxnadal, en um skeið bjó þó fjölskyldan á Fremri-Kotum í Norðurárdal í Skagafirði. Áður en Ingibjörg fæddist höfðu foreldrar hennar búið allengi á Bakka í Öxnadal og þar áður á Engimýri. Foreldrar Ingibjargar voru hjónin Jónas Sigurðsson og Helga Egilsdóttir, bæði af kunnnum ættum í Eyjafirði. Var Helga t.d. náskyld Þorsteini Daníelssyni á Skipalóni, hinum kunna hagleiks- og athafnamanni, en Jónas var af Hvassafellsætt, svokallaðri, og m.a. náskyldur Jónasi skáldi Hallgrímssyni. Systkini Ingibjargar voru mörg; ílentust sum á heimaslóðum eða í nálægum byggðum, en fimm þeirra fluttust til Norður-Ameríku í straumi vesturfara. Settust þrír bræður hennar að í Nýja-Íslandi, nýlendu Íslendinga við Winnipegvatn í Kanada, og urðu allir kunnir menn og frumherjar. Þekktastur þeirra var Sigtryggur Jónasson, „faðir Nýja-Íslands”, athafnamaður, ritstjóri og fylkisþingmaður í Manitoba (hinn fyrsti íslenski

þingmaður í Vesturheimi). Systursonur Helgu Egilsdóttur var Baldvin L. Baldvinsson, ritstjóri í Winnipeg og fylkisþingmaður í Manitoba.

Helga Jónsdóttir ólst upp við gott atlæti með foreldrum sínum á Flugumýri. Hún var aðeins tíu ára gömul, er móðir hennar féll frá, og tregaði Helga hana mjög. Margt varð þó til að dreifa þeirri sorg og í mörg horn að líta á stóru og fjölmennu heimili. Búskapur var mikill á Flugumýri og ætíð margt vinnuhjúa og ýmissa húsmanna og -kvenna, auk þess sem á næstu árum fæddust börn þeirra Jóns og síðari konu hans. Oft var mjög barnmargt á Flugumýri og barnaskóli var þar um skeið. Hefur þá ekki alltaf verið hljóðlátt á bænum. Flugumýri var og er mikil og góð bújörð. Hún er vel í sveit sett, á sólríkum og víðum lendum í miðri Blönduhlíð. Stendur bærinn á fögrum stað undir fjallinu Glóðafeyki. Flugumýri, sem er landnámsjörð Þóris dúfunefs, á sér mikla sögu og á Sturlungaöld var þar m.a. setur Gissurar Þorvaldssonar og ýmissa fyrimanna Skagfirðinga. Þar hefur vafalaust verið mjög gestkvæmt allt frá upphafi byggðar og var svo enn á uppvaxtarárum Helgu, um og eftir síðustu aldamót. Þar var löngum vel húsað, sem m.a. sést af því að þar voru lengi haldnar prestastefnur Hólastiftis, og bærinn, sem Helga ólst upp í, og sem stóð uppi fram um miðja þessa öld, var stæðilegur og um margt sérstæð og athyglisverð bygging. Hefur þetta umhverfi vafalaust verið þroskandi fyrir börn og unglinga. Síðar á ævinni varð Helgu tíðrætt um æskuár sín á Flugumýri og var gott að fræðast af henni um lífshætti fyrri tíðar og fjölda fólks, sem hún kynntist þar, sem annars staðar, og kunni hún m.a. margt að segja af ættmennum sínum ýmsum. Hafði hún ljómandi góða frásagnargáfu. Hún kaus helst að kenna sig við Flugumýri, þótt lengst af ævinnar byggði hún annars staðar, og má af því marka hvern hug hún bar til æskustöðvanna.

Helga var alla tíð bókhneigð og fróðleiksfús. Stóð þeim systur, Helgu og Maríu, til boða skólaganga eins og best þótti verða á kosið fyrir stúlkur í ungdæmi þeirra. Lauk María námi við Gagnfræðaskólann á Akureyri, sem þá var sjaldgæft um stúlkur, en Helga var tvo vetur á Kvennaskólanum á Blönduósi. Sagði hún síðar, að þar hefði verið góður skóli með ágætu

starfsliði, og bjó hún vel að þessari skólagöngu. Hélt hún þekkingu sinni við með lestri góðra bóka og fylgdist alla tíð vel með fréttum af mönnum og málefnum. Einkum hafði hún lifandi áhuga á hvers kyns persónusögu og var vel ættfróð og mannfróð, jafnframt því sem hún var mjög ættrækin. Þá hafði hún og einkar gaman af því að fræðast um erlendar þjóðir og hagi þeirra. Hana langaði alltaf til að ferðast og sjá heiminn, þótt minna yrði úr eins og gengur, og sagði svo frá, að þegar hún var ung stúlka hafi sig langað mjög til að flytja til Ameríku, þar sem hún átti m.a. skyldulið í Íslendingabyggðum. Á efri árum hennar heyrði ég hana oftast en einu sinni segja, að “gaman væri að skreppa til Ameríku rétt sem snöggvast, til að sjá með eigin augum hvaða þjóðfélagi ég missti af.”

Í júlímánuði 1918 gekk Helga að eiga Stefán Vagnsson, þá barnakennara. Stefán fæddist 25. maí 1889 í Miðhúsum í Blönduhlíð. Faðir Stefáns var Vagn bóndi þar Eiríksson hreppstjóra í Djúpadal, er var sonur séra Eiríks frá Djúpadal og prests á Staðarbakka, Bjarnasonar bónda í Djúpadal, Eiríkssonar. Er það Djúpadalsætt, sem kunn er í Skagafirði og víðar. Móðir Stefáns og kona Vagns í Miðhúsum var Þrúður Jónsdóttir bónda í Miðhúsum Björnssonar og konu hans Þrúðar Jónsdóttur. Var Þrúður hin eldri fróð kona og héraðskunnur hagræðingur um sína daga og Þrúður yngri var einnig langminnug og margfróð. Erfði Stefán þessa eiginleika í ríkum mæli.

Þeim Stefáni og Helgu varð fimm barna auðið, sem öll komust upp. Börnin eru þessi: Ingibjörg húsfreyja á Sauðárkróki (móðir þess, er þetta ritar, d. 1972), Geirþrúður húsfreyja í Reykjavík, Jón bifvélavirki á Sauðárkróki, Eiríkur Haukur framkvæmdastjóri á Sauðárkróki og Hrafnhildur húsfreyja á Sauðárkróki.

Stefán og Helga voru fyrst til heimilis á Flugumýri og þar fæddist elsta barn þeirra, Ingibjörg móðir mín, 1919. Var Stefán raunar bóndi á parti af Flugumýri á móti tengdaföður sínum 1920-1921, en síðan bjuggu þau á Sólheimum í Blönduhlíð 1921-1922. Árið 1922 keyptu þau Hjaltastaði í Blönduhlíð og bjuggu þar í hartnær tuttugu ár. Hygg ég að segja meg, að þeim

hafi búnast þar vel, eftir atvikum, þótt verðfallið eftir fyrri heimsstyrjöldina og síðar kreppan eftir 1930 yrði þeim til tjóns og trafala eins og fleirum og stæðu í vegi fyrir meiri háttar framkvæmdum. Hjaltastaðir eru afbragðsjörð og fyrrum höfuðból, 80 hundruð að dýrleika eftir fornu mati. Á síðustu öld var þar sýslumannssetur um skeið og þar áður var jörðin um alllangt skeið prestssetur í Hofstaða- og Flugumýrarþingum. Þar starfaði kvennaskóli í tvo vetur 1878-1880. Þegar Stefán og Helga fluttu þangað var þar fyrir nokkrum árum risið tvílyft steinhús, eitt hið fyrsta í sveit í Skagafirði. Á Hjaltastöðum hafði Helga ærið að starfa og var þar stundum allmargt í heimili. Þar uxu börn hennar úr grasi og þar átti hún sín bestu þroskaár. Fórust henni öll húsmóður- og heimilisstörf hið besta úr hendi. Þurfti hún oft að gæta bús og barna í fjarveru Stefáns, sem iðulega gegndi kennarastörfum jafnhliða búskapnum á þessum árum, auk þess sem hann sinnti margvíslegum félags- og trúnaðarstörfum í sveit sinni og sýslu. Árið 1941 seldu þau Hjaltastaði og fluttu skömmu síðar til Sauðárkróks þar sem heimili þeirra stóð síðan, á Skagfirðingabraut 5, meðan bæði lifðu. Á næstu árum stundaði Stefán kennslu á vörum en verkstjórn hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði á sumrum. Árið 1947 gerðist hann síðan skrifstofumaður eða bókhaldari Mjólkursamlags Skagfirðinga, sem hann hafði átt drjúgan þátt í að stofna, og gegndi því starfi, ásamt ýmsum trúnaðarstörfum, fram undir dánardægur 1963.

Á Sauðárkróki stóð heimili Helgu og Stefáns opið gestum, svo sem verið hafði á Hjaltastöðum, og veittu tíðar gestakomur vina og ættmenna, m.a. úr Blönduhlíð, þeim hjónum mikla ánægju. Hafði Helga lengstum meir en nóg að gera við heimilisstörfin en aldrei heyrðist hún kvarta þótt vinnuálagið yrði með mesta móti, t.d. þegar straumur gesta var hvað mestur í sláturtíð á haustin og um sæluviku (sýslufundarviku) á vorin. Hún helgaði sig heimilisstörfum og heimilislífi.

Þegar á allt er litið hygg ég, að búsetan á Sauðárkróki hafi orðið Helgu „þægilegri“ á ýmsa lund en verið hafði á Hjaltastöðum, en Blönduhlíðin átti

þó löngum hug hennar fremur en kaupstaðarmölin. Um vistaskipti þessi sagði Helga í viðtali, er séra Hjálmar Jónsson, prófastur á Sauðárkróki, átti við hana og birti í Feyki fyrir fáum árum: “Í hreinskilni sagt þá leiddist mér mikið hér í fyrstunni. Það voru svo mikil viðbrigði að koma hingað úr gróðursælli sveit. Mér fannst ljótt hérna þá miðað við sveitina. Þá var nú ekki svo mikil byggðin hér. Það kann að valda nokkru um þetta fyrsta álit mitt á dvölinni hér á Króknum, að í sveitinni var svo miklu meira um að vera. Heimilið var mannmargt og störfín margþætt. Það voru mikil viðbrigði fyrir sveitakonu þetta, því að engin þægindi komu heldur á móti í fyrstu. En ég settist nú fljótlega við Krókinn. Hér hefur verið ágætt að búa. En ég vil hafa eitthvað um að vera í kringum mig.”

Þegar Stefán og Helga fluttu á Sauðárkrók, voru sum börn þeirra farin að heiman en yngstu börnin, Haukur og Hrafnhildur, voru enn í föðurhúsum. Síðar kom Ingibjörg móðir mín til dvalar hjá þeim með son sinn ungan, þann er þetta ritar, og enn síðar komu yngri systkin mín, Stefán og Helga, einnig til sögunnar. Þjuggum við á tímabili öll hjá afa og ömmu á Skagfirðingabraut 5. Get ég vart orðum komið að því ástríki, sem amma mín og afi sýndu mér og systkinum mínum alla tíð meðan við vorum á þeirra heimili. Fylgdist amma síðan vel með okkar hag allt til dauðadags síns og lét sér annt um okkur, sem og um börn sín og önnur barnabörn og þeirra fjölskyldur. Verður henni aldrei fullþökkuð sú þolinmæði, nákvæmni og umhyggja, sem hún sýndi þeim ungu kvistum, er uxu upp í skjóli hennar.

Eftir að Helga amma mín var orðin ekkja, hélt hún heimili í nokkur ár, en síðan bjó hún lengi hjá Hrafnhildi dóttur sinni og manni hennar, Stefáni Guðmundssyni alþingismanni, á Suðurgötu 8 á Sauðárkróki. Hjá þeirri fjölskyldu naut hún þess besta atlætis og umönnunar, sem orðið getur. Frá miðjum aldri hafði Helga átt við fótaveiki að stríða, þótt lengi bæri hún þau veikindi vel, en á síðari æviárum ágerðust þessi veikindi og líkamskröftum hennar hnignaði mjög. Háði þetta henni við gang, þannig að hún hélt sig lengstum heima við, en iðulega fór hún þó til stuttrar dvalar, sér til

upplýftingar og hressingar, hjá nánnum ættmennum og vinum í sveitinni og einnig naut hún þess mjög að dveljast í sumarbúðum þjóðkirkjunnar fyrir aldraða að Löngumýri í Vallhólmi. Enda þótt hún héldi um mörg ár að mestu leyti kyrru fyrir á Suðurgötu 8, var hún þar ekki afskipt gestakomum og vinarkynnum, því að margir heimsóttu hana þar og glöddu með hressandi samræðum. Hin allra síðustu árin dvaldi Helga rúmföst á Sjúkrahúsi Skagfirðinga á Sauðárkróki og naut þar góðrar aðbúðar, sem hún var þakklát fyrir. Enda þótt líkaminn væri orðinn hrumur hélt hún andlegri reisn sinni fram til þess síðasta, einnig eftir áfall, sem hamlaði henni að mæla skýrt.

Amma mín var trúuð kona og fór ekki dult með, þótt eigi yrði henni að jafnaði tíðrætt um trúmál. Hafði hún óbifandi trú á framhaldslífi og jafnframt nokkurn áhuga á sálarrannsóknnum. Síst af öllu óttaðist hún dauða sinn.

Ég minnst ömmu einkum fyrir elsku hennar við mig og aðra þá, sem nærri henni stóðu, fórnfýsi og þolinmæði, höfðingskap við gesti og greiðvikni, og síðast en ekki síst vegna skarpra og beinskeyttra athugasemda og tilsvara, sem þó voru hógværlega fram borin. Glettni hennar var óvenjulegs og sérstaks eðlis, hárfín, mótuð og sparsemi í orðum en markviss og örlaði oft á góðlátlegri hæðni, ekki síst sjálfhæðni. Þegar ég kvaddi hana í hinsta sinni við sjúkrasæng hennar fyrir fáum vikum, er henni var mjög þorrinn þróttur og ljóst var að hverju stefndi, voru hennar síðustu orð við mig þessi: „Vertu blessaður, Palli minn, við sjáumst í eilífðinni!“

Hrafnhildur Stefánsdóttir

f. 1937 – d. 1998

Í dag [25. júlí] verður gerð frá Sauðárkróskirkju útför móðursystur minnar, Hrafnhildar Stefánsdóttur, sem lést langt um aldur fram eftir harða baráttu við óvæginn sjúkdóm. Hrafnhildur, eða Lilla eins og hún var ætíð kölluð meðal vina og vandamanna, var yngst í hópi fimm systkina, en móðir mín var elst þeirra. Aldursmunur milli mín og Lillu var ekki meiri en það, að við uxum upp á sama heimili í æsku okkar og var hún mér þá og ætíð síðan með vissum hætti sem eldri systir, sem ég hef alltaf litið upp til og þótt afar vænt um. Ótímabært andlát hennar skilur eftir, auk saknaðar, margar ljúfar og hlýjar minningar, sem gott er að orna sér við á óförnum æviárum. Heiðríkja er og mun verða yfir nafni hennar í mínum huga og margra annarra, er nutu þess að kynnast henni náíð.

Lilla átti því láni að fagna að ganga ung að eiga frábæran eiginmann, Stefán Guðmundsson, og síðan nutu þau hjón barnaláns, þriggja barna og einnig barnabarna. Í þeirri fjölskyldu hefur ríkt traust samheldni, sem Lilla átti vissulega mikinn þátt í að skapa en varð henni síðan ómetanleg stoð í veikindum hennar hin síðustu árin.

Meðan ég átti heima á Sauðárkróki var ég því nær daglegur gestur á heimili Lillu, sem var mér þá sem annað heimili, en eftir að ég fluttist burt og stofnaði eigin fjölskyldu voru kynnin einnig ætíð nán, þótt fundum fækkaði að vísu vegna aðstæðna. Þau eru ófá skiptin sem við hjónin, fyrst ein en síðan með börnum okkar, gistum á heimili þeirra Lillu og Stebba á

Suðurgötunni, þegar við heimsóttum Krókinn. Heimilið stóð ævinlega opið öllum, sem þangað leituðu. Þar var oft þéttsetið í eldhúsi eða stofu og margt spjallað og spaugað. Lilla var einstök húsmóðir og bar heimili hennar þess fagurt vitni. Var það vafalaust fleirum en okkur hjónum ráðgáta, hvernig henni tókst að halda gestkvæmu heimilinu svo snyrtilegu og fallegu sem raun bar vitni, samhliða uppeldi barna, umönnun aldraðrar móður sinnar, er bjó á heimilinu árum saman, og oft fullri vinnu utan heimilis. Ætíð voru þar gnægtir af heimabökuðu ljúfmeti á borðum, sem Lilla hélt ótæpilega að gestum sínum jafnframt því sem hún gaf sér tólm til að setjast niður með þeim og njóta stundarinnar.

Ekki síst er okkur hjónum minnisstætt fertugsafmæli mitt, þegar ég kaus að sleppa afmælisveislu í Reykjavík en fara þess í stað norður á Krók til ættingjanna. Eins og oft áður gistum við á Suðurgötunni hjá Lillu og Stebba með börnum okkar. Lilla kom heim úr vinnunni um sexleytið á afmælisdaginn og tilkynnti okkur óvænt, að hún væri búin að bjóða ýmsu frændfólki mínu, allvænum hópi, til afmælisveislu þá um kvöldið. Kona mín rak upp stór augu og sagði: „En hvað ætlarðu að bjóða því upp á? Gestirnir koma eftir tvo tíma.“ „Við útbúum eitthvað,“ sagði Lilla á sinn hógværa hátt, og á næsta klukkutímanum töfraði hún fram hvern smáréttinn öðrum ljúffengari. Þarna sáum við verklag, sem var til fyrirmyndar, skipulegt og fumlaut og ekki síst unnið af ánægju. En þannig var Lilla og þannig gekk hún til allra verka.

Þau Lilla og Stebbi reistu sér fyrir allnokkrum árum sumarbústað á einkar fallegum stað í námunda við Steinsstaði í Lýtingsstaðahreppi. Þar sköpuðu þau sér unaðsreit, þar sem þau dvöldu löngum. Þangað söfnuðu þau iðulega saman börnum sínum, barnabörnum og öðrum ættingjum og vinum, og þar naut gestrisni þeirra og höfðingsskapur sín ekki síður en á heimili þeirra á Sauðárkróki. Og nú fyrir fáum árum seldu þau húsið á Suðurgötunni og reistu sér hentugt einbýlishús á öðrum stað í bænum.

„Guð minn góður, hvað verður nú um sálina á Suðurgötunni?“ sögðum við hjón, er við fréttum um þessa nýbreytni. En þetta voru óþarfar áhyggjur, því sálin bjó ekki í húsinu, hún bjó í húsráðendum, og sama hlýjan fylgdi nýja aðsetrinu sem því gamla, þótt Lillu væri ekki ætlað að njóta verunnar þar lengi.

Þeir, sem vel þekktu til, vissu ætíð, að Lilla var mjög listræn að eðlisfari, þótt margvíslegar annir ásamt hlédrægni hennar yrðu lengi til þess að hún sinnti ekki listrænni sköpun sem neinu næmi. Á síðustu árum varð þó mikil breyting á, því þá tók hún að mála myndir, afburðafagar og sérstæðar, með tækni, er hún þróaði sjálf, og gat þá engum dulist lengur hverju hún bjó yfir á því sviði. Er skemmst frá því að segja, að myndir hennar, óhlutbundnar en með ljóðrænu ívafi, urðu kunnar og vel metnar á heimaslóðum hennar. Hélt hún þar sýningar, sem vöktu athygli, og myndirnar „runnu út“. Er víst mála sannast, að hún annaði ekki eftirspurn, þannig að færri fengu málverk hennar en vildu. Ekki eru margar vikur síðan Lilla heimsótti okkur hjónin og færði okkur gullfallega mynd, er hún hafði gert. Gladdi hún okkur ósegjanlega með þessu, þótt ekki gætum við þá trúað því að þetta yrði síðasta heimsókn hennar til okkar, og mun þessi mynd sannarlega skipa veglegan sess á heimili okkar á komandi árum.

Við hjónin þökkum Lillu fyrir það, sem hún var okkur, og allt það ástríki, sem hún sýndi okkur og börnum okkar. Við biðjum henni Guðs blessunar á nýjum vegum og ástvinum hennar sendum við okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Jón Stefánsson

f. 1923 – d. 2009

Ég á góðar minningar um Jón Stefánsson, móðurbróður minn, eða Nonna frænda, eins og mér var alltaf tamt að kalla hann. Í hugann koma fram myndir frá því snemma á bernskuárum mínum á Sauðárkróki, en þar stóð þá heimili afa míns og ömmu, foreldra Nonna, en á þeirra heimili ólst ég upp. Þegar ég fór að muna eftir mér var Nonni ungur og vaskur maður, sem stundaði vöruakstur fyrir Kaupfélag Skagfirðinga á leiðinni milli Reykjavíkur og Sauðárkróks. Voru það oft afar erfiðar og þreytandi ferðir í vondri færð á vetrum. Leit ég mjög upp til hans. Alltaf var hann mér einkar ljúfur, hlýr og elskulegur á þessum árum – eins og reyndar alla tíð.

Nonni var fæddur og alinn upp í sveit, á Hjaltastöðum í Blönduhlíð í Skagafirði, og í þeirri fríðu og sólríku byggð átti hann ætíð fjölda frænda og vina. Honum féllu sveitastörf vel, og faðir hans sagði í mín eyru, að Nonni hefði í rauninni helst átt að verða bóndi að ævistarfi, því að hann hafi snemma verið búmannsefni og m.a. alveg sérstaklega sauðglöggur, þannig að hann hafi sem barn þekkt hverja einustu kind á bænum. Ekki átti það þó fyrir honum að liggja að fást við búmennsku til lengdar, því hann hleypti snemma heimdraganum og fór að vinna fyrir sér annars staðar.

Eftir að Nonni kvæntist eftirlifandi eiginkonu sinni, Petu, stóð heimili þeirra á Sauðárkróki um áratuga skeið. Lengst af starfaði hann sem bifvélavirki á bifreiðaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga, lengi sem verkstjóri. Þar nutu sín m.a. hagvirkni hans, fagkunnátta, skipulagshæfileiki og samskiptahæfni

við viðskiptamenn verkstæðisins, en sú þjónusta, sem þar er rekin, hefur lengi skipt mjög miklu máli fyrir Sauðkrækinga jafnt sem bændur og búalið úr byggðum Skagafjarðar.

Ég má fullyrða, að hvergi leið Nonna betur en í Blönduhlíðinni, í fögru umhverfi í nálægð við góða vini. Þau hjónin báru gæfu til þess að eignast fyrir mörgum árum sumarhús í landi Flugumýrar, þaðan sem Nonni var ættaður öðrum þræði, og gerðu bústaðinn og nágrenni hans að einstökum sælureit þar sem þau undu sér að jafnaði sumarlangt, oft í samvistum við sína nánustu. Var þar einstaklega gott að koma, móttökur ævinlega höfðinglegar og staðurinn andaði af alúð þeirra, natni og smekkvísi, með fögrum trjágróðri. Gamansemi þeirra hjóna í viðræðum var við brugðið og þess nutu gestir þeirra, bæði á Sauðárkróki og í sumarbústaðnum.

Það orð fór ætíð af Nonna, að hann væri einstakur húmoristi og frásagnameistari á sinn hátt. Mátti segja að hann gæti séð spaugilega hlið á flestu því sem á góma bar. Þó gat hann verið fastur fyrir. Hjálpssemi og greiðvikni var honum eðlislæg og nutu þess margir, bæði fyrr og síðar. Hann var mjög lagtækur við viðgerðir og smíðar.

Nonni dó inn í skagfirska sumarið. Yfir minningu hans er birta. Margir munu sakna þessa mæta Skagfirðings.

Petu konu hans, afkomendum þeirra og öðrum ástvinum, færum við hjónin innilegar samúðarkveðjur.

Stefán Guðmundsson

f. 1932 – d. 2011

Góður vinur er fallinn frá. Ég kynntist Stefáni fyrst fyrir mörgum áratugum, þegar hann og Hrafnhildur móðursystir mín, sem alltaf var kölluð Lilla, gengu í hjónaband og fóru að búa á Sauðárkróki, þar sem ég óx úr grasi. Frá fyrstu stundu tók hann mér opnum örmum og heimili þeirra varð sem mitt annað heimili fram eftir árum. Þar átti ég alltaf góðu að mæta, ástríki, glaðværð og gestrisni, meðan bæði lifðu, en Lilla féll frá langt fyrir aldur fram. Þau hjónin tóku konu minni einnig afar vel, og þá ekki síður börnum okkar, eftir að þau kom til sögu. Áttum við margar góðar stundir á heimili þeirra á Króknum, þegar við skruppum norður.

Eftir andlát Lillu hittum við Stefán alloft og áttum með honum góðar stundir. Nú, að leiðarlokum, er mér einkar ljúft að minnast síðustu samverunnar, sem var einstaklega skemmtileg kvöldstund með honum og Margréti vinkonu hans, systur minni og mági, í sumarbústað hans í Steinsstaðabyggð í Tungusveit. Það var að áliðnu því sumri, sem nú er að kveðja. Þar bar margt á góma og sama glaðværðin og góðvildin sem endranær einkenndu Stefán þetta kvöld. Minningin um þennan vinafund mun fylgja mér á ókomnum árum.

Stefán og Lilla áttu sér öll sín samvistarár gott og hlýlegt heimili á Króknum en þar kom, að þau vildu jafnframt eignast afdrep í skagfirskri sveit, og varð Steinsstaðabyggðin í hjarta Skagafjarðar fyrir valinu. Þar byggðu þau sér rúmgott og vandað sumarhús, sem þeim þótti afar vænt um og var

þeim mikils virði. Lóðin við bústaðinn er stór og smám saman gróðursettu þau með hjálp barna sinna fjölmörg tré, sem nú eru orðin afar vöxtuleg þannig að það er sem yfir skóg að líta, þegar skyggst er um nágrennið frá sumarhúsinu. Eftir að Lilla féll frá dvaldi Stefán oft í bústaðnum á sumrin, iðulega umvafinn börnum og barnabörnum. Alltaf var hann jafn glaður og hress heim að sækja og fyrr. Frásagnarmaður var hann góður og kunni frá mörgu að segja. Kímnigáfa hans var ósvikin.

Ég hygg að segja megi með sanni, að Stefán Guðmundsson alþingismaður hafi átt góða og gefandi ævi. Lengst af var hann við góða heilsu, þrekmikill og vel á sig kominn, íþróttamaður á yngri árum. Hann var mikill dugnaðar- og framfaramaður, félagslyndur, hjálpfús og ósérhlífinn baráttumaður til góðra verka, sem til heilla horfðu fyrir Skagfirðinga jafnt sem alþjóð. Hann var óþreytandi við störf að þeim málefnum, sem hann lét sig varða – og þau voru sannarlega mörg. Í heimabyggð voru verkefnin margvísleg og mikilvæg framan af árum en síðan tók við löng seta á Alþingi, þar sem hann naut sín vel við að þoka fram málum, sem hann beitti sér fyrir, þótt stundum þætti honum hægt miða. Þrúðmennska var honum samgróin en jafnframt var hann skapríkur tilfinningamaður þótt vel væri með farið. Eftir stendur minningin um mikilhæfan, trygglyndan og hreinskiptinn drengskaparmann og vin, sem lifði lífinu lifandi.

Við hjónin og börn okkar samhryggjumst nánustu aðstandendum hans og biðjum þeim Guðs blessunar.

Ögmundur Helgason

f. 1944 – d. 2006

Merkilegt og órætt er eðli vináttunnar, ekki síst þeirrar, sem endist um tugi ára og dýpkar og eflist eftir því sem tíminn líður. Vináttan er dýrmæt eign, ofar hlutbundnum verðmætum. Traust og trúnaður einkenna hana, allt eins þótt skoðanir vinanna þurfi ekki ævinlega að fara saman. Að lokinni samferð um jarðarslóðir, sem dauði annars batt enda á, er þeim, sem eftir lifir, að vísu söknuður búinn, en hærra ber þó í minningunni allar gjafir vináttunnar, sem urðu að fjársjóði í áranna rás, er mölur, ryð og tímans tönn fá ekki grandað – allt þar til þeim langlífari hverfur heimur. Og hver veit – hver veit nema vinirnir finnist á ný, á fjarlægum ströndum, handan alls sem er, þar sem þráðurinn verði tekinn upp að nýju og stefnt verði saman inn í birtu og hlýju enn æðri gilda vináttunnar, í sjálfri eilífðinni.

Við fráfall ævivinar míns, Ögmundar Helgasonar, hrannast upp minningar frá nærfellt sex áratuga samfylgd okkar með óteljandi samfundum, oftast í gleði en einnig á sorgarstundum, gjarna einir en ella í hópi vina og kunningja auk fjölskyldna okkar. Ég minnst allra samræðnanna, oft yfir góðum kaffisopa (og guðaveigum stöku sinnum), stundum á heimilum okkar en þó enn oftar á kaffihúsum, ekki síst í Norræna húsinu, þar sem við hittumst reglubundið, vikulega, eftir því sem frekast varð við komið, hvernig sem allt veltist í daglega amstrinu að öðru leyti, en þar áttum við vinum og góðkunningjum að fagna við kaffiborðið um áratuga skeið. Þær samverustundir, þar sem margt var rætt, allt frá dægurmálum til dýpri

sanninda, hafa gefið mér meiri styrk og lífsfyllingu en orð fá lýst og veit ég að Ögmundi voru þær einnig dýrmætar.

Mér er enn í fersku minni fyrsti fundur okkar á Sauðárkróki, þar sem við uxum úr grasi. Þetta var á haftaárum og fátt um barnaleikföng á markaði, allra síst dýr leikföng, en frændi Ögmundar, sem var í siglingum, hafði fært honum frá útlöndum forlata grip, fótstigna bifreið úr ekta blikki, með stýri, stuðara, flautu og öllu, sem hópur smástráka beið nú í röð eftir að fá að prófa. Ég gleymi ekki sælutifinningunni sem því fylgdi að taka smá bunu á bílnum þegar röðin kom að mér, þó undir vökulu auga eigandans. Við þetta tækifæri held ég að vinátta okkar hafi stofnast en Ögmundur hélt því hins vegar fram að hún væri jafnvel nokkuð eldri, næði allt til sandkassans, kannski meðan við vorum enn ómálga!

Stundum fengum við að dunda okkur, t.d. við að tálga, inni á sameiginlegri vinnustofu afa Ögmundar, nafna hans söðlasmiðsins, og Magnúsar skósmiðs, sonar gamla mannsins og um leið móðurbróður vinar míns. Minningin um kyrrðina, öryggið, iðjusemina og leðurlyktina, sem þar ríkti, hefur síðan fylgt mér. Þessi vinnustofa var einnig tengd heimili fjölskyldu Ögmundar, foreldra hans og systkina, auk öðlingsmannanna tveggja, er fyrr voru nefndir, en þar átti ég alltaf góðu að mæta. Upp í hugann kemur mynd af sveinstaulum að reykja illa fengnar sigarettur í hnipri undir fjárhúsvegg uppi á Nöfum, með tilheyrandi afleiðingum (en hvorugur reykti vindlinga upp frá því), og minningar um strákahasar með óvægnum bardögum, þar sem vopnin voru trésverð, sem við tálguðum sjálfir, en fyrirmyndir sóttar til skylmingakvikmynda með frægum Hollywood-hetjum, sem Sauðárkróksbíó sýndi gjarna á þeim árum. Allt frá ungum aldri fórum við einnig margar gönguferðir um fjalllendið vestur af Sauðárkróki, er var Ögmundi síðan sérlega hugleikið alla tíð og sem hann lærði smám saman að þekkja eins og lófann á sér sem og allar sagnir, heimildir og örnefni, er þessu stóra og fagra svæði fylgja. Síðar tóku við menntaskólaár okkar, á Akureyri, þar sem ýmislegt dreif á dagana, og enn síðar háskólaár í Reykjavík, þegar ungir og

alvarlegir menn, sem lifðu í skugga kalda stríðsins, krufðu til mergjar það sem máli skipti í íslenskri menningu og þjóðlífi frá upphafi til okkar daga, ekki endilega sammála í öllum greinum – og töldu sig finna lausn á margri gátu enda þótt sú sannfæring dofnaði oftar en ekki með tímanum.

Sameiginleg áhugamál okkar Ögmundar, sem voru sannarlega nokkuð margbrotin, fylgdu auðvitað hækkandi aldri og auknum þroska, og var svo meðan báðum entist aldur. Dvalir erlendis við framhaldsnám og störf stóðu í vegi fyrir vinafundum um nokkurra ára bil, fyrr og síðar, en ætíð var þráðurinn tekinn upp að nýju jafnskjótt og tækifæri gafst. Vissulega dýpkaði vináttan á margan hátt eftir því sem árin liðu og fann ég það ekki síst eftir að Ögmundur hafði tekið sjúkdóm þann, er varð honum að aldurtila, en á þeim erfiða tíma sýndi hann mikla þrautseigju og þolinmæði gagnvart því sem orðið gat og blasti að lokum við – en var þó ef til vill aldrei jafn hlýr og gefandi sem þá.

Ég hygg að segja megí með sanní að Ögmundur Helgason hafi verið vinmargur en þó grunar mig að hverjum og einum vina hans hafi oft fundist, þegar þeir voru návistum við hann, að þeir væru sérstakir einkavinir hans, svo örlátur og einlægur var hann. Hann var einnig mjög ættrækinn. Ræktarsamur og rausnarlegur var hann við þá sem stóðu honum nærri og gæfumaður í einkalífi sínu, umvafinn ástúð góðrar eiginkonu, barna og barnabarna, sem hann mat að vonum umfram allt annað. Kvæntur var hann Rögnu Ólafsdóttur skólastjóra. Þau hjónin voru mjög samhent um að skapa sér fallegt og hlýlegt menningarheimili og var þar oft gestkvæmt, fyrr og síðar.

Á vinnustöðum löðuðust margir að Ögmundi og sóttu til hans aðstoð, fróðleik og hvatningu, enda horfði hann ekki í tíma og fyrirhöfn í því sambandi. Samvinna við aðra um hvers kyns verkefni, t.d. útgáfur rita, var honum eðlileg og sjálfsögð. Hélt hann þá oftast fremur fram hlut samverkamannanna en eigin þætti í verkunum enda var framhleyptni andstæð skapferli hans.

Listræn æð vakti í Ögmundi. Á yngri árum fékkst hann allmikið við ljóðagerð og gaf Ragnar Jónsson í Smára út ljóðabók eftir hann í tengslum við listahátíð 1970. Mátti vissulega vænta þess, að hið unga og efnilega ljóðskáld myndi ekki láta þar við sitja, en svo varð þó ekki af einhverjum ástæðum, sem mér hafa aldrei verið fyllilega ljósar enda var vinur minn dulur á skýringar í því sambandi. Hann trúði mér þó reyndar fyrir því að síðar hefði hann fengist eitthvað við kvæðasmíð, en þá einungis fyrir sjálfan sig og skrifborðsskúffuna. Engu að síður er líklegt að enn meira hafi verið ort en fest var á blað, og má þá mikið vera ef þau verk eru ekki geymd einhvers staðar í „hinum mikla sjóði tilverunnar og eilífðarinnar” og opinberist fyrst við endurfundi handan móðunnar miklu. Þá var hann einnig mikill unnandi góðrar hljómlistar.

Ögmundur kunni sannarlega að njóta ýmissa lystisemda lífsins, oft í góðum og glöðum hópi, en þó með hófsamlegum hætti. Höfðingi var hann heim að sækja og hrókur alls fagnaðar í samkvæmum, m.a. söngmaður góður ekki síður en fyndinn og andríkur sögumaður, með eftirhermum þar sem við átti. Skopskyn hans, sem ekki birtist síður í tveggja manna tali, mun mörgum verða minnisstætt. Einn þáttur lífsnautnarinnar fólst í löngum gönguferðum, ekki síst um eyðibygðir og öræfi, og var hann svo léttur og kappsamur á göngu allt til síðustu ára að fáir höfðu við honum. Þá naut hann þess mjög að fara til Kaupmannahafnar öðru hvoru, enda hagvanur og þaulkunnugur þar, en gaf hins vegar lítið fyrir heimshornaflakk.

Menntun Ögmundar var víðtæk, á sviði sagnfræði, bókmenntafræði og íslenskra þjóðfræða, og voru honum þessi fræði ætíð afar hugleikin. Segja má að fram undir síðasta dag hafi hann fengist við þessi vísindi og kappkostað að bæta við sig þekkingu á vissum þáttum þeirra. Fræðimaður var hann góður, afar vandvirkur og nákvæmur (sumir sögðu ofurnákvæmur) og aldrei var hlífst við ýtrustu heimildaöflun og rýni heimilda. Eftir hann liggja fjölmörg ritverk og útgáfur, bæði um skagfirsk fræði og almenn þjóðmenningarfræði, sem ekki er ráðrúm til að rekja, auk byggðarsögu Norðfjarðar, en öll

auðkennast þau af þeim eiginleikum hans, er hér voru nefndir, sem og fádæma smekkvísi um efni jafnt sem útlit verkanna þar sem hin listræna æð fékk að njóta sín. Munu þessi menningarverk lengi halda minningu hans á lofti.

Ögmundi varð þess auðið að starfa á fullorðinsárum við þau svið, sem menntun hans laut að, fyrst árum saman sem farsæll framhaldsskólakennari og síðan í meira en tvo tugi ára sem virtur starfsmaður Landsbókasafns, seinast í Þjóðarbókhöðunni frá 1994. Lengi var hann forstöðumaður handritadeildar safnsins, þar sem hann naut sín einkar vel og veitti mörgum liðsinni enda þaukunnugur handritakostinum. Varð hann m.a. með tímanum einhver öruggasti og nákvæmasti handritalesari á landinu og nutu margir þess, er til hans leituðu um aðstoð við lestur erfiðra texta, auk þess sem sjá má þessa glögg merki í sumum ritum hans og útgáfum, er hann annaðist um. Undir ævilok varð Handritastofnun Íslands starfsvettvangur hans að því marki sem heilsa leyfði, og hefði þar mátt vænta markverðs árangurs við fræðatök, ef honum hefði orðið lengra lífs auðið. Þá annaðist hann um árábil stundakennslu í þjóðfræði við Háskóla Íslands og fórst það vel úr hendi.

Við hjónin vottum fjölskyldu Ögmundar Helgasonar innilega samúð okkar og þökkum henni alla vináttuna á liðnum árum, er við vonum að megi endast meðan sól er á lofti, í anda þess mæta manns, sem nú er til moldar borinn en verður lengi minnst.

Skrá um bækur eftir Pál Sigurðsson

1. *Brot úr réttarsögu* (Reykjavík 1971)
2. *Um tjón af völdum skipa – Lagasjónarmið um sjóréttarlega bótaábyrgð, einkum utan samninga, og skyld efni* (Reykjavík 1973, fylgirit með Úlfjóti, XXVI. árg. 4. tbl. 1973)
3. *Þróun og þýðing eiðs og heitvinnings í réttarfari* (Reykjavík 1978)
4. *Fyrirlestrar um samningarétt, almenna hlutann* (Reykjavík 1978)
5. *Fyrirlestrar um kauparétt, lausafjárkaup* (Reykjavík 1978)
6. *Þættir úr fjármunarétti I* (Reykjavík 1978)
7. *Þættir úr fjármunarétti II* (Reykjavík 1978)
8. *Verkefni úr samninga- og kauparétti* (Reykjavík 1982)
9. *Álitsgerð Kirkjueignanefndar* (Reykjavík 1984, aðalhöfundur)
10. *Hliðsjónarrit í samninga- og kauparétti I-XX* (Reykjavík 1982-1986)
11. *Úr húsnaðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands - Heimildir um hugmyndir, aðdraganda og framkvæmdir fram yfir 1940* (Reykjavík 1986, fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 1985-1986)
12. *Samningaréttur – Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar* (Reykjavík 1987)
13. *Kauparéttur – Meginreglur íslensks réttar um lausafjárkaup* (Reykjavík 1988)
14. *Háskólamálið og lagaskólamálið – Úrval heimilda um aðdraganda að stofnun háskóla á Íslandi* (Reykjavík 1989)
15. *Kringsjá – Þættir um erlendan rétt og samanburðarlögfræði* (Reykjavík 1989)

16. *Verksamningar – Meginreglur íslensks verktakaréttar* (Reykjavík 1991)
17. *Raunsjá – Raunbæf verkefni úr samninga- og kauparétti* (Reykjavík 1991)
18. *Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands II – Draumsýnir, framkvæmdir og svipmyndir af háskólasamfélagi 1940-1990* (Reykjavík 1991, fylgirit Árbókar Háskóla Íslands 1989-1991)
19. *Kröfuréttur – Almennur bluti* (Reykjavík 1992)
20. *Svipmyndir úr réttarsögu – Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar* (Reykjavík 1992)
21. *Lagaþættir – Greinar af ýmsum réttarsviðum* (Reykjavík 1993)
22. *Lagaþættir II – Greinar af ýmsum réttarsviðum* (Reykjavík 1993)
23. *Lagaþættir III – Greinar af ýmsum réttarsviðum* (Reykjavík 1994)
24. *Höfundaréttur – Meginreglur íslensks réttar um höfundarvernd* (Reykjavík 1994)
25. *Fjallvegafélagið – Ágrip af sögu þess* (Reykjavík 1994)
26. *Leiguréttur I – Meginreglur íslensks réttar um leigusamninga auk nokkurra sérsviða* (Reykjavík 1995)
27. *Ferð á frændaslóðir – Hjaltland og Orkneyjar frá sjónarhóli Íslendinga* (Reykjavík 1996)
28. *Hveravallamálið og önnur málefni hálendisins* (Reykjavík 1996)
29. *Ávörp og greinar af vettvangi Ferðafélagsins* (Reykjavík 1996)
30. *Fjölmiðlaréttur – Meginþættir réttarumbverfis fjölmiðlanna* (Reykjavík 1997)
31. *Erfdaréttur – Yfirlit um meginefni erfðaréttar* (Reykjavík 1998)
32. *Aftökustaðir í landnámi Ingólfs – og aftökur dæmdra manna* (Reykjavík 2000)
33. *Skæðadrífa – Safn stuttra greina um lög og samfélag* (Reykjavík 2003)
34. *Lagaskuggsjá – Greinar um lög og sögu* (Reykjavík 2004)

35. *Lagaheimur – Greinar um samanburðarlögfræði* (Reykjavík 2004)
36. *Lagaslóðir – Greinar um lög og rétt* (Reykjavík 2005)
37. *Lagaþræðir – Greinar um lög og menn* (Reykjavík 2006)
38. *Um lög og rétt – Helstu greinar íslenskrar lögfræði* (meðhöfundur) (Reykjavík 2006; 2. útg. Reykjavík 2009)
39. *Lögfræðiorðabók með skýringum* (Reykjavík 2008, ritstjóri)
40. *Lagasýn – Greinasveigur um lög, lönd og sögu* (Reykjavík 2009, prentuð bók og netbók, vistuoð hjá Lagastofnun Háskóla Íslands)
41. *Mannbelgi – Höfuðþættir almennrar persónuverndar* (Reykjavík 2010)
42. *Lagavangur – Um forn lög og ný* (Reykjavík 2012)
43. *Skagafjörður vestan Vatna – Frá Skagatá að Jökli. Árbók Ferðafélags Íslands 2012* (Reykjavík 2012)
44. *Lagastaður – Um lagamenn fyrri alda og um lög frá ýmsum tímum* (Reykjavík 2013)
45. *Skagafjörður austan Vatna I – Frá Jökli að Furðuströndum. Árbók Ferðafélags Íslands 2014* (Reykjavík 2014)
46. *Minningaleiftur – Vörður á vegferð* (Reykjavík 2015)
47. *Skagafjörður austan Vatna II – Frá Hjaltadal að Úlfsdölum. Árbók Ferðafélags Íslands 2016* (Reykjavík 2016)
48. *Lagabankar – Safn greina um réttarframkvæmd og lögfræði frá ýmsum tímum* (Reykjavík 2016, prentuð bók og netbók, vistuoð hjá Lagastofnun Háskóla Íslands).
49. *Úr hugarranni – Minningabrot og þættir* (Reykjavík 2016, prentuð bók og netbók, vistuoð hjá Rafhlöðunni, Landsbókasafni - Háskólabókasafni)

Afmælisrit til heiðurs Páli Sigurðssyni sjötugum 16. ágúst 2014 var gefið út í Reykjavík 2014

ÚR HUGARRANNI

Minningabrot og þættir

Bókin Úr hugarranni hefur, með sínum hætti, að geyma eins konar framhald þeirra pistla, sem birtust í bók sama höfundar Minningaleiftur – Vörður á vegferð, sem út var gefin 2015. Í þeirri bók var einkanlega um að ræða stuttar greinar, sem tengjast með einum eða öðrum hætti námi og starfi höfundar. Í þessu greinasafni gætir hins vegar sundurleitra og persónulegra minningabrota frá æviferlinum, meðal annars frá uppvaxtarárum höfundar á Sauðárkróki. Ekki eru þó allar greinarnar því marki brenndar, en engu að síður mun glöggur lesandi sjá vísanir til Skagafjarðar og Skagfirðinga í mörgum þeirra. Þrátt fyrir það bera þættirnir með sér „samannleg“ einkenni. Meginhluti ritsins er safn margvíslegs efnis „úr hugarranni“ í formi minningabrota og þátta, en greinarnar eru um margt ólíkar innbyrðis og efnið fjölskrúðugt.



Bókarhöfundur, Páll Sigurðsson, var prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands í rúmlega fjörutíu ár en lét af störfum haustið 2014. Áður en hann hóf störf við deildina haustið 1973 hafði hann stundað framhaldsnám í lögfræði erlendis um fjögurra ára skeið. Hann lauk doktorsprófi í lögum 1978. Páll hefur ritað fjölda bóka og ritgerða á sviði lögfræði en einnig meðal annars þætti og bækur úr sögu Háskóla Íslands og árbækur Ferðafélags Íslands um Skagafjörð. Páll hefur kennt margar greinar í háskóladeild sinni og hefur gegnt fjölbreyttum trúnaðarstörfum innan Háskóla Íslands jafnt sem utan hans.